birta
LÁRA RÚNARSDÓTTIR
*Körfuboltastelpan sem skipti um ham*
● brennslan ● hönnun ● kynjasögur
FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG




FERMINGAR
*Taka ferminguna alvarlega*
Sólveig Halla Kristjánsdóttir prestur
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
7. apríl 2006 — 95. tölublað — 6. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

### Úrslitin ráðast í kvöld

Þau Snorri Snorrason og Ína Valgerður Pétursdóttir keppa um stjörnutignina í Idol-leit Stöðvar 2.



FÓLK 50

### Hlutverk og sjálfstæði

Spurningunni um sjálfstæði útvarps í almannaþágu er ekki svarað með afdráttarlausum hætti í frumvarpi um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins og má segja að það snerti bæði rekstrarformið og skipuritið í fyrirtækinu, segir Birgir Guðmundsson.

Í DAG 26

### Einkaþjálfari Íslands

Vernharð Þorleifsson skrifar og leikur í nýjum gamanþáttum á Skjá einum í haust. Hliðarsjálfið Venni Páer ætlar sér stóra hluti.



FÓLK 50

### Skallagrímur í úrslitin



Íslandsmeistarar Keflavíkur eru úr leik í Íslandsmótinu í körfubolta eftir tap gegn Skallagrím í æsispennandi oddaleik í gær. Borgnesingar mæta Njarðvíkingum í úrslitarimmunni.

ÍÞRÓTTIR 46

### VEÐRIÐ Í DAG




**HVESSIR Á NÝ VESTAN TIL** - í dag verður stíf norðanátt á landinu, strekkingur eða allhvasst. Éljagangur norðan og austan til en yfirleitt fremur skýjað og þurrt á landinu sunnan og vestanverðu. Hiti 0-4 stig en vægt frost á Vestfjörðum.

VEÐUR 4




# Neyðaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið

**Viðbragðs- og neyðaráætlun Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu lítur senn dagsins ljós. Er það í fyrsta sinn sem slík áætlun er gerð hér á landi. Svæðið sem hún tekur til nær frá Hvalfirði að Kúagerði. Á því búa um 200 þúsund manns.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Viðbragðs- og neyðaráætlun gegn almannavá verður kynnt almenningi á næstunni. Hún nær til hugsanlegrar fuglaflensu sem smitast milli manna eða heimsfaraldurs inflúensu og miðast við 200 þúsunda íbúa svæði á suðvesturhorni landsins.

Áætlunin var kynnt starfsfólki heilsugæslunnar á svæðinu, sem og fagfólki, hjálparsveitarfólki, slökkviliði og lögreglu, ásamt ýmsum sérfræðingum á málþingi sem Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins gekkst fyrir í gærmorgun. Sex manna starfshópur, sem skipaður er læknum og hjúkrunarfræðingum úr heilsugæslunni, hefur unnið frumdrög áætlunarinnar sem kynnt var.

Í frumdrögunum er gengið út frá því að mannskæð inflúensa verði fyrst og fremst verkefni heilsugæslunnar í landinu og starfsfólk hennar bjóði upp á nærþjónustu í sveit og borg. Banvæn farsótt, svo sem mannskæð inflúensa, kalli því fyrst á heilbrigðisþjónustuna og síðan á nauðsynlega viðbótarþjónustu. Menntun og þjálfun starfsmanna heilsugæslunnar, lækna, hjúkrunarfræðinga og ritara, gagnist einkar vel við slíkar aðstæður.

Í áætluninni er farið yfir mannafla Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sem er samtals um 600 starfsmenn, auk Læknavaktarinnar. Þjónustusvæði hinnar fyrrnefndu nær frá Hvalfjarðarbotni austur að Þingvallasvæði og suður í Kúagerði. Á því svæði búa um 200 þúsund manns og nær áætlunin til þess.

Þá tekur áætlunin til ýmissa þátta svo sem mönnunar umfram starfsfólk heilsugæslu, upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu, símaþjónustu og fleira þar að lútandi. Gert er ráð fyrir að yfirmaður sóttvarna, Haraldur Briem, haldi um stjórnvölinn við beitingu neyðarvarna heilbrigðisþjónustunnar við almannavá á landsvísu.

Viðbragðsáætlunin er stigskipt og miðast 2. stig við það ástand sem er í dag, til að mynda þegar fuglaflensuveiran er að dreifast um heimsbyggðina en hefur enn ekki verið greind hér á landi. Stig 3 tekur við þegar nýr undirflokkur inflúensuveiru hefur greinst í mönnum. Stig 4 tekur við þegar staðbundnar hópsýkingar alvarlegrar inflúensu fara af stað. Verulegar og auknar hópsýkingar falla undir 5. stig. Síðasta stig áætlunarinnar, hið sjötta hefst svo þegar heimsfaraldur mannskæðrar inflúensu er skollinn á. - jss



**MA SIGURVEGARI GETTU BETUR 2006** Menntaskólinn á Akureyri sigraði Verslunarskóla Íslands í úrslitaviðureign spurningakeppni framhaldsskólanna í gærkvöldi. Fjölmennt lið stuðningsmanna Akureyringa fylgdi sínum mönnum til keppni og fagnaði sigrinum vel og lengi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vonskuveður gekk yfir Austfirði í gær:

# Bálhvasst og mikil ófærð

**ÓVEÐUR** Hvass vindur og mikill skafrenningur og blinda var á stærstum hluta Austurlands í gær í vonskuveðri sem gekk yfir fjórðunginn. Í gærkvöldi var ennþá stórhríð og mikil ófærð.

Einna verst var veðrið á Eskifirði og í Neskaupstað. Björgunarsveitarmenn þurftu að aðstoða fjölmarga ökumenn sem reyndu að fara yfir Oddsskarð á milli fjarðanna tveggja og að sögn Bjarna Guðmundssonar, formanns björgunarsveitarinnar Brimrúnar á Eskifirði, kom fyrsta útkallið klukkan tíu í gærmorgun og síðan allan daginn á eins til tveggja tíma fresti. „Við erum búnir að fara upp í Oddsskarð með reglulegu millibili og sækja einn og einn bíl. Vegagerðin þyrfti að setja upp hlið því þetta eru allar tegundir af bílum, og sumir engan veginn nægilega vel útbúnir.“

Að sögn aðalvarðstjóra lögreglunnar á Eskifirði hafði aðeins orðið eitt óhapp þegar fólksbíll fór út af veginum vegna hálku. Engin snjóflóð féllu í gær á Austurlandi að hans sögn.

Búið var í gærkvöldi að opna frá Egilsstöðum og Vopnafirði norður yfir Öræfi en aftur á móti beðið með mokstur á Vatnsskarði eystra, Fjarðarheiði, Fagradal, Oddsskarði og Breiðdalsheiði. Þá var enn vonskuveður á Sandvíkurheiði. - shá / sjá síðu 2



**MENNINGARVERÐLAUN DV 2006** Voru veitt í 28. sinn í gær.

Menningarverðlaun DV:

## Varðveisla húsa verðlaunuð

**MENNINGARVERÐLAUN** Menningarverðlaun DV voru afhent í 28. sinn við hátíðlega athöfn í gær á Hótel Borg.

Hjörleifur Guttormsson og Sigurður Blöndal fengu verðlaun fyrir ritið Hallormsstaður í Skógum. Hönnunarverðlaun fengu tölvufyrirtækið CCP og Sigurjón Sighvatsson. Þá fékk Smekkleysa verðlaun fyrir tónlist og VA Arkitektar fyrir byggingarlist. Vala Þórsdóttir og Ágústa Skúladóttir fengu verðlaun fyrir Eldhús eftir máli og fyrir bókmenntir fékk Guðrún Eva Mínervudóttir verðlaun DV fyrir bókina Jósoí. Rakel Olsen fékk heiðursverðlaunin fyrir einstakt framlag til varðveislu húsa í Stykkishólmi - fgg

- sjá blaðsíðu 40

Baugur fjárfestir í Bretlandi:

## Kaupir í House of Fraser á ný

**VIÐSKIPTI** Baugur Group er orðinn stærsti hluthafinn í bresku vöruhúsakeðjunni House of Fraser með 10,5 prósenta hlut samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Nemur markaðsvirði hlutarins um 3,5 milljörðum króna.

Félagið seldi jafnstóran hlut í House of Fraser haustið 2004 og hagnaðist ágætlega á þeirri sölu. Það gerðist eftir að yfirtökutilboð Toms Hunter í House of Fraser, sem Baugur studdi, gekk ekki eftir. Breska félagið hefur verið á því verði sem Baugur seldi á á sínum tíma.

Margar af þeim tískukeðjum sem eru í eigu Baugs reka verslanir í House of Fraser og eru kaupin talin vera liður í því að efla þetta samstarf. - eþa

BOÐEIND.IS
Þú þarf ekki að leita lengra ótrúleg verð á fartölvum.
Asus A6U
15,4" LCD, AMD mobile 3100+, 512MB, 60GB diskur, 8xDVD RW kortalesari, MSN vefmyndavél, XP PRO,vírusvörn, taska og mús
á kr. 79.900,- stgr
Sjá í Fermingarblaðinu á bls. 7





## SPURNING DAGSINS?

*Ögmundur, verður ræðutími þingmanna nú mældur í ömmum?*

„Nei, ætli við höldum okkur ekki við hjörlið enda hefur það öðlast sinn sess í málvitund manna.“

Ögmundur Jónasson þingmaður sló ræðumet á Alþingi í vikunni en hann talaði í sex klukkustundir. Hjörleifur Guttormsson átti lengi vel þetta mat og var þá talað um að mæla ræðutíma í „hjörlum“.

Ólafur Eggert Ólafsson dæmdur í eins árs fangelsi fyrir kynferðisbrot:

# Tældi stúlkur í kynlífsleiki

**DÓMSMÁL** Ólafur Eggert Ólafsson var í Hæstarétti í gær dæmdur í eins árs fangelsi fyrir að tæla þrjár unglingsstúlkur til kynmaka.

Ólafur hafði áður verið dæmdur í tveggja ára fangelsi í héraðsdómi en Hæstiréttur sá ástæðu til þess að milda dóminn.

Ólafur er sakfelldur fyrir gróft kynferðisbrot en í dómsorði segir að hann hafi „tælt þær allar til annarra kynferðismaka með því að fá þær til að hafa við sig munnmök og setja kynlífstæki í kynfæri sín og endaþarm og loks til að fá tvær þeirra til að hafa önnur kynferðismök en samræði hvor við aðra.“

Fimmta október 2004 lagði ein stúlknanna fram kæru vegna kynferðisbrota sem framin voru sumarið 2001. Vinkona stúlkunnar sem kærði hafði unnið við barnapössun á heimili Ólafs.

Ólafur hafði tælt þær til þess að sitja fyrir á nektarmyndum sem hann sagði vera fyrir hollenskt Playboy-tímarit. Eftir myndatökurnar hafði Ólafur samfarir við stúlkurnar en þær fengu greiddar þrjátíu þúsund krónur fyrir. Margar myndanna sem fundust í fórum Ólafs þóttu afar grófar.

Ólafur borgaði stúlkunum fyrir kynlíf með peningum og eiturlyfjum. **- mh**



**HÆSTIRÉTTUR** Mildaði dóm yfir manni sem tældi stúlkur undir lögaldri til kynlífsleikja. Héraðsdómur hafði dæmt manninn í tveggja ára fangelsi en Hæstiréttur taldi hæfilegt að stytta dóminn um eitt ár.

Fæðingar á Íslandi árið 2005:

# Fjölgun frá því árið áður

**FÆÐINGARTÍÐNI** Árið 2005 fæddust 4.280 börn á Íslandi, þar af 2.183 drengir og 2.097 stúlkur. Þetta eru heldur fleiri fæðingar en árið áður en þá fæddust hér 4.234 börn. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.

Algengasti mælikvarði á frjósemi er fjöldi lifandi fæddra barna á ævi hverrar konu. Árið 2005 mældist frjósemin 2,05 börn á ævi hverrar konu samanborið við 2,03 börn árið á undan.

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Evrópusambandsins er Tyrkland eina Evrópulandið þar sem frjósemi er meiri en á Íslandi. **- sdg**

Lekamálsrannsókn vestra:

# Libby bendlar Bush við málið

**BANDARÍKIN, AP** I. Lewis Libby, fyrrverandi starfsmannastjóri Dicks Cheney, varaforseta Bandaríkjanna, hefur tjáð saksóknurum sem rannsaka leka á upplýsingum sem urðu til þess að fletta ofan af CIA-njósnara í aðdraganda Íraksstríðsins, að George W. Bush forseti hafi sjálfur heimilað að undirmenn hans í Hvíta húsinu létu upplýsingarnar leka til fjölmiðla.



**I. LEWIS „SCOOTER“ LIBBY**

CIA-njósnarinn Valerie Plame var eiginkona fyrrverandi sendiherra sem gagnrýndi opinberlega hvernig Bush-stjórnin færi með leyniþjónustuupplýsingar um meinta gereyðingarvopnaeign Íraka. Að fletta ofan af CIA-njósnara telst vera alvarlegt lögbrot vestra. **- aa**

Fyrsta skóflustungan:

# Háskólatorg rís við Háskólann

**HÁSKÓLATORG** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Björgólfur Guðmundsson, formaður stjórnar Háskólasjóðsins, tóku fyrstu skóflustunguna að Háskólatorgi Háskóla Íslands í gær.

Byggingin mun rísa á grasflötinni milli Aðalbyggingar Háskólans og íþróttahúss Háskólans.

Í Háskólatorgi verður undir einu þaki þjónusta við nemendur, starfsfólk og gesti Háskóla Íslands auk fyrirlestrarsala, kennslustofa og vinnuaðstöðu fyrir nemendur í framhaldsnámi.

Þá verða í byggingunni deildarskrifstofur félagsvísindadeildar, viðskipta- og hagfræðideildar, lagadeildar og hugvísindadeildar. **- mh**





**MOKAÐ Í SÚÐAVÍK** Moka þurfti bæinn í gær en heimamenn segja þó snjóinn ekki mikinn um þessar mundir. Konurnar báðust undan myndatöku þar eð þær væru ekki enn búnar að jafna sig á snjóflóðareynslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sátu í svarta myrkri umlukin snjóflóði

**Þrennt sat fast í jeppa sem kastaðist á björgunartrukk er snjóflóð féll á bílana milli Ísafjarðar og Súðavíkur. Vegagerðin hafði gefið þeim grænt ljós á ferðina en lögreglan hafði tekið ákvörðun um að loka veginum. Hliðið stóð opið.**

**SNJÓFLÓÐ** „Við héldum að við værum að deyja og við héldum að björgunarsveitarmaðurinn væri dáin,“ segir Ragna Heiðrún Jónsdóttir, sem ásamt systur sinni Sigríði Rannveigu, Kristbjörgu Guðmundsdóttur og manni Kristbjargar sátu föst í jeppabifreið þeirra hjóna eftir að snjóflóð féll á þau milli Súðavíkur og Ísafjarðar og kastaði jeppanum á björgunarsveitarbíl Björgunarfélags Ísafjarðar. Björgunarsveitarmaður lenti á milli og fótbrotnaði illa.

Fólkið var á heimleið til Súðavíkur úr vinnu á Ísafirði um miðjan dag á miðvikudag og hafði fengið leyfi Vegagerðarinnar til að fara um veginn en segir að lögreglan hafi hins vegar þá þegar tekið ákvörðun um að loka honum vegna hættu á flóðum. Það hafi þau vitnað síðar. Veghliðum hafði hins vegar ekki verið lokað eins og venjan sé.

Fimm voru á þremur bílum í samfloti um veginn. Einn leiddi, á eftir kom Sigríður en Ragna systir hennar var farþegi í bíl Kristbjargar og manns hennar sem var þó töluvert á eftir þeim tveimur fyrstu. Sigríður sá á undan fyrsta bílnum fara yfir snjóflóðaspýju. Hún treysti sér ekki yfir, beið hinna og fór yfir í bíl þeirra.

„Ég var stjörf af hræðslu og hringdi ítrekað í Vegagerðina og bað um aðstoð. Spyr starfsmennina hvort einhver sé farinn af stað en þeir voru alltaf að athuga stöðuna. Svo hringir maðurinn minn, sem ég var einnig í stöðugu sambandi við. Hann hafði þá hringt í lögregluna, sem vissi þá ekki að ég væri föst þarna eftir að þeir höfðu lokað veginum. Lögreglan setti allt af stað,“ segir Sigríður. Þau hafi verið búin að bíða í um fjörutíu mínútur þegar björgunarstarfið hófst.

Sigríður lýsir því hvernig björgunarsveitin renndi bifreið sinni upp að þeirra og einn björgunarsveitarmannanna stökk út úr honum: „Þá er eins og jarðýta keyri á okkur. Á okkur skall snjóflóð. Tilfinningin var hræðileg. Það fleygði bílnum til. Höggið var rosalegt og allt varð svart. Við gátum ekkert gert, ekki opnað neinar hurðir. Við reyndum að brjóta glugga, komast upp um topplúgu, en það var ekki nokkur leið.“ Ragna bætir við að aðstæðurnar hafi verið hryllilegar: „Við höfum svo oft heyrt að ef eitt flóð fellur komi annað stærra. Óttinn var gífurlegur.“

Konurnar segja engum um að kenna hvernig fór en það fylli þær óöryggi að vita að samvinna lögreglunnar og Vegagerðarinnar hafi ekki verið til staðar. „Við munum hugsa málið öðruvísi í framtíðinni og treysta á það sem við sjáum en ekki á aðra.“ Þær þakka fyrir vasklega björgun og góða aðhlynningu á sjúkrahúsinu á Ísafirði. Þar fengu þau fjögur áfallahjálp fjórum tímum eftir að þær lögðu upp í ferðina heim, sem vanalega tekur um tíu mínútur að keyra.

gag@frettabladid.is

Forsvarsmenn Vegagerðar:

# Vinna vel með lögreglu

Forsvarsmenn Vegagerðarinnar á Ísafirði segja að aðeins mínútur hafi liðið á milli þess sem Vegagerðin gaf Sigríði Rannveigu Jónsdóttur leyfi til að fara um veginn milli Ísafjarðar og Súðavíkur og maður hennar fékk þau svör frá lögreglunni að búið væri að loka leiðinni.

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavíkurhreppi og bróðir þeirra Sígríðar og Rögnu, segir snjóflóðið á bílanna í fyrradag vekja ugg í brjóstum Súðavíkurbúa. „Við verðum að koma á verkreglum sem útiloka atvik eins og það sem þarna gerðist. Vegagerðin, almannavarnarnefndir og lögreglan verða að vinna betur saman.“ Atvikið sýni og sanni að erfitt sé að búa við aðstæður sem þessar. Svæðið sé eitt atvinnusvæði. Göng séu eina örugga leiðin milli bæjarkjarnanna.



**ÓMAR MÁR JÓNSSON**

Geir Sigurðsson, rekstrarstjóri Vegagerðarinnar, segir ekkert sambandsleysi milli lögreglunnar og Vegagerðarinnar. Íbúar Súðavíkur geti verið rólegir. Samvinnan sé mjög góð. Nokkur tími hafi hins vegar liðið þar til ákvörðun hafi verið tekin um að stöðva umferð um veginn og þar til hliðinu var lokað. „Við höfðum ekki mannskap til að rjúka strax í það,“ segir Geir og bætir við: „Fólkið vildi endilega fara og fékk leyfi til þess þar sem mokstursbíll var í Súðavíkurhlíð og leiðin fær.“ Óveðrið var þá ekki skollið á.

Gísli Eiríksson, umdæmisstjóri Vegagerðarinnar, segir ákvörðunina um að hleypa fólkinu yfir þess eðlis að alltaf sé hætta á að hún sé tekin of seint. „Eftir á að hyggja hefðum við átt að segja nei, en einhver verður að vera síðastur í gegn.“ **- gag**


**BÍLL DAGSINS**

**NISSAN MURANO**

Nýskr 10.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 7 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.


Skoðanakönnun um fylgi flokkanna á Akureyri:

# Vinstri grænir á góðum skriði

**KÖNNUN** Vinstrihreyfingin - grænt framboð á Akureyri fengi þrjá bæjarfulltrúa samkvæmt nýrri skoðanakönnun Félagsvísindadeildar Háskólans á Akureyri en flokkurinn fékk einn bæjarfulltrúa í sveitarstjórnarkosningunum 2002. Samfylkingin bætir við sig einum bæjarfulltrúa og fengi tvo samkvæmt könnuninni en Sjálfstæðisflokkurinn héldi sínum fjórum bæjarfulltrúum.

Framsóknarflokkurinn og Listi fólksins missa helminginn af kjósendum sínum í síðustu kosningum samkvæmt könnuninni. Framsóknarflokkurinn fengi einn bæjarfulltrúa í stað þriggja og Listi fólksins myndi tapa öðrum tveggja bæjarfulltrúa sinna.

Hlutfall óákveðinna var hátt í könnuninni, 45 prósent, og því eftir miklu að slægjast fyrir flokkana fram að kosningum.




Könnunin byggði á 600 manna slembiúrtaki úr þjóðskrá; unnin með símaviðtölum í síðustu viku af nemendum félagsvísindadeildar. Nettó úrtakið var 510 manns og svarhlutfall 63 prósent. **- kk**

# VAXTAHRUN!

# 3.19%

## LÆGSTU VEXTIR Í BÍLASAMNINGUM*

**Léttari greiðslubyrði:**

**VW Passat 1,6**
árg. 02 ek. 57.000
verð 1.450.000 kr.
**TILBOÐSVERÐ** 1.190.000 kr.
afb. í 60 mán. 21.552 kr.

**VW Passat 2,0**
árg. 01 ek. 111.000
verð 1.270.000 kr.
**TILBOÐSVERÐ** 990.000 kr.
afb. í 48 mán. 22.097 kr.

**Skoda Octavia 4x4**
árg. 01 ek. 95.000
verð 1.150.000 kr.
**TILBOÐSVERÐ** 890.000 kr.
afb. í 48 mán. 19.874 kr.

**MMC Pajero Sport**
árg. 04 ek. 67.000
verð 2.740.000 kr.
**TILBOÐSVERÐ** 2.470.000 kr.
afb. í 72 mán. 37.829 kr.

**VW Golf 2,0 FSI**
árg. 04 ek. 22.000
verð 2.350.000 kr.
**TILBOÐSVERÐ** 2.090.000 kr.
afb. í 72 mán. 31.997 kr.

**Opel Zafira**
árg. 02 ek. 109.000
verð 1.170.000 kr.
**TILBOÐSVERÐ** 750.000 kr.
afb. í 60 mán. 13.614 kr.

Vaxtahrun Bílaþings Heklu Kletthálsi, Laugavegi og hjá umboðsmönnum um land allt.

Greiðslur miðast við að aðeins lántökugjaldið sé borgað út.

*Miðað við gengistryggðan bílasamning. Vextir háðir breytingum á Libor.

ÓTRÚLEGT ÚRVAL BÍLA

ALLT AÐ 100% LÁNSFJÁRMÖGNUN

TILBOÐ á völdum bílum

HEKLA
Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*
Kletthálsi 11
Sími 590 5760
bilathing@bilathing.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 6.4.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 72,76 | 73,1 |
| Sterlingspund | 127,89 | 128,51 |
| Evra | 89,56 | 90,06 |
| Dönsk króna | 12 | 12,07 |
| Norsk króna | 11,349 | 11,415 |
| Sænsk króna | 9,6 | 9,656 |
| Japanskt jen | 0,6193 | 0,6229 |
| SDR | 105,61 | 106,23 |

*Gengisvísitala krónunnar*

124,546

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Phu Tién Nguyen dæmdur í Hæstarétti fyrir manndráp:

# Dæmdur til hámarksrefsingar

**MANNDRÁP** Phu Tién Nguyen var í gær dæmdur í sextán ára fangelsi fyrir manndráp.

Phu réðst á annan mann í íbúð í Kópavogi í október árið 2004 og stakk hann margsinnis, með þeim afleiðingum að maðurinn lést af völdum innvortis blæðinga skömmu síðar.

Phu var einnig gert að greiða eiginkonu mannsins sem lést tíu milljónir króna í bætur.

Phu var einnig ákærður fyrir stinga mann í lærið, sem reyndi að koma í veg fyrir að honum tækist að stinga manninn sem lést.

Í yfirheyrslum hjá lögreglu játaði Phu að hafa stungið mann- inn sem særðist í lærið en bar því við að maðurinn sem lést hefði ráðist á hann í kjölfar deilna um hvort árásarmaðurinn hefði verið ávarpaður rétt að víetnömskum sið.

Fjöldi fólks var í húsinu þegar maðurinn lést og gat lögregla fengið glögga mynd af því sem gerðist með hjálp vitna.

Í dómsorði Hæstaréttar kemur fram að frásögn Phu þyki afar ótrúleg. Dómurinn taldi ekki að neinar refsilækkunarástæður væru fyrir hendi og því fékk hann hæstu mögulegu refsingu sem hægt er að fá fyrir manndráp hér á landi. **- mh**



**PHU VIÐ HÉRAÐSDÓM** Phu sagði manninn sem hann varð að bana hafa ráðist á sig eftir minniháttar deilur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Íslensku forvarnarverðlaunin:

# Verðlaunað fyrir forvarnir

**FORVARNIR** Íslensku forvarnarverðlaunin verða veitt í fyrsta sinn í maí næstkomandi.

Verðlaunin eru samstarfsverkefni Landspítala, Lýðheilsustöðvar, Landsbjargar og Sjóvár, sem er bakhjarl verkefnisins.

Veittar verða viðurkenningar í þremur flokkum. Í fyrsta lagi fyrirtæki, í öðru lagi einstaklingi og í þriðja lagi félagasamtökum eða stofnun. Einn af þeim þremur sem hljóta viðurkenningu fær síðan Íslensku forvarnarverðlaunin.

Hægt er að senda inn tilnefningar á heimasíðu Sjóvár, www.sjova.is, fram til 1. maí. **- sdg**



**VIÐ HÖFNINA Í CELLERDYKE** Hér fannst dauður svanur á miðvikudaginn, sem nú hefur verið staðfest að hafi borið með sér veiruna H5N1. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Útbreiðsla fuglaflensu:

## Staðfest smit í Skotlandi

Staðfest hefur verið að svanur sem fannst dauður í Skotlandi hafi verið smitaður af fuglaflensuveirunni H5N1, skæða afbrigðinu sem stundum hefur valdið smiti í mönnum.

Svanurinn fannst dauður á miðvikudaginn í höfninni í Cellardyke, bæ á austurströnd Skotlands. Bresk stjórnvöld hafa í kjölfarið lagt bann við því á 2.500 ferkílómetra svæði að bændur hafi hænsnfugla sína utandyra. Einnig er gengið í gildi bann við flutningi á hænsnfuglum.

Skosk og bresk stjórnvöld vinna nú að því að meta hvort fleiri fuglar hafi smitast, en ekki þykir þörf á að láta fyrrgreint bann ná til alls landsins.

Tveir dauðir svanir fundust einnig í borginni Glasgow og er verið að kanna hvort þeir hafi smitast af veirunni H5N1.

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni hafa nú samtals 192 menn smitast af þessu skæða afbrigði veirunnar og af þeim hafa 109 manns látist, en það er meira en helmingur hinna smituðu.

Nánast allir þeir menn sem hafa smitast af veirunni hafa umgengist hænsnfugla mikið. **- gb**

# Alifuglar í hús innan viku

**Áhættustig II vegna fuglaflensu tók gildi hér á landi í gær, eftir að opinber staðfesting hafði borist á því að dauður svanur sem fannst í Skotlandi hefði verið sýktur af fuglaflensuveirunni H5N1. Allir alifuglar eiga að vera komnir undir þak eftir viku, ella liggja þung viðurlög við, sem varða sektum eða fangelsi.**

**FUGLAFLENSA** Allir alifuglar á landinu eiga að vera komnir undir þak eftir tæpa viku, samkvæmt ákvörðun landbúnaðaryfirvalda í gær. Þá var ákveðið að áhættustig II vegna fuglaflensu tæki gildi 12. apríl, að sögn Halldórs Runólfssonar, yfirdýralæknis Landbúnaðarstofnunar.

Ástæða þessa er staðfesting á því að dauður svanur sem fannst í Skotlandi væri með fuglaflensuveiruna H5N1, sem getur dregið menn til dauða. Staðfesting barst hingað til lands í gær bæði frá yfirdýralækni í Bretlandi og Evrópusambandinu, að sögn Halldórs.

„Við vorum búin að undanförnu um mánuðum að setja þau tilmæli fram í ræðu og riti að menn yrðu búnir undir svona fyrirskipun, þannig að það á ekki að koma mönnum á óvart,“ segir yfirdýralæknir. „Þetta verður nú auglýst þannig að mönnum sé ljóst hvað er á ferðinni.“

Hann segir erfitt að meta hvort fuglaflensan sé á leiðinni hingað til lands á næstunni.

„Við vorum búin að segja að um leið og hún greindist á Bretlandseyjum væri mikil hætta á að hún gæti borist hingað,“ segir yfirdýralæknir.

Í auglýsingunni sem Landbúnaðarstofnun sendi frá sér í gær segir meðal annars að finnist tveir eða fleiri dauðir fuglar á sama stað skuli tilkynna um það án tafar til Landbúnaðarstofnunar, eða héraðsdýralæknis, sem taki ákvörðun um aðgerðir.

Verði eigandi eða umráðamaður alifugla ekki við tilmælum Landbúnaðarstofnunar um aðgerðir samkvæmt auglýsingu þessari geti landbúnaðarráðherra, með vísan til 21. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, fyrirskipað bótalausa förgun eða eyðingu fuglanna að fengnum tillögum Landbúnaðarstofnunar. Brot gegn auglýsingunni varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Með mál vegna brota sé farið að hætti opinberra mála.

Landbúnaðarstofnun hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna og getur veitt undanþágur frá þeim við sérstakar aðstæður, að því tilskildu að smitvarnir séu nægilega tryggðar með öðrum hætti að mati stofnunarinnar.

**jss@frettabladid.is**






**HALLDÓR RUNÓLFSSON** Yfirdýralæknir segir menn eiga að vera búna undir áhættustig II.



## Áhættustig II

- Mikil hætta á að fuglaflensa berist til landsins.
- Fuglaflensa (H5N1) greinist á Bretlandseyjum eða í öðrum nágrannaríkjum.
- Fuglaflensa greinist í villtum fuglum hér á landi.

### Viðbrögð

*Til að forða því að smit berist inn á alifuglabú er meðal annars lagt til að:*

- Hýsa alla alifugla.
- Tryggja að fuglar sleppi ekki út úr húsum.
- Tryggja að ekkert í umhverfi alifuglabúa laði að villta fugla.
- Setja hatta á allar loftræstitúður.
- Setja fuglanet fyrir allar loftræstitúður, op og glugga.
- Öllum óviðkomandi verði bannaður aðgangur.
- Aðeins einn inngangur með fordyri verði í hverju eldishúsi.
- Hlífðarföt verði notuð fyrir nauðsynlega gesti.
- Þvottur og sótthreinsun handa verði í fordyri.
- Sótthreinsimottur eða –bakkar verði við inngang í fordyri.
- Rjúfa smitleiðir á milli dýrategunda.
- Tryggja góðar meindýravarnir.
- Tryggja góðar smitvarnir við vatnsból.
- Almennum hreinlætisreglum verði framfylgt. Smit berst fyrst og fremst inn á búið með fugladriti.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HLÝNAR EFTIR HELGINA**

Þó dagurinn í dag verði vindasamur og nokkuð úrkomusamur norðan og austan til horfir til betri tíðar. Um helgina gengur vindur að miklu leyti niður en eftir helgina hlýnar svo einnig. Á mánudag ætti að vera orðinn þokkalegasti hiti um allt land en þó vætutíð vestan til á landinu.

Það er að sjá hlýondi um páskana.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Norðan 8-13 m/s og skýjað en úrkomlítið eða úrkomulaust. Hiti við frostmark.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C hálfskýjað | París | 14°C hálfskýjað | Alicante | 23°C alskýjað |
| Osló | 3°C hálfskýjað | Berlín | 10°C hálfskýjað | Mílano | 14°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 6°C alskýjað | Frankfurt | 12 °C hálfskýjað | New York | 14°C rigning |
| Helsinki | 1°C alskýjað | Madríd | 16°C alskýjað | San Francisco | 16°C skúrir |
| London | 11°C léttskýjað | Barcelona | 16°C alskýjað | Orlando/Flórída | 31°C hálfskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Spennandi helgi










## FETAOSTS- OG ÓLÍFUFYLLTAR KJÚKLINGABRINGUR

4 stk. kjúklingabringur
1 dl fetaostur
1 dl grænar ólífur
1/3 búnt steinselja
Salt og pipar
tannstönglar

Saxið ólífur og steinselju. Myljið fetaost og blandið þessu þrennu saman. Ristið í hliðina á kjúklingabringunum með hníf þannig að vasi myndist, setjið fyllinguna inn í og lokið fyrir með tannstönglum. Kryddið bringurnar með salti og pipar og steikið á heitri pönnu, á báðum hliðum. Setjið síðan inn í 180°C heitan ofn í 6 mínútur eða þar til osturinn er bráðnaður.

## Landsins mesta úrval af sveppum



Portabello | Mini shitake | Gulir ostru | Rauðir ostru | King Bolett | Eringi | Nornagaldur | Íslenskir | Pied bleu | Beach garic | Horse




**Jói Fel** eðal ísterta
- með Kahlúa sósu og súkkulaði marengsbotni



**Nóa risapáskaeggin** komin




**Coke & Coke Light** 2 ltr.

Gildir til 9. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Er rétt að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag í eigu ríkisins?*

| | |
|---|---|
| Já | 35% |
| Nei | 65% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlarðu að borða páskaegg um páskana?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Setuverkföll starfsfólks á dvalar- og hjúkrunarheimilum:

# Vonleysi og reiði í hópnum

**KJARABARÁTTA** Setuverkfall ófaglærðs starfsfólks á dvalar- og hjúkrunarheimilum hefur nú staðið í rúman sólarhring og lýkur á miðnætti í kvöld. Verkfallið nær til yfir þúsund starfsmanna á níu heimilum á höfuðborgarsvæðinu auk sjúkrahússins í Vestmannaeyjum.

Hópur kvenna sem vinnur við umönnunar- og þjónustustörf á dvalarheimilum hittist í Alþingishúsinu klukkan eitt í gær til að afhenda Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra undirskriftalista með á fimmta hundrað nöfnum félaga sinna sem var hugsaður til að undirstrika kröfur hópsins. Að sögn Ármanns Kr. Ólafssonar, aðstoðarmanns fjármálaráðherra, fékk hann skilaboð um heimsóknina of seint og hafði ráðstafað tíma sínum ööruvísi. Að öðru leyti gat hann ekki tjáð sig um málið. Geir H. Haarde, utanríkisráðherra og starfandi forsætisráðherra, veitti listanum viðtöku fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.

„Okkur er sýnd lítilsvirðing og það gerist ekkert fyrr en við löbbum út. Ég ætla að hætta um næstu mánaðamót bæði vegna launa og álags. Ég er bara sár og reið,“ sagði Ágústa Pálsdóttir, sem vinnur á Hrafnistu, og tók þar undir orð flestra úr hópnum sem heimsótti Alþingi í gær. **- shá**



**FRÁ ALÞINGI** Álfheiður Bjarnadóttir, talsmaður starfsfólks á Hrafnistu, afhenti Geir H. Haarde, utanríkisráðherra og starfandi forsætisráðherra, undirskriftalista með á fimmta hundrað nöfnum starfsfólks dvalar- og hjúkrunarheimila. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Samfylkingin í Reykjavík:

# Gengið frá framboðslista

**BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR** Framboðslisti Samfylkingarinnar í Reykjavík fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor var kynntur að loknum fundi fulltrúaráðs flokksins í gærkvöldi.

Efstur á lista er Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi og í öðru sæti Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri.

Stefán Jón Hafstein borgarfulltrúi er í þriðja sæti og Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi í því fjórða. Oddný Sturludóttir myndlistarmaður er í fimmta sæti.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir er í heiðurssæti listans. **- shá**

## LEIÐRÉTTING

**Dr. Blix og sendiherrann** Þau mistök urðu við myndbirtingu með viðtali við dr. Hans Blix í Fréttablaðinu í gær, að konan við hlið dr. Blix var sögð vera eiginkona hans, Eva Kettis. Hið rétta er að konan á myndinni er Madeleine Ströje Wilkens, sendiherra Svíþjóðar á Íslandi. Beðist er velvirðingar á mistökunum.



## AFRÍKA

**Mannskætt bátslys** Að minnsta kosti 69 manns fórust þegar bát hvolfdi undan ströndum Djíbútí í Austur-Afríku í gær. Óttast var um afdrif fjölda annara, en yfir 200 manns voru í bátnum.

## LÖGREGLUFRÉTT

**Árekstur í Kópavogi** Tveir bílar skullu saman á Smárahvammsveginum í Kópavogi í gærmorgun. Ökumenn voru fluttir á slysadeild en þeir slösuðust ekki mikið. Bílarnir eru báðir óökufærir.


HÁSKÓLI ÍSLANDS

**FRAMTÍÐARSTEFNA ÍSLENDINGA Í ÖRYGGIS- OG VARNARMÁLUM**

**Halldór Ásgrímsson** forsætisráðherra flytur erindi í Háskóla Íslands



Mánudaginn 10. apríl kl. 12.15
í Hátíðasal, Aðalbyggingu H.Í.

Að loknu erindi svarar forsætisráðherra fyrirspurnum.
Allir velkomnir.







**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Stjórnarliða greinir á um hugmyndir um að stofna hlutafélag um rekstur vallarins og einkavæða hann.

# Vill einkarekinn Keflavíkurflugvöll

**Geir H. Haarde utanríkisráðherra vill stofna hlutafélag um rekstur Keflavíkurflugvallar og einkavæða hann síðan. Magnús Stefánsson, varaformaður utanríkismálanefndar, er honum ekki sammála.**

**VARNARMÁL** Geir. H. Haarde utanríkisráðherra segir það skoðun sína að einkafyrirtæki eigi að reka Keflavíkurflugvöll eins og tíðkist víða annars staðar.

Geir flutti skýrslu um utanríkismál á Alþingi í gær og kom þetta meðal annars fram í máli hans um stöðuna í varnarmálum þjóðarinnar. „Þá væri stofnað hlutafélag í eigu ríkisins um rekstur flugvallarins en ekki látið staðar numið þar heldur yrði félagið einkavætt í framhaldinu. Innlendum og erlendum fjárfestum byðist með þessu vænlegur fjárfestingarkostur.“

Magnús Stefánsson, þingmaður Framsóknarflokks og varaformaður utanríkismálanefndar, lýsti ákveðnum efasemdum um þessa afstöðu utanríkisráðherra. „Ég lít nú svo á að hann (utanríkisráðherra) hafi verið að viðra sínar hugmyndir en ekki liggi neinar ákvarðanir fyrir í þessu efni.“



GEIR H. HAARDE



MAGNÚS STEFÁNSSON

Magnús vísaði til þess að flugstöð Leifs Eiríkssonar væri hlutafélag í eigu ríkisins og lýsti þeirri afstöðu sinni að flugvöllurinn ætti áfram að vera í eigu ríkisins.

Ögmundur Jónasson, Vinstri grænum, lýsti andstöðu við hugmyndir af þessum toga. „Er ekki kominn tími til að líta með öðrum augum á þennan grunnþátt í öryggismálum þjóðarinnar sem flugvöllurinn óneitanlega er og verður í ríkari mæli eftir að Bandaríkin til allrar lukku hafa sig á brott?“ spurði Ögmundur.

Um viðræðurnar við Bandaríkjamenn um varnaráætlanir fyrir Ísland sagði utanríkisráðherra að varhugavert og hættulegt væri að segja upp varnarsamstarfinu. Tryggja yrði lágmarksviðbúnað en ljóst væri að ekki yrði um fasta viðveru sýnilegra varna að ræða af hálfu Bandaríkjamanna. Viðræðurnar nú snerust um það hvað kæmi í staðinn. Björgvin G. Sigurðsson, Samfylkingunni, taldi að í þessum orðum utanríkisráðherra fælist stefnubreyting frá afdráttarlausum yfirlýsingum Davíðs Oddssonar fyrrverandi utanríkisráðherra um að hér á landi yrðu að vera að minnsta kosti fjórar herþotur.

Geir kvaðst ekki geta sagt til um hvað yrði kynnt á næsta samningafundi enda væri verið að vinna að varnaráætlun fyrir Ísland af hálfu Bandaríkjamanna.

johannh@frettabladid.is

Réttarhöldin yfir Moussaoui í Bandaríkjunum:

# Hlýtt á samtöl úr stjórnklefa

**BANDARÍKIN, AP** Í gær fengu kviðdómendur í máli Zachariasar Moussaoui að hlýða á upptökur úr stjórnklefa bandarísku farþegaflugvélarinnar, sem rænt var 11. september árið 2001 og hrapaði síðan niður á engi í Pennsylvaníu.

Upptökurnar hafa ekki verið gerðar opinberar, en ættingjar þeirra sem fórust með vélinni fengu að hlusta á þær árið 2002. Almenna reglan er sú að öll gögn sem nú eru lögð fram í málinu eigi að birta opinberlega, en dómarinn hefur gefið ættingjum hinna látnu frest fram á þriðjudag í næstu viku til þess að mótmæla því.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**MOUSSAOUI HLÝÐIR Á GIULIANI** Sakborningurinn sýndi þess greinileg merki að sér leiddist meðan fyrrverandi borgarstjóri New York lýsti hryllingnum 11. september.

Í gær kom Rudy Guiliani, fyrrverandi borgarstjóri í New York, fyrir dómstólinn og bar vitni. Hann lýsti þar hryllingnum sem átti sér stað 11. september 2001 í New York, þegar hann sá fólk stökkva út úr háhýsunum sem voru að hrynja.

Sakborningurinn Moussaoui sýndi ekki önnur viðbrögð en þau, þegar sýndar voru myndbandsupptökur frá því sem gerðist í New York, að honum leiddist.

Moussaoui hefur sagt að hann hafi tekið þátt í undirbúningi hryðjuverkanna og að hann hafi átt að ræna flugvél og fljúga henni á Hvíta húsið í Washington.

Kviðdómurinn þarf að taka afstöðu til þess hvort Moussaoui eigi að hljóta líflátsdóm. **- gb**



# NÚ HITNAR Í KOLUNUM

Grillin og grillvörurnar eru komnar upp hjá Olís

**Perma Steel gasgrill**
**79.900 kr.**
eða 13.317 með léttgreiðslu í 6 mán.



**Char Broil gasgrill CB 5000**
**34.900 kr.**
eða 5.817 með léttgreiðslu í 6 mán.



**Char Broil gasgrill Seguia**
**16.900 kr.**
eða 2.817 með léttgreiðslu í 6 mán.



Boðið er upp á léttgreiðslur Visa og Euro í 2 til 6 mánuði.

FIFA WORLD CUP GERMANY 2006
olís FÆRIR ÞÉR HM Á SÝN

olís HM 2006

**Við höldum með þér!**

Himinn og haf / SÍA

fvh
Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga



Horfur í íslenskum efnahagsmálum

Hádegisverðarfundur miðvikudaginn 12. apríl nk.
Grand Hótel - Gullteigi frá kl: 12.00-14.00

Samkvæmt nýlegri skýrslu Den Danske bank eru horfurnar vægast sagt ekki bjartar og gefa ekki tilefni til mikillar bjartsýni um íslensk efnahagsmál. Hinsvegar eru ekki allir á eitt sáttir með niðurstöður og úrvinnslu skýrslunnar. Hver er staðan og hverjar eru horfurnar?

Höfundar skýrslunnar „Iceland: Geysir Crisis"
frá greiningardeild Den Danske bank taka þátt á fundinum.


Lars


Þórður


Edda Rós


Halla

Pallborð að erindum loknum
Reikna má með líflegum umræðum

FRUMMÆLENDUR:

Lars Christensen,
Senior analyst Den Danske bank

Þórður Friðjónsson
Forstjóri Kauphallarinnar

Edda Rós Karlsdóttir
Forstöðumaður greiningardeildar
Landsbanka Íslands

Til viðbótar fyrirlesurum verða á pallborði:

Carsten Valgreen,
Chief Economist, Danske Bank group

Arnór Sighvatsson,
Aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands

Tryggvi Þór Herbertsson,
Prófessor og forstöðumaður
Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands

FUNDARSTJÓRI
Halla Tómasdóttir,
Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

Fundurinn fer fram á ensku.

Skráðu þig strax - takmarkað sætaframboð !
Vinsamlega skráið þátttöku á vef FVH, www.fvh.is eða í síma 551 1317.
Verð kr. 3.000 fyrir félagsmenn FVH og 4.800 fyrir aðra.

KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

ENNEMM / SÍA / NM20861



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá


Tillögur um úrbætur í löggæslu í Reykjavík:

# Öryggi í hverfum verði eflt

**LÖGGÆSLUMÁL** Viðræðuhópur um löggæslumálefni í Reykjavík hefur skilað skýrslu og meðal tillagna er að efla miðborgargæslu um helgar, samstarf um úrræði gegn neikvæðri hópamyndun unglinga og aðgerðir til að auka og efla öryggi í hverfum borgarinnar.

Viðræðuhópurinn var stofnaður í ágúst árið 2003 að frumkvæði Björns Bjarnasonar dóms- og kirkjumálaráðherra og hefur hópurinn rætt leiðir til að styrkja og efla samvinnu um öryggis- og löggæslumál í borginni.

Í skýrslunni er meðal annars lagt til að hverfalöggæsla verði þróuð áfram í hverfum borgarinnar í nánum tengslum við þjónustumiðstöðvar hverfanna og að samvinna lögreglu og borgaryfirvalda verði aukin, til dæmis með óeinkennisklæddu eftirliti lögreglu í samvinnu við starfsmenn borgarinnar. Einnig er lagt til að unnið verði að skipulagningu nágrannavörslu í nánni samvinnu við borgaryfirvöld og viðeigandi hverfisfélög og stutt verði við þá tilraun sem hafin er um nágrannavörslu þar sem staðið er að námskeiðum í hverju þjónustuhverfi borgarinnar. Þá er lagt til að lögregla verði sýnilegri með aukinni viðveru hennar í hverfum borgarinnar. **- sdg**


**LÖGREGLUBÍLL Í REYKJAVÍK** Meðal tillagna er að komið verði á formlegu samstarfi milli lögreglu og þjónustumiðstöðva í hverfum borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.


**ALÞINGI** Af nærri 850 milljóna króna sjúkrastyrkjum frá stéttarfélögunum fóru 255 milljónir króna í skatt og útsvar árið 2004. Skattlagningin verður tekin til athugunar.

# Þriðjungur sjúkrastyrkja fer í skattinn

**Nefnd sem endurskoðar skattareglur athugar hvort afnema beri skattlagningu styrkja úr sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarfélaga. Þingmenn segja 255 milljóna króna skattlagningu styrkjanna siðlausa og krefjast þess að hún verði afnumin.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Nærri ellefu þúsund einstaklingar greiddu samanlagt 255 milljónir króna í tekjuskatt og útsvar af styrkjum úr sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarfélagna árið 2004.

Þetta kom fram í svari Árna Mathiesen fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, Samfylkingunni, á Alþingi. Tilefni fyrirspurnarinnar má rekja til baráttu Árna Heimis Jónssonar menntaskólakennara. Hann glímir við krabbamein og hafa sjúkrastyrkir frá stéttarfélagi hans verið skattlagðir. Hann ritaði meðal annars þingmönnum bréf um málið á dögunum og benti á að kostnaður úr eigin vasa vegna læknisþjónustu og rannsókna væri um tíu þúsund krónur á mánuði.

Fram kom í svari fjármálaráðherra að samanlagt námu styrkir úr sjúkra- og styrktarsjóðum alls 843 milljónum króna árið 2004; þar af voru 722 milljónir skattlagðar. Að jafnaði nam framlag um 79 þúsund krónum á hvern styrkþega.


**ÁRNI MATHIESEN**

Þingmenn sem til máls tóku töldu skattlagninguna óréttláta og skoruðu á fjármálaráðherra að afnema skattlagningu styrkjanna með lögum svo fljótt sem auðið yrði. „Skattlagningin er siðleysi," sagði Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Samfylkingunni. Guðjón A. Kristjánsson, Frjálslynda flokknum, sagði að styrkurinn væri ætlaður til að bæta upp tekjutap og ætti að vera skattfrjáls.

Ögmundur Jónasson, Vinstri grænum, sagði fráleitt að skattleggja styrkina og sagði það ósk verkalýðshreyfingarinnar allrar að skattlagningin yrði afnumin. Hann upplýsti að sem formaður BSRB hefði hann óskað eftir fundi með fjármálaráðherra um málið.

Jóhanna Sigurðardóttir taldi vafasamt af stjórnvöldum að hafa tekið upp staðgreiðslu skatta af styrkjunum svo sem gert var árið 2004. Hún spurði hvort fjármálaráðherra hygðist beita sér fyrir afnámi skattsins.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra vísaði til nefndar sem hefði það verkefni að endurskoða skattareglur. Reglan væri að hafa undanþágur sem fæstar en það hlyti að koma til skoðunar hjá nefndinni hvort gera ætti breytingar á skattalegri meðferð styrkjanna. Árni væntir þess að nefndin skili niðurstöðum sínum í haust.

**johannh@frettabladid.is**


Létt spjall á laugardegi

B-listinn í Reykjavík býður þér í létt spjall alla laugardaga frá kl. 10:00-12:00 fram að kosningum á kosningaskrifstofunni Suðurlandsbraut 24.
Líttu við og hittu frambjóðendur.

Allir velkomnir



XB

Kosningaskrifstofa B-listans í Reykjavík
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík
Sími: 599 3900 · Netfang: reykjavik@xb.is

exbé



**GLERÁRTORG** Að stækkun lokinni verður Glerártorg um tuttugu þúsund fermetrar. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Verslunarmiðstöðin Glerártorg á Akureyri:

# Stækkun fram undan

**VERSLUN** Smáratorg, eigandi Glerártorgs á Akureyri, hefur gengið frá kaupum á öllum gömlu verksmiðjuhúsunum vestan verslunarmiðstöðvarinnar og húsnæði Hölds sunnan Glerártorgs. Agnes Geirsdóttir, framkvæmdastjóri Smáratorgs, segir að í byrjun næsta árs verði húsin rifin og Glerártorg stækkað um tæplega helming. Stefnt er á að framkvæmdum ljúki í október 2007. Ekki liggur fyrir hvaða nýjar verslanir verða á Glerártorgi en Agnes segir marga um hituna; bæði heimamenn og verslanir utan Eyjafjarðar. **- kk**


Dior
Fallegri með
ári hverju.
CAPTURE
TOTALE
Nýr sigur hjá Dior í baráttunni gegn öldrun
Capture Totale krem og serum sem leiðréttir sýnilega öll einkenni öldrunar. Vinnur á slakri húð, ójöfnum lit og fyllir í fínar línur. Húðin verður silkimjúk. Kröftug tvenna sem hjálpar húðinni að standast altlögu tímanns.
CAPTURE TOTALE
Dior
Dior vika verður í Debenhams
Smáralind 6.-12. apríl.
Sérfræðingar frá Dior bjóða upp á húðgreiningu og leiðbeina um val á förðunarvörum.
Veglegur kaupauki* fylgir ef verslað er fyrir 4.900.- eða meira.
Gildir meðan birgðir endast.
DEBENHAMS
SMÁRALIND



**STÚDENTAR Á TEINUNUM** Ekkert lát er á mótmælum stúdenta í Frakklandi gegn hinni umdeildu vinnulöggjöf og hafa þeir gripið til aðgerða af ýmsu tagi. Í gær gekk fjöldi stúdenta út á járnbrautarteina á Gare du Nord-járnbrautarstöðinni í París til þess að trufla umferðina þar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fundur um framtíð atvinnumála á Bíldudal haldinn í dag:

# Vilja svör frá Byggðastofnun

**ATVINNUMÁL** Fulltrúar frá Vesturbyggð, Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og Byggðastofnun munu í dag ræða framtíð atvinnumála á Bíldudal ásamt fjárfestum og stjórnendum fiskvinnslunnar Bilddælings.

„Nú viljum við bara fá það á hreint hvort einhvers stuðnings sé að vænta frá Byggðastofnun við þessa viðskiptahugmynd sem sett hefur verið upp varðandi rekstur Bilddælings,“ segir Guðmundur Guðlaugsson, bæjarstjóri í Vesturbyggð.

Um fimmtíu manns misstu atvinnu sína þegar Bilddælingur hætti starfsemi í júní á síðasta ári. Skýrsla sem Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða vann þá í kjölfarið sýndi fram á að rekstrarskilyrði væru fyrir hendi á staðnum en enn hafa þreifingar í þá átt ekki borið tilætlaðan árangur.

Viðskiptahugmyndir um rekstur Bilddælings ganga út á það að setja þorsk sem er undir fjórum kílóum í eldiskvíar og ala hann upp í slátrunarstærð en fara með annan fisk beint í vinnslu. **- jse**



**ELDISKVÍAR UTAN VIÐ BÍLDUDAL** Viðskiptahugmyndir um rekstur Bilddælings ganga út á það að ala þorsk í eldiskvíum sem er undir fjórum kílóum en fara með þá stærri strax í vinnslu. Á fundinum í dag gæti ráðist hvort hugmyndin verði að veruleika. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN ÐARSON

Nýja Mannréttindaráðið:

# Bandaríkin vilja ekki sæti

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Bandaríkin hafa ákveðið að sækjast ekki eftir því að eiga sæti í nýja Mannréttindaráðinu, sem Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti nýverið að setja á stofn í stað hinnar umdeildu Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna sem lögð hefur verið niður.

Mannréttindasamtök halda því fram að bandarísk stjórnvöld hafi ákveðið að vera ekki með vegna ótta um að Bandaríkin hlytu ekki nægan stuðning til setu í ráðinu. Til að ríki fái sæti í ráðinu þurfa 96 ríki að greiða því atkvæði sitt. **- gb**








**LÖGREGLAN LEITAR VÍSBENDINGA** Morðið á Denis Donaldson varpar skugga á tilraun tveggja forsætisráðherra til að blása lífi í heimastjórnarþingið á Norður-Írlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bertie Ahern og Tony Blair:

# Reyna að blása lífi í þing Norður-Írlands

**NORÐUR-ÍRLAND, AP** Forsætisráðherrar Írlands og Bretlands, þeir Bertie Ahern og Tony Blair, lýstu því yfir í gær að þingið á Norður-Írlandi yrði kallað saman 15. maí næstkomandi. Tvær helstu fylkingar mótmælenda og kaþólskra á þinginu, annars vegar Lýðræðislegir sambandssinnar undir forystu Ians Paisley og hins vegar Sinn Fein undir forystu Gerrys Adams, fá síðan frest til 24. nóvember til þess að mynda sameiginlega stjórn.

Þetta verður lokafrestur til þess að blása lífi í þingið, sem síðast kom saman í október árið 2002. Takist ekki að mynda stjórn fyrir þennan tíma verður þingið endanlega lagt niður.

„Það er feikinóg svigrúm til þess að komast að samkomulagi, það er það sem fólkið vill,“ sagði Blair í gær.

Þeir Ahern og Blair höfðu fyrir nokkru ákveðið að leggja fram tillögur sínar í gær og létu það ekki stöðva sig þótt Denis Donaldson, fyrrverandi þingmaður Sinn Fein, hefði fundist myrtur á þriðjudaginn. Morðið á Donaldson skyggir þó verulega á allar ráðagerðir um nánari samvinnu kaþólskra og mótmælenda.

Donaldson var rekinn úr Sinn Fein í desember síðastliðnum eftir að hann viðurkenndi opinberlega að hann hafði njósnað fyrir Breta í tvo áratugi. **- gb**


IMPREZA SUBARU

Góður í brekkunum og veit hvar þær eru



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

SYMMETRICAL AWD

STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 160 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 16" ÁLFELGUR, KASTARAR Í STUÐARA... OG MARGT FLEIRA.

Beinskiptur Sedan 1.990.000,- Sjálfskiptur Sedan 2.130.000,- Beinskiptur Wagon 2.050.000,- Sjálfskiptur Wagon 2.180.000,-

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

| Umboðmenn um land allt | Akureyri 461-2960 | Selfossi 482-3100 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453 |
|---|---|---|---|---|---|

TILBOÐ:

Leiðsögutæki fylgir hverjum seldum Impreza

Garmin GPS leiðsögutæki með íslensku vega- og hálendiskorti. Virkar um allan heim og spilar MP3. Andvirði 96.550,-

Veðmálaeinokun rannsökuð:

## ESB krefur Finna skýringa

**FINNLAND** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur óskað eftir útskýringum frá sjö ríkjum vegna einokunar á veðmálum og fjárhættuspili. Meðal annars hefur verið óskað eftir útskýringum frá finnskum stjórnvöldum á því hvort einokunarreglurnar hindri frjálst flæði þjónustu á innri markaði Evrópu.

Í vefútgáfu dagblaðsins Helsingin Sanomat segir að fyrirspurnin nái aðeins til íþróttaveðmála og að framkvæmdastjórnin sé ekki að draga lögmæti einokunarfyrirkomulagsins í efa. Grunur leiki hins vegar á að reglurnar séu í trássi við reglur ESB. **- ghs**

Íranar halda áfram vopnatilraunum:

# Þriðja sprengiflaugin prófuð á einni viku

**ÍRAN, AP** Stjórnvöld í Íran upplýstu á miðvikudag að þau hefðu giftusamlega skotið á loft þriðju leynilegu sprengiflauginni á einni viku. Frá þessu var greint í fréttum íranska ríkissjónvarpsins. Samkvæmt fréttinni voru tvö öflug tundurskeyti prófuð á sama tíma.

Í fréttinni kom fram að hægt væri að skjóta sprengiflauginni frá öllum herþyrlum og -þotum, og sást stutt mynd af flauginni þar sem henni var skotið frá þyrlu og lent á haffleti.

Alþjóðasérfræðingum kemur ekki saman um áreiðanleika fréttanna frá Íran, en þær koma á sama tíma og spennan milli Írans og Bandaríkjanna vegna kjarnorkuáætlunar Írana fer vaxandi. Íranar segjast eingöngu ætla sér að nýta kjarnorku til raforkuframleiðslu, en leiðtogar á Vesturlöndum, ekki síst í Bandaríkjunum, telja að þeir undirbúi smíði kjarnorkuvopna.

Deilunni um kjarnorkuáætlun Írana hefur verið skotið til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, en það hefur vald til að ákveða refsiaðgerðir. Eftirlitsmenn frá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni ætla til Írans í dag, föstudag, til að skoða búnað Írana til kjarnorkurannsókna. **- smk**



**SPRENGIFLAUG** Önnur sprengiflaugin af þremur sem Íranar segjast hafa skotið í tilraunaskyni í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tvö innbrot á Akranesi:

## Stal fatnaði og snyrtivörum

**INNBROT** Lögreglan á Akranesi rannsakar nú innbrot á hárgreiðslustofu og í tískuvöruverslun, en brotist var inn á staðina í fyrri nótt.

Skiptimynt var stolið af hárgreiðslustofunni, auk snyrtivara, en óverulegar fjárhæðir voru í kassa inn á stofunni.

Úr tískuvöruverslunni hafði innbrotsþjófurinn lítilræði af peningum á brott með sér, auk fatnaðar. Innbrotsþjófurinn er ófundinn en þeir sem geta einhverjar upplýsingar veitt um málið er beðnir um að hafa samband við lögregluna á Akranesi. **- mh**




**MÓTMÆLI** Margir eru reiðir fyrrverandi varaforsetanum Jacob Zuma, sem ákærður er fyrir nauðgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Varaforseti um alnæmi:

## Fór í sturtu til að forðast smit

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Margir Suður-Afríkubúar eru æfir yfir orðum fyrrverandi varaforseta landsins, en hann sagði fyrir dómi á miðvikudag að hann hefði „farið í sturtu“ til að minnka líkurnar á HIV-smiti eftir að hann hafði samfarir við HIV-smitaða konu á heimili sínu í nóvember.

Konan kærði Jacob Zuma fyrir nauðgun, en hann neitar sök og segir hana hafa leitað eftir kynlífinu, sem var óvarið.

Orð Zuma þykja færa ungum Suður-Afríkumönnum röng skilaboð, því karlmenn þar í landi eru þekktir fyrir að eiga marga bólfélaga og stunda óvarið kynlíf þrátt fyrir mikla útbreiðslu HIV-smits. **- smk**



**SADDAM HUSSEIN** Fyrrverandi einræðisherra Íraks í réttarsal. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögmenn Saddams Hussein:

## Segja ákærur þjóna óvininum

**ÍRAK, AP** Lögmenn Saddams Hussein segja nýbirtar ákærur gegn einræðisherranum fyrrverandi um þjóðarmorð þjóna pólitískum markmiðum Bandaríkjanna.

Nú er verið að rétta yfir Saddam og sjö öðrum vegna drápa á 148 sjíamúslimum, en nýju ákærurnar eru af mun alvarlegri toga. Um 100.000 Kúrdar fórust í hernaðarlegum árásum sem saksóknarar segja Saddam hafa fyrirskipað árið 1988.

Saddam hefur viðurkennt að hafa fyrirskipað drápin á sjíamúslimunum, en ber því við að nægar sannanir hafi verið fyrir því að fólkið hafi staðið að morðtilraun gegn honum.

Undir þetta tók í gær einn hinna sakborninganna, Awad al-Bandar, dómarinn sem á sínum tíma dæmdi fólkið til dauða. **- smk**





**ALLT Á FLOTI** Þessi maður fann sér litla skektu til að komast á milli staða í bænum Tangermünde í Þýskalandi í gær. Þótt nokkrir dagar séu liðnir frá því hinar miklu rigningar hættu að flæða úr skýjunum er enn allt á floti víða í austurhluta landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Veira sem veldur margvíslegum einkennum en smitast ekki í menn:

# Nýr sjúkdómur í svínum hér

**LANDBÚNAÐUR** Sjúkdómur sem gengur undir heitinu PMWS hefur nú í fyrsta sinn verið greindur í svínum hér á landi, að því er fram kemur í fréttum Landbúnaðarstofnunar.

Sjúkdómurinn, sem ekki hefur fengið íslenskt heiti enn, var staðfestur í febrúar en ætla má að einkenni hafi komið fram í grísunum sumarið 2005.

Grunur um sjúkdóminn vaknaði í byrjun janúar og voru grísir krufðir á Keldum í framhaldi af því. Sjúkdómsgreining var síðan staðfest á rannsóknarstofnun í Danmörku.

Einkenni sjúkdómsins eru mörg, en helst er um almenn vanþrif og hor að ræða í 5-16 vikna gömlum fráfæru- og eldisgrísum. Helst ber á lystarleysi, vanþrifum og hægum vaxtarhraða. Grísirnir verða mjög horaðir, fá úfið háralag og eru með innfallnar síður. Þessir grísir eru oft fölir og í sumum tilfellum geta þeir orðið gulir. Stundum ber á öndunarerfiðleikum, hósta og jafnvel vatnskenndri skitu. Stór hluti þeirra grísa sem veikjast drepast, allt að áttatíu prósent, oft sökum annarra sýkinga í kjölfarið.



**SVÍNAPEST** Veirusjúkdómurinn sem greinst hefur í svínum hér á landi í fyrsta sinn smitast ekki í fólk.

Veiran er mjög algeng í svínum, einnig í heilbrigðum grísum. Svín geta hýst hana til fjölda ára án einkenna, en þau koma ekki fram nema veiran sé til staðar. PCV2-veiran smitar hvorki menn né önnur dýr. -jss

Stokkhólmur:

## Morðóður í Debenhams

**SVÍÞJÓÐ** Tæplega þrítugur karlmaður var handtekinn í vöruhúsinu Debenhams við Drottningargötu í Stokkhólmi á föstudaginn í síðustu viku eftir að hafa ráfað um vöruhúsið í leit að fórnarlambi. Maðurinn var vopnaður hnífi og vildi myrða.

Maðurinn afplánar sjö ára fangelsi fyrir morð, að sögn vefútgáfu Aftonbladet, en fyrir þremur árum stakk hann mann sextíu sinnum.

Hann var í leyfi þegar morðæðið greip hann. Hann gaf sig sjálfur fram við öryggisverði í vöruhúsinu áður en nokkur skaði hlaust af. - ghs

Húsleit lögreglu í Kópavogi:

## Fann fíkniefni og tól til neyslu

**FÍKNIEFNI** Lögreglan í Kópavogi fann í fyrrinótt þrjátíu grömm af amfetamíni við húsleit á heimili manns á þrítugsaldri. Að auki fannst lítilræði af kannabisefnum í húsinu, auk tóla sem notuð eru til neyslu fíkniefna.

Talið er að efnin hafi verið ætluð til einkaneyslu en maðurinn játaði við yfirheyrslur að eiga efnin. Rannsókn lögreglu er lokið og telst málið að fullu upplýst. -mh

### TAÍLAND

**Thaksin skipar eftirmann** Thaksin Shinawatra, sem sagði af sér sem forsætisráðherra Taílands á þriðjudag, hefur tilnefnt Chitchai Wannasathit, félaga sinn úr ríkisstjórninni, til að taka við af sér uns ný ríkisstjórn hefur verið mynduð eftir kosningarnar um síðustu helgi.

# Vilja frest í þrjú ár í viðbót

**Forystumenn innan verkalýðshreyfingarinnar eru óánægðir með þá ákvörðun félagsmálaráðherra að opna fyrir frjálsa för þegna aðildarríkja ESB frá 1. maí. Um stefnubreytingu er að ræða hjá ríkisstjórninni.**

**VINNUMARKAÐUR** Nokkrir forystumenn innan verkalýðshreyfingarinnar eru ákaflega óhressir með þá ákvörðun félagsmálaráðherra að opna fyrir frjálsa för allra aðildarþjóða Evrópusambandsins frá og með 1. maí. Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, og Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, eru í þeim hópi.

„Verkalýðshreyfingin vildi fá skýrari pólitískar yfirlýsingar um að stjórnvöld myndu beita sér fyrir því að lögfesta ábyrgð notendafyrirtækjanna á því að erlendir starfsmenn væru með laun og starfskjör samkvæmt íslenskum kjarasamningum og að það væri hlutverk starfshópsins að vinna að þessu. Flestir hafa nú áttað sig á því að lögin um starfsmannaleigurnar virka ekki. Það vantar skýrari ákvæði um skyldur notendafyrirtækjanna,“ segir Þorbjörn.



**VERKAMENN FRÁ SLÓVAKÍU VIÐ VINNU SÍNA** Forstjóri Vinnumálastofnunar segir verklag stofnunarinnar munu breytast nú þegar fólk af öllu EES-svæðinu geti leitað eftir vinnu hér.

Hann bendir á að drög að þjónustutilskipun ESB hafi nýlega átt að berast Alþingi en þar segir hann að áherslan sé á það að styrkja gistilöndin og færa þeim „tæki í hendur til að verja nokkur grundvallaratriði, þar á meðal kjarasamninga. Viðhorfin eru að breytast í þá átt að tryggja það að launþegar í þessum löndum geti haldið kjarasamningum sínum og réttindum óskertum.“

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, talar um „svartan dag“ á vefsíðu félagsins og segir ákvörðun ráðherrans mikil vonbrigði. „Ég tel að menn hefðu átt að nýta þær heimildir sem þeir höfðu og fresta þessu um þrjú ár í viðbót, sérstaklega í ljósi þess að menn eru ekki tilbúnir til að taka við þeim fjölda sem mun hugsanlega streyma inn í landið,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is









# Málum fyrir Páska





**Hjá Múrbúðinni færðu gæðamálningu á verði sem slær öll met.**




100% AKRÝL

Allir litir

10 lítrar

DEKACRYL7 Innimálning **Kr. 2.679,-**




100% AKRÝL

10 lítrar

DEKAPRO 10 Innimálning **Kr. 3.194,-**




100% AKRÝL

10 lítrar

DEKAPRO 02 Loftamálning **Kr. 2.394,-**




10 lítrar

DEKATAK Multigrunnur **Kr. 2.250,-**

100% AKRÝL




4 lítrar

DEKAPRO 20 Innimálning **Kr. 1.942,-**




1 líter

Masterlack Lakkmálning **Kr. 799,-**




28 kg

DEKAROCK Samskeytaspartl **Kr. 1.390,-**



SPECTER bakki og rúlla **Kr. 499,-**




3 lítrar

Dalapro spartl **Kr. 795,-**

Kítti **Kr. 175,-**

Málningarlímband **Kr. 224,-**

**Múrbúðin hefur ekkert að fela og auglýsir allar vörur með verði en ekki aðeins afsláttarprósentum.**
**Gerið samanburð á verði og gæðum**




LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

**MÚRBÚÐIN**
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is


Lambalærið
30% afsláttur við kassann
LAMBALÆRI VILLIBRÁÐARKRYDDAÐ
1189 kg KR.
MERKT VERÐ 1699KR.
EKKERT BRUÐL
Allt klárt
SOLLA MÆLIR MEÐ HIMNESKRI HOLLUSTU!
Bónusfeti
BÓNUS FETA
BÓNUSFETI
199 KR.
250g
FRISE BLANDA
199 KR.
200g
FRISE SALATBLANDA
REYKTUR/GRAFINN LAX
979 kg KR.
Merkt verð 1399KR.
30% afsláttur við kassann
Grafinn lax og reyktur
Ferskir bitar
BÓNUS KJÚKLINGUR
BÓNUSBITAR
291 kg KR.
Verð áður 350KR.
Sjáðu verðið!
Stórar og góðar
ÚRVALS RÆKJA
599 kg KR.
GLEÐI FYRIR UNGANA!
BÓNUS Ís í boxi
4 box
4 BOX Í PAKKA
98 KR.
BÓNUSBLÓM
KÍLÓBRAUÐ
98 KR.
BÓNUS KORN
BÓNUS Kornbrauð
KÍLÓ BRAUÐ

Öll tilboð í viku 14, gilda til sunnudags eða á meðan birgðir endast (sjá www.bonus.is).

# fyrir kvöldið!

EKKERT BRUÐL





FREYJU HRÍSPOKI 299 KR. 350g

Sjáðu verðið!

DORITOS 129 KR. 200g





IDOL MIX HÁLFT KÍLÓ! 459 KR. 500g

FREYJU IDOLBITAR 199 KR. 230g



VOGA ÍDÝFA 98 KR. 175g



IDOL TUNDRA 69 KR. FRÁ FREYJU

Idolstuðið í Bónus!

EKKERT BRUÐL



2+1 FRESCHETTUR 699 KR. 1200g

3 PITSUR Í KASSA - ALLS 1200 GRÖMM!



SPRITE/ZERO 95 KR. 2ja LÍTRA FLASKA

EMMESS +33% 333 KR. SKAFÍS

DAIM SKAFÍS OG SÚKKULAÐIÍS Í MAGNI!

www.bonus.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## „ORÐRÉTT“

### Löghlýðinn lögmaður

**„Mér finnst að aðallega eigi að velja eftir hæfni, en að sjálfsögðu á að taka tillit til allra laga og reglna.“**

HELGI JÓHANNSSON FORMAÐUR LÖGMANNAFÉLAGSINS UM VAL Á HÆSTARÉTTADÓMURUM. FRÉTTABLAÐIÐ.

### Misskilinn snillingur?

**„Hvað er svona merkilegt við Jón Gnarr? Ég hef aldrei skilið það enda þótt ýmsir skipi honum á bekk með helstu snillingum þessarar þjóðar.“**

ORRI PÁLL ORMARSSON BLAÐAMAÐUR Á MORGUNBLAÐINU Í MORGUNBLAÐINU.

nær og fjær
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? EIRÍKSÍNA KR. ÁSGRÍMSDÓTTIR, VERKEFNASTJÓRI HJÁ KHÍ**

## *Fyrirlestrunum er sjónvarpað á netinu*

„Það er allt frábært að frétta,“ segir Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir, sem nýlega hefur tekið við starfi sem verkefnastjóri hjá Kennaraháskóla Íslands. „Ég hef verið önnum kafin undanfarnar vikur við að setja mig inn í þetta nýja starf og er að sýsla við mjög fjölbreytt verkefni í vinnunni. Ég sé um vikulega miðvikudagsfyrirlestra hjá Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands, um menntafræðslu og uppeldismál fyrir öll skólastig nema framhaldsskólastigið. Við skiptum efninu niður í þemu og höfum verið með nám og kennslu yngri barna sem þema. Í vetur höfum við til dæmis verið með Skóli og samfélag án aðgreiningar og svo hafa leikskólakennarar verið duglegir að koma á þessa fyrirlestra þannig að þemað þeirra var fimm vikudaga, allt frá málþroska, hugmyndir starfsfólks um starfið í hugmyndir um menntun. Síðast var Nýmiðlun og gagnagerð í grunnskóla. Þessum fyrirlestrum er sjónvarpað best á KHÍ-vefnum þannig að það er hægt að sitja heima og horfa á þessa fyrirlestra. Það er líka hægt að horfa á þá á netinu eftir að þeim er lokið.“

Eiríksína sér líka um að kynna stofnunina út á við og segir hún að mikil vinna felist í því að reyna að koma upplýsingum og fræðslu á framfæri við fjölmiðla. Hún segir fjölmiðla líta á menntamál sem jaðarefni og vill fá meiri umfjöllun og umræðu um þessi mál. Hluti af starfsemi Rannsóknastofnunarinnar er að gefa út bækur og sér Eiríksína einnig um kynningar á þeim. Hún segir að bækurnar séu mjög áhugaverðar og eigi erindi til breiðs hóps lesenda.


Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir verkefnastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Sem dæmi nefnir hún nýlega útkomna bók, Þróun glímunnar í íslensku þjóðlífi, og bókina Kynjamyndir í skólum. „Svo erum við á fullu við að hefja undirbúning að stóru árlegu málþingi í október. Ég er að safna fólki í samráðshóp og við ætlum að fjalla um rannsóknir, nýbreytni og þróun á öllum skólastigum. Við stöndum að þessu málþingi í samvinnu við Kennarasambandið, menntamálaráðuneytið, Þroskaþjálfafélagið og fleiri aðila. Þetta er stórt málþing sem allar fagstéttir koma á, um 100 fyrirlestrar. Ég er bara rétt að hefja undirbúning að því og mun vinna að því fram í október,“ segir hún.


**ÍSBJÖRNINN ÓGURLEGI** Hann var stoppaður upp á Akureyri og er að líkindum fyrsti ísbjörninn sem fer um Hvalfjarðargöngin.

# Ísbjörn á Stokkseyri

Uppstoppaður ísbjörn er nýjasti sýningargripur Veiðisafnsins á Stokkseyri. Ísbjörninn er grænlenskur en Sigurður Guðmundsson hamskeri á Akureyri stoppaði hann upp. Ísbjörninn var fluttur nýverið á Veiðisafnið og er nú þar til sýnis. Kom hann landleiðina frá Akureyri og er að sögn fyrsti ísbjörninn sem fer um Hvalfjarðargöngin. Ekki er ólíklegt að langt líði þar til ísbjörn fer aftur um göngin, eða almennt um þjóðvegakerfi landsins, því flutningar á ísbjörnum á Íslandi eru fátíðir. Veiðisafnið á Stokkseyri var opnað fyrir tæpum tveimur árum og hafa gestir þess ítrekað spurt forsvarsmenn hvort ekki væri von á ísbirni í hóp safngripa. Hefur þeim nú orðið að ósk sinni. ■




# Arfavitlaust að taka upp sumartíma á Íslandi

**Erlendur S. Þorsteinsson, doktor í reikniritum, fléttufræði og bestun, gefur lítið fyrir tillögu Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, þingmanns Sjálfstæðisflokks, um að taka upp sumartíma á Íslandi. Málið er enn einu sinni komið til kasta Alþingis.**

Í þingsályktunartillögu Guðlaugs Þórs og þriggja annarra þingmanna Sjálfstæðisflokks er lagt til að kannað verði hvort ástæða sé til að taka upp sumartíma og einnig að flytja sumardaginn fyrsta og verkalýðsdaginn að helgum.

Erlendur telur síðari hugmyndina góðra gjalda verða en segir þá um sumartímann vitlausa, reyndar arfavitlausa. „Þessi hugmynd hefur alltaf verið vitlaus,“ segir hann en Vilhjálmur Egilsson var ötull við að leggja málið fram á sinni þingtíð. „Það virðist lifa í sjálfstæðismönnum að sumartími sé eitthvað skemmtilegur.“

Erlendur hefur sjálfur reynslu af tímabreytingum við upphaf og lok sumars því hann bjó í Bandaríkjunum í fimm ár þar sem sumartími er við lýði. „Mér fannst þetta pirrandi því þessu fylgir vesen og kostnaður. Það brást ekki að fólk mætti annað hvort of seint eða of snemma í vinnu og á fundi þegar tímanum var breytt,“ segir hann og nefnir einnig að tímaáætlanir flugvéla breytist og tölvukerfi ruglist. Það kosti ekki bara vesen, heldur mikla peninga. Hann skilur þó hugmyndafræðina sem að baki býr. „Tilgangurinn í Bandaríkjunum og öðrum löndum sem liggja sunnarlega er sá að sólar njóti lengur við á daginn. Það á hins vegar ekki við hér því hér er alltaf bjart á sumrin. Klukkustund til eða frá breytir engu á kvöldin. Það verður hins vegar aðeins bjartara klukkan tvö á nóttunni.“ Erlendur hefur svo af því spurnir að Bandaríkjamenn séu að velta fyrir sér að hætta að færa klukkuna til.


**UNDARLEGUR TÍMI** Erlendur S. Þorsteinsson reiknifræðingur er lítt hrifinn af þeirri hugmynd Guðlaugs Þórs Þórðarsonar og fleiri þingmanna Sjálfstæðisflokksins að taka upp sumartíma á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Væri sumartími tekinn upp á Íslandi yrði klukkan færð aftur um eina klukkustund. Rökin sem Guðlaugur Þór og félagar nefnda því til stuðnings í greinargerð sinni eru þau helst að þjóðin vakni fyrr á sumrin og byrji daginn fyrr. Sólar nyti þá lengur við eftir að fólk kemur heim úr vinnu og fengi fólk því betra tækifæri til að njóta sumarsins og „skapaði án efa betri sumarstemningu með öllu sem því fylgir, svo sem auknum möguleikum á frekari samverustundum með fjölskyldunni,“ segir orðrétt í greinargerðinni.

Erlendur skilur þessi rök en segir að þessi góði vilji eigi ekki að koma tímareikningi við. „Ef menn vilja ná þessum áhrifum fram á frekar að komast að samkomulagi um að fólk mæti milli sex og sjö í vinnuna.“


**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON** Vill láta kanna hvort ástæða sé að taka upp sumartíma.

Eins og áður sagði er Erlendur þó ekki alfarið á móti þingsályktunartillögunni. Hann er fylgjandi því að fimmtudagsfrí verði færð að helgum og telur það merki um pólitísk klókindi Guðlaugs Þórs að leggja fram málin tvö í einni og sömu tillögunni. „Hann setur þarna fram gott mál um skipan frídaga og laumar með þessu arfavitlausa máli um sumartíma í þeirri von, sýnist mér, að menn séu nógu sammála góða málinu til að láta hitt fljóta með.“

**bjorn@frettabladid.is**

# Safnar fyrir FM 957 á Patró

Davíð Þorgils Valgeirsson, bifvélavirki á Bílaverkstæði Guðjóns á Patreksfirði, hefur hrundið af stað söfnun fyrir útvarpssendi svo hann og aðrir fái notið útsendinga FM 957. „Mér datt þetta í hug fyrir tveimur mánuðum og ákvað að gera eitthvað í þessu,“ segir Davíð Þorgils, sem getur valið á milli Bylgjunnar, Rásar 1 og Rásar 2 eins og málum er nú háttað. „Það vantar stöð fyrir unga fólkið,“ segir hann og bætir við að tónlistarval áðurnefndra stöðva sé ekki sniðið að smekk ungs fólks.

Davíð Þorgils hefur rætt málið við marga og jafnan fengið góð viðbrögð. Bæjaryfirvöld í Vesturbyggð sáu sér þó ekki fært að verða við ósk hans um fjárhagsstuðning.


**ZÚÚBER** Verði Davíð Þorgils að ósk sinni getur hann hlustað á þáttinn Zúúber á morgnana.

Sendirinn kostar hálfa milljón króna en Davíð Þorgils hefur vilyrði 365 miðla fyrir að greiða helming kostnaðarins ef honum tekst að safna fyrir hinum helmingnum. Reikningur hefur verið opnaður í Sparisjóði Vestfirðinga og geta þeir sem vilja lagt inn á hann. Númer hans er: 1118 05 402342 kt. 160183-5869.

Davíð Þorgils segist hlusta á FM 957 þegar hann er í Reykjavík en hafnar því að vera hnakki, líkt og dyggustu hlustendur stöðvarinnar eru jafnan nefndir. **- bþs**



ÞAÐ KOSTAR EKKERT AÐ FÁ SKJÁINN
MEÐ ADSL HJÁ SÍMANUM
FÆRÐU VIDEÓLEIGU SKJÁSINS
Í SJÓNVARPSTÆKIÐ ÞITT
TILBOÐ Á VÖLDUM MYNDUM Í APRÍL
• Þú hringir í þjónustuver Símans, 800 7000
• Við komum heim til þín og setjum upp búnað þér að kostnaðarlausu.
• Þú byrjar að leigja þér myndir með fjarstýringu
Mr. & Mrs. Smith
HOUSE OF WAX
Til að breyta sjónvarpstækinu þínu í vídeóleigu þarftu aðeins að vera með ADSL hjá Símanum. Með búnaðinum sem við setjum upp fyrir þig fylgir fjarstýring sem þú leigir þér myndir með. Þú ýtir á VOD hnappinn á fjarstýringunni, velur þér mynd og hefur 24 tíma til að horfa á hana. Greiðslan fer á reikninginn þinn. Einfalt og þægilegt!
Síminn
Þú færð Skjáinn í öllum verslunum Símans, í síma 800 7000 eða á skjarinn.is
Skjárinn
– á þínu valdi!
VOD VIDEO ON DEMAND

## Svona erum við

> Fjöldi barna á leikskólum




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** HRYÐJUVERKAMENN, SKÆRULIÐAR OG HERMENN

# *Oft lítill munur á störfunum*

Undanfarin ár hefur orðið hryðjuverkamaður heyrst sífellt oftar í fréttum fjölmiðla, og þessa dagana bíða Bandaríkjamenn þess að frétta hvort Zacharias Moussaoui verði dæmdur til dauða fyrir aðild að hryðjuverkunum í Bandaríkjunum 11. september 2001. Moussaoui segist sjálfur hafa átt þátt í árásunum, þó að leiðtogar al-Kaída segi hann hvergi hafa nærri komið.

**Hryðjuverkamenn, hermenn og skæruliðar**

Á Vísindavef Háskóla Íslands kemur fram að það er hreint ekki eins einfalt og stjórnmálaleiðtogar heimsins vilja vera láta að skilgreina hverjir teljast hryðjuverkamenn og hverjir ekki. Skilin á milli hryðjuverkamanna, skæruliða og jafnvel hermanna eru oft afar óskýr, og á stundum fer skilgreiningin eftir þeim aðila sem skilgreinir og hverra hagsmuna hann á að gæta.



Þó er yfirleitt stuðst við þá skilgreiningu að hryðjuverkamenn vinni í hópum og veki athygli á hugmyndafræði sinni eða kröfum með því að ráðast á saklausa borgara.

Hermenn starfa fyrir ríkisstjórnir, klæðast einkennisbúningum, þeim er aðallega ætlað að sinna landvörnum og berjast eingöngu við aðra hermenn. Samkvæmt alþjóðasáttmálum er þeim bannað að ráðast á vopnlausa borgara.

Skæruliðar starfa í hópum og styðjast við ákveðna hugmyndafræði sem oft snýst um aðskilnað frá því ríki sem þeir búa í eða stjórnarskipti. Ólíkt hryðjuverkamönnum skipuleggja þeir sig eins og hersveitir, klæðast gjarnan einkennisbúningum og skotmörk þeirra eru hernaðarleg eða pólitísk, fremur en almennir borgarar. Skæruliðarnir fylgi viðurkenndum baráttuaðferðum hersveita og er barátta þeirra oft dæmd lögmæt.

**Óljós mörk**

Þrátt fyrir skýrar línur á yfirborðinu reynist oft erfitt að greina þarna á milli, og fellur oftast samúð manna og yfirvalda með þeim sem hentar hagsmunum þeirra hverju sinni, enda getur skilgreiningin á því hver telst hryðjuverkamaður breyst með árunum. Til dæmis sagði Margaret Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, Nelson Mandela vera hryðjuverkamann, en nokkrum árum síðar hlaut hann friðarverðlaun Nóbels fyrir störf sín í þágu Suður-Afríku. Jafnframt hafa flest hryðjuverk heims verið framin af hermönnum, lögreglu- og leyniþjónustumönnum, sem starfa fyrir lögmætar ríkisstjórnir.

## SPURT & SVARAÐ

VARNAR- OG ÖRYGGISMÁL

# *Þekkingu þarf að auka*

Baldur Þórhallsson, dósent í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, telur að auka þurfi sérfræðiþekkingu á sviði öryggis- og varnarmála hér á landi.

**Hvernig er raunhæft að auka þekkingu á þessu sviði?**

Háskóli Íslands er farinn að bjóða upp á nýtt meistaranám í alþjóðasamskiptum þar sem nemendur geta sérhæft sig á sviði öryggis- og varnarmála. Á næsta ári verða í boði þrjú ný námskeið á þessu sviði og jafnframt er skólinn að fjölga námskeiðum um öryggis- og varnarmál í BA-námi í stjórnmálafræði. Háskóli Íslands er því markvisst að reyna að byggja upp sérfræðiþekkingu á sviði öryggis- og varnarmála. Í haust koma tveir erlendir sérfræðingar á þessu sviði, Michael Corgan og Cristopher Coker, en þeir munu fjalla um þessi mál á námskeiðum í Háskóla Íslands.

**Hefur vanþekking á þessu sviði háð íslenskum stjórnvöldum?**

Það hefur tilfinnanlega skort sérfræðinga á sviði öryggis- og varnarmála og það hlýtur að vera kappsmál allra sjálfstæðra þjóða að hafa aðgang að sérfræðiþekkingu á sviði öryggis- og varnarmála. Ekki bara við kennslu og rannsóknir heldur líka sérfræðinga sem geta komið að stefnumótun íslenskra stjórnvalda.



BALDUR ÞÓRHALLSSON


HAMBORGARHRYGGUR

VEISLA Á BRAUÐIÐ







**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON FORSTJÓRI BAUGS** Jón er helst á því að settur saksóknari hafi ekki skilið eðli viðskiptanna með hlutabréfin í 10-11 verslunumum. Hann segir getgátur um ímyndaðan hagnað Gaums og tengdra aðila óviðeigandi.

# 10–11 gefinn gaumur

**Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í Baugsmálinu, hefur að því er virðist tekið leiðbeiningum dómstóla um að bæta verknaðarlýsinguna til þess að gera nýjar ákærur haldbærar fyrir dómstólum og koma þannig í veg fyrir að þeim verði vísað frá á nýjan leik. Slíkar leiðbeiningar gagnrýndu verjendur á sínum tíma og töldu að í því fælist að dómstólar drægju taum annars málsaðila.**

Eftir þrjár vikur verður tekið fyrir á dómþingi í Héraðsdómi Reykjavíkur mál ríkissaksóknara gegn Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra Baugs, Tryggva Jónssyni, fyrrverandi aðstoðarforstjóra Baugs, og Jóni Gerald Sullenberger, forstjóra Nordica í Flórída.

Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í Baugsmálinu, hefur endurunnið 19 ákæruliði upp úr þeim 32 ákæruatriðum sem bæði dómstigin höfðu vísað frá dómi seint á síðasta ári.

Hinir ákærðu hafa nú afhent fjölmiðlum ákærurnar til umfjöllunar. Settur saksóknari hefur með tilkynningu stuttlega gert grein fyrir inntaki þeirra. Jón Ásgeir hefur sömuleiðis gripið til varna með opinberum útskýringum og yfirlýsingum.

BAUGS MÁLIÐ

### Sakaður um að leyna upplýsingum

Í nýju ákærunum er Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, sakaður um fjársvik og til vara umboðssvik þegar hann seldi Vöruveltuna hf. almenningshlutafélaginu Baugi fyrir sjö árum. Saksóknari leggur fram gögn sem benda til þess að Jón Ásgeir hafi sjálfur keypt Vöruveltuna, sem átti og rak 10-11 verslanirnar, nokkru áður en hann seldi Baugi félagið. Hann hafi leynt stjórn Baugs þeirri staðreynd að hann væri raunverulegur eigandi Vöruveltunnar og í fyllingu tímans hafi Jón Ásgeir og Gaumur, fjöldkyldufyrirtæki hans, staðið uppi með að minnsta kosti 200 milljóna króna hagnað af sölu sem Baugur hf. greiddi á endanum tæpan einn og hálfan milljarð króna fyrir.

Orðrétt segir settur saksóknari í ákæru sinni: „Baugur hf. galt samtals 325 milljónum króna hærra verð fyrir hlutafé Vöruveltunnar en það sem ákærði galt fyrir hlutafé Vöruveltunnar og telst það tjón Baugs hf.“



**SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON SETTUR SAKSÓKNARI** Sigurður Tómas þarf að sanna sekt Jóns Ásgeirs og hefur í því skyni leitast við að bæta verknaðarlýsinguna á meintu broti hans.

### Segir viðskiptum ruglað saman

Verknaði Jóns Ásgeirs er síðan lýst nánar og leitast settur saksóknari þar við að bæta fyrir meinbugi þá sem leiddu til frávísunar ákæranna á báðum dómsstigum, en dómurum þótti verknaðarlýsingin í fyrri atrennu áfátt.

Meðal annars fer settur saksóknari yfir kaupsamninga, lánveitingar og aðra samninga sem við sögu koma í býsna löngu ferli þar sem Jón Ásgeir kaupir og selur miklar eignir milli skyldra aðila. Til að mynda er til þess tekið að hann hafi undanskilið fasteignir í í eigu Vöruveltunnar þegar hún var seld Baugi.

Brotin eru nú kölluð fjársvik eða umboðssvik en viðurlög við alvarlegum brotum af slíkum toga eru sektir og fangelsisvist.

Jóni Ásgeiri virðist sem saksóknari rugli saman óskyldum viðskiptum eins og segir í yfirlýsingu frá honum. Verknaðarlýsingin á viðskiptum með hlutabréf í Vöruveltunni eða 10-11 eigi ekki stoð í raunveruleikanum. „Staðreyndin er sú að Baugur Group hf. hagnaðist verulega á kaupunum á 10-11 og var kaupverð félagsins hið sama og stjórn þess samþykkti að greiða fyrir félagið.“ Jón Ásgeir bætir við að ekki hafi staðið til að fasteignir tilheyrðu rekstri 10-11 þegar Baugur keypti félagið. „Getgátur um ímyndaðan hagnað Gaums og tengdra aðila eru óviðeigandi í ákæru,“ segir Jón Ásgeir í yfirlýsingu sinni.

### Fjögur ár frá húsleitinni

Í réttarsal verður það verkefni saksóknarans að sanna sekt sakbornings og lög gera ráð fyrir því að hann njóti vafans þegar sönnunargögn þykja ekki fulnægjandi.

Þannig verður sjálfsagt spurt hvernig Jón Ásgeir blekkti stjórn Baugs, hvernig hann taldi stjórn Baugs trú um að uppsett verð fyrir Vöruveltuna væri niðurstaða samninga en ekki ákvarðað af honum einum í gróðaskyni og hvernig hann lét líta svo út að eigandi Vöruveltunnar væri annar en hann sjálfur þegar hann þurfti á bankaláni að halda vegna viðskiptanna. Ef ekki verður orðið við kröfum um frávísun málsins munu verjendur enn á ný reyna að sanna að enginn hafi orðið fyrir tjóni.

Þegar Hæstiréttur kemur saman eftir sumarleyfi verða liðin fjögur ár frá því að lögreglan gerði húsleit í höfuðstöðvum Baugs vegna grunsamlegs reiknings. Í annarri atrennu fara nú fyrir dómstóla ákærur sem reistar eru á bókhaldsgögnum sem þar var lagt hald á en hafa ekkert með reikninginn grunsamlega að gera. Hins vegar situr nú Jón Gerald Sullenberger, sá er reikningnum veifaði, á bekk með sakborningum fyrir að reyna að fegra myndina af Baugi á hlutabréfamarkaði.



FRÉTTASKÝRING
JÓHANN HAUKSSON
johannh@frettabladid.is

# allt í matinn á einum stað

## verið velkomin




## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 7. apríl til 9. apríl eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto



**landslag**
*fólkið í landinu*

ATVINNUREKANDINN: SVANHILDUR JÓNSDÓTTIR FERÐAMÁLAFRÖMUÐUR

# *Íslendingar hættir að tjalda*

Svanhildur Jónsdóttir á og rekur eitt gistiheimili í Flatey en þar eru átta rúm. Tryggvi Gunnarsson vinnur nú hörðum höndum við að gera það upp og fylgist frúin vel með því brátt skellur ferðamannatíminn á. Einnig leigir hún út íbúð sem er við hlið heimilis hennar og geta fjórar manneskjur dvalið þar. Þar að auki er hún með tjaldstæði.

„Íslendingarnir eru lítið fyrir það að nota tjaldstæðið, þeir koma frekar með fellihýsin sín,“ segir Svanhildur. „En útlendingar koma þangað mikið. Eftirspurnin er svo mikil í gistihúsið að það verður að vísa mörgum frá.“

Iðnaðarmenn vinna svo að því hörðum höndum að gera upp gamla samkomuhúsið í þorpinu en þar á að opna veitingastað í júní í sumar. „Það er misjafnt hvað það eru margir að vinna þarna, allt frá tveimur og upp í átta en ég sé um að fæða þá, karlana.“ Áður var Tryggvi sonur hennar með siglingar fyrir ferðamenn um nálægar eyjar á Breiðafirði en hann er hættur því núna.


SVANHILDUR JÓNSDÓTTIR

Hafsteinn Guðmundsson, bóndi í Flatey, segir nóg fyrir ferðalanga að gera í eynni. „Það er hægt að renna fyrir þann gula og svo geta einhverjir veitt lunda eða bara notið þess að skoða fuglana sem eru ófáir hér.“

Það er því ljóst að það á að taka ferðamannavertíðina með trukki í Flatey í sumar. Helst kvarta eyjarskeggjar yfir því að sú vertíð standi skemur þar en á meginlandinu; hefjist seinna og ljúki fyrr. Hins vegar eru eyjarskeggjar ánægðir með að flestir gestanna bera virðingu fyrir náttúru Flateyjar fuglalífi og ganga vel um og hefur afar sjaldan orðið misbrestur þar á.

## STAÐURINN

TÖLUR OG STAÐREYNDIR



### Flatey

**Íbúar sem búa allan ársins hring:** 5
**Íbúafjöldi um 1900:** Um 400

**Sveitarfélag:** Reykhólahreppur

**Sveitarstjóri:** Einar Örn Thorlacius

**Helstu atvinnufyrirtæki:** Gistiheimili Svanhildar, Veitingastaður í þorpinu *(opnar í sumar)*

**Fjarlægð frá Reykjavík:** 170 kílómetrar til Stykkishólms. Sigling með Baldri þaðan tekur rúma klukkustund.

**Fjöldi eyja og hólma sem Flatey tilheyrir:** 40

**Athyglisverðir staðir:** Flateyjarkirkja. Byggð 1926. Baltasar listmálari hefur málað veggi, loft og altaristöflu. Bókasafnið er hið elsta á Íslandi.



# Vinsæl hjá fólki og fuglum

**Það er vindasamt og napurt í Flatey þegar Jón Sigurður Eyjólfsson og Hörður Sveinsson stíga á land. Þó er bjart og fegurðin mikil þar sem fjallahringur Breiðafjarðar rammar eyjuna inn á fagurbláum mar.**

Tvær fjölskyldur búa í Flatey allan ársins hring og er því rólegt um að litast í eynni fögru að vetrarlagi. Hins vegar færist heldur betur líf í tuskurnar á vorin þegar ferðamenn streyma þangað og fuglalífið verður fjölskrúðugt. Þá umturnast líf eyjarskeggja en þeir taka þessari ásókn vel enda eru atvinnutækifæri ekki á hverju strái en slík tækifæri gefast með ferðamönnunum. Einnig eiga allnokkrir hús í eynni og leita þangað þegar færi gefst. Atli Heimir Sveinsson er einn þeirra, en hann venur komur sínar þangað þegar um hægist í ferðamennskunni enda skapast þá kjöraðstæður handa tónskáldinu fyrir andans verk.

### Á traktornum við bryggjuna

Þeir félagar Jón Sigurður og Hörður eru svo heppnir að hitta fyrir nær alla íbúa Flateyjar á bryggjunni þegar þeir stíga á land úr Breiðafjarðarferjunni Baldri. Magnús Jónsson er mættur á traktornum enda nægur varningur sem hann á von á af meginlandinu. Þeir gera grein fyrir sér og spyrja hvort hann sé til í spjall. „Alveg sjálfsagt, komið þið bara heim í kaffisopa,“ segir hann og vísar þeim á kerruna. Tryggvi Gunnarsson, fóstursonur Magnúsar, og Jóhann Ingi Hinriksson koma sér þar líka fyrir og svo er hossast eftir veginum áleiðis að þorpinu.

### Fálkinn rænir af bóndanum

Þó að Flatey sé afskekkt segja eyjaskeggjar sig síður en svo einangraða og það má til sanns vegar færa. Reyndar hafa þeir frekar mátt búa við ágang fólks og dýra en afskiptaleysi í gegnum tíðina. Magnús og kona hans Svanhildur Jónsdóttir segja það alltaf jafn stórkostlega upplifun þegar fuglarnir streyma í eyna á vorin. En þó eru ekki allir fuglar jafn kærkomnir. „Það kom fálki hér í gær og rændi einni hænunni, það var magnaður andskoti,“ segir Magnús. „Ég sá að hann var hér á sveimi svo ég fer út og þá var hann búinn að drepa hana en var ekkert hrifinn af því að fá ekki að njóta hennar.“

Þau hjónin eru með 60 ær og 24 hænur sem þau verða að hafa gætur á því auk fálka er mikið um örn í Breiðafirði. Þar er hann vágestur í augum íbúa ólíkt því sem víða þekkist.

### Vakna með aðkomumenn við gaflinn

Hafsteinn Guðmundsson var úti í fjárhúsi þegar ferðamennirnir tveir hittu á hann. Þar naut hann liðsinnis ungra manna frá Stykkishólmi sem nota hvert tækifæri til að komast til Flateyjar í sveitastörfin. Hann segir það enn eitt dæmi þess að eyjarskeggjar verði frekar fyrir ágengni en afskiptaleysi og geti því varla talist einangraðir. „Magnús Bjarnfreðsson fréttamaður kom hér að vorlagi 1965 og tók fréttamyndir fyrir sjónvarpið og sýndi þetta sem algjöra eyðibyggð með fullt af húsum. Það brá hvergi fyrir manni á þessum myndum. Eftir það taldi ógrynni fólks að þetta væri allt í eyði og kom hingað til að næla sér í hús. Og þá var ruðst inn í öll hús og það var óþægilegt fyrir marga hér. Til dæmis eitt sinn þegar faðir minn var nýrisinn úr rekkju og var að fara að fá sér kaffi þá var þar komið fólk inn í eldhús sem var að velta húsakostinum fyrir sér. Það má segja að íbúar hafi vaknað með aðkomumenn við gaflinn.“

### Saumaði vélina hans Ómars Ragnarssonar

Tryggvi og Jóhann eru á fullu að gera gistihús klárt áður en ferðamennskuvertíðin hefst. Þeir taka sér þó hlé frá störfunum þegar gestina ber að garði og spyrja strax hvort megi bjóða þeim bjór eða léttvín. Svo fara þeir að rifja upp heimsóknir eftirminnilegra manna í eyna. „Eitt sinn kom Ómar Ragnarsson hingað á litlu vélinni sinni,“ segir Tryggvi, „en lenti svo illa að það kom mikil rifa neðan á hana. Það var ekkert annað að gera en koma manninum til hjálpar svo ég fékk tvinna frá mömmu og sauma fyrir rifuna. Við erum eyjarskeggjar og verðum oft að bjarga okkur eftir ýmsum leiðum. Ómar horfir á mig þar sem ég ligg undir vélinni og er að sauma en svo þegar verkinu er lokið þá slengir hann fram eftirfarandi vísu:

*Harður er Tryggvi. Haf'iði séð'ann?*
*Hann verður stoltur þegar ég kveð'ann.*
*Hann er að rimpa hana að neðan*
*og horfir upp í gatið á meðan.“*

Við svo kveðið verða aðkomumenn að hafa sig á brott því Baldur stímir í höfn. Missi þeir af honum stíga þeir ekki fæti á meginlandið fyrr en eftir nokkra daga. ■


**HAFSTEINN GUÐMUNDSSON Í FJÁRHÚSINU** Það var nóg að gera í fjárhúsinu en Hafsteinn nýtur liðsinnis ungra manna frá Stykkishólmi sem sjást að baki hans. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


**TRYGGVI GUNNARSSON OG JÓHANN INGI HINRIKSSON** Það var kátt á hjalla hjá Tryggva og Jóa múr sem voru að vinna að endurbótum á einu gistihúsinu en tók sér hlé frá störfum þegar gesti bar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


**MAGNÚS JÓNSSON Í ELDHÚSINU HEIMA** Bóndinn horfir út um eldhúsgluggann enda aldrei að vita nema fálkinn hyggi á hænuveiðar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

SKÓLAKÆFA
BRAGÐGÓÐ Á BRAUÐIÐ





**Í góða veðrið á enn betra verði!**

# Heldri borgarar

## – njótið vorsins og lífsins á Kanarí, Tenerife eða Alicante!

**KANARÍ** 25. apríl – 16. maí

Verð frá **47.800,-** á mann m.v tvo í íbúð eða smáhýsi

**Val á milli 2ja gististaða:**

### Club Sunshine ☼☼☼

Fullkomlega endurnýjað íbúðahótel á besta stað á ensku ströndinni. Nýtískulegar íbúðir með gervihnattasjónvarpi, bíó- og upplýsingarás. Íbúðir snúa allar út að sundlaugargarði. Góð sólbaðsaðstaða á efstu hæð. Club Sunshine sló rækilega í gegn á síðasta ári og seldist upp á mettíma.



### Las Tartanas ☼☼



Skemmtileg smáhýsi, frábærlega staðsett í hjarta ensku strandarinnar. Húsin eru algerlega endurnýjuð og hafa lítinn garð með verönd. Góð sundlaugaraðstaða í garði. Frábær kostur fyrir þá sem vilja hagstæða gistingu í rólegu umhverfi en steinsnar frá strönd og iðandi mannlífi. Staðsetningin gerist ekki betri!

**KANARÍ** 25. apríl – 16. maí

Verð frá **126.280,-** á mann m.v tvo í herb. m/hálfu fæði

**Flaggskip Sumarferða á Kanarí!**

### H10 Meloneras ☼☼☼☼☼



**ALICANTE**

### Gran Hotel Bali ☼☼☼☼☼

**Ennþá nokkur sæti laus 18. apríl í 3 eða 4 vikur**

25. apríl – uppselt
26. apríl – uppselt



**TENERIFE** 27. apríl – 24. maí

Verð frá **64.313,-** á mann m.v tvo í íbúð

**27 nætur á blómaeyjunni Tenerife á undragóðu verði!**

### Parque Santiago ☼☼☼

Frábær íbúðargisting rétt við ströndina (80m) á einu eftirsóttasta hóteli á Tenerife. Stór og glæsilegur hótelgarður, sundlaugar- og sólbaðsaðstaða eins og best gerist og veitingastaðir og verslanir á hverju horni. Hægt er að velja um stúdíóíbúð eða íbúð með einu svefnherbergi.



**SUMAR FERÐIR**
– ERU BETRI EN AÐRAR!

MasterCard www.kreditkort.is | Mundu eftir MasterCard ferðaávísuninni

**www.sumarferdir.is – Laugavegur 26 (gengið inn Grettisgötumegin)**

**Sími 575 1515 – bókaðu allan sólarhringinn**

Innifalið í verði: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn. Bókað er á www.sumarferdir.is. Símabókunargjald er 2.500,- pr. farþega.



30% Afsláttur
SS helgasteikur rauðvínsl. / Grand Orange 1.168 kr./kg.
30% Afsláttur
SS hamborgarhryggur 989 kr./kg.
40
Goða Bayonne
953 kr./k
2 FYRIR 1
MS SKAFÍS 1 L 3 TEG.
Búkonu reyktur/grafin lax
998 kr./kg.
Ora sveppir 380g
77 kr./stk.
Ora gulrætur og gr. baunir 450g
63 kr./stk.
Ora grænar baunir 450g
67 kr./stk.
Ora grænir skornir sperglar 411g
134 kr./stk.
Carr's kex Table Water
75 kr./pk.
Rjómaostur 3 tegundir
99 kr./stk.
Meira úrval
Egils appelsín 2 L
158 kr./stk.
Egils malt 0,5 L
79 kr./stk.
Egils páskaöl 0,5 L
69 kr./stk.
Jarðaber 250g box
175 kr./stk.
Spergilkál
199 kr./kg.
Sætar kartöflur
199 kr./kg.
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
Skeifan: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-18
Bíldshöfði: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
Hringbraut: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Breiðholt: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Norðurbrún: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Hvaleyrarbraut: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Mosfellsbær: Allir dagar 12-23
Selfoss: virkir dagar 11-19, föstudagar 11-20, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
Vestmannaeyjar: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Þorlákshöfn: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 11-16



Virk Sam-keppni
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
%
Afsláttur
kinka
Móa kjúklingur 4 teg
599
kr./kg.
GOTT Á GRILLIÐ
BIG
Big George Foreman Grill
5.995
kr./stk.
Verð áður 8.995 kr.
NÝTT STÆRRA OG GLÆSILEGRA GRILL
Beauvais 580g rauðkál/rauðrófur
107
kr./stk.
Beauvais
RØDKÅL
Beauvais
RØDBEDER
Pech
Pech
TH.
S 5 STK.
MANN
1
Pech maískorn 1. flokks
kr./stk.
Clatronic ryksuga
3.995
kr./stk.
DVD DISKUR FYLGIR
Coke 4 x 2 L
DVD diskur fylgir
Ferðatöskusett
3 töskur saman
6.997
kr./pk.
Rósakál 500g
128
kr./pk.
PÁSKAEGG Á FRÁBÆRU VERÐI
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

## KAUPHÖLL ÍSLANDS* [Hlutabréf]

**ICEX-15** 5.682 **+1,44%** **Fjöldi viðskipta:** 292 **Velta:** 2.193 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Grandi** | +4,00% | **Atorka** | -0,86% |
| **Marel** | +3,76% | **Avion** | -0,50% |
| **FL Group** | +3,54% | **Dagsbrún** | -0,46% |

* klukkan 14.00 í gær.

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:**
ACTAVIS 59,30 +1,02% ... Alfesca 3,95 +1,54%... Atorka 5,75 -0,86% ... Bakkavör 49,80 +0,81% ... Dagsbrún 6,54 -0,46% ... FL Group 20,50 +3,54% ... Flaga 2,92 +0,00% ... Glitnir 17,20 +1,18% ... KB banki 780,00 +1,96% ... Kögun 74,80 +0,00% ... Landsbankinn 23,60 +2,61% ... Marel 74,50 +3,76% ... Mosaic Fashions 17,60 +0,57% ... Straumur-Burðarás 17,10 +1,79% ... Össur 113,50 +0,89% *

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn...

### Fjármálakerfi í erlendri kynningu

Í gang virðist farin nokkur kynning á aðstæðum í íslensku efnahagslífi á alþjóðavettvangi, í kjölfar erfiðrar umræðu greiningardeilda erlendra banka, sem á stundum hefur verið talin byggja á hæpnum grunni. Til marks um það er sjónvarpsviðtal Bloomberg-viðskiptafréttaveitunnar við Þórð Jónasson, forstöðumann Lánasýslu ríkisins, á miðvikudag, en þar var meðal annars fjallað um neikvæð skrif greiningardeilda. Þórður útskýrði auk þess að ríkið væri ekki peningaþurfi og því hafi ekki verið tekið tilboðum í ríkisbréf í síðustu útboðum, en í tvígang hafi svo óheppilega viljað til að útboð komu beint í kjölfar neikvæðra skýrslna. Hann vildi þó ekki taka of djúpt í árinni í gagnrýni á neikvæðu skýrslurnar. „Eftir takmarkaðan áhuga á Íslandi vilja nú skyndilega mjög margir koma að mikilli greiningu á stuttum tíma. Við slíkar aðstæður kann mörgum að yfirsjást hlutir sem eru einstakir hjá svo litlu opnu hagkerfi eins og á Íslandi.“

### Trúverðugleiki hagstjórnar ræður miklu

Í gær var birt spá hagdeildar Alþýðusambands Íslands um þróun helstu hagstærða á þessu ári og því næsta, en hún markast af mati Alþýðusambandsins á ójafnvægi og óvissu í efnahagslífinu. „Gengissveiflur eru miklar, viðskiptahalli í sögulegu hámarki, einkaneysla mikil og fjárfestingar miklar,“ segir í spánni, en hún gerir engu að síður ráð fyrir að hagvöxtur á þessu ári og næsta verði ágætur og atvinnuleysi lítið. Alþýðusambandið spáir hins vegar mikilli verðbólgu, langt yfir efri vikmörkum Seðlabankans og segir því allar líkur á að kjarasamningar verði í uppnámi þegar líður á árið. „Launafólk líður fyrir mistök í hagstjórninni,“ segir Alþýðusambandið og telur að þegar upp sé staðið skipti stöðugleiki mestu. Framvindan er sögð ráðast af trúverðugleika hagstjórnarinnar.



## MARKAÐSPUNKTAR

FL Group tilkynnti í gær um stofnun dótturfélags í Danmörku. FL Group Denmark APS. Framkvæmdastjóri verður Martin Niclasen en hann stýrði fjárfestingabankastarfsemi FIH Erhversbank og Kaupþings ytra.

Líkur eru á að greiðslukortafyrirtækið Visa verði styrktaraðili heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu frá og með næsta ári. Styrktarsamningur Visa er sagður hljóða upp á 150 til 200 milljónir punda, jafnvirði 19 til rúmlega 25 milljarða íslenskra króna.

Olíuverð fór yfir 67 Bandaríkjadali á tunnu á helstu mörkuðum í gær eftir að ríkisstjórn Bandaríkjanna greindi frá því að eldsneytisbirgðir í landinu hefðu minnkað.

# Glitnir var til ráðgjafar í Ameríku

Glitnir banki var ráðgjafi bandaríska fisksölufyrirtækisins F.W. Bryce Inc. í söluferli fyrirtækisins, en það var í vikunni selt Nissui USA, dótturfyrirtæki Nippon Suisan Kaisha Ltd. í Japan.



HELGI ANTON EIRÍKSSON

Helgi Anton Eiríksson, viðskiptastjóri á alþjóða- og fjárfestingasviði bankans, segir söluferlið hafa verið nokkuð umfangsmikið þar sem velja hafi þurft á milli margra kaupenda, en salan tók um hálft ár. Nokkur tímamót þykja að íslenskur banki veiti sérfræðiráðgjöf í fyrirtækjaviðskiptum milli fyrirtækja í Bandaríkjunum. „Þetta eru nokkur tímamót fyrir okkur, enda gengur sjávarútvegsstefna okkar út á að menn leiti til okkar þegar svona umbreytingar eru í gangi,“ segir Helgi, en ráðgjöf af þessu tagi er bankanum nokkur tekjulind, enda er hann bara til ráðgjafar, en fjármagnar ekki kaupin eða kemur að þeim að öðru leyti. Helgi segir vöxt í þessari starfsemi Glitnis. „Við erum með nokkur svona verkefni á prjónunum og teljum mikil tækifæri vera á þessum vettvangi.“

Bryce er staðsett í Goucester í Bandaríkjunum og markaðssetur frystar sjávarafurðir á Bandaríkjamarkaði, auk markaðssetningar, í minna mæli þó, í Japan og Kanada. Nissui á hins vegar fjölda fyrirtækja í Bandaríkjunum sem framleiða úr sjávarafurðum. **- óká**

# LSR vex hraðar en aðrir sjóðir

Vægi lífeyrissjóða á innlendum fjármálamarkaði er mikið og fyrirsjáanlegt að það eigi eftir að aukast. Gríðarleg vöxtur hefur orðið hjá LSR, stærsta lífeyrissjóði landsins, á undanförnum árum og hefur sjóðurinn vaxið umfram aðra lífeyrissjóði, einkum vegna sjóðsmyndunar B-deildar en einnig hefur raunávöxtun verið mikil.

Í skýrslu sem Gylfi Magnússon hagfræðiprófessor hefur tekið saman um áhrif og ábyrgð LSR kemur fram að vægi sjóðsins muni aukast enn frekar í íslensku hagkerfi. Hlutfall LSR af heildareignum lífeyrissjóða tvöfaldaðist á árunum 1998-2004 og nam 18,7 prósentum af heildareignum við lok tímabilsins. Hreinar eignir LSR námu 227 milljörðum króna við síðustu áramót eða um 22 prósentum af landsframleiðslunni. Er því spáð eignir LSR fari í 54 prósent af landsframleiðslu árið 2025.

Stærð stærstu sjóðanna gæti sett þeim nokkrar skorður þegar tíma líða, til dæmis að þeir geti ekki hreyft stóran hluta eignasafnsins í einu. Ljóst er að vægi erlendra eigna mun aukast hjá LSR. Þótt LSR sé ekki stærri hlutfallslega en stærstu lífeyrissjóðir annarra ríkja er ljóst að vægi hans heima fyrir er meira. Gylfi spyr hvort skynsamlegt gæti verið að skipta eignasafni LSR upp, til dæmis í tvö söfn, líkt og gert var við hlutabréfasafn fjórða AP-sjóðsins í Svíþjóð.

Gylfi telur réttlætanlegt, og nánast óhjákvæmilegt, að stærstu lífeyrissjóðirnir leggi vinnu og fé í það að stuðla að hagkvæmu fjármálaumhverfi. Það geti gerst með aðhaldi og þrýstingi á markaðsaðila og eftirlitsaðila, og frumkvæði að opinskárri umræðu. **- eþa**



**GYLFI MAGNÚSSON** Allt stefnir í að hlutdeild LSR af heildareignum lífeyrissjóðanna aukist enn frekar.


# Kálfar í Smáralind!

Í tilefni af 20 ára afmæli Landssambands kúabænda,
bjóðum við kúabændur til skemmtunar í Smáralind á morgun, 8. apríl.
Þar ætlum við að kynna starfsemi okkar og skemmta börnum og búaliði
á milli kl. 13.00 og 15.00.



Meðal þess sem verður til skemmtunar:

- **Mjólk og súkkulaði handa gestum og gangandi.**
- **Benedikt búálfur verður á staðnum, tekur nokkur lög og spjallar við börnin.**
- **Jónsi mætir á svæðið ásamt undirleikara og syngur af sinni alkunnu snilld.**
- **Smákálfar verða í stíu inni í Smáralindinni, fínir til að klappa.**
- **Verðlaunagetraun, páskaegg í verðlaun.**
- **Málverkasýning á 365 kúamyndum Jóns á Búrfelli, ekki missa af þessu.**

**Krakkar sem skrá sig á staðnum eiga möguleika á að vinna viku dvöl í sveit.**

Allir velkomnir!

LANDSSAMBAND KÚABÆNDA

# Eimskip kaupir Farmaleiðir í Færeyjum

P/F Heri Thomsen, dótturfélag Eimskips í Færeyjum, hefur keypt Farmaleiðir, sem verið hefur landflutningahluti Strandfaraskipa.

Sala Farmaleiða er stærsta einkavæðingarverkefni Færeyinga fram til þessa, en Strandfaraskip er í eigu færeyska ríkisins og hefur sinnt vöru- og fólksflutningum á sjó og landi í Færeyjum.

Hanna Katrín Friðriksson, framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs Eimskips, segir að samkomulag hafi verið gert í samningi Eimskips og Strandfaraskipa um að gefa kaupverð ekki upp. Ekki hafi þó verið um stór kaup að ræða. „Þetta skiptir okkur fyrst og fremst máli til að styrkja stöðu okkar á færeyska markaðnum. Við erum nú algjörlega búin að samþætta þá þjónustu sem við bjóðum í Færeyjum,“ segir hún og bendir á að Farmaleiðir verði stærsta fyrirtæki á sínu sviði í Færeyjum.

Félagið tengist alþjóðlegu flutningakerfi Eimskips og Skipafélagsins í Færeyjum, en Skipafélagið er dótturfélag Eimskips. Skipafélagið var stofnað árið 1919 og hefur síðan verið leiðandi félag í sjóflutningum til og frá Færeyjum. Velta Farmaleiða nam 240 milljónum íslenskra króna á síðasta ári. Fyrirtækið rekur 19 flutninga- og sendibíla og 6 lyftara auk fjölda flutningavagna, gáma og tanka. Alls er 21 starfsmaður hjá Farmaleiðum. - jab



**GOÐAFOSS EIMSKIPS** Eimskip hefur keypt landflutningahluta Strandfaraskipa, sem er í eigu færeyska ríkisins.

## El-is festir kaup á Rafporti

El-is hefur keypt allt hlutafé í Rafport ehf., sem er leiðandi heildsala á rafmagnssviði og mun sérhæfa sig í hátæknilausnum fyrir fyrirtæki og heimili.

Helstu birgjar fyrirtækisins eru Berker með innlagnaefni, Striebel & John töfluskápar, Schrack töfluefni, Brother merkivélar og prentarar, Kaiser dósir og innsteypibox fyrir halogenljós, en birgjarnir eru fleiri, erlendir og innlendir.

Í tilkynningu frá El-is kemur fram að markmið nýrra eigenda sé að þjóna markaðnum betur með nýrri tæknideild sem sinni ráðgjöf í hússtjórnarkerfum fyrir heimili og fyrirtæki. - jab

## Hagnaður í Vestmannaeyjum

Hagnaður Sparisjóðs Vestmannaeyja nam 180,4 milljónum króna á síðasta ári. Heildarrekstrartekjur námu 789,2 milljónum króna og gjöld 570,6 milljónum króna að meðtöldum afskriftum. Reksturinn gekk vel á árinu, að sögn Sparisjóðsins.

Hefðbundin bankastarfsemi skilaði minni hagnaði á síðasta ári en árið 2004.

Stærstu útlánaflokkar Sparisjóðsins voru íbúðalán og til einstaklinga eða rúm 73 prósent og hækkuðu þau hlutfallslega mest á milli ára. - jab




**EASYJET LÆKKAR** JP Morgan hefur tapað um 1,5 milljörðum á því að kaupa bréf FL Group.

## JP Morgan tapar á easyJet

Breska blaðið Independent greinir frá því að JP Morgan hafi tapað tólf milljónum punda á viðskiptum sínum með hluti í easyJet sem það keypti af FL Group. Þetta samsvarar 1,5 milljörðum króna.

Bandaríski fjárfestingarbankinn keypti um 68 milljónir hluta á genginu 338 pens og ætlaði að selja þá til viðskiptavina á genginu 340-343 pens á hlut. Hins vegar lækkaði verð easyJet það skarpt, eftir að FL Group tilkynnti um sölu bréfanna, að JP Morgan neyddist til að selja þau á 320,5 pens.

JP Morgan er ekki einn um að fá minna fyrir sinn snúð. Gengi bréfa í easyJet var 378 pens um síðustu áramót sem er tólf prósentum hærra en FL Group fékk fyrir sinn hlut. Í bresku fjármálalífi er rætt um að aðrir íslenskir fjárfestar geti þurft að losa eignir í breskum fyrirtækjum vegna erfiðara aðgengis að fjármagni. - eþa

## Opera í IP-símasamstarf

Hugbúnaðarfyrirtækið Opera Software í Noregi kynnti í gær samstarf við JAJAH, eitt af þeim fyrirtækjum sem örast hafa vaxið í heiminum á sviði netsímatækni, eða VoIP.

Til stendur að laga lausn JAJAH fyrir vefsíma að vafratækni Opera. Vafratækni fyrir JAJAH á að vera til reiðu á öðrum ársfjórðungi þessa árs, en hún verður einnig hluti af uppfærslu 9 af Opera-netvafranum sem er væntanlegur. „JAJAH er vefmiðuð símaþjónusta og það er markmið Opera að fólk geti nýtt sér vefinn sama hvaða tæki er notað til að tengjast honum,“ segir Jón S. von Tetzchner, íslenskur forstjóri Opera Software. - óká





ENNEMM / SÍA / NM21249

Breyting frá Arctic Trucks

Verðið á Nissan Pathfinder hefur líklega aldrei verið hagstæðara. Þessi skemmtilegi jeppi er blanda af krafti alvöru fjallajeppa eins og þeir gerast bestir og lipurð flottustu götubíla. Útkoman er ævintýri líkust og hefur slegið eftirminnilega í gegn.

**Líttu inn og berðu hetjuna augum!**

**Verðið á Nissan Pathfinder er frá 4.070 .000 kr.**

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt | Selfossi 482 3100 | Njarðvík 421 8808 | Akranesi 431 1376 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Reyðarfirði 474 1453 | Akureyri 461 2960

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Um hvað snýst Ríkisútvarpsdeilan?

## Hver á rökleysuna?

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur verið í hópi efnilegustu framtíðarleiðtoga í íslenskum stjórnmálum. Í forystugreinum þessa blaðs hefur verið gerður ágreiningur um frumvarp ráðherrans um að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag.

Í fréttum NFS á miðvikudagskvöld var ráðherrann beðinn um að svara þeirri gagnrýni. Svar ráðherrans var einfalt. Hann sagði: „Maður verður auðvitað að hafa það í huga að þarna talar og skrifar ritstjóri fjölmiðlasamsteypu sem er í mikilli samkeppni meðal annars við Ríkisútvarpið.“ Þar með var málið afgreitt af ráðherrans hálfu.

Af þessu tilefni er rétt að draga fram í hnotskurn um hvað er deilt í þessu máli og um hvað er ekki deilt. Ekki er deilt um það markmið að starfrækja metnaðarfullt menningarútvarp. Það er ekki deilt um að nota skattpeninga til þess að kosta þann rekstur að uppistöðu til. Þar að auki er ekki gerður ágreiningur um að heimila útvarpi sem rekið er fyrir skattpeninga að afla viðbótartekna að ákveðnu marki á auglýsingamarkaði þó að það gangi á svig við eðlilegar leikreglur markaðarins.

Ríkisútvarpið er rekið fyrir skattpeninga almennings. Um meðferð skatttekna og stjórnsýslu stofnana sem reknar eru fyrir skattpeninga gilda almennar reglur. Núverandi ríkisstjórn hefur skerpt þær og bætt á ýmsa lund. Þessar reglur lúta að því að allir sem fá greidd laun með skattpeningum búi við ákveðnar leikreglur að því er varðar ákvörðun þeirra. Um þá gilda sömu reglur varðandi öll réttindi og skyldur. Stofnanir sem reknar eru fyrir skattfé hlíta sömu reglum um alla stjórnsýslu og upplýsingaskyldu.

Reglur af þessu tagi eru settar til þess að tryggja jafnræði og gegnsæi og koma í veg fyrir misnotkun á skattpeningum almennings. Eina krafan sem sett hefur verið fram í forystugreinum þessa blaðs er sú að þessar meginreglur gildi um rekstur Ríkisútvarpsins eins og annarra stofnana sem kostaðar eru af almannafé.

Spurt hefur verið hvaða rök standi til þess að víkja frá þessum reglum í þessu tilviki en halda fast við þær í öðrum þar sem stjórnsýslan snýst um ráðstöfun skattpeninga og opinbera starfsemi í almannaþágu. Við því hafa ekki fengist önnur svör en menntamálaráðherra viðhafði í fréttum NFS.

Í svari ráðherra fólust dylgjur um að afstaða ritstjóra þessa blaðs réðist af ómálefnalegri hagsmunagæslu. Slíkar ásakanir er hvorki unnt að sanna né afsanna. Eini tilgangur þeirra er að vekja tortryggni og efasemdir um heilindi. Ásökunum af þessu tagi verður best svarað með spurningu, sem aðrir ættu fremur að svara en þeir sem deila.

Spurningin er þessi: Hvor málsaðili er líklegri til að byggja afstöðu sína á ómálefnalegum sjónarmiðum; sá sem vill viðhalda meginreglum um meðferð skattpeninga eða hinn sem leggur til að undanþága verði gerð í einu tilviki?

Í ljósi þeirra meginreglna sem gilda um meðferð skattpeninga almennings hefur því verið haldið fram á þessum vettvangi að rétt sé að breyta þeim ríkisstofnunum í hlutafélög sem byggja afkomu sína á sjálfsaflafé, en það sé rangt þegar reksturinn byggist á skatttekjum. Því hefur enn sem komið er ekki verið svarað með gagnrökum að þessi skýra aðgreining sé reist á ómálefnalegum sjónarmiðum. Við svo búið vegast því hér á rök og rökleysa. Hver á rökleysuna?






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óskiljanleg tilvera

Eiríkur Guðmundsson, bókmenntafræðingur og dagskrárgerðarmaður á Rás 1, flutti hlustendum sínum pistil í fyrradag sem vert er að veita athygli. Þar segir Eiríkur meðal annars: „Í borginni í dag eru töluð tvö tungumál, annað er lagalegt þar sem við sögu koma settir saksóknarar, réttarstöður vitnis og sakborningar, hitt er rekstrarlegt, fyrirtækjamálfar, það er talað um eiginfjárhlutfall, biðlaun, starfslokasamninga, já, það eru töluð tvö tungumál í borginni í dag; ef menn tala ekki annað þessara tungumála geta menn allt eins gengið í Hjálpræðisherinn, verið heima hjá sér að bóna flygilinn eða étið hrökkbrauð, í Reykjavík í dag er best að vera með röndóttan trefil, best er að hafa réttarstöðu vitnis eða sakbornings, langbest er að vera einhvers staðar í Flórída og láta ekki ná í sig í síma. Fréttatímarnir hafa breyst í réttarsali, það er ævinlega einhver sekur í sókninni, Austurstræti er stútfullt af sakborningum sem eru svo ríkir að þjóðin hefur enga samúð með þeim. Á sama tíma fara menn að ræða um Ríkisútvarpið, og hver þarf svo sem Ríkisútvarp meðan það er glimrandi fjör í héraðsdómi og NFS getur sjónvarpað beint frá öllu saman?“



### Að tapa þræðinum

Eiríkur heldur áfram: „Maður er borinn sökum og hann segist vera saklaus. Við tekur endalaust japl um glæpi og refsingu, viðtöl við lögfræðinga, settur saksóknari setur á sig trefil. Skáldsaga Franz Kafka, Réttarhöldin, fjallaði um tilvistarleg efni, en það er ekkert tilvistarlegt við Réttarhöldin sem við fylgjumst með í fréttunum á hverju kvöldi. Satt best að segja, sé ég ekki betur en að sakborningar flestir séu meira eða minna handan tilvistarinnar, ef það er hægt. Tungumál Réttarhaldanna er ekki talað í fréttunum, enda erum við ekki læs á það lengur. Við erum handan sektar því sektin er túlkunaratriði og refsingin er fólgin í þeirri upphefð sem sviðsljós fjölmiðlanna veitir. Jón Gerald Sullenberger og Jón Ásgeir minna mig ekki á Jósef K. Menn eru ekki hálshöggnir fyrir allra augum í Austurstræti, en þeir ráfa þar um í reiðileysi, stöðugt á leið í héraðsdóm, og jafnvel þótt hann komist að niðurstöðu er málið ekki til lykta leitt. Um síðir eru allir búnir að tapa þræðinum, sá sem var sakborningur í gær er vitni í dag, og öfugt.“ johannh@frettabladid.is



## Hlutverk og sjálfstæði

UMRÆÐAN
FRUMVARP UM RÍKISÚTVARP



BIRGIR GUÐMUNDSSON

Framtíð Ríkisútvarpsins er nú til umræðu á Alþingi og setti Ögmundur Jónasson þingmaður nýtt ræðumet þegar hann talaði í málinu samfleytt í sex klukkustundir frá þriðjudagskvöldi til miðvikudagsmorguns. Ögmundur sagði í viðtali að hann liti á Ríkisútvarpið sem heilaga kú, kjölfestu menningar og fjölmiðlunar á Íslandi sem ekki mætti hrinda inn á markaðstorg afþreyingarinnar. Þorsteinn Pálsson, fyrrum formaður Sjálfstæðisflokksins og ritstjóri hjá stærstu einkareknu fjölmiðlasamsteypunni, kemur inn á þetta samspil menntunar eða menningarhlutverksins og afþreyingarinnar í leiðara í vikunni. Hann er ekki í vafa um nauðsyn ríkisútvarps eða almannaútvarps þótt áherslur séu e.t.v. aðeins aðrar en hjá Ögmundi þannig að augljóslega á almannaútvarp hljómgrunn vítt um hið pólitíska litróf.

Ágreiningur dagsins snýst því ekki endilega um hvort almannaútvarp, eða „útvarp í almannaþágu“ eins og það heitir í frumvarpi menntamálaráðherra sé æskilegt, heldur frekar um einstaka þætti í útfærslu þess. Nú vill svo til að Íslendingar eru langt frá því einir um að hafa staðið í umræðum um nákvæmlega þessi atriði og auðvelt er að horfa til landanna í kringum okkur eftir fordæmum. Þannig hefur Evrópuráðið t.d. gefið út ábendingar til okkar líkt og annarra aðildarþjóða í þessum efnum. Má þar nefna svokallaða Pragyfirlýsingu, en þar er sú mikilvæga skilgreining sett fram að það sem ákvarðar hvort útvarp/sjónvarp sé almannaútvarp eða ekki ræðst af hlutverki þess, en ekki eignarhaldi eða rekstrarformi. Það þarf því ekki að vera samasemmerki á milli almannaútvarps og ríkisútvarps. Evrópuráðið hefur líka gefið út tilmæli þar sem áhersla er lögð á sjálfstæði almannaútvarps og að það verði að vera óháð viðskipta- og auglýsingahagsmunum ekki síður en stjórnmálahagsmunum. Það eru því þessi tvö atriði, hlutverkið og sjálfstæðið, sem nágrannalönd okkar og Evrópuráðið hafa lagt áherslu á í umræðunni um almannaútvarp. Önnur atriði s.s. rekstrarform, eignarhald, starfsmannastefna og uppbygging fyrirtækisins og staða þess á markaði eru síðan metin með hliðsjón af hvernig þau þjóna og styðja við þessi grundvallaratriði.

*Að setja einn mann með þessum hætti yfir jafn fjölbreytta og stóra stofnun og RÚV er og hafa þar engin skilrúm eða hólf sem takmarka öldugang getur verið mjög varasamt fyrir sjálfstæði útvarpsins.*

Í frægri rannsókn sem McKinsey-fyrirtækið gerði fyrir BBC fyrir nokkrum árum á almenningsútvörpum í fjórum heimsálfum kom fram að í öllum aðalatriðum eru til þrjár tegundir almannaútvarpa. Í fyrsta lagi útvörp sem stefna að sérhæfingu á tilteknum sviðum (menningarlegum) til að réttlæta tilvist sína, en leggja lítið upp úr því að ná mikilli markaðshlutdeild. Í öðru lagi eru til stöðvar sem ganga mjög langt í markaðsáherslum og skemur í sérhæfingunni og eru í raun mjög svipaðar einkastöðvum. Dæmi um þetta gæti verið ítalska ríkisútvarpið RAI. Þriðji hópurinn er þarna einhvers staðar á milli, og væntanlega myndum við vilja flokka RÚV þar og þá að dagskrárstefnan hallaðist frekar að menningarstarfseminni en markaðsbundinni afþreyingu. Sú umræða snýst fyrst og fremst um hlutverk og þetta hlutverk er nokkuð ítarlega tíundað í frumvarpi menntamálaráðherra sem nú er rætt á þinginu.

Spurningunni um sjálfstæði útvarps í almannaþágu er hins vegar ekki svarað með eins skýrum hætti í frumvarpinu og má segja að það snerti bæði rekstrarformið og skipuritið í fyrirtækinu. Útvarpsstjóri verður hæstráðandi til sjós og lands, ræður og rekur alla starfsmenn og er æðsti yfirmaður dagskrárgerðar. Þessi sami maður verður jafnframt háður pólitískri stjórn (útvarpsráði) sem kosin er árlega á Alþingi. Þeir sem einhvern tíma sváfu í fyrstu gerðunum af vatnsrúmum – rúmum sem voru einn geimur og án skilrúma – vita hvílíkur öldugangur getur skapast við minnstu byltu. Það er ekki tilviljun að slík rúm hafa verið hólfuð niður! Að setja einn mann með þessum hætti yfir jafn fjölbreytta og stóra stofnun og RÚV er og hafa þar engin skilrúm eða hólf sem takmarka öldugang getur verið mjög varasamt fyrir sjálfstæði útvarpsins. Menn kunna að hafa ýmsar skoðanir á framgöngu fréttamanna í fréttastjóramálinu svonefnda en ljóst er að í grunninn treystu menn sér þá til að standa vörð um það sem þeir töldu vera grundvallaratriði ritstjórnarlegs sjálfstæðis. Það verður fólk að geta gert áfram.

Horfur eru á að umræður á Alþingi um RÚV-frumvarpið verði enn langar og hefur það sætt gagnrýni úr ýmsum áttum. En á meðan menn í einlægni ræða um hlutverk og sjálfstæði RÚV sem útvarps í almannaþjónustu, snýst umræðan um grundvallaratriði og eðlilegt er að gefa grundvallaratriðum þann tíma sem þau þurfa – án pirrings.

## ÞEIR VORU Í FRÉTTUNUM

### Vikan hans Hans

Svíinn Hans Blix, fyrrum yfirmaður vopnaeftirlits Sameinuðu þjóðanna, setti sinn svip á vikuna. Hann kom til landsins á þriðjudag og hélt rakleiðis norður í land ásamt eiginkonu sinni og skoðuðu þau fugla í Mývatnssveit. Í dag flytur hann svo fyrirlestur um alþjóðamál í Háskóla Íslands.



### Engir smáaurar

Eftir því sem næst verður komist setti Hannes Smárason, forstjóri FL Group, Íslandsmet í söluhagnaði hlutabréfa, þegar gengið var frá 16,9 prósenta eignarhluta félagsins í lágfargjaldaflugfélaginu easyjet. Nam gengishagnaður FL Group við söluna rúmum tólf milljörðum króna.




### Í upphafi var orðið

Og fleiri met voru slegin því Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, setti ræðumet á Alþingi, þegar hann lét móðann mása í sex klukkustundir í annarri umræðu um frumvarp um hlutafélagavæðingu RÚV. Sló hann þar með met sem Jóhanna Sigurðardóttir setti árið 1998 þegar hún talaði í fimm og hálfa klukkustund gegn húsnæðisfrumvarpi félagsmálaráðherra.



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## VIÐLEGUBÚNAÐUR Í FERMINGARGJÖF

Nokkrar verslanir bjóða upp á fermingartilboð á viðlegubúnaði.

TILBOÐ 5

## KRYDDLEGIÐ PÁSKALAMB

Það er ævaforn siður að hafa lambakjöt á páskum. Það má matreiða á ýmsa vegu.

MATUR 2





## ALLT HITT

**[MATUR TILBOÐ]**

**Húsasmiðjan** býður til helgarsprengju á öllum minni raftækjum og öllum búsáhöldum og páskavörum. Veittur er 30 prósenta afsláttur af brauðristum, blöndurum, samlokugrillum, diskum, bollum, brauðbrettum og ýmsu fleira. Tilboðið gildir fram á mánudag.

**Hereford** gleður bragðlaukana í apríl. Á mánudögum og þriðjudögum er parísarbuff á tilboði hjá þeim. Alla miðvikudaga frá 17 til 20 er boðið sérstakt tilboðsverð á rifjasteikum og alla fimmtudaga er boðið upp á tvo fyrir einn í mat á milli 17 og 20. Alla daga býður Hereford tvo fyrir einn af fordrykkjum fyrir matargesti milli 17 og 20.

**iPod** afspilari er á fermingartilboði hjá Duka í Smáralindinni. Afspilarinn kostar 29.900 á tilboðinu sem er kostaboð enda stórgott tæki.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 7. apríl, 97. dagur ársins 2006.**



| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.25 | 13.30 | 20.37 |
| Akureyri | 6.05 | 13.15 | 20.26 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Magnús Bess Júlíusson og Hildur Eggertsdóttir með Viktoríu Rós dóttur sinni. Magnús brosir breitt enda er nammidagur á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Steik á nammidögum

***Það er ekki tekið út með sitjandi sældinni hjá bragðlaukunum í munni vaxtarræktarmannsins enda er fæðuvalið undir smásjá meðan vöðvar eru hnyklaðir þegar dregur að stórmótum.***

Magnús Bess Júlíusson er á fullu þessa dagana við að undirbúa sig fyrir Íslandsmótið í vaxtarrækt sem fram fer um páskana. Magnús æfir allan ársins hring, en undirbúningstíminn fyrir mótið er um tólf vikur og á meðan honum stendur er fæðuvalið undir smásjánni og valið er vandað.

„Þetta er stíft prógramm," segir Magnús stoltur. „Á meðan ég er að undirbúa mig borða ég mest fitusnauðan mat eins og kjúklingabringur, grænmeti og allan fisk, túnfisk, lax og ýsu. Ég þarf að hækka prótínmagnið í líkamanum því við það eykst brennslan. Svo er maður duglegur að hreyfa sig og ég æfi í um þrjá tíma á dag."

Eftir keppnina hér heima tekur Magnús þátt í nokkrum grand prix-mótum á Norðurlöndunum. „Eftir mótin þá fer maður smátt og smátt aftur í gamla mataræðið og fer að borða venjulegan mat. En á meðan á undirbúningnum stendur tek ég alltaf einn nammidag í viku í sárabætur," segir Magnús spenntur. „Á laugardögum má ég fá mér allt sem mig langar í. Ég fæ mér stundum ís en finnst best að fá alvöru steik með sósu og öllu tilheyrandi."

Magnús segist einnig borða mikið af heilsuréttum frá Nings og er svo stálheppinn að fá góðan mat í mötuneytinu í Alcan þar sem hann vinnur. „Það skiptir miklu máli að geta borðað vel í vinnunni," segir Magnús. „Fyrir mér er hádegisverðurinn undirstaða dagsins. Kvöldmaturinn skiptir mig ekki eins miklu máli. Á kvöldin fæ ég mér léttara fæði eins og ávexti og prótínhristing."

Magnús segir góðan kalkún með öllu tilheyrandi vera í miklu uppáhaldi hjá sér. „Ég er líka voða hrifinn af kjúklingabringum og nota George Forman-grillið mitt mikið við eldamennskuna. Uppskriftin sem ég valdi að þessu sinni er einmitt kjúklingaréttur sem er hollur og fljótlegur." Uppskrift Magnúsar má finna á síðu 2.

*johannas@frettabladid.is*

# Morgunstund gefur gull í mund

MORGUNAHANAR NJÓTA SÉRTILBOÐA Í VERSLUNUM FLUGSTÖÐVAR LEIFS EIRÍKSSONAR TIL 19. APRÍL.



Á leið til útlanda

Þeir farþegar sem mæta til innritunar fyrir klukkan sex að morgni munu njóta sértilboða í verslunum Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar fram til 19. apríl. Til dæmis býðst þeim að geyma bílinn frítt í tvo sólarhringa á langtímabílastæði Securitas. Þeir sem panta sér gleraugu hjá Optical Studio fá par af sólglerjum í kaupbæti með réttum styrkleika.

Allt frá 15 til 30 prósenta afsláttur er veittur í ýmsum verslunum flugstöðvarinnar. Til dæmis er 30 prósenta afsláttur á flugfreyjutöskum í Eymundsson og 25 prósenta afsláttur á gjafakassa frá Kaffitári.

Innritun hefst klukkan fimm um morguninn en farþegar eru minntir á að framkvæmdir standa yfir í flugstöðinni og fólk því hvatt til að gefa sér góðan tíma fyrir flug.




Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.

Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

JKE DESIGN

Óteljandi möguleikar

Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

**Eggaldin** eru upprunnin í Kína en fyrr á öldum voru þau kölluð brjáluð epli. Þá var trú manna að einn biti af aldininu væri nóg til að gera menn geðveika.



„skemmtilegur staður"



GREIFINN
-fyrir alla

Greifinn veitingahús, Glerárgötu 20 600 Akureyri, Sími 460 1600




Madonna Ristorante

Þriggja rétta matseðill

| | Verð fyrir einrétta | Verð fyrir þrírétta |
|---|---|---|
| Okkar rómaða humarsúpa | 990 | |
| Steiktur skötuselur með hvítvínssósu | 3.390 | 4.390 |
| Kjúklingabringa „a la Italiana" | 2.950 | 3.890 |
| Lambafillet með sherrybættri sveppasósu | 3.390 | 4.390 |
| Nautalundir með Chateubriandsósu | 3.700 | 4.690 |
| Súkkulaðifrauð | 790 | |

Einnig úrval annarra rétta á „a la Cartseðli"

Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27-29
Borðapantanir í síma 562 1988 • Madonna síðan 1987 • www.madonna.is




MSG ER EITUR

Samkvæmt niðurstöum rannsókna Ragnhildar Káradóttur vísindamanns í taugalífelisfræði hefur komið í ljós að aukning á glútamate boðefninu í líkamanum skemmi eða drepi mikilvægar stofnfrumur sem getur leitt m.a. til MS sjúkdóms og jafnvel Alsheimer. Glútamate efni (E-621) er uppistaðan í MSG efninu, sem mikið er notað í matvælaiðnaði og kryddblöndum um heim allan.

Pottagaldrar hafa aldrei nota MSG í sínum kryddblöndum, enda vissi fyrirtækið um þessa hættu varðandi MSG þegar árið 1989 og fyrirtækið fékk það staðfest á námskeiði hjá Endurmenntunstofnun HÍ veturinn 2001. Í Galdrabók Pottagaldra ári 2001 er einmitt ritað um þessa hættu MSG tengda taugalífelisfræðinni og jafnvel árið 1993 er einnig ritað um hættu MSG í fréttablaði Pottagaldra, forvera Galdrabókar Pottagaldra.

**Pottagaldrar stuðla að mannrækt í matargerð með vörum sínum.**

allt hús
Alla mánudaga



Styrmir leggur sig fram við skreytingarnar.

# Kryddlegið lamb með hvítlauk og garðablóðbergi

***Það er ævaforn siður að hafa lambakjöt á páskum. Hægt er að matreiða það með ýmsum hætti. Hér kemur tillaga Styrmis Karlssonar yfirkokks á Hótel Holti.***

Ég nota lamabafillet – kjötið við hrygginn – sem ég byrja á að fituhreinsa og marinera daginn fyrir matreiðslu. Kryddlögurinn er búinn til úr olíu, tveimur mörðum hvítlauksrifjum og þremur til fjórum greinum af fersku garðablóðbergi sem líka heitir timjan. Matreiðslan er svo þannig að ég brúna kjötið vel á öllum hliðum á heitri pönnu upp úr olíu. Set það síðan í ofn og baka það í fimm mínútur. Þá tek ég það út og leyfi því að standa í 10 mínútur. Síðan þegar allt er til þá sting ég kjötinu augnablik inn í ofn til að hafa það vel heitt.

En áður en ég steiki kjötið útbý ég meðlætið. Grænmetið er ætiþistlar. Ég tek öll laufin af, hreinsa stöngulinn mjög vel og sýð hann í sítrónu- og lambasoði í um það bil klukkutíma. Það er líka hægt að kaupa þistilhjörtu í dósum. Kartaflan er stungin út í hringlaga form og steikt á pönnu og soðin í lambasoði með hvítlauk og timjan í um það bil 45 mínútur. Ég ber líka fram kryddjurtakartöflumauk sem er búið til úr soðnum kartöflum og pestói og pínu salti.

Svo er ætiþistlaflan. Það er mauk úr ætiþistlum sem við blöndum saman við rjóma og bökum með eggjum í. Ég sýð 400 g ætiþistla og 400 g rjóma, mauka það saman og bæti út í það þremur heilum eggjum og salti og pipar. Set það síðan í form og baka í um klukkutíma á 120 gráðum.

Eitt atriði enn fer á diskinn. Það er lambabolla. Þá nota ég lambaskanka sem er bakaður vel í ofni, síðan soðinn í tvo tíma í vatni með fullt af grænmeti og lambakrafti út í. Síðan tek ég kjötið af og bý til bollu úr því, velti henni upp úr eggi, brauðraspi og djúpsteiki. Þá verður til falleg bolla.

Svo er það lambasósa, bara úr góðu soði úr beinum sem er soðið vel niður, kryddað með salti, pipar og smjöri og þykkt eftir þörfum. Þá er allt komið.

Svo ég útskýri frekar það sem er lagt á diskinn þá lagði ég léttsteikt spínat undir kjötið. Það steikti ég í smjöri.

Ég sprautaði kryddjurtakartöflumaukinu undir kartöfluna og ofan á hana og í línu á miðjan diskinn. Ég djúpsteikti líka ítalska steinselju og setti ofan á kartöfluna. Til að skreyta tók ég hryggjarbein og hreinsaði vel og stakk því í bolluna og dreifði svo sósu yfir.



Páskalamb að hætti Styrmis Karlssonar, yfirkokks á Hótel Holti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Uppskrift }

### BBQ kjúklingur a la Bess

**4 kjúklingabringur**
**hálf flaska barbeque-sósa**
**hálf sítróna**
**1 appelsína**

Safa úr hálfri sítrónu og einni appelsínu er blandað saman við BBQ-sósuna og hrært saman. Kjúklingabringurnar lagðar í sósunna og grillaðar á Georg Forman-grilli. Passa þarf að bera vel á bringurnar svo þær þorni ekki upp.
Sé Forman-grillið ekki til má setja bringurnar í eldfast mót. Passa að setja sósu reglulega yfir bringurnar meðan þær bakast. Þá er betra að nota safa úr tveimur appelsínum og hálfri sítrónu. Bakað í um 40 mínútur.
Borið fram með brúnum hrísgrjónum og fersku salati og tómötum.



Dominique Plédel Jónsson, eigandi Vínskólans, hefur langan feril að baki í vínsmökkun og -kynningu. FRÉTTABLAÐIÐ/. E.ÓL

# Að njóta léttvíns

***Vínskólinn tók til starfa í byrjun mars og fer vel af stað.***

Dominique Plédel Jónsson er frönsk en hefur verið búsett á Íslandi síðan 1970. Hún hefur mjög langan feril að baki í vínsmökkun og -kynningu og hefur meðal annars staðið fyrir mörgum frönskum kynningarvikum í mat og drykk síðastliðin tíu ár. Hún er stofnmeðlimur Vínþjónasamtakanna og hefur verið í forsvari fyrir ótal vínþjónakeppnum og verið dómari í mörgum þeirra. Hún var aðalleiðbeinandi Vínskóla Eðalvína sem lokaði í desember 2005. Sá skóli var vinsæll og vel sóttur og sá Dominique að markaður væri fyrir slíkan skóla. Hún tók því af skarið og stofnaði nýjan vínskóla strax í janúar en starfsemin hófst 1. mars.

„Það hefur gengið mjög vel að öllu leyti," segir Dominique og bendir á að nýlega hafi um 120 manns sótt námskeið hjá skólanum á einni viku. Hún segir mikla hugarfarsbreytingu hafa orðið hjá Íslendingum gagnvart léttvínum á síðustu fimm til tíu árum. Vínframboð sé mjög mikið og því gott fyrir fólk að fá undirstöðuþekkingu í víni til þess að kaupa ekki köttinn í sekknum. „Það er þarna sem ég kem inn," segir Dominique glaðlega en vínskólinn býður upp á námskeið fyrir alla þá sem áhuga hafa á víni. Námskeiðin eru mismunandi allt frá sértækum námskeiðum um berið merlot til byrjendanámskeiða. Þá er einnig boðið upp á námskeið fyrir þjóna og faglærða.

Innt að því hvort Íslendingar kunni á léttvín segir Dominique: „Þetta er ekki spurning um að kunna á þau, heldur að njóta þeirra."



Hótel- og matvælaskólinn eignaðist allt leirtau af sýningunni Matur 2006.

# Góð gjöf

MATVÆLASKÓLINN FÉKK VEGLEGA GJÖF Á DÖGUNUM

Klúbbur matreiðslumanna gaf nýlega Hótel- og matvælaskólanum veglega gjöf, allt leirtau sem notað var í keppnunum á sýningunni Matur 2006.
Leirtauið er frá framleiðandanum Figgjo.

**www. freisting.is**



## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

# Steinbítskinnar með perlulauk

Vorið er tími laukanna, ekki bara túlípana og páskalilja, heldur allra handa lauka til átu sem nú taka að spretta upp úr jörðinni í löndunum sunnan við okkar farsæla Frón. Einn af mínum uppáhaldslaukum er perlulaukurinn. Hann er svo fallegur og skemmtilegur að það er unun að hafa hann með við sem flest tækifæri.



**8 stk steinbítskinnar**
**20-30 perlulaukar**
**4 beikonsneiðar**
**1 kvistur af fersku rósmaríni**
**Smjör og ólífuolía til steikingar**

1. Afhýðið laukinn og skerið beikonsneiðarnar í litla bita.

2. Steikið laukinn í ólífuolíu á miðlungshita þar til hann hefur linast ögn og er farinn að taka á sig gullinn lit, takið þá laukinn af pönnunni.

3. Setjið beikonbitana á sömu pönnu og steikið í nokkra stund ásamt rósmarínkvistinum. Setjið þá um tvær matskeiðar af smjöri á pönnuna, steikið kinnarnar varlega báðum megin og ausið feitinni vel yfir þær á meðan á steikingu stendur. Setjið laukinn aftur út í seinustu mínúturnar.

Borðið með gufusoðnum gulrótum.

## HVAÐ ER TOFÚ?



Tofú er gjarnan notað í austurlenskan mat, núðlusúpur meðal annars. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Tofú fær nafn sitt úr japönsku en er upprunalega frá Kína, þar sem það er nefnt doufu, en nafnið þýðir skemmdar baunir. Tofú er gert úr sojabaunamjólk og á svipaðan hátt og ostur sem gerður er úr kúamjólk. Sett er hleypiefni í sojamjólkina og afurðin er síðan pressuð saman í kubba eða flatar kökur.

Tofúið eitt og sér er ekki mjög bragðmikið en það tekur í sig bragð af öðrum hráefnum. Tofú er því mikið notað í súpur, sósur og kryddlög. Tofú er einnig mjög oft steikt og haft í kjöt- og grænmetisrétti.

Í kjölfar heilsufárs íbúa á Vesturlöndum síðustu ár hafa vinsældir tofús aukist gríðarlega. Enda er tofú afar næringarríkur og hollur matur. Tofú er auðugt af prótíni en í því er lítið af kolvetnum. Tofú auðugt af kalki, járni og B-vítamíni.



Páskaeggin eru skreytt með blómum og konfektmolum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Páskaegg í tonnatali

***Íslendingar borða súkkulaðipáskaegg í tonnavís yfir páskana. Flestir páskaeggjaframleiðendur hafa lokið framleiðslu sinni fyrir þessa páska en eggin rúlla enn í verksmiðju Nóa Síríusar.***

„Við byrjum bara um leið og konfektvertíðinni lýkur,“ segir Gunnar B. Sigurgeirsson, markaðsstjóri Nóa Síríusar. „Það er í desember en við reynum að framleiða eitthvað af eggjum milli jóla og nýárs. Eggin framleiðum við svo alveg fram til þriðjudagsins 11. apríl.“

Í verksmiðjum Nóa Síríus eru framleidd um 500.000 páskaegg árlega. Þá eru talin með öll egg, jafnt stór sem lítil, en á annað þúsund egg á fæti fara eftir færiböndunum árlega.

Eggin fara að mestu á innanlandsmarkað en nokkur rata til útlanda. „Fólki finnst ekki vera páskar án páskaeggja og vinir og vandamenn hafa verið að kaupa egg og senda út til ástvina. Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að við reynum að koma eggjunum snemma á markað svo að fólk á leið um Ísland geti tekið egg með sér heim,“ segir Gunnar.



Málshættirnir fara allir á sinn stað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það hefur komið fyrir að skip fari utan með eggjasendingar en þá eru það eggjaþyrstir Íslendingar búsettir á Norðurlöndunum sem sækjast eftir þeim. Nammi.is hefur einnig boðið upp á stakar sendingar en enn sem komið er eru páskaegg með sælgæti og málsháttum séríslenskt fyrirbrigði.

Súkkulaðið sem fer í eggin er blandað eftir sérstakri uppskrift og eingöngu notað til páskaeggjagerðar. Uppskriftin breytist lítið ef eitthvað milli ára. „Hefðin er rík í þessu og það sama má segja um málsháttina,“ segir Gunnar. „Við erum með nokkur hundruð málshætti í umferð og alltaf detta einhverjir út og aðrir koma í staðinn.“ Nói Síríus fær eftir hverja páska sterk viðbrögð við málsháttunum, sumir kvarta undan þeim nýju, aðrir sakna þeirra gömlu og enn aðrir eru ánægðir með breytingarnar. „Við reynum að fara eftir vilja fólks í þessum efnum og tökum öllum ábendingum fagnandi,“ segir Gunnar.

Nýjungar í páskaeggjum frá Nóa Síríus á þessu ári eru risaegg og hjartalaga egg. Risaeggin eru ætluð fjölskyldunni en þau eru alls 1.400 grömm að þyngd. Hjartaeggin eru 900 grömm en þau munu koma á markaðinn rétt fyrir páska.

tryggvi@frettabladid.is


VERSLUN VÍNGERÐARMANNSINS




áman
Skeifunni 11d - 108 Reykjavík
Reykjavíkurvegur 64
220 Hafnarfirði
www.aman.is




Veislukaffið er komið í verslanir

Kaffihús: Laugavegi 24, Smáralind

Verslanir: Kringlunni, Smáralind, Laugavegi 27, Suðurveri, Akureyri, Egilsstöðum

TE & KAFFI

Njótið vel með kaffi frá Te og kaffi, vönduð framleiðsla síðan 1984 www.teogkaffi.is

allt atvinna
Alla sunnudaga

**100%** Krónan hefur svo sannarlega vinninginn í tilboðunum – ekki bara í þessari viku heldur frá upphafi. Hún býður fyrsta flokks maís á eina krónu dósina sem var á 55 krónur áður. Það er 100% lækkun.













**BÓNUS**

Tilboðin gilda til 9. apríl

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bónus ferskir kjúklingabitar | 291 | 350 | 291 | 15 |
| Steinbítskinnar roð- og beinlausar | 699 | Nýtt | 699 | |
| KF reykt og saltað folald | 419 | 539 | 419 | 25 |
| KF villikryddað lambalæri | 1.189 | 1.529 | 1.189 | 25 |
| B&K ananas 3x227 g | 98 | 159 | 144 | 40 |
| Bónus appelsín 2 l | 98 | 129 | 49 | 25 |
| Bónus malt 500 ml | 48 | 59 | 96 | 20 |
| Euroshopper matarolía 2 l | 198 | Nýtt | 99 | |
| Euroshopper ávaxtasafar 1 l | 69 | Nýtt | 69 | |
| Euroshopper snakk 200 g | 98 | Nýtt | 490 | |
| Ferskur eplasafi 3x250 ml | 98 | Nýtt | 130 | |

**HAGKAUP**

Tilboðin gilda til 9. apríl

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Úrbeinuð kalkúnabringa ostafyllt | 2.799 | nýtt | 2.799 | |
| Innfluttar nautalundir | 2.399 | 3.998 | 2.399 | 40 |
| New Orleans svínarif | 1.239 | 1.549 | 1.239 | 20 |
| Ferskar kjúklingabringur | 1.746 | 2.495 | 1.746 | 30 |
| Nautalundir úr kjötborði | 2.998 | 3.998 | 2.998 | 25 |
| Lambainnralæri úr kjötborði | 1.998 | 2.998 | 1.998 | 35 |
| Konfekt ísterta 12 manna 1750 ml | 1.099 | 1.299 | 628 | 15 |

**FK FJARÐARKAUP**

Tilboðin gilda til 15. apríl

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Svínalundir úr kjötborði | 1.598 | 1.898 | 1.598 | 15 |
| Svínakótilettur úr kjötborði | 798 | 998 | 798 | 20 |
| FK hamborgarhryggur | 998 | 1.398 | 998 | 30 |
| Lamba rib eye úr kjötborði | 1.998 | 2698 | 1.998 | 25 |
| Nautapiparsteik úr kjötborði | 1.998 | 2.798 | 1.998 | 30 |
| Nautahamborgarar m/brauði 2x115g | 278 | 338 | 278 | 20 |
| Grillsneiddur frampartur | 898 | 1.298 | 898 | 30 |
| Fk jurtakryddað lambalæri | 998 | 1.698 | 998 | 40 |
| Ali roast svínasteik | 1.199 | 1.498 | 1.199 | 20 |
| Ali BBQ svínafile | 1.759 | 2.198 | 1.759 | 20 |
| FK blandaðar lærisneiðar kryddaðar | 1.273 | 1.698 | 1.273 | 25 |
| FK lambakótilettur kryddaðar | 1.348 | 1.798 | 1.348 | 25 |
| FK grill svínakótilettur | 1.198 | 1.635 | 1.198 | 25 |
| Laxaflök fersk | 798 | 1.098 | 798 | 30 |
| Stór hótelrækja 2,5 kg | 1.998 | 2.598 | 799 | 25 |
| Blandaður humar 500 g | 498 | 798 | 996 | 40 |
| Broccoli blanda 2,5 kg | 598 | 753 | 239 | 20 |
| Broccoli frosið 2.5 kg | 698 | 954 | 279 | 25 |
| Kjörís 12 m konfektterta | 1.298 | 1.498 | 1.298 | 15 |
| Mjúkís 2 l 5 tegundir | 498 | 645 | 249 | 25 |
| Kjörís Vianetta 3 teg. | 498 | 648 | 498 | 25 |
| Emmess skafís 2 l 3 tegundir | 492 | 592 | 246 | 15 |
| Emmess ískaka 6-8 m | 698 | 868 | 698 | 20 |

**KRÓNAN**

Tilboðin gilda til 15. apríl

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Gourmet rauðvíns lambalæri | 1.406 | 2.495 | 1.406 | 45 |
| Gourmet ungnautafille | 2.549 | 3.398 | 2.549 | 25 |
| Goða Bayonne-skinka | 953 | 1.588 | 953 | 40 |
| SS Svínahamborgarhryggur m/beini | 1.049 | 1.498 | 1.049 | 30 |
| SS Rauðvínslegin helgarsteik | 1.168 | 1.668 | 1.168 | 30 |
| SS Grand orange helgarsteik | 1.168 | 1.668 | 1.168 | 30 |
| Eðalf. Búkonugraflax bitar | 998 | 1.499 | 998 | 35 |
| Maískorn 1. flokkur 300 g | 1 | 55 | 3 | 100 |
| Sólfugl kalkúnabringa fersk | 2.158 | 2.398 | 2.158 | 10 |
| Pepperidge mint Milan cookies 170 g | 249 | 297 | 1.465 | 15 |

**NÓATÚN**

Tilboðin gilda til 15. apríl

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nóatúns Bayonneskinka | 898 | 1.498 | 898 | 40 |
| Grísabógur hringskorinn | 499 | 599 | 499 | 15 |
| Grísahnakkasneiðar rauðvínslegnar | 1.198 | 1.598 | 1.198 | 25 |
| Nóatúns þurrkryddaðar lærisneiðar | 1.838 | 2.298 | 1.838 | 20 |
| Lambainnralæri | 2.498 | 2.998 | 2.498 | 15 |
| Nóatúns svínahamborgarhryggur | 1.298 | 1.498 | 1.298 | 15 |
| Eðalf. reyktur lax, heil flök | 1.459 | 2.248 | 1.459 | 35 |
| Gul epli | 99 | 135 | 99 | 25 |
| Ananas ferskur | 169 | 209 | 169 | 20 |
| Maísstönglar ferskir | 399 | 449 | 199 | 10 |

**Þín verslun**

Tilboðin gilda til 12. apríl

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ísfugls kalkúnapottréttur m/piparsósu | 719 | 899 | 719 | 20 |
| Borgarnes villikryddað hátíðarlambalæri | 1.529 | 1.912 | 1.529 | 20 |
| Borgarnes ostapylsur | 829 | 1.099 | 829 | 25 |
| Borgarnes lambaframpartsgrillsneiðar þurrkryddaðar | 1.599 | 1.998 | 1.599 | 20 |
| BÚR svínahamborgarhryggur | 1.188 | 1.398 | 1.188 | 15 |
| Pot núðluréttir 89 g | 89 | 119 | 1000 | 25 |
| Pop Secret natural 298 g | 119 | 179 | 399 | 35 |
| Tapini með hvítlauk 150 g | 89 | 114 | 593 | 20 |
| Tapini með chili 150 g | 89 | 114 | 593 | 20 |
| Tapini með salti og ólívuolíu 150 g | 89 | 114 | 593 | 20 |






# Viðlegubúnaður í fermingargjöf

***Útilegugræjur eru góð hugmynd að fermingargjöf.***



Útivistarbúðir huga að fermingum eins og aðrir í þjóðfélaginu enda fara fermingar nú að bresta á og um leið höfuðverkur ættingja um gjafakaup. Verslunin Útivist í Smáralind og Glæsibæ auglýsir nú flotta hugmynd að fermingargjöf. Það eru göngubakpokar frá High Peak. 55 lítra High Peak Sherpa poki sem hægt er að stækka um tíu lítra kostar 8.990 krónur en var áður á 10.990. Þetta er góður göngupoki með stillanlegt bak og stækkanlegt aðalhólf. Einnig er hægt að fá 65 lítra poka með möguleika á tíu lítra stækkun á 9.990 krónur á tilboði.

Verslunin 66° Norður auglýsir einnig fermingartilboð. Þór kúlutjald fæst á 3.900 krónur en kostaði áður 4.900 krónur. Þrjátíu lítra bakpoki frá Vaude kostar 9.900 krónur og svefnpoki frá sama merki á 4.900.

Litlir bakpokar frá 66° Norður, 15 og 25 lítra kosta frá 1.520 krónum en voru áður frá 1.900 krónum.



Bakpokar og svefnpokar koma alltaf að góðum notum og eru endingargóðar gjafir.

## tilboð }

Nú standa yfir indverskir dagar í Mira Art í Bæjarlind. Veittur er 30 prósenta afsláttur af allri indverskri vöru.

Svefn og heilsa bjóða góð fermingartilboð á rúmdýnum. Einnig fylgir páskaegg með öllum keyptum dýnum.

Borð fyrir tvo er með rýmingarsölu þar sem veittur er allt að 70 prósenta afsláttur.

# JSB í fjörtíu ár



DANSRÆKT JSB ER MEÐ TILBOÐ UM PÁSKANA.

Dansrækt JSB er staður fyrir konur á öllum aldri og býður upp á fjölbreytta tíma. Nú býður dansræktin upp á gott páskatilboð en fjórtíu prósenta afsláttur er veittur af sex mánaða og árskortum. Er þetta meðal annars gert í tilefni af fjörutíu ára afmæli JSB sem opnar stærri og glæsilegri stað um miðjan ágúst.

Nánari upplýsingar er að fá á www.jsb.is.

# Lagerútsala Betra baks

***Fram til 12. apríl er hægt að gera góð kaup á vörum hjá Betra baki í tilefni af lagerútsölu.***



Lagerútsala Betra baks stendur til 12. apríl og er í Skeifunni 7.

Vegna lagerflutninga býður verslunin Betra bak upp á veglega lagerútsölu fram til 12. apríl. Veittur er 30 til 70 prósenta afsláttur af völdum vörum.

Á lagerútsölunni má meðal annars fá Crown heilsudýnu á tæpar 70 þúsund krónur, teppasett með púðum á 12.900, ameríska hægindastóla á 45.900 og Apple náttborð úr eik, vengi eða beyki á tæpar 20 þúsund krónur.

Einnig má finna mikið úrval af rúmgöflum með góðum afslætti og stillanleg rúm á algjöru gæðaverði sem fær budduna til að hoppa af gleði.

Ef einhvern tímann er tími til að kaupa nýjar mublur inn á heimilið þá er það nú.

Lagerútsalan er haldin í Skeifunni 7 og er opið virka daga frá klukkan 13 til 18 og á morgun er opið frá 11 til 16.



Draumarúm veita 20 til 40 prósenta afslátt af rúmum.

# Rúm á góðu verði

***Nú er hægt að tryggja sér góðan svefn á tilboðsverði með því að kaupa sér almennilegt rúm á almennilegu verði.***

Draumarúm í Bæjarlind bjóða kynningarverð á Ibiza rúmum. Veittur er annars vegar 20 prósenta afsláttur af Ibiza Becama rúmi, 90 sinnum 200, og kostar rúmið á tilboði 55.290 kr. Einnig er veittur 40 prósenta afsláttur af Ibiza rúmi, 160 sinnum 200, og kostar rúmið 49.900 kr.

Einnig býður verslunin upp á sérstakt páskatilboð af fermingarrúminu í ár, Palazzo, 120 sinnum 200. Veittur er 25 prósenta afsláttur og kostar rúmið 46.000 kr.


LAGERÚTSALA Skeifunni 7

Vegna lagerflutninga bjóðum við 30-70% afslátt af völdum vörum.

Aðeins þriðjudag 4. apríl til miðvikudags 12. apríl. Virka daga frá kl. 13-18, laugardag frá kl. 11-16

Í bústaðinn !
Crown heilsudýna með botni í hvítu eða brúnu leðurlook og Square Alu löppum.
Verðdæmi 160x200 cm kr. 69.900,-



Stillanleg rúm!
Aeroflex stillanleg rúm með Tempur heilsudýnu á verði sem ekki hefur sést áður.





Apple náttborð
Eik, Vengi og ljóst beyki
Verð frá 19.900
Allt að 40% afsláttur.

30-70% Afsláttur




www.design.is © 2006

Betra BAK
Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16



# FALLEGIR OG LITRÍKIR PAKKAR

*Skreyttir krísum og flamingó blómum* SJÁ BLS. 2

[ SÉRBLAÐ UM FERMINGUNA OG TRÚNA – föstudagur 7. apríl 2005 ]

# fermingar



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## EFNISYFIRLIT


TEKUR EKKI MEIRI ÞÁTT EN AÐRIR
*Flóki Jakobsson* BLS. 2

MIKILVÆGAST AÐ VERA MAÐUR SJÁLFUR
*Fermingarmyndatökur* BLS. 4



VEISLA Í HEILA VIKU
*Fermingar á Norðurlöndum*
BLS. 6

ALLIR JAFNIR FYRIR AUGLITI GUÐS
*Kyrtlarnir og saga þeirra*
BLS. 10

SIÐFESTA AÐ ÁSASIÐ
*Inn í heim fullorðinna* BLS. 20

TAKA FERMINGUNA ALVARLEGA
*Sólveig Halla Kristjánsdóttir prestur* BLS. 22

ÞJÓÐLEG VIÐ HÁTÍÐLEG TILEFNI
*Íslenski þjóðbúningurinn*
BLS. 24

INNGANGA EN EKKI ÚTSKRIFT
*Séra Þórhallur Heimisson*
BLS. 29





ENNEMM / SÍA / NM21203

FRAMTÍÐARBÓK KB BANKA

Fermingarbörn sem leggja 30.000 kr. eða meira inn á **Framtíðarbók KB banka**, hvort sem er í peningum eða gjafakortum Framtíðarbókar, fá **5.000 kr.** peningagjöf inn á bókina frá KB banka.

- ***Verðtryggður sparireikningur***
- ***Hæstu vextir almennra innlánsreikninga bankans***
- ***Innstæðan verður laus til úttektar þegar þú verður 18 ára***

www.kbunglingar.is

KB BANKI



Fallegt blátt hnattlíkan með ljósi. Hnötturinn er 30 cm í þvermál og stendur á fæti. 4.990 kr.




Perlur í skáldskap Laxness er ómissandi uppflettirit fyrir alla þá sem vilja kynnast ritsnilld Halldórs Laxness enn frekar. Fullt verð er 4.860 kr. en tilboðsverð í Office 1 er 2.995 kr.

# Gjafir sem nýtast lengi

Fermingargjafirnar eru jafn ólíkar og þær eru margar. Gott er að hafa í huga að velja gjöf sem nýtist vel og lengi.

Á Íslandi hefur sá siður komist á að gefa fermingarbörnum góðar og veglegar gjafir. Mikið er um að börnin fái peninga sem þau geta þá ráðstafað sjálf, en til eru þeir sem vilja gefa pakka. Nokkrar gjafir hafa skipað sér sess sem sígildar gjafir sem ættu að nýtast vel í framtíðinni. Orðabækur koma sér alltaf vel auk fræðirita. Við kíktum í Office1 þar sem kennir ýmissa grasa og fundum þar nokkrar gjafir sem gætu hentað til fermingargjafa.




Stóra orðabókin um íslenska málnotkun Bókinni fylgir rafræn útgáfa á geisladiski. Fullt verð er 14.480 kr. en tilboðsverð Office 1 er 11.995 kr.




Íslensk orðabók - tvö bindi. Einstaklega glæsileg 2ja binda útgáfa Íslenskrar orðabókar frá árinu 2002. Í fallegri gjafaöskju. Fullt verð er 19.980 kr. Tilboðsverð Office 1 er 12.995 kr.



Sjónauki 10x25 Action Sjónauki sem stækkar tífalt, með Auto focus sem þarf ekki að stilla. 3.990 kr.


## Fermingartilboð

**Kynnum nýjar gerðir af rúmum með 20% kynningarafslætti.**



Rafstillanleg rúm 120x200sm
með svæðaskiptri pokafjaðradýnu
Rétt verð kr. 118.000.
**Tilboðsverð kr. 94.400.-**



Hanson rúm með fjaðrandi rúmbotni,
svæðaskiptri pokafjaðradýnu og lúxus
yfirdýnu með hrosshárum
(án höfðagafls).120x200.
Verð kr. 110.600.
**Tilboðsverð kr. 88.480.-**

rúmco
Langholtsvegi 111,104 Rvk.
Sími 568 7900

**Opið:**
virka daga 11-18 • laugardaga 11-16.




Flóki býst við að fá peninga í fermingargjöf, en langar í tölvu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Tekur ekki meiri þátt í undirbúningnum en aðrir

Flóki Jakobsson fermist í apríl í Laugarneskirkju. Hann er ekkkert að stressa sig á undirbúningi og er ekki búinn að velja fermingarföt.

Flóki Jakobsson mun fermast í Laugarneskirkju í byrjun apríl hjá séra Bjarna Karlssyni. Hann segist hlakka sæmilega mikið til dagsins. „Við erum ekkert byrjuð að plana veisluna mikið en ætlum að minnsta kosti að hafa mat en ekki kaffihlaðborð. Búið er að bjóða kringum 90 manns í veisluna. Við erum ekki búin að kaupa á mig fermingarföt en ég held að ég vilji bara fermast í venjulegum jakkafötum.“ Flóki býst ekki við að hann muni taka neitt meiri þátt í að undirbúa veisluna en önnur fermingarbörn.

Hann býst við að fá slatta af pening í fermingargjöf en vonar líka að hann fái tölvu. „Mig langar mikið í tölvu en svo held ég að ég fái slatta af peningum og ætla ég að eyða þeim í eitthvað sniðugt, veit ekki alveg hvað en það verður örugglega ekkert rugl.“

Flóki hefur verið að æfa fótbolta í 3 ár og hefur gaman af því. Hugsanlegt er að hann muni eyða einhverju af peningunum í hluti tengda fótboltanum.

Flóki fór í fermingarfræðslu eins og allir sem fermast þurfa að gera. „Það var ágætt, þurftum samt að mæta í slatta af messum, en ég hafði aldrei áður farið í messu.“ Hann hugsaði um hvort hann ætti að fermast en ákvað svo bara að slá til enda fermast flestir krakkar. „Það er bara það sem meirihlutinn af krökkum ákveður. Það var engin sérstök ástæða fyrir því að ég ákvað að fermast.“



# Fallegir og litríkir pakkar

Starfsfólk Breiðholtsblóma í Mjóddinni pakkaði nokkrum gjöfum inn fyrir okkur.

Toppurinn á góðri gjöf er að pakkinn sé líka fallegur. Flestar blómaverslanir sjá um að pakka inn gjöfum fyrir fólk og oft eru þær skreyttar með fallegum blómum og öðru skrauti. Við leituðum til Breiðholtsblóma í Mjóddinni og báðum um innpökkun á nokkrum pökkum og varð útkoman vægast sagt glæsileg. Liljur, krísur og flamingóblóm voru sett á pakkana ásamt skemmtilegu skrauti. Pakkarnir sjálfir eru því virkilega fallegir og glæsilegir á að líta, enda standa fermingargjafir oft í nokkra tíma á borðinu þar sem fólk getur dáðst að þeim. Sérstaklega ef þeir eru eins fallegir og þessir.




Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | landsbanki.is
Það skiptir ekki máli hvað þú færð mikið í fermingargjöf, heldur hvað þú gerir við það. Leggðu 20.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn Landsbankans og þú færð 5.000 kr. til viðbótar.
Þú gætir líka unnið:
• iBook fartölvu
• iPod nano
Hafðu samband og við ráðleggjum þér hvernig fermingarpeningarnir þínir eru best geymdir.
Þú gætir unnið iBook fartölvu eða iPod nano
„Hér er nú ýmislegt sem hefði verið gott að vita fyrr."
GOTT FÓLK McCANN


Hérna er áhugamálinu blandað inn í myndina og gerir það hana skemmtilegri fyrir vikið.


Hér er greinilegt að fermingardrengurinn er afslappaður, enda skín persónuleikinn í gegn.


Fermingarbarnið er hér í venjulegum fötum og ekki með stífa greiðslu sem gerir því auðveldara að slappa af.

# Mikilvægast að vera maður sjálfur

Fermingarbörn kvíða oft fyrir myndatökunni sem fylgir því að fermast. Fyrri hluti myndatökunnar fer aðallega í það að láta krakkana venjast því að vera í myndatöku. Það er hins vegar undir þeim komið hvort það er gaman eða ekki. Varast ætti að pína krakkana í myndatöku því þá líður þeim ekki vel og myndirnar verða ekki eins góðar og þær ættu að vera. Ef þau sækjast hins vegar sjálf eftir því að fara eru þau opin og frjáls í myndatökunni og myndirnar verða góðar.

Það á sér einnig stundum stað að þeir sem eru mjög uppteknir af útlitinu myndast ekki vel og eins þeir sem eru ekki alveg öruggir á hlutunum. En oftast rennur óöryggið af krökkunum fljótlega. Í dag er líka svo margt í tísku og krakkarnir frekar í fötum sem þeim líður vel í og hárgreiðslurnar eru ekki eins flóknar og áður. Þessu fylgir að krökkunum eru mun afslappaðri.

Markmið ljósmyndaranna er að ná myndum af krökkunum eins og þau eru í raun og veru og því mikilvægt að þau geti verið eðlileg fyrir framan myndavélina.

Tæknin hefur líka breytt myndatökunum mikið. Nú er hægt að taka miklu fleiri myndir sem eykur líkurnar á að mjög góðar myndir náist. Síðan geta fjölskyldurnar fengið myndirnar á tölvutæku formi og valið þær úr sem þeim finnst bestar. Getur verið mjög notalegt að eyða einni kvöldstund í það.

Hjá ljósmyndastofunni Nærmynd á Laugavegi 178 er boðið upp á það að öll fjölskyldan komi og jafnvel gæludýrin til að vera með á nokkrum myndum. Svo er líka hægt að koma með eitthvað sem tengist áhugamáli fermingarbarnsins og mynda það með. Gefur þetta nýja og skemmtilega sýn. Allar myndirnar sem fylgja greininni voru teknar í Nærmynd á Laugavegi.


Hérna er mynd þar sem uppstillingin er aðeins öðruvísi en á venjulegum fermingarmyndum og gerir það hana töff en samt fallega.


Hefðbundin fermingarmynd þar sem greinilega er ekki verið að neyða fermingarbarnið til neins.




# Bæn fermingarbarna

Ferming þýðir staðfesting. Í fermingunni staðfestir einstaklingurinn skuldbindingu foreldra og guðfeðgina (skírnarvotta) við skírnina. Fermingarbarnið fer með trúarjátninguna, vinnur fermingarheitið og þiggur fyrirbæn og blessun. Fermt er við messu að loknum lestri guðspjalls eða í sérstökum fermingarathöfnum. Fermingarbörn klæðast hvítum fermingarkyrtlum. Fermingarsálmar eru nr. 256-260 og 588-589 í sálmabókinni.

**Bæn fermingarbarna og annarra ungmenna**

Guð minn, þú hefur skapað mig, þinn er ég, hjálpaðu mér, almáttugi faðir.

Guð minn, þú hefur skapað mig í þinni mynd og gafst mér son þinn eingetinn, að ég glataðist ekki, heldur hefði eilíft líf. Láta mig þrá að líkjast honum, umskapa mig til hans myndar, heilagi kærleikans faðir.

Guð minn, þú talar til mín í orði þínu. Hjálpa mér að heyra og hlýða, himneski, góði faðir.

Guð minn, þú fyrirgefur mér allar misgjörðir mínar og læknar öll mín mein. Varðveit hjarta mitt, vernda mig frá synd, hreinsa huga minn, miskunnsami, góði faðir.

Guð minn, þú hefur tekið mig að þér sem þitt barn í heilagri skírn og gjört mig að erfingja eilífs lífs. Lát mig standa stöðugan í skírnarnáð þinni, trúfasti faðir.

Jesús Kristur, Drottinn minn, þú gjörðist bróðir minn, leiðst saklaus fyrir syndir mínar og sigraðir dauðann fyrir mig. Ég vil elska þig og fylgja þér. Hjálpaðu mér til þess, frelsari minn og Drottinn.

Heilagi, andi, Drottinn minn. Þú hefur endurfætt mig í skírn minni, fætt mig til eilífs lífs og gjört líkama minn að musteri þínu. Ég vil láta þig lýsa mér og helga mig. Ég vil ekki hryggja þig né styggja. Hjálpa mér, leið þú mig, heilagi Drottinn minn.

Guð minn, ég þakka þér, þinn er ég, hjálpa þú mér, skapari minn, frelsari minn, lífgjafi minn.

Dýrð sé þér, Guð minn, faðir og sonur og heilagur andi.

Amen.


Svefn & heilsa
SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR
SÖNGVARI
SVEFN & HEILSA
EF ÞÚ VILT
LÁTA ÞÉR
LÍÐA VEL
Stórt páskaegg fylgir öllum dýnum fyrir páska
IQ-CARE
HEILSUDÝNUR
iq-care.com
S-cape
Svefnsófar
Verð frá 79.900.- stgr.
ÓTRÚLEG FERMINGARTILBOÐ
FERMINGARGJAFIR
Í ÚRVALI
Sængurverasett
Pakkatilboð á
hlífðardýnu,
laki, og pífu
Munið gjafakortin
Pocket Boxspring
90x200 kr. 24.900.- stgr.
120x200 kr. 29.900.- stgr.
140x200 kr. 34.900.- stgr.
Beauty Sleep
90x200 kr. 34.900.- stgr.
97x200 kr. 39.900.- stgr.
120x200 kr. 49.900.- stgr.
135x200 kr. 54.900.- stgr.
153x200 kr. 59.900.- stgr.
Healthy Sleep
90x200 kr. 44.900.- stgr.
97x200 kr. 49.900.- stgr.
120x200 kr. 59.900.- stgr.
135x200 kr. 64.900.- stgr.
153x200 kr. 69.900.- stgr.
Royalty
97x203 kr. 69.900.- stgr.
120x200 kr. 79.900.- stgr.
137x203 kr. 89.900.- stgr.
153x203 kr. 109.900.- stgr.
Verð með fótum og þykkri áfastri yfirdýnu.
IQ-CARE
HEILSUKODDAR
BIFLEX með IQ-CARE
heilsudýnu 90x200 cm.
Verð kr. 99.950 stgr.
Góðar dýnur í sumarbústaðinn
GÆÐI
GÓÐ VERÐ
ÞJÓNUSTA
ÚRVAL
ÞEKKING
REYKJAVÍK
AKUREYRI
Svefn & heilsa
Gerum tilboð
fyrir hótel og
gistiheimili.
Verið velkomin
www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00






Í Færeyjum er hefð fyrir því að bjóða fjölskyldunni upp á heitan mat eftir athöfnina, sem kallast döguri. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Í Færeyjum stendur fermingarveislan í heila viku

Fermingin er alþjóðlegt fyrirbæri en þó hefur hver þjóð sinn háttinn á og eru útfærslur á siðnum ólíkar. Við Íslendingar berum okkur gjarnan saman við nágranna okkar á Norðurlöndunum og því er athyglisvert að sjá að flestar nágrannaþjóðir okkar eru heldur látlausari í fermingarundirbúningnum en við.

Sr. Guðrún Karlsdóttir, prestur í sænsku þjóðkirkjunni í Gautaborg, segir að einungis um helmingur barnanna fermist og í sumum hverfum innflytjenda sé hlutfallið afar lágt. „Hér í Svíþjóð liggur munurinn helst í því að þau eru einu ári eldri heldur en heima á Íslandi og einnig að heilu árgangarnir fermast ekki saman.“ Guðrún segir fermingarfræðsluna vera með öðrum og nýstárlegri hætti. „Í fermingarfræðslunni geta unglingar valið um mismunandi tegundir fræðslu. Til dæmis fara sumir í fótboltafræðslu eða siglingafræðslu og sjálf sé ég um bíómyndafræðslu. Þá horfum við mikið á myndir sem ég vel og eftir þær eru umræður þar sem viðfangsefni myndarinnar er rætt í bland við kristnifræðsluna.“ Guðrún segir ennfremur að venjulega sé aðeins nánustu ættingjum boðið til veislu og ekki tíðkist að gefa stórar gjafir á fermingardaginn.

Í Finnlandi fermast krakkarnir líkt og í Svíþjóð þegar þau eru 15 ára. Krakkarnir geta valið um hvort þeir fari í fræðslu jafnt og þétt yfir veturinn eða fara í sérstakar fermingarbúðir yfir sumarið þar sem fermingarfræðslan fer öll fram á nokkura daga tímabili. Samkvæmt upplýsingum frá finnska sendiráðinu kjósa flestir að fara í fermingarbúðirnar og þar í landi tíðkast hvorki að halda stórar veislur né að gefa stórar gjafir. Algeng fermingargjöf í Finnlandi er hálsmen með krossi frá nánustu ættingjum.



Í Svíþjóð fermast börnin einu ári eldri en börn á Íslandi. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Það kemur lítið á óvart að frændur okkar Færeyingar eru líkastir Íslendingum þegar kemur að fermingum. Færeysk ungmenni ganga til prests á 14. aldursári og er umgjörðin svipuð og hér á landi. Ungmennin fermast ekki í kyrtlum heldur er hefðin sú að strákarnir fermast í svörtum fötum og stelpurnar í hvítum kjólum. Eftir athöfnina er nánustu aðstandendum boðið í heitan mat sem á færeysku kallast döguri. Eftir heita matinn er boðið upp á kalt hlaðborð fyrir aðra gesti. Færeyingar skera sig frá Íslendingum að því leyti að veislan stendur allan daginn, og í heila viku eftir ferminguna skiptast krakkarnir á að bjóða hver öðrum heim til sín í kökur og kaffi.

Sr. Helgi Hróbjartsson prestur í íslenska söfnuðinum í Ósló heldur fermingarfræðslu fyrir krakkana um allt landið. „Það er algengt að íslensku krakkarnir sæki fermingarfræðsluna hér í Noregi og komi svo heim til þess að fermast.“ Helgi segir að fræðslan fari aðallega fram á laugardögum og síðan eru haldin fermingarmót tvisvar sinnum á undirbúningstímabilinu þar sem fræðslan fer fram á heilum degi. „Í byrjun júní fermist svo stór hópur í Hallgrímskirkju,“ segir Helgi. Í Noregi fermast krakkarnir á 15. aldursári og segir Helgi að margt sé sambærilegt í fermingunni þar og á Íslandi.

Danir fermast á 15. aldursári og hjá Íslendingasöfnuðinum í Kaupmannahöfn fermast tíu börn í ár. Fermingarundirbúningurinn hjá íslensku krökkunum er svipaður og á Íslandi. Kristján Sverrisson, sem situr í íslensku safnaðarnefndinni, segir að ekki sé mikið um auglýsingar þar sem fermingarbörnin eru markhópurinn og ekki séu gefnar stórar gjafir. „Að minnsta kosti ekki jafn mikið og á Íslandi,“ segir Kristján og bætir því við að honum finnist viðhöfnin í Danmörku jafnvel hafa farið minnkandi síðustu ár. „Fjölskyldurnar eru í meira mæli farnar að fara í ferðalög í staðinn þess að halda stórar veislur“.

# Dagurinn skrásettur

Fermingardagurinn er merkisdagur fyrir fermingarbörnin. Mörg hver er mjög spennt fyrir þessum degi enda markar hann stór tímamót í lífi barnsins.

Áður en fermingardagurinn rennur upp hefur erillinn verið mikill og mikið sem þarf að hugsa um. Til þess að dagurinn festist vel í minni barnsins má hjálpa til með því að halda dagbók dagana kringum fermingardaginn. Víða má fá fallegar bækur sem henta vel þessum tilgangi.

Hægt er að hjálpa fermingarbarninu að skrásetja hugsanir sínar og athafnir fyrir og á fermingardaginn. Hægt er að skrifa niður hvernig undirbúningurinn hefur gengið, hvaða ritningargrein var valin og af hverju, skrifa má niður ýmislegt sem úrskeiðis fór, hefðir sem hafðar voru í heiðri, hvaða vinir fermdust sama dag og ýmislega gleðiatburði sem deginum tengjast.

Að loknum fermingardegi má skrifa niður hvernig veislan gekk, hver gaf hvaða gjöf, líma inn í bókina servíettu og falleg kort og ýmislegt annað.

Bókin geymist svo ævilangt og er gaman að draga upp úr skúffu í framtíðinni þegar börn fermingarbarnsins staðfesta sína trú eða til að lesa á angurværum stundum.




Til að hjálpa barninu að muna eftir fermingardeginum má láta það halda dagbók dagana kringum ferminguna. Mál og menning. Verð krónur 2.990.



Þú þarft ekki að leita lengra !
Þú færð fermingargjöfina á BOÐEIND.IS
Verð og gæði sem þú hefur ekki efni að missa af !
Asus A6U á kr. 79.900,- stgr.
intel Core Duo inside
Allar fartölvur frá Boðeind eru árgerð 2006
Með öllum fartölvum frá Boðeind kemur Microsoft XP Professional
og fylgir Norton internet vírusvörn, fartölvutaska og optical mús frítt með
Boðeind ehf. í 19 ár
Mörkin 6 - 108 Rvk. 588 2061
Hægt er að fá staðgreiðslutölvukaupalán frá VIS, TM og VISA til allt að 36 mánaða
Netverð kr. 159.900 stgr.
ef pantað er á bodeind.is
ASUS A6000KT
15,4" WideScreen (1280x768)
Glare type skjár
AMD Turion Mobile MT34 64Bita
Vinnsluminni 1 GB DDR
100GB harður diskur
ATI Radeon X1600 128MB
8x DVD Dual layer brennari
Þráðlaust netkort -Kortalesari
MSN vefmyndavél 1,3MP
Blue Tooth, 10/100/1000 lan
Windows XP Professional
Netverð kr. 159.900 stgr.
ef pantað er á bodeind.is
Asus A6JA
15,4" WideScreen (1280x768)
Glare type skjár
Intel Mobile DUO core
T2300 1,66GHz
1GB DDR2 vinnsluminni
80GB harður diskur
ATI Radeon X1600 256MB
8x DVD Dual layer brennari
Þráðlaust netkort - Kortalesari
MSN vefmyndavél
Blue tooth, 10/100/1000 LAN
Windows XP Professional
Netverð kr. 79.900 stgr.
ef pantað er á Bodeind.is
ASUS A6U
15,4" WideScreen (1280x768)
AMD Sempron 3100+ Mobile
Vinnsluminni 512MB DDR
60GB harður diskur
Innbyggt skjákort
DVD Dual layer brennari
Þráðlaust netkort - Kortalesari
MSN vefmyndavél
4x USB2.0 - 1x FireWire
Windows XP Professional
Netverð kr. 189.900 stgr.
ef pantað er á bodeind.is
ASUS W1 Digital
15,4" WideScreen (1680x1050)
Intel Pentium Mobile 2,13GHz
Vinnsluminni 1GB DDR2
80GB harður diskur
ATI Radion X700 128MB
DVD Dual layer brennari
Þráðlaust netkort - Kortalesari
Blue Tooth, 10/100/1000 lan
Sjónvarpsmóttakari & fjarstýring
4.1 hátalarakerfi
Windows XP Professional
Hágæða MSN vefmyndavél
í LCD skjá á A6 línunni
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabreytingar

Tálgaðar fermingarstyttur frá Himneskum herskörum



Upplýsingar í síma 552 1783 og 862 2783
og himneskirherskarar@simnet.is www.himneskirherskarar.is

GÍTARINN
HLJÓÐFÆRAVERSLUN
Opið:
Mán-Fös: 10-18
Lau: 11-16

Rafmagnsgítar
15W Magnari, Poki, Snúra, Ól, Stillitæki, Gítarneglur



Verð Kr.
22.900,-

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is

FESTINA
Since 1902



- Leðuról
- Stálkassi
- Skeiðklukka
- Dagatal
- 50 m vatnsvarið

Fermingartilboð
Verð áður kr. 18.840
Nú kr. 15.700

- Leðuról
- Stálkassi
- Dagatal
- 50 m vatnsvarið

Fermingartilboð
Verð áður kr. 15.480
Nú kr. 12.900

GULL-ÚRIÐ
Axel Eiríksson
úrsmiðameistari
Álfabakka 16
sími 587 4100
MJÓDDINNI

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEF TV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á vísir.is



Gott er að vera með umræðuefni á reiðum höndum áður en í veisluna er komið. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Tekist á við vandræðalega þögn

Það vill brenna við að fólk eigi erfitt með að brydda upp á umræðuefni þegar það hittist í fermingarveislum. Hér eru nokkur góð umræðuefni sem ættu að koma að góðum notum.

**Silvía Nótt og Eurovision**

Pottþétt umræðuefni sem allir hafa skoðun á. Gott er að vera búinn að kynna sér söngtextann í laginu Til hamingju Ísland, bæði á ensku og íslensku, svo auðvelt sé að vitna í hann. Einnig er ráð að horfa vel á myndbandið áður.

Setning til að hefja umræðuna: *„Jæja, hvernig haldið þið að Silvíu Nótt muni ganga í Júróvisjón?„“*

**Ferming hér áður fyrr**

Það er alltaf hægt að fá fólk til að rifja upp ferminguna sína, sérstaklega ef langt er um liðið. Skemmtilegt og létt umræðuefni sem ætti að koma af stað nokkrum hlátursköstum, nú eða andvörpum.

Setning til að hefja umræðuna: *„Það getur ekki verið svo langt síðan þú fermdist, hvar var það?“*

**Páskahretið**

Veðrið er eftirlætisumræðuefni Íslendinga. Gott er að luma á einni óveðursögu til að krydda umræðuna. Mjög líklegt er að flestir lumi á einni slíkri og umræðan á eftir að endast lengi.

Setning til að hefja umræðuna: *„Veðrið lætur ekki að sér hæða.“*

**Sumarfríið**

Allir vilja tala um sumrið og hvað á að gera í sumarfríinu. Hægt er að ræða laxveiði við veiðimennina, og ef þú ert ekki vel að þér í veiðinni þá skaltu bara fá þá til að byrja á veiðisögum og kinka kolli reglulega. Auk þess er hægt að ræða um hvert fólk ætlar að fara í sumarfríinu og segja frá sumarleyfinu í fyrra.

Setning til að hefja umræðuna: *„Jæja, hvað á að gera í sumar?“*

**Fréttirnar**

Fylgstu með fréttunum og lestu blöðin áður en þú ferð í veisluna. Það er nóg af fréttasjúkum Íslendingum sem geta spjallað um málefni líðandi stundar.

Setning til að hefja umræðuna: *„Svakaleg frétt í Fréttablaðinu í morgun.“*

**Ættfræðin**

Eldra fólkið hefur gjarnan brennandi áhuga á ættfræðinni. Vertu með ættartengsl þín á hreinu, svo þú getir að minnsta kosti nefnt langafa þinn og langömmu í báðar ættir, og sagt hvar þau fæddust. Spurðu fólk hvaðan af landinu og af hvaða ætt það sé.

Setning til að hefja umræðuna: *„Hvernig ert þú skyld/ur fermingarbarninu?“*

**Matur**

Maturinn sem er á borðum er fyrirtaksumræðuefni, þó ekki væri nema til þess að brjóta ísinn. Taktu vel eftir hvað allir réttirnir á hlaðborðinu heita og spurðu fólk hvort það hafi prófað eitthvað af þeim.

Setning til að hefja umræðuna: *„Mmmmm, rosalega er þetta gott.“*



Laddi fékk fermingarfötin að gjöf frá bróður sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Snemma á síðustu öld

Þórhallur Sigurðsson leikari, sem betur er þekktur sem Laddi, segir fermingardaginn sinn ekki beint ljóslifandi í minningunni.

„Það er svo langt síðan, ég man þetta ekki alveg svo vel. Þetta var einhvern tímann snemma á síðustu öld,“ segir Laddi og hlær.

„Það sem ég man þó eftir deginum var að ég fermdist í Hafnarfjarðarkirkju og fór með mína ritningargrein og svo var tekin mynd. Ég fermdist með frænku minni og eftir athöfnina var haldin einhver veisla. Við vorum mjög fátæk enda var mamma einhleyp með tvo stráka, þannig að við héldum veisluna heima hjá frænku minni. Ég fékk fermingarfötin að gjöf frá bróður mínum og síðan fékk ég Bírópenna. Það var nú allt og sumt sem ég fékk í fermingargjöf.“ Pennanum segist Laddi fljótlega hafa fleygt í burtu enda hafi hann verið leiðinlegur.

„Ekkert sérstaklega skemmtilegar minningar svo sem. Svona var þetta bara“, segir Þórhallur Sigurðsson að lokum um fermingardaginn sinn.

Tilvalin fermingargjöf sem nýtist næstu árin!

Útgáfa 6,0

# STÓRA TÖLVUORÐABÓKIN

Nú geta notendur sótt texta af heimasíðu, tölvupósti, Word ritvinnslunni eða öðrum hugbúnaði og þýtt textann á milli tungumála sem eru í Stóru tölvuorðabókinni og það án innsláttar.




**Í Stóru tölvuorðabókinni er hægt að lesa yfir texta og leiðrétta úr hvaða Windows hugbúnaði sem er. Þetta er hægt að framkvæma með yfir 30 orðasöfnum.**

+ Með talsetningu geta notendur hlustað á framburð á 8 tungumálum og þannig tileinkað sér rétta notkun málsins. Einnig geta lesblindir nýtt sér talsetninguna til þess að láta lesa fyrir sig skjöl eða texta. Líka á íslensku.

+ Heildarorðafjöldi sem hægt er að þýða á milli allra tungumálanna er komin yfir 5,1 milljón og alltaf bætist við!.

+ Nýtt þýðingartól sem þýðir texta á milli 9 tungumála án innsláttar og orðaforðin í því er ótakmarkaður, því notendur geta skipt orðum, sameinað orð o.fl.

+ Nú er hægt að leita eftir íslenskum orðum í öllum föllum og tölum og enska orðsafnið er komið með yfir 250.000 orð og orðaskýringar.

+ Myndrænt kennsluefni sem auðveldar alla notkun. Hægt er að setja Stóru tölvuorðabókina inná 4 tölvur á sama heimilinu. Þannig getur öll fjölskyldan nýtt sama eintakið.

+ Öll þjónusta og uppfærslur á útgáfu 6,0 eru ókeypis, ný tungumál verður hægt að sækja af heimasíðu FastPro www.fastpro.is

+ Hægt er að athuga verð á uppfærslum fyrir eldri útgáfur og fyrirtækjaútgáfu á heimasíðu FastPro www.fastpro.is eða senda tölvupóst á sales@fastpro.is Nú er verið að setja inn sérstök orðasöfn fyrir húsbíla, hjólhýsi og fellihýsi á ensku og þýsku.

**Verð kr 14.990 og fæst hjá FastPro, Pennanum, Elko, Fríhöfninni Tæknibæ, Comuter.is og helstu bókabúðum landsins.**

Íslenska · Enska · Danska · Þýska · Spænska · Franska · Sænska · Ítalska · Norska

**FastPro hugbúnaður**
**Sími: 587-4600**
**Heimasíða: www.fastpro.is**
**Tölvupóstur: sales@fastpro.is**

FASTPRO SOFTWARE LTD



# Gjöfin vex í pakkanum

**5.000 kr. verða 7.000 kr.**

Vildarviðskiptavinur Sparisjóðsins sem gefur fermingarbarni 5.000 króna gjafabréf í Framtíðarsjóð Sparisjóðsins eða meira fær 2.000 króna viðbót við gjöfina frá Sparisjóðnum. Gefðu gjöf sem stækkar í pakkanum!

**Framtíðarsjóður**

- Ber hæstu vexti almennra innlánsreikninga
- Engin lágmarksinnborgun
- Verðtryggður
- Bundinn til 18 ára aldurs
- Kjör haldast óbreytt þótt innstæða sé ekki tekin út við 18 ára aldur

Kíktu á spar.is og reiknaðu út ávöxtun á sparnaði í Framtíðarsjóði Sparisjóðsins.

SPARISJÓÐURINN
*– fyrir framtíðina*




Fermingarkyrtlar eru saumaðir á saumastofu Öryrkjabandalagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Allir jafnir fyrir augliti guðs

## Fermingarkyrtlar voru fyrst teknir upp hér á landi á sjötta áratugnum, en þeir eru hvergi notaðir annars staðar á Norðurlöndum.

Fermingarfötin eru eins mismunandi að gerð og unglingarnir sem þeim klæðast. Valið á þeim fer eftir smekk hvers og eins, en samt sem áður það er öllum fermingarbörnum gert að klæðast sams konar flík við altarisgönguna, fermingarkyrtlinum.

Fermingarkyrtlar voru fyrst notaðir hér á landi á Akranesi af séra Jóni M. Guðjónssyni um 1950. Stuttu síðar Tók séra Pétur Sigurgeirsson á Akureyri þetta upp og ekki leið langur tími þar til kyrtlarnir voru notaðir af öllum.

Ástæðurnar fyrir því að fermingarkyrtlar voru teknir í notkun voru aðallega tvær. Annars vegar var tengingin á milli skírnar og fermingar gerð greinilegri. Kyrtillinn minnir á skírnarkjólinn og jafnframt á ástæðuna sem liggur að baki fermingarathöfninni, þegar fermingarbarnið játar því að vilja leitast við að fylgja Kristi.

Hins vegar var þetta gert til að draga úr þeim sýnilega mun sem gat verið á klæðaburði fermingarbarnanna eftir því hvernig efnahagur foreldra þeirra var.



Kyrtillinn pressaður og tilbúinn til notkunar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Sama hugmyndafræði var á ferðinni þegar ákveðið var um svipað leyti að allar líkkistur hér á landi yrðu hvítar og látlausar.

Fermingarkyrtlar voru notaðir í ýmsum kirkjum bæði austan og vestan hafs á þeim tíma sem þeir voru teknir upp hér og því eru þeir ekki íslensk uppfinning. Kyrtillinn á sér skírskotun í hina hvítu kyrtla kirkjunnar þjóna og eiga einnig að minna á kyrtil Krists.

Hér á landi hefur Saumastofa Öryrkjabandalags Íslands í Hátúni annast saumaskap á fermingarkyrtlum íslenskra fermingarbarna í tæp tuttugu ár. Guðrún Ásta Kristjánsdóttir, forstöðukona saumastofunnar, segir að kyrtlarnir séu saumaðir úr mjög sterku efni sem kallast terilín. Efnið er endingargott og kyrtlarnir lítið notaðir og þar af leiðandi er sjaldgæft að fermingarkyrtlar þarfnist lagfæringa á milli ára. „Það kemur þó fyrir að við fáum fimmtán ára gamla fermingarkyrtla sem eru heilir nema rennilásinn hefur gefið sig“, segir Guðrún Ásta.

Stærð fermingarkyrtlanna er frá 34 til 54 og segir Guðrún Ásta að saumastofan hafi þurft að bregða á það ráð að stækka kyrtlana síðustu árin. Spurð um hvort ástæðan fyrir því tengist að einhverju leyti holdafari ungu kynslóðarinnar segir hún svo ekki vera. Hún segir að það sé á hæðina frekar en á breiddina sem breytingin verði.

# Fermingin tók tvo daga

## Sveinn Jónasson, kirkjuvörður hjá Akureyrarkirkju, fermdist fyrir fjörtíu og fimm árum.

Sveinn Jónasson hefur verið kirkjuvörður hjá Akureyrarkirkju í átján ár og líkar starfið vel. Hann tekur á móti börnunum þegar þau fara að heimsækja kirkjuna á vorin til að læra eitt og annað í tengslum við ferminguna.

Sveinn fermdist sjálfur í Akureyrarkirkju árið 1961 og segir hann undirbúninginn fyrir ferminguna og umstangið hafa breyst mikið frá því sem áður var. Áður fyrr þurftu krakkar að mæta oftar í fræðslu og ríkari áhersla var lögð á að krakkar lærðu hlutina utanbókar.

„Maður byrjaði að mæta í kirkjuna vikulega alveg frá því að skólinn byrjaði, með bókina Vegurinn og lærði ýmsa sálma og trúarjátninguna utan að. Svo þegar líða fór að páskum var fyrsta fermingin alltaf á pálmasunnudag og önnur á skírdag og sú síðasta á annan í páskum og var alltaf fermt þessa sömu daga. Nú er farið að ferma á laugardögum.“



Sveinn Jónasson segir gjafirnar ekki hafa verið eins viðamiklar og þær eru í dag. MYND/ÆGIR ÞÓR EYSTEINSSON

Hér áður fyrr fór fermingarathöfnin fram í tveimur hlutum, því altarisgangan var á öðrum degi eftir ferminguna. „Að lokinni fermingarathöfninni var haldið í veisluna sem var ósjaldan haldin í heimahúsi, en svo var altarisgangan kvöldið eftir,“ segir Sveinn. „Þá var kirkjan yfirleitt full út úr dyrum, því að þá tíðkaðist að systkini kæmu líka með, enda önnur athöfn. Það voru ekki allir sáttir við þetta, þá sérstaklega stelpurnar því að þær þurftu að laga á sér hárið og gera sig fínar fyrir bæði skiptin,“ segir Sveinn og brosir.

Varla er hægt að sleppa Sveini án þess að spyrja hann út í fermingargjafirnar á þessum tíma. Hann segir krakka í þá daga hafa sum hver fermt sig út af gjöfunum eins og þekkist í dag, en gjafirnar hafa stækkað. „Maður fékk aðallega peninga í aurum, svo gat maður verið rosalega lukkulegur ef maður fékk hjól og svo fengu flestir úr,“ segir Sveinn Jónasson sem heldur upp á 45 ára fermingarafmæli sitt um þessar mundir.

# Veldu Canon í fermingarpakkann

## Frábær fermingartilboð á myndavélum og prenturum



### Canon PowerShot A520 + taska + 256MB minniskort á aðeins 17.900 kr.

- 4.0 milljón pixlar og 4x aðdráttur.
- 20 tökustillingar sem aðstoða þig að ná bestu myndinni.
- Betri myndir og gæði með Canon Visionary tækninni.
- VGA kvikmyndabútar m/ hljóði.
- Mikið af hugbúnaði fylgir með sem einfaldar notkun og eykur möguleika.



### Canon PowerShot A430 myndavél

**Einföld og ódýr fyrir alla fjölskylduna**

- Fjórir litir: Silfurgrár, rauður, blár og gulur.
- 4.0 milljón pixlar og 4x aðdráttur.
- DIGIC II örgjörvi með iSAPS tækni sem eykur skilvirkni við myndatöku og gæði mynda.
- 15 tökustillingar sem aðstoða þig að ná bestu myndinni.
- VGA kvikmyndabútar m/ hljóði.
- Mikið af hugbúnaði fylgir með sem einfaldar notkun og eykur möguleika.

**Tilboðsverð 17.900 kr.**



### Canon Pixma iP6220D prentari

**Prentaðu beint úr myndavélinni, af minniskorti eða úr myndavélasímanum**

- Ljósmyndagæði : Mest 4800x2400 dpi.
- Sex lita m/ tveggja hylkja kerfi sem lækkar rekstrarkostnað.
- ChromaLife100 kerfi sem eykur endingu ljósmynda.
- Prentar 10x15 cm rammalausar hágæða ljósmyndir á u.þ.b. 1 mín.
- 6.3 cm litaskjár LCD.

**Tilboðsverð 9.900 kr.**

þú þekkir

Canon

## Pakki 1





### PowerShot A430 myndavél + CP510 ljósmyndaprentari á aðeins 26.900 kr.

## Pakki 2





### Ixus myndavél + CP510 ljósmyndaprentari á aðeins 44.900 kr.

**Canon Ixus 60 myndavél**

- Glæsileg og stílhrein hönnun.
- 6.0 milljón pixlar og 3x aðdráttur.
- DIGIC II örgjörvi með iSAPS tækni sem eykur skilvirkni við myndatöku og gæði mynda.
- 16 tökustillingar sem aðstoða þig að ná bestu myndinni.
- VGA kvikmyndabútar m/ hljóði.
- Mikið af hugbúnaði fylgir með sem einfaldar notkun og eykur möguleika.

**Canon CP510 ljósmyndaprentari**

- Einfaldur prentari til að varðveita minningarnar.
- Prentar beint af myndavélinni – þarft ekki tölvu.
- Nettur og léttur.
- Margar prentútfærslur og – stærðir.

## Pakki 3





### Þráðlaus Ixus myndavél + iP5200 prentari á aðeins 52.900 kr.

**Canon Ixus Wireless**

- Ómótstæðileg hönnun og nýjasta tækni.
- 5.0 milljón pixlar og 3x aðdráttur.
- DIGIC II örgjörvi með iSAPS tækni sem eykur skilvirkni við myndatöku og gæði mynda.
- 14 tökustillingar sem aðstoða þig að ná bestu myndinni.
- VGA kvikmyndabútar m/ hljóði.
- Mikið af hugbúnaði fylgir með sem einfaldar notkun og eykur möguleika.

**Canon iP5200 prentari**

- Upplausn: Allt að 9600x1200 dpi.
- Fimm hylkja Single Ink kerfi sem lækkar rekstrarkostnað.
- Svarthvít prentun: Allt að 30 bls. á mín.
- Lita prentun: Allt að 24 bls. á mín.
- ChromaLife100 kerfi sem eykur endingu ljósmynda.
- Prentar 10x15 rammalausar ljósmyndir á u.þ.b. 36 sek.
- Mikið af hugbúnaði fylgir með sem einfaldar notkun og eykur möguleika.

Söluaðilar um land allt

www.nyherji.is/canon



Börnin krjúpa í bæn.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Ritningargreinin lögð á minnið.



Allt verður að vera í lagi fyrir stóru stundina.



Táknmálstúlkur var viðstaddur athöfnina.

# Trúin staðfest

Grafarvogskirkja er stærsta kirkjusókn landsins og þar eru fermingarbörnin flest. Í ár hófust fermingarnar 19. mars síðastliðinn og fer hin síðasta fram 23. apríl og er fermt tvisvar á dag. Mikil hátíðabragur er á kirkjunni á þessari stóru stund í lífi barnanna þar sem þau staðfesta skírnina í návist vina og vandamanna. Pjetur Sigurðsson, ljósmyndari Fréttablaðins, fylgdist með ungmennum fermast í Grafarvogskirkju 26. mars síðastliðinn, alveg frá því undirbúningurinn fyrir athöfnina hófst og fram að gleðinni og léttinum eftir að henni lauk. Unglingarnir voru glaðir í bragði og ánægjan skein úr andlitum þeirra á þessum fallega degi.



Séra Vigfús Þór Árnason gengur fagnandi meðal fermingarbarnanna að athöfn lokinni.



Ung stúlka fagnar innilega með systur sinni.


FERMIST
MEÐ
HOLLYWOODSTÍL
GOLD
Hann er til leigu!
Hentar vel við ýmis tækifæri, svo sem afmæli, brúðkaup og fundi
Tekur 17 farþega
Lystisnekkja á hjólum
GOLD LIMO
SÍMI 897-0930 • goldlimo@goldlimo.is

# Falleg stund á fermingardegi

Áður en fermingardagurinn fer á fullt er gott að fjölskyldan setjist saman niður og snæði kjarngóðan morgunverð. Sú stund gefur orku fyrir daginn og hjálpar til við að finna fyrir tilgangi dagsins.



Marentza Poulsen segir fjölskyldustund að morgni fermingardags ómetanlega og gleðja fermingarbarnið mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Marentza Poulsen býr yfir mikilli fermingarvisku. Hún hefur bæði séð um fermingarnámskeið fyrir foreldra ásamt því að vera viðstödd ófáar fermingarveislurnar sem veitingakona. Marentza leggur mikla áherslu á fjölskyldustund að morgni fermingardags þar sem borðaður er hollur og góður morgunverður.

„Mér finnst mikilvægt á þessum degi að vakna tímanlega og gefa sér tíma með fermingarbarninu,“ segir Marentza. „Hægt er að leggja á borð kvöldinu áður, þá er svo gaman að vakna í hátíðleikann morguninn eftir. Með því að setjast niður við morgunverðarborðið getur fjölskyldan rætt saman um hvað þetta sé hátíðlegur dagur og umfram allt þá getur barnið fengið tækifæri til að tjá sig, hvort það kvíður fyrir eða hlakkar til.“

Marentza segir marga falla í þá gryfju að keyra sig áfram í því stressi sem getur fylgt fermingardeginum. „Með því að skapa friðarstund að morgni dags erum við að draga fram tilgang dagsins. Hægt er að fara með fallega bæn og einbeita sér að deginum með því að rifja upp af hverju við erum að þessu. Slík stund fyllir hjarta barnsins af gleði og það fer fullt tilhlökkunar að heiman. Við fullorðna fólkið höldum oft að börn á þessum aldri séu svo „cool“ en þau eru bara ekkert „cool“, þau eru með pínulítið hjarta.“

Marentza segist oft hafa séð í þeim veislum sem hún hefur unnið í að fermingarbörnin eru þreytt og leið einfaldlega vegna þess að þau eru svöng. „Þess vegna skiptir morgunverðurinn svo miklu máli,“ segir Marentza. „Eins þegar fermt er að morgni og veislan er að kvöldi, fáið þá einhvern til að taka á móti ykkur með súpu og brauði þegar komið er heim úr kirkjunni. Setjist niður og ræðið um athöfnina, hvað þetta hafi verið falleg stund og hrósið barninu. Þetta gleymist oft í öllu því amstri sem fylgir þessum degi.“

Marentza segir ekki nauðsynlegt að fylgja reglum næringarfræðinnar á fermingardaginn, en gæta verður þess að maturinn sé orkuríkur. Forðast að bera eingöngu sætabrauð á borð sem veitir skyndiorku sem hverfur snögglega. „Hafragrauturinn veitir auðvitað mestu orkuna og næringuna en það er kannski ekki mikil stemning í honum,“ segir Marentza og hlær.

„Gefið ykkur tíma til að staldra við á þessum degi. Finnið hvað þetta er skemmtilegur dagur. Það má ekki gleyma því í öllum hamaganginum að gleðjast yfir því sem verið er að gera.“

## Uppskriftir

### MUFFIN MEÐ VALMÚU- EÐA SESAMFRÆJUM, 12 STYKKI

4 dl hrein jógúrt eða AB mjólk
1/2 dl olía
2 tsk vanillusykur
1/2 dl sykur
1/2 dl valmúu- eða sesamfræ
2 egg
4 dl hveiti
2 tsk lyftiduft

Öllu blandað saman og sett í muffinsform. Bakað við 200 gráður í 15 til 20 mínútur.
Borið fram með osti og sultu.

### LITLAR FERMINGARPÖNNUKÖKUR MEÐ BEIKONI

300 gr hveiti
4 msk sykur
4 tsk lyftiduft
1 tsk salt
6 msk olía
2 1/2 dl súrmjólk
2 1/2 dl mjólk
pakki beikon

Sykri, hveiti, lyftidufti og salti blandað saman. Egg, súrmjólk, mjólk og olía þeytt saman og hellt saman við þurrefnið. Hálf beikonsneið er sett á pönnuna, pönnukökudeginu hellt yfir og þá bakast beikonið saman við. Borið fram með sírópi.



Rósir gleðja augað. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Ávextir eru sérlega orkumiklir og sætir og því kjörnir á morgunverðarborðið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Hollur morgunverður gefur orku fyrir annasaman dag og gefur fjölskyldunni færi á að staldra við og njóta hátíðleikans sem fylgir deginum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Litlar fermingarpönnukökur með beikoni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Muffins með valmúu- eða sesamfræjum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

belladonna
Nýjar vörur

Stærðir 38 - 60
www.belladonna.is
Hlíðasmára 11 • Kópavogi
sími 517 6460
Opið mán.-fös. 11-18, lau. 11-15

# Kerti tendrað á hátíðlegri stund

Kerti er látlaust og fallegt trúartákn sem nauðsynlegt er að hafa á borðum við ferminguna.

Á hátíðlegri stund er ætíð fallegt að tendra kerti og oft þarf ekki mikið meira til að skreyta veisluborðið. Gott er þó að hafa nokkur varúðarráð í huga, eins og setja kertin ekki nálægt opnum glugga eða uppi við blómaskreytingar. Kertin ættu heldur ekki að vera þar sem ung börn ná til þeirra. Að öllu þessu þarf að huga þegar kertunum er fundinn staður. Góður siður er að stilla upp logandi kerti á borð við hlið gestabókarinnar. Í stað þess að hafa blóm með kertinu getur verið fallegt að láta kross liggja á borðinu við hliðina á kertinu.

Mikið úrval er af fallegum kertum í öllum litum. Bjartir litir eru einna vinsælastir á vorin og hefur límónugrænn notið mikilla vinsælda. Fallegt er að velja kerti og servíettur í sama lit eða með svipuðu mynstri. Kertin og servíetturnar hér á myndunum fást öll í Blóma Company við Háaleitisbraut.


Svart og hvítt er mikið í tísku um þessar mundir.


Bleik kerti með áföstum glitsteinum og servíettur í stíl.

Blá kerti með áföstum glitsteinum og fallegum servíettum.

Límónu-grænn litur er fallegur á vorin.

## Góð gjöf

Mörg fermingarbörn fá nýtt rúm að gjöf. Tilvalið er að gefa gjafir sem tengjast því.

1. RÚMTEPPI.
Gott er að velja látlaust rúmteppi sem ætti að falla flestum í geð. Slíkt teppi er þá hægt að nota undir annað minna teppi, þegar óskað er eftir litum eða mynstri í herbergið. Einnig ætti að hafa í huga að hægt sé að þvo rúmteppið í þvottavél.


Púði og rúmteppi úr versluninni Í gegnum glerið.

2. PÚÐAR.
Þeir geta verið af öllum stærðum og gerðum og er ágætt að forvitnast um uppáhaldsliti fermingarbarnins áður en þeir eru valdir. Ekki er ráðlegt að kaupa púða sem eru sérhannaðir og börnin eiga erfitt með að skipta.

3. ALOE-VERA LAK.
Aloe vera er jurt fyrir græðandi áhrif sín og einstaka mýkt. Nú hefur hún verið ofin í lök og rúmföt sem á að vera sérstaklega gott að sofa á og veita manni ljúfan draumsvefn.

4. KODDAVER.
Hvítt og fallegt með bróderuðu nafni fermingarbarnsins ásamt dagsetningu fermingardagins er persónuleg og falleg gjöf sem lifir lengi. Ekki er verra að láta kodda fylgja með.

5. SÆNG OG KODDI.
Aukasæng og koddi kemur sér alltaf vel. Ágætt er að velja eitthvað sem er létt og einfalt að geyma inni í skáp eða undir rúmi þegar ekki er verið að nota sængina og koddann.

6. VEKJARAKLUKKA.
Á unglingsárunum skiptir miklu máli að eiga góða vekjaraklukku. Flestir eru farnir að nota farsímann sinn til að vekja sig, en það er herberginu mikil prýði að hafa fallega klukku á náttborðinu, auk þess sem farsíminn getur orðið batterislaus.


Mörg fermingarbörn fá nýtt rúm að gjöf.



# FERMINGARGJAFIR




**UNITED** UTV4021PF

21" SJÓNVARP með RealFlat Black Matrix myndlampa, Nicam Stereó, textavarpi, Scart tengi og fjarstýringu.

100% FLATUR SKJÁR

**TILBOÐ 22.990**
FULLT VERÐ kr. 24.990




**UNITED** UTV4028

28" Nicam Stereó SJÓNVARP með textavarpi, 2 Scart tengjum og fjarstýringu.

**TILBOÐ 24.990**
FULLT VERÐ kr. 34.990




ÖRÞUNNT LCD

**Dantax** 15LCDB3

15" LCD SJÓNVARP með móttakara, 1024x768 punkta upplausn, textavarpi og stereó hljóðkerfi, Scart með RGB, SVHS, AV og PC inngangar, Scart og RCA útgangar, heyrnartól og fjarstýringu. Fyrir 12 og 220 volt.

**TILBOÐ 44.990**
FULLT VERÐ kr. 49.990

---




ÖRÞUNNT LCD

**PHILIPS** 15PF4121

15" LCD SJÓNVARP með 1024x768 punkta upplausn, 500:1 skerpu, Crystal Clear og Progressive Scan, Anti Reflection sem minnkar glampa, 8w Nicam Stereo með Dolby Virtual Surround, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, DVI-I tengi (styður VGA, SVGA og XGA), textavarpi og fjarstýringu.

**VERÐ 54.990**
FRÁBÆRT VERÐ




ÖRÞUNNT LCD

**UNITED** LTV20L60

20" LCD SJÓNVARP með fjölkerfa móttakara, 640x480 punkta upplausn, skerpa: 500:1, sjónsvið: (H/V) 160x140, birtustig: 450cd/m2, stereó hljóðkerfi, 2 Scart með RGB, AV og SVHS inn og Scart og heyrnartól út, PC-inn, textavarpi, borðstandi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 59.990**
FULLT VERÐ kr. 69.990




ÖRÞUNNT LCD

**PHILIPS** 23PF4310

23" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x768 punkta (VGA, SVGA, XGA, WXGA) upplausn, Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, 500:1 skerpu, 20w Stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, Smart Picture og Smart Sound, Scart tengi (með RGB), SVHS og RCA tengjum, PC-inngangi (DVI-i), tengi fyrir heyrnatól, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

**TILBOÐ 94.990**
FULLT VERÐ kr. 109.990

---




**UNITED** LTV27

27" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x768 upplausn (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með Progressive Scan, HDTV Ready, 2x7w SRS Surround hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, Component (YPbPr) og DVI tengi, AV og heyrnartólstengi að framan, mynd í mynd - 2 tunerar, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 89.990**
FULLT VERÐ kr. 139.990




**PHILIPS** 26PF4310

26" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x768 punkta (VGA, SVGA, XGA, WXGA) upplausn, Digital Comb Filter og Anti Reflex, 500:1 skerpu, 20w Nicam Stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, Smart Picture og Smart Sound, 2 Scart tengjum (með RGB), SVHS og RCA tengjum, PC-inngangi (DVI-D og VGA), tengi fyrir heyrnatól, textavarpi og borðstandi.

**TILBOÐ 104.990**
FULLT VERÐ kr. 129.990




**UNITED** LTV32

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 upplausn og Progressive Scan, HDTV Ready (styður 720p og 1080i), 800:1 skerpu og 550 cd/m2 birtu, 12ms svartíma og (H/V): 170°/170° sjónsviði, 2x10w hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengi, Component (YPbPr) PC tengi (DVI-D og VGA), AV og heyrnartólstengi að framan, mynd í mynd - 2 tunerar, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 129.990**
FULLT VERÐ kr. 149.990

---

## VEGGFESTINGAR

FYRIR ALLAR GERÐIR SJÓNVARPSTÆKJA,
LCD, PLASMA OG MYNDVARPA




vogel's®

# Stafræn ferming góð minning

Fermingardagurinn er merkisatburður sem fólk vill muna lengi og geta rifjað upp. Nú getur fólk ráðið til sín fagmenn til að sinna upptöku á fermingardeginum og fengið þannig minninguna á stafrænu formi.



Magnús H. Sigurðsson og Kári Vilhjálmsson, eigendur MK Media og myndatökumenn af lífi og sál. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Magnús H. Sigurðsson og Kári Vilhjálmsson eru eigendur MK Media myndbandagerðar. Báðir hafa þeir mikla reynslu af myndbandagerð. MK Media býður upp á upptökur á stórviðburðum í lífi fólks sem getur þá geymt upptökurnar sem ljúfa minningu af merkisdegi.

„Þetta eru stafrænar upptökur sem við erum með,“ segir Magnús. „Við bæðum myndum stórviðburði en einnig getum við unnið eldra efni fyrir fólk og sett á DVD-disk. Við myndum bæði athafnir og veislurnar sem þeim fylgja. Eftir á förum við heim með efnið, vinnum það og klippum til og reynum að skila myndbandinu frá okkur á sem snyrtilegastan máta. Ef fólk vill getum við yfirfært eldri myndir fyrir það á sama disk. Við reynum alltaf að koma til móts við séróskir fólks.“

Vissulega getur það verið kúnst að mynda stórar athafnir án þess að byrgja gestum sýn eða vera til ama. Myndatökumaðurinn þarf að vissu leyti að vera ósýnilegur en samt verður hann að ná bestu skotunum. „Við viljum ná góðum myndum og það er fátt sem stoppar okkur í því,“ segir Magnús. „Við getum verið með allt upp í þrjár vélar. Þá getum við stillt upp einni vél á altarið meðan við erum að mynda úti í sal. Með þessu getum við tekið mismunandi skot til að klippa saman. Enda myndum við ekki eingöngu fermingarbarnið, oft eru vinir að fermast saman þannig að við myndum önnur börn líka, við myndum líka inni í kirkjunni, ættingjana og ýmislegt annað.“

Magnús segir nokkra aðila veita þessa þjónustu á Íslandi og síðustu ár hefur hann orðið var við að fólk vilji nýta sér þessa þjónustu í auknum mæli. „Það er ákveðinn kostur fyrir fólk að þurfa ekki að hafa áhyggjur af þessum hluta,“ segir Magnús. „Við sjáum hvað fólk er afslappað þegar við mætum í veisluna. Það ætlast til að við gerum gott verk og treystir okkur til þess.“ Magnús segir verðið á þessari þjónustu vera mjög breytilegt milli fyrirtækja. Sem verðdæmi þá kostar hjá MK Media tíu þúsund krónur að láta mynda fermingarathöfnina, klukkustund af veislunni ásamt DVD-diski eða spólu. „Ég vil frekar hafa þjónustuna ódýrari og fá fleiri verk,“ segir Magnús.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu MK Media, www.mkmedia.is.






Védís Hervör Árnadóttir hafði nóg að gera á fermingardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Beint úr kirkjunni í Þjóðleikhúsið

Védís Hervör Árnadóttir fermdist árið 1996 og það var mikið á gera hjá henni í kringum ferminguna því að á sama tíma tók hún þátt í uppfærslu Þjóðleikhússins á Kardimommubænum.

Á fermingardaginn var mikið að gera hjá Védísi og hún fór beint úr kirkjunni í Þjóðleikhúsið þar sem var sýning á Kardimommubænum sama dag. „Það var svo mikið að gera hjá mér á þessum tíma að ég mátti varla vera að því að fermast, en það hafðist,“ segir hún.

Fermingarveislan hennar Védísar var síðan haldin viku seinna. „Ég og frændi minn vorum þá með sameiginlega veislu sem var mjög skemmtilegt.“

Védís man vel eftir fermingarfötunum sínum. „Ég var í voðalega flottu sixtís dressi og með sixtís greiðslu í hárinu. Mér finnst ekki jafn sársaukafullt að horfa á fermingarmyndirnar mínar og mörgum öðrum því mér finnst þetta útlit ennþá mjög fínt.“

Védís var mjög ánægð með allar fermingargjafirnar sem hún fékk. „Ég fékk mjög hefðbundnar fermingargjafir. Ég fékk svefnpoka, hljómflutningstæki og mjög fallega skartgripi, svona eigulegar gjafir. Ég fékk líka eitthvað af peningum og svo fékk ég hlutabréf. Miðað við fermingargjafirnar í dag þá var þetta ekkert yfirdrifið og allt bara svona lítið og sætt.“

Fermingin skipti Védísi mjög miklu máli. „Ég er trúuð og það var mér því mjög mikilvægt að fermast,“ segir hún.

Einkunnarorðin sem Védís valdi sér fyrir ferminguna eru henni eftirminnilegust frá fermingardeginum. „Ég valdi einkunnarorðin „Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta“ og þau sitja í mér. Mér finnst lagið við þennan sálm líka mjög fallegt. Þessi einkunnarorð eiga vonandi eftir að fylgja mér því þau eru mjög öflug.“

# Fermingartilboð




ÓTRÚLEGT VERÐ

## HP Photosmart E327

Vörunúmer: l2433a
- Upplauns: 5 Mega Pixel
- 4x digital zoom
- Video upptaka ótakmarkað, fer eftir stærð kortsins
- Hljóð: ótakmarkað, fer eftir stærð kortsins
- Fókus: Normal, macro
- Hraði: 2 til 1/2000sek
- Skjár: 1,8"
- Flass: Auto, flash off, flash on, red eye, night
- Tímastilling/sjálfsmyndir: Já (10 sek.)
- Minnisraufar: Secure Digital (SD) eða MultiMediaCard (MMC)
- Minni: 16MB innra minni
- Þyngd án rafhlaðna: 110gr
- Rafhlaða: 2 AA rafhlöður fylgja
- Stærð: 99.3x 32 x 52,6mm

Office1 **13.990.-**



## HP Pavilion fartölva

Vörunúmer: et037ea
- Örgjörvi: AMD Turion 64 Mobile Processor ML-32
- Skjár: 15.4" WXGA 1280x768 High Definition BrigtView
- Minni: 1024MB DDR 333MHz RAM (2x512), stækkanleg í 2GB
- Harður diskur: 80GB 4200rpm EIDE
- Drif: DVD+/-RW (DVD skrifari, dual layer)
- Skjástýring: ATI RADEON XPRESS 200M IGP, allt að 128MB
- Netkort: 10/100 netstýring og 802.11b/g (þráðlaust netrkort)
- Mótald: 56K Mótald
- Tengi: PCCARD I/II, VGA, lás, 2xUSB 2.0, ExpressCard 34/54
- Mic in, Line out, RJ-11, RJ-45, S-Video TV-out,
- Remote Controle infrarautt tengi.
- Rafhlaða: 6-Cell Lithium-Ion rafhlaða
- Mús/lyklaborð: Touchpad með scroll zone og íslenskt límmiðum
- Stýrikerfi: Microsoft Windows XP HOME
- Þyngd: 2.98kg
- Ummál(BDH): 263,9 x 357,8 x 44 mm
- Ábyrgð: 2ja ára ábyrgð

Office1 **129.900.-**

ÓTRÚLEGT VERÐ

Office1 **15.990.-**

## KiSS DP-1500 DivX©/DVD Player

- DVD spilari sem spilar allar gerðir diska
- Nettengdur, hægt að tengja við heimilistölvuna til að spila skrár beint í sjónvarð
- Uppfæranlegt stýrikerfi (e. firmware) til að viðhalda nýjustu tækni
- 2ja ára neytendaábyrgð







ÓTRÚLEGT VERÐ

Office1

**Hnattlíkan**

Vörunúmer: 025b2

Flott hnattlíkan í herbergið.

Aðeins **4.990.-**




ÓTRÚLEGT VERÐ

Office1

**Parker pennasett**

Vörunúmer: 6956045

Mjög vandað sett með kúlupenna og blekpenna. Falleg blekbytta og blekfylling fylgir með.

Aðeins **5.995.-**




ÓTRÚLEGT VERÐ

Office1

**Sjónaukar frá Konus**

Vörunúmer: 5222025

Vandaðir og góðir sjónaukar.
Stækkun 8 x 21

Aðeins **1.990.-**

ÓTRÚLEGT VERÐ

Office1

**Sjónaukar frá Konus**

Vörunúmer: 5222041

Mjög góður free fókus sjónauki.
Stækkun 10 x 25

Aðeins **3.990.-**

ÓTRÚLEGT VERÐ

Office1

**Parker pennasett**

Vörunúmer: 69575572

Mjög vandað sett með kúlupenna og blýpenna. Vönduð borðklukka fylgir með.

Aðeins **5.995.-**

Office1

**Parker pennasett**

Vörunúmer: 695452525

Mjög vandað sett með kúlupenna og blýpenna.

Aðeins **1.495.-**

ÓTRÚLEGT VERÐ

## Office1 Superstore

**Afgreiðslutímar**

*Office 1 Smáralind*
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18

*Office 1 Skeifunni 17*
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17

*Office 1 Akureyri og Ísafirði*
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16

*Egilsstöðum*
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-14

*Vestmannaeyjum*
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 10-16

# Margar útfærslur á fermingunni

Á meðan stór hluti íslenskra 8. bekkinga gengur til prests og lætur fermast er einnig talsverður hópur fólks í öðrum trúfélögum sem hafa ekki sömu siði og íslenska þjóðkirkjan.

Á Íslandi eru starfrækt um 25 önnur trúfélög og hefur hvert sína siði og venjur. Möguleikar ungmenna til þess að taka upp trú eða játa hana opinberlega eru því býsna margir.



Í trúfélaginu Krossinum fermast unglingar ekki vegna þess að ferming er staðfesting á skírninni og hafa þeir sem eru í Krossinum þegar játað trú sína á fermingaraldri. Unglingarnir hljóta í stað þess unglingablessun og fyrirbæn fyrir átök lífsins sem framundan eru.

Samkvæmt Vottum Jehóva stangast fermingin á við Biblíuna og því hljóta vottar í stað þess fullorðinsskírn þegar að þeir hafa tekið afstöðu í trúmálum.

Kaþólsk ungmenni hljóta biskupun sem kallast einnig fermingarsakramenti og er það kaþólski biskupinn sem veitir þetta sakramenti með handayfirlagningu, bænum til heilags anda og smurningu með heilagri olíu. Í þeim sóknum sem öflugt starf fer fram hefja börnin fermingarsakramentisfræðsluna við sex ára aldur. Tæplega 80 ungmenni fermast í kaþólsku kirkjunni í ár og fyrir utan athöfnina sjálfa eru veisluhöldin með svipuðum hætti.

Í Fríkirkjunni í Reykjavík sem er næststærsta trúfélagi á Íslandi hittast ungmennin um miðjan ágúst árinu fyrir fermingu og hefja nám í sérstökum fermingarskóla. Þegar að skólanum líkur í lok ágúst hittast fermingarbörnin mánaðarlega til þess að sækja fræðslu fram að fermingu sem fer að mestu leyti eins fram og hjá þjóðkirkjunni. Fríkirkjan sker sig úr að því leiti til að börnin fá sjálf að ráða fermingardeginum og fjöldi fermingarbarna fer aldrei yfir 10 hverju sinni.



Siðfesta fer oftast fram að sumri til úti í guðsgrænni náttúrunni.

# Siðfesta hjá Ásatrúarfélaginu

Ferming er staðfesting skírnar og um leið vígsluathöfn inn í heim hinna fullorðnu. Flest trúarbrögð og þjóðfélög stunda slíkar vígslur og er Ásatrúarfélagið þar engin undantekning.

Manndómsvígsla ásatrúarmanna kallast unglingavígsla eða siðfesta. Hlutverk hennar er að kynna ungum einstaklingum ásatrú, hver gildi hennar eru og að taka unglinga í fullorðinna manna tölu. „Við reynum að fræða ungmennin um boðskap ásatrúarinnar og við látum þau lesa Hávamál og Eddukvæði,“ segir Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði Ásatrúarfélagsins. „Við erum líka svo heppin að við getum sniðið fræðsluna að hverju barni fyrir sig. Yfirleitt er það einn goði sem sér um að hitta krakkana og sér hann um fræðsluna.“

Þegar unglingar taka siðfestu eru þeir yfirleitt 13 ára en að sögn Hilmars er allur gangur á því. „Flest barnanna eru 13-16 ára, en það eru dæmi þess að fullorðnir einstaklingar gangi í gengum athöfnina,“ segir Hilmar.

Það er ekki árstíðabundið hvenær siðfestan fer fram. Sumir kjósa að vera samferða kristnum félögum sínum og taka siðfestu í mars eða apríl. Algengast er hins vegar að athöfnin fari fram á sumrin og þá undir berum himni. Þingvellir eru vinsælir í þessu tilliti en börnin sjálf fá miklu um það ráðið hvernig og hvar athöfnin fer fram. „Við leggjum mikið upp úr því að börnin taki frumkvæðið sjálf. Mörg þeirra taka virkan þátt í að semja athöfnina en almennt fer hún þannig fram að vinir og ættingjar koma saman í heimahúsi, félagshúsinu eða á Þingvöllum. Börnin hafa valið tvö vers úr Hávamálum sem þau fara með og í kjölfarið eru þau boðin velkomin í samfélagið,“ segir Hilmar.

Tvö til fjögur börn siðfestast á ári hverju. Athöfnin hefur verið framkvæmd árlega í rúm 15 ár og fara tvær slíkar fram í ár.




Í Völusteini færð þú allt sem viðkemur fermingu. Servíettur, sálmabók og gestabók, sem við sjáum svo um að láta gylla á, ásamt fermingastyttu, áletruðu kerti og öllu öðru sem þarf til að gera þína veislu sem glæsilegasta.
Hjá okkur færðu sérþekkingu og þjónustu varðandi allt sem þú þarft fyrir ferminguna.

VÖLUSTEINN
fyrir fima fingur
Bæjarlind 14 - 16 / Sími 588 9505 / www.volusteinn.is



Júlía Rós á bágt með að trúa því að krakkar séu bara að fermast til að fá gjafir.
MYND/ÆGIR ÞÓR EYSTEINSSON

# Myndi láta ferma sig án gjafanna

Júlía Rós Sigurjónsdóttir telur mikilvægt að ferma sig til að staðfesta trú sína.

Júlía Rós Sigurjónsdóttir er fjórtán ára Akureyrarmær úr Lundaskóla. Hún var að ljúka við fermingarprófið í Akureyrarkirkju þegar blaðamann bar að garði. Júlía Rós segist hafa ákveðið að fermast til að staðfesta skírn sína og trú. Hún játar því að vera trúuð og einmitt þess vegna hafi aldrei annað komið til greina en að fermast.

Júlía Rós segir krakka fermast bæði til að staðfesta trú sína og vegna gjafanna. „Ég held nú að flestir séu að láta ferma sig til að staðfesta trúna, en það gæti alveg verið að einhverjir fermist eingöngu vegna gjafanna,“ segir Júlía Rós. Hún segir að það myndi engu máli skipta þótt hún fengi engar fermingargjafir, því hún myndi samt vilja staðfesta trú sína.

# Sjö sakramenti en ekki tvö

Árlega eru um 60 einstaklingar á öllum aldri fermdir að kaþólskum sið.

Misjafnt er eftir löndum á hvaða aldri börnin eru fermd en hér á landi er miðað við að þau séu á fjórtánda aldursári, sem er hinn almenni fermingaraldur á Íslandi.

Athöfnin sjálf er samt ólík hinni venjulegu athöfn þjóðkirkjunnar. Þar er það til dæmis biskupinn sem fermir og svo eru sakramentin sjö en ekki tvö eins og hjá lútersku kirkjunni og er fermingin þriðja sakramentið. „Fyrstu þrjú sakramentin, sem eru skírnin, altarissakramentið sem börn fara í níu ára að aldri og fermingin, mynda eina heild og kallast hún inngangur í kristna trú,“ segir séra Jürgen. Þegar henni er lokið telst einstaklingurinn vera orðinn kristin manneskja.

Fermt er í sunnudagamessum safnaðarins og er fermt í Landakotskirkju, Maríukirkju í Breiðholti, Jósefskirkju í Hafnarfirði og kaþólsku kirkjunum á Akureyri og Ísafirði og í Stykkishólmi og Reykjanesbæ. Eru allir velkomnir sem vilja og er þetta kjörið tækifæri til að kynna sér kaþólska kirkjusiði. „Sjálf fermingarathöfnin fer þannig fram að fermingarbörnin ganga til altaris og endurnýja skírnarheitin. Þá leggur biskupinn hönd sína yfir börnin og signir þau með merki krossins. Í lok athafnarinnar smyr hann þau með „krisma“, heilagri olíu, og þá eru þau fermd,“ segir séra Jürgen og bendir síðan á að fyrsta altarisganga barna( sakramentið sem fer fram við níu ára aldur, fer fram annan sunnudag eftir páska. Byrja börnin að skrifta nokkrum dögum fyrir hana og skrifta reglulega þaðan í frá.



Kaþólska kirkjan í Landakoti.

## Tölvuleikir í fermingarpakkann




Tölvuleikir eru alltaf að verða vinsælli gjafir og úrvalið að verða betra. Margir tölvuleikir eru frábær afþreying og ekki ganga þeir allir út á hrottalegt ofbeldi eins og sumir halda. Margir unglingar myndu eflaust kjósa skemmtilegan tölvuleik fram yfir gömlu góðu orðabókina sem fermingargjöf þó svo hin síðarnefnda sé praktískari.

Vinsælustu titlarnir í tölvuleikjaheiminum um þessar mundir eru meðal annars hinn flotti Fifa Street 2 sem er fótboltaleikur sem gerist á götum úti og skartar öllum helstu stjörnum fótboltans. Buzz-leikurinn sem nú kominn í nýrri útgáfu er spurningaleikur sem notið hefur mikilla vinsælda undanfarna mánuði. Honum fylgja sérstakar fjarstýringar sem leikmenn nota til þess að svara spurningum. Buzz er tilvalinn fyrir vinahópa til að spila.

Margir þekkja Championship Manager-seríuna en í henni rætast draumar allra þeirra sem vilja stýra eigin knattspyrnuliði. Í leiknum geta leikmenn brugðið sér í þjálfaraúlpuna og tekið við stjórn knattspyrnuliða allt frá Fjölni í Grafarvogi til Barcelona á Spáni.

Í leiknum Sims 2 Open For Buisness geta spilarar látið Simsana góðkunnu setja á laggirnar sinn eigin rekstur. Byggja þarf upp húsnæði, auglýsa, ráða fólk og reka það aftur ef harðnar á dalnum. Sims-leikirnir henta öllum aldurshópum og eru drjúg dægrastytting.

Lara Croft snýr aftur í ár í Tomb Raider Legend-ævintýraleiknum á PC og PS2. Lara þarf að ferðast um heiminn í leit að fornmunum og berjast fyrir lífi sínu um leið. Leikurinn gengur líkt og fyrri leikirnir út á það að leysa þrautir og finna réttu leiðina.

PS2 tölvan er einnig góð fermingargjöf. Hana má nota til að spila tölvuleiki, horfa á dvd og spila tónlist. PS2 er löngu búin að sanna sig og fæst hún á góðu verði.

## Ferming

### Orðabækur eru algengar fermingargjafir en hvernig skilgreinir orðabókin ferminguna?



Ferming, ar, ar KV 1 það að koma fyrir farmi í farartæki: 2 trúarleg athöfn, það að ferma, þar sem prestur fermir börn eftir að þau hafa hlotið fræðslu um kristna trú og siðfræði, eitt af sakramentum kaþólskar kirkju: 3 borgaraleg ferming, hátíðleg athöfn sem ekki tengist kirkju eða kristni en er haldin fyrir börn á fermingaraldri í kjölfar fræðslu um siðfræðileg og félagsleg efni.





# Ekkert mál að muna trúarjátninguna

Stefán Ernir Valmundarsson segist ekki hafa verið mjög trúaður þegar fermingarfræðslan hófst, en með tímanum hafi hann sannfærst.

Stefán Ernir Valmundarson, þrettán ára nemandi í Lundaskóla á Akureyri, segist ætla að fermast til að staðfesta trú sína á Guð. Hann segist ekki hafa verið mjög trúaður þegar hann byrjaði í fermingarfræðslunni, en eftir að hafa fengið kennsluna og lesið trúarjátninguna hafi hann sannfærst. Hann telur að krakkar fermist fyrst og fremst vegna hefðar. „Ætli það sé ekki vegna þess að það er hefð hjá fjölskyldum að það sé sjálfsagt að fermast,“ segir Stefán Ernir.

Hann útilokar ekki að krakkar fermist að einhverju leyti líka vegna gjafanna, enda séu þær ekkert slor á þessum góðæristímum. „Sumir fá mikið af peningum, ég heyrði til dæmis af því um daginn að einhver fékk milljón í peningum frá ömmu sinni og afa. En ætli meðaltalið sé ekki í kringum 120 þúsund krónur. Svo eru I-podar, ferðatölvur, risaflatskjáir og heimabíó algengar gjafir", segir Stefán Ernir.

Stefán Ernir segir að hann spái ekki mikið í fermingargjafirnar, hann sé fyrst og fremst að sýna fólki að hann trúi á Guð með því að fermast. Hann segir það alls ekki óhugsandi að einhverjir myndu hætta við að láta ferma sig ef ekki væru gjafirnar.

Hann segist ekki kvíða því að þurfa að fara með trúarjátninguna fyrir framan fulla kirkju af fólki á fermingardaginn. „Hún festist inni í hausnum þegar það er búið að fara ítarlega í hana og útskýra hana fyrir manni, því þá skilur maður hana og þá er mun auðveldara að muna hana,“ segir Stefán Ernir.




# Taka ferminguna alvarlega

Sólveig Halla Kristjánsdóttir er yngsti prestur Akureyrarkirkju. Hún var vígð í september á síðasta ári og hefur því sinnt starfinu í tæpt ár.

Sólveigu Höllu Kristjánsdóttur, sóknarpresti í Akureyrarkirkju, líkar starfið afar vel og krökkunum líkar greinilega vel við hana því að flest þeirra hafa valið Sólveigu Höllu til að ferma sig þetta árið. Sólveig Halla settist niður með blaðamanni til að ræða ferminguna.

„Eftir siðbótina hans Lúthers hefur ferming aðallega verið tengd trúarlegri fræðslu ungmenna. Ferming var miklu meiri kirkjuleg athöfn fyrir siðbótina þar sem þeir sem vildu fermast voru smurðir og þess háttar en Lúther vildi ekki að ferming væri þetta sakramenti og því tók hún miklum breytingum“, segir Sólveig Halla.

„Þegar barn fermist í dag er það að lýsa yfir því opinberlega að það vilji hafa Jesú Krist að leiðtoga í sínu lífi. Gjarnan er talað um staðfestingu skírnarheitisins, en þegar við erum skírð varir það að eilífu. Þegar við fermumst hins vegar erum við að samþykkja það að foreldrar okkar eða forráðamenn hafi ákveðið að láta skíra," segir Sólveig Halla.

Spurð hvort hún telji börn of ung til að taka þessa ákvörðun á þessum tímapunkti, telur hún svo ekki vera. „Þeir krakkar sem ég hef haft í fræðslu hjá mér undanfarið finnst mér allflest skilja vel um hvað fermingin snýst. Þau eru þakklát fyrir að fá að staðfesta það sem þau hafa verið að hugsa og tækifærið til að fá að spyrja,“ segir Sólveig Halla.

Fermingin er jafnframt að sögn Sólveigar Höllu yfirlýsing um að vilja vera barn Guðs og vilja lifa lífinu sem kristinn einstaklingur og haga sér samkvæmt því. „Við erum alltaf að reyna að haga okkur eins og við teljum að Jesú myndi vilja að við gerðum. Við erum að endurskoða þessa ákvörðun daglega í okkar lífi varðandi afstöðu okkar til ýmissa mála. Það eru stríð í heiminum, hvaða afstöðu tek ég til þeirra? Hvað hefði Jesú Kristur sagt við þeim?,“ segir Sólveig Halla. „Maður á að vega og meta siðferðisleg mál út frá trúnni líka en ekki bara kaldri skynsemi.“

Sólveig Halla segist hafa tekið ferminguna sína mjög alvarlega. „Ég fermdist til að staðfesta trú mína og ég tók þetta mjög alvarlega, ég var spennt og uppljómuð. Þetta var mikið mál fyrir mig.“

Gjafirnar eru stór hluti af fermingarferlinu nú á dögum. Sólveig Halla segir að það væri ekki úr vegi að fræða foreldrana um leið og börnin sín um það að fermingin er ekki, og á ekki, að snúast jafn mikið um gjafir og raun ber vitni. Það sé mikilvægt að barnið fái að njóta sín á þessum degi á öðrum sviðum en þeim veraldlegu.

Á Akureyri fermast um 260 börn þetta árið og skiptist hópurinn nokkuð jafnt á milli Akureyrarkirkju og Glerárkirkju.



Sólveig Halla Kristjánsdóttir segir krakkana skilja vel hvaða þýðingu fermingin hefur.
MYND/ÆGIR ÞÓR EYSTEINSSON

# Notar ennþá flottu fermingarsokkabuxurnar sínar

Sigrún Ósk Kristjánsdóttir segir fermingarmyndirnar af sér vera hræðilegar en fötin hafi verið flott.

Sigrún Ósk Kristjánsdóttir fermdist á Akranesi í mars árið 1994. „Vá, ég er búin að eiga 10 ára fermingarafmæli án þess að hafa áttað mig á því, maður hefði kannski átt að halda upp á það,“ segir Sigrún Ósk, þegar hún er beðin um að rifja upp fermingardaginn sinn og allt sem honum fylgdi. Hún minnist þess að snjó hafi kyngt niður þennan dag og að veislan var haldin í Golfskálanum. „Bílarnir komust varla upp að skálanum og voru konur á nælonsokkabuxum með sultardropa að bera inn terturnar.

„Fermingarfötin mín voru ekki hræðileg, ótrúlegt en satt. Ég fór í Sautján og keypti mér flöskugrænan stuttan sléttflauelisskokk, sem ég notaði í mörg ár á eftir. Ég nota meira að segja ennþá fermingarsokkabuxurnar og fékk ég athugasemd um það um daginn hvað það væru flottar,“ segir Sigrún Ósk.

*Hvernig eru fermingarmyndirnar í dag?* „Þær eru náttúrulega skelfilegar, enda er ég á móti fermingarmyndatökum, þetta er mannskemmandi,“ segir Sigrún Ósk og rifjar upp hversu stórt verkefni það hafi verið að fá hana til að brosa. „Það er eins og það sé verið að taka mig af lífi á þeim öllum,“ segir hún og hlær.

Hún segist alls ekki sjá eftir því að fermast, en eftir á að hyggja hafi viðhorf hennar til ákvörðunarinnar breyst. „Mér finnst skrítið að þetta þyki sjálfgefið, eins og í mínu tilfelli var þetta engin ákvörðun, heldur bara eitthvað sem maður gerði. Foreldrar ættu kannski að ræða þessa ákvörðun við börnin sín, án þess að ég sé að halda því fram að ég myndi ekki endurtaka leikinn.“



Sigrún Ósk Kristjánsdóttir segir snjó hafa kyngt niður daginn sem hún fermdist.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

2 · 2+ · 2 BÍÓ · NFS · SIRKUS · SÝN




# SVONA SÉRÐ ÞÚ NFS OG SIRKUS MEÐ DIGITAL MYNDLYKLINUM ÞÍNUM

FRÁBÆR DAGSKRÁ ÁN AUKAGJALDS FYRIR ALLA MEÐ MYNDLYKIL FRÁ DIGITAL ÍSLANDI






Uppfærðu Digital lykilinn þinn strax í dag og njóttu alls þess sem Digital Ísland hefur upp á að bjóða.

## HVERNIG Á AÐ UPPFÆRA?

– Ýttu á aðalvalmynd á fjarstýringunni (menu).
– Þaðan ferðu í sjálfvirka leit og ýtir svo á OK.
– NFS og Sirkus skila sér í myndlykilinn þinn á skömmum tíma.

digital ísland

OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS

GOTT FÓLK McCANN




Ásdís Birgisdóttir, ráðskona Heimilisiðnarfélags Íslands, veitir ráðleggingar um íslenska búninginn. Félagið rekur þjónustudeild þar sem seld eru efni í hann, og Heimilisiðnaðarskólann þar sem boðið er upp á margs konar námskeið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Þjóðleg við hátíðleg tilefni

Ekki eru allir sem kjósa að fermast í nýjasta tískufatnaðinum. Margir kjósa þjóðlegra útlit og margar fermingarstúlkur vilja fermast í þjóðbúningi.

Til eru nokkrar gerðir af íslenska þjóðbúningnum og má með sanni segja að hver sé annarri fallegri. Íslenskar konur nota enn þjóðbúninginn við hátíðleg tilefni eins og við brúðkaup, skírn og fermingar.

Ásdís Birgisdóttir, ráðskona Heimilisiðnaðarfélags Íslands, segir íslenska þjóðbúninginn hafa notið vaxandi vinsælda síðasta áratuginn. „Það verður æ algengara að fólk eigi þjóðbúning,“ segir Ásdís. „Við fundum mikla aukningu fyrir aldamótin 2000. Fyrir aldamótin var minni áhugi á þjóðbúningnum og almenn þekking á búningunum lítil. Á stríðsárunum lagðist notkun þjóðbúningsins að stórum hluta af og þótti mörgum hann einfaldlega púkalegur. Í kjölfarið komu ein til tvær kynslóðir sem þekktu ekki þjóðbúninginn, notkun hans eða hefðirnar. Áhuginn fyrir búningnum hefur svo aukist síðustu ár og við finnum ekki síst fyrir miklum áhuga á að endurvekja gömlu búningana enda eru þeir mjög fjölbreyttir.“

Til eru margar gerðir af íslenska þjóðbúningnum og er þar upphlutur 20. aldar sá sem er best þekktur ásamt peysufötunum. Peysufötin hafa nánast ekkert breyst frá aldamótum 1900 og eru svört með slifsi í hálsinn. Við þau eru notuð svunta og skotthúfa með svörtum skúf, eins og við upphlutinn.

Eldri búningarnir, peysuföt og upphlutur 19. aldar, eru öðruvísi. Upphluturinn gat verið mislitur og skrautlegri og ekki borið belti við hann. Skotthúfan var djúp með mislitum skúf. Peysufötin voru einfaldari og við þau notuð djúp skotthúfa og klútur um hálsinn.

Notkun faldbúningsins lagðist af um 1850, en það er elsti búningurinn og sá skrautlegasti. En skautbúningurinn og kyrtill voru hannaðir um það leyti og nutu mikilla vinsælda. Því mætti segja að til séu fimm þjóðbúningar og tveir þeirra, upphluturinn og peysufötin eru til í tveimur gerðum, 19. aldar og 20. aldar. „Skautbúningurinn er í dag talinn mesti hátíðarbúningur íslenskra kvenna,“ segir Ásdís. „Kyrtillinn er svo léttari og einfaldari en hann var upphaflega hannaður sem dans- eða fermingarbúningur.“

Ásdís segir mun meiri virðingu ríkja í garð þjóðbúninganna í dag. Konur sem sækja námskeið hjá Ásdísi í þjóðbúningagerð koma margar með silfur og búningahluta sem hafa gengið í ættir. „Það þykir flott að eiga þjóðbúning í dag,“ segir Ásdís. „Margar fermingarstelpur vilja eignast þjóðbúning til að fermast í og einnig vilja það stúlkur sem eru að útskrifast úr menntaskóla og háskóla. Kvensilfur sem gengið hefur í ættir ásamt munum sem nýtast í þjóðbúning eru vegleg og verðmæt gjöf að gefa í tilefni fermingar.“



**UPPHLUTUR 19. ALDAR:** Upphlutur var hluti af gömlu faldbúningunum. Í íslenskum fornritum er niðurhlutur sú flík sem nú er kölluð pils. Honum var haldið uppi með bol sem hét upphlutur. Upphluturinn var nokkurs konar lífstykki undir faldbúningstreyju, peysu eða dagtreyju. Fáar myndir eru til af upphlutum frá fyrri tíð og má ætla skýringuna vera þá að hann þróaðist frá því að vera undirfatnaður í það að vera vinnufatnaður. Upphlutir 18. og 19. aldar voru oftast svartir en einnig , mislitir, ýmist rauðir, bláir eða grænir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**MÖTTULL:** Möttullinn er yfirhöfn ætlaður yfir skautbúninginn og kyrtilinn. Möttulinn var hannaður í kringum árið 1870. Hann er slá úr svörtu ullarefni, bryddaður með flaueli eða skinni og er hann kræktur saman með möttulpörum. Hér eru möttulpörin fallegt víravirki. Möttullinn er falleg yfirhöfn til að eiga með búningnum. Í raun fer engin önnur yfirhöfn betur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**FALDBÚNINGAR:** Búningar íslenskra kvenna á 18. og í byrjun 19. aldar eru kallaðir faldbúningar og draga nafn af höfuðbúnaðinum sem einkenndi þá. Konur báru skart og kvensilfur við búningana eins og hálsfestar, herðafestar, nælur, ermahnappa, svuntuhnappa, millur og skraut á belti. Fór það eftir efnum og ástæðum hve mikið var í borið Faldbúningarnir voru fjölbreyttir og mikið skreyttir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**UPPHLUTUR:** Upphlut 20. aldar, sem sjálfstæðan sparibúning, má rekja til konungskomunnar 1907. Stúlkur sem gengu um beina í konungsveislunni voru klæddar svörtum upphlut með hvíta svuntu og í hvítri skyrtu. Þessi búningur náði almennum vinsældum á fyrri hluta aldarinnar. Upphluturinn er ýmist úr klæði eða silki. Næla er í hálsmáli skyrtunnar og oftast eru notaðir ermahnappar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**KYRTILL:** Kyrtill, hannaður um 1870. Kyrtillinn var upphaflega hannaður sem dansbúningur eða sem fermingarbúningur.

# Fermingargjafir

www.hanspetersen.is/verslun

## Kodak EasyShare
**V530**





5 M.pixlar
3x Optical zoom
2" LCD hágæðaskjár
20 forstillingar
MPEG-4 vídeóupptaka
Vídeó zoom
ISO 80–800
Pictbrigde-staðall
Litir: Svart. silfur, bleik og rauð

~~Kr. 29.900,-~~ **Kr. 21.990,-**

## SAMSUNG
**DIGIMAX A402**



4 M.pixlar
4x digital zoom
1,8" LCD-skjár
1/1.25 CCD sensor
5 forstillingar
VGA vídeóupptaka
9 innbyggðir myndarammar
16 MB innra minni
Litir: Svart og silfur

~~K12.900,-~~ **Kr. 9.900,-**

## SAMSUNG
**DIGIMAX L50**



5 M.pixlar
39–109 mm linsa
2,5" hágæða LCD-skjár
ISO 50–400
10 sek. Voice memo á mynd
Margar forstillingar og timer
Vídeóupptaka
Lithium-rafhlaða
Pictbridge-staðall

~~Kr. 24.900,-~~ **Kr. 19.980,-**

**Tvær linsur í einni vél!**

## Kodak EasyShare
**V570**



5 M.pixlar
Tvær linsur í einni vél!
23 mm Schneider-breiðlinsa
39–117 mm Schneider-linsa
Panorama – 3 myndir í eina
MPEG-4 vídeóupptaka
ISO 64–800
Sjálfvirk hliðrun mynda
32 MB innra minni
Lithium-rafhlaða
Hleðsluvagga og tenging við tölvu
Easyshare-forrit

**Kr. 39.980,-**

**Frábært verð!**

## EPSON
**STYLUS R220 PHOTO**



Epson Micro Piezo-prenthausar
6 blekhylki
Allt að 5760x1440dpi
15 bls. á mín. Svart
15 bls. á mín. Í lit
Prentar á CD og DVD
Full blæðing
120 bls. blaðabakki
2xUSB2 tengi

**Kr. 7.900,-**

## Canon
**MV 900**



Myndflaga: 1/6" CCD
Pixlar: 800.000
Zoom: 25x (optical)
800x (digital)
2,7" breiðtjaldsskjár 16:9
Rafhlaða: 4½ klst
Fullkomin hristivörn

~~Kr. 34.900,-~~ **Kr. 29.900,-**

## Canon
**MVX450**



Myndflaga: 1/5" CCD
Pixlar: 1,33 millj.
Zoom: 20x (optical)
800x (digital)
Skjár: 2,7" 16:9 breiðtjald
Minnsta ljósmagn 2 LUX
Þyngd: 430 g
Hristivörn

Kr. 4.176,- 12 mán

~~Kr. 57.900,-~~ **Kr. 46.900,-**

## Logitech
**Logitech MM50***



3D stereo hljóð
Passar fyrir iPod, iPod mini, iPod Photo,
iPod video og iPod nano
Lithium Ion rafhlaða - allt að 10 klst hleðsla
Hægt að tengja við tölvu
Fjarstýring
Taska fylgir

**Kr. 15.900,-**

* Fæst aðeins í Kringlunni, Smáralind og Bankastræti

MasterCard

VISA AÐGREIÐSLUR

12 mán **Verð miðast við greiðslusamning Visa eða Euro til 12 mánaða**

# HANS PETERSEN

**Austurver • Bankastræti • Kringlan • Laugavegur 178 • Smáralind**

# FERMINGAR

# ACE 3700+



| | |
|---|---|
| Örgjörvi | 3700+ Athlon64 - 939<br>1MB flýtiminni, 2000FSB+HT |
| Móðurborð | MSI K8N NEO4 FI - SATA2<br>PCI-Express 16X, 10xUSB2, FireWire |
| Minni | 1GB DUAL DDR 400MHz Corsair<br>Corsair minni með lífstíðarábyrgð |
| Harðdiskur | 250GB WD SE 16MB - SATA II<br>SATA2 300, 7200RPM og 16MB buffer |
| Skjákort | 256MB GeForce6 NX6600GT<br>MSI Zero Noise, 1GHz DDR3, PCI-E 16X |
| Skjár | 17" LCD Acer 1716S flatskjár<br>500:1 í skerpu og 12ms viðbragðstími |
| Skrifari | 16x DVD±RW DL skrifari<br>Skrifar og les DVD og CD diska |
| Hljóðkort | 7.1 Dolby Digital DTS - EAX2<br>Frábært í leiki og bíómyndir |
| Hátalarar | 5.1 Altec Lansing hljóðkerfi<br>5 öflugir hátalarar og bassabox |
| Netkort | Gigabit 10/100/1000<br>Gigabit netkort |
| Stýrikerfi | Windows XP Home - SP2<br>Á íslensku eða ensku |

## GLÆSILEG NÝ KYNSLÓÐ AF ACE TÖLVUM Í ÁL TURNI

**64 BITA 3700+**
Leiðandi inn í framtíðina með framúrskarandi 64-bita tækni, Hyper Transport og 2000FSB

**6600GT ZERO NOISE**
Ótrúlega öflugt viftulaust skjákort og þar með 100% hljóðlaust með Zero Noise MSI Heatpipe tækni

**SATA II – 16MB**
Ný kynslóð harðdiska frá Western Digital sem eru enn hljóðlátari og allt að 100% hraðvirkari

**17" LCD SKJÁR**
Ótrúlega nettur skjár með 500:1 í skerpustig og 12ms hraða fyrir óaðfinnanleg gæði í leikjum

**5.1 HLJÓÐKERFI**
Altec Lansing 151i glæsilegt og kraftmikið 5.1 hljóðkerfi með 5 hátölurum og öflugu bassaboxi

**SPECIAL EDITION**
ACE SE kemur í álturni með nær hljóðlausum aflgjafa, Logitech mús, lyklaborði og SE músarmottu

VL15 * Samtals kr. 155.169 9.993

## VERÐ 149.900

## ACE AMD TILBOÐ 6



VL15 * Samtals kr. 134.466 8.660

3500+ AMD Athlon64 örgjörvi með 2000FSB og HT
1GB DUAL DDR minni • 250GB WD SE SATA2 harðdiskur 16MB
17" LCD skjár • 256MB GeForce7 NX7300GS PCI-E 16X skjákort
16xDVD±/DL skrifari • 7.1 Dolby Digital hljóðkort • Gigabit netkort
2.1 hátalarakerfi • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 129.900**

## ACE AMD TILBOÐ 9



VL18 * Samtals kr. 204.856 10.994

4200+ AMD DualCore X2, 2x512K flýtiminni, 2000FSB og HT
1GB DUAL DDR minni • 320GB WD SE SATA2 harðdiskur 16MB
17" Gamers skjár • 256MB MSI Geforce7 NX7600GT skjákort
16xDVD±/DL skrifari • 7.1 Dolby Digital hljóðkort • Gigabit netkort
2.1 hátalarakerfi • Windows XP PRO á íslensku eða ensku

**VERÐ 197.900**

## ACE AMD TILBOÐ 1



2800+ AMD Sempron 64-BIT HT
256MB DDR minni • 40GB harðdiskur
52x hraða geisladrif • 17" CRT skjár
64MB S3 Unichrome skjákort • Netkort
2 nettir hátalarar • Windows XP Home

**VERÐ 59.900**

## ACE AMD TILBOÐ 4



VL15 * Samtals kr. 103.411 6.660

3000+ AMD Sempron 64-BIT HT
512MB DDR minni • 250GB harðdiskur
16xDVD±RW skrifari • 17" LCD skjár
128MB GeForce 6100 skjákort • Netkort
2.1 hátalarakerfi • Windows XP Home

**VERÐ 99.900**

## ACE P4 TILBOÐ 3



VL15 * Samtals kr. 118.939 7.660

3.0GHz Intel P4 630 EM64T 2MB örgjörvi
512MB DDR2 minni • 250GB harðdiskur
16xDVD±/RW DL skrifari • 17" LCD skjár
128MB ATI Radeon X300 skjákort • Netkort
2.1 hátalarakerfi • Windows XP Home

**VERÐ 114.900**

## MSI H1 - MPC



VL12 * Samtals kr. 103.411 8.325

3000+ AMD Sempron 64-BIT HT
512MB DDR minni • 250GB harðdiskur
16xDVD±RW skrifari • 17" LCD skjár
64MB Unichrome skjákort • Þráðlaust lyklaborð og mús • Windows XP Home

**VERÐ 99.900**

# LANDSINS MESTA ÚRVAL

# R TILBOÐ




# ACER 5672

| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | **1.66GHz Intel Core Duo T2300** Með 667MHz FSB og 2MB flýtiminni |
| **Minni** | **1GB Dual DDR2 533MHz** Einfalt að stækka minnið í 4GB |
| **Harðdiskur** | **80GB 5400RPM SATA** 5400RPM SATA harðdiskur |
| **Skrifari** | **8xDVD±RW Slot DL skrifari** Skrifar DVD diska og CD-RW |
| **Skjár** | **15,4" WXGA WideScreen skjár** Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| **Skjákort** | **128MB ATI Radeon X1400** Sjálfst.minni, PCI-E 16X, TV-út |
| **Hátalarar** | **Hljóðkerfi með 2 hátölurum** Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| **Netkort** | **Gigabit 10/100/1000 netkort** Einnig innbyggt 56k mótald |
| **Þráðlaust** | **54Mbps þráðlaust netkort** Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| **Stýrikerfi** | **Windows XP Home - SP2** Á íslensku eða ensku |
| **Annað** | **Vefmyndavél og kortalesari** Hvoru tveggja innbyggt í tölvu |

## ACER 5672WLMi 1.66GHz DUO T2300 FERÐAVÉL

**INTEL CORE DUO**
Intel Core Duo er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst og vinnslu í mörgum forritum í einu án vandræða

**15,4" CRYSTALBRITE**
Nýjasti 15,4" WXGA CrystalBrite skjárinn, 16ms viðbragðstími með ótrúlegri dýpt og skerpu

**8xDVD± SKRIFARI**
Super multi 8xDVD DL geislaskrifari með Slot Load rauf sem þú stingur diskum beint inn í

**128MB ATI X1400**
Nýjasta PCI-E 16X ATI skjákortið með sjálfstætt 128MB minni og möguleika á 512MB HyperMemory

**TENGINGAR**
Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 4xUSB2, VGA, DVI, TV-út, PCMCIA, kortalesara ofl.

**VEFMYNDAVÉL**
1.3 Megapixel Acer Orbicam vefmyndavél innbyggð í skjáinn með 225° snúningsmöguleika

## VERÐ 159.900

## ACER 5502ZWXMi




1.7GHz Intel Pentium M Dothan735 örgjörvi með 2MB flýtiminni 1GB DUAL DDR2 533MHz minni • 80GB Ultra ATA harðdiskur 8xDVD±RW DL skrifari • 14.1" WXGA CrystalBrite skjár 128MB Intel GMA900 PCI-E 16X skjákort • Þráðlaust netkort Aðeins 2.38kg • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 119.900**

## ACER 5652WLMib




1.66GHz Intel Core Duo T2300 örgjörvi með 2MB flýtiminni 2GB Dual DDR2 minni • 100GB SATA 5400RPM harðdiskur Slot 8xDVD±RW DL skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite skjár 256MB Geforce Go7600 PCI-E 16X skjákort • Gigabit netkort Innbyggt Bluetooth • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 197.900**

Öll verð eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

## ACER 3613LMi



1.5GHz Intel Celeron M 370 Centrino 1MB 256MB DDR minni • 40GB harðdiskur DVD±RW skrifari • 15" XGA skjár 64MB GMA900 skjákort • Þráðlaust net Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 79.900**

## HP NX6125 - 4



1.8GHz Mobile AMD Sempron 3000+ 512MB DDR minni • 60GB harðdiskur DVD±RW skrifari • 15" SXGA skjár 128MB ATI Radeon X300 skjákort Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 89.900**

## MSI M645 - 1



1.73GHz Intel Pentium M Dothan740 1GB DDR minni • 100GB harðdiskur 8xDVD skrifari • 15.4" WXGA ColorBrite skjár • 128MB Geforce Go6600 skjákort Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 149.900**

## SONY VAIO A617B



1.73GHz Intel Pentium M Dothan740 1GB DDR2 minni • 80GB harðdiskur 8xDVD DL skrifari • 17" WXGA X-Black skjár • 256MB ATI Radeon X600 skjákort Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 199.900**

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðalegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

**TÖLVULISTINN**
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

**REYKJAVÍK** Nóatúni 17 Sími 562 6730
**AKUREYRI** Glerárgötu 36 Sími 464 7400
**KEFLAVÍK** Hafnargötu 90 Sími 534 7400



# Tíu vinsæl ritningargreinar

Matt. 5.7 Sælir eru miskunnsamir, því að þeim mun miskunnað verða.

Matt. 5.8 Sælir eru hjartahreinir, því að þeir munu guð sjá.

Matt. 7.12 Allt sem þér viljið, að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.

Jóh. 3.16 Því svo elskaði guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki, heldur hafi eilíft líf.

Jóh. 8.12 Jesús sagði: Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér, mun ekki ganga í myrkri, heldur hafa ljós lífsins.

Jóh. 10.14 Jesús sagði: Ég er góði hirðirinn og þekki mína, og mínir þekkja mig.

Sálm. 37.5 Fel Drottni vegu þína og treyst honum, hann mun vel fyrir sjá.

Sálm. 42.2 Eins og hindin, sem þráir vatnslindir, þráir sál mín þig, ó guð.

Sálm. 86.11 Vísa mér veg þinn, Drottinn, lát mig ganga í sannleika þínum, gef mér heilt hjarta, að ég tigni nafn þitt.

Sálm. 119.9 Með hverju getur ungur maður haldið vegi sínum hreinum? Með því að gefa gaum að orði þínu.



Gói er um þessar mundir að leika í Litlu hryllingsbúðinni með Leikfélagi Akureyrar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fékk uppáhalds prestinn sinn

Guðjón Davíð Karlsson leikari spilaði á píanó, söng og hélt ræðu í fermingaveislu sinni.

Guðjón, eða Gói eins og hann er kallaður, fermdist þann 10. apríl 1994 í Hallgrímskirkju. Um athöfnina sá pabbi hans, séra Karl Sigurbjörnsson biskup, en að sögn Guðjóns er þar á ferð uppáhalds presturinn hans. „Ef það væri hægt að fá prestamyndir eins og það er hægt að fá körfuboltamyndir, þá hefði ég safnað myndum af pabba í þrívídd,“ segir Gói og hlær.

Tíu krakkar fermdust með Góa þennan dag. „Flestir félaga minna höfðu fermst annan í páskum svo við vorum ekki mjög mörg. Ég var hins vegar langminnstur allra og það er til vídeó þar sem kameran er alltaf í sömu hæð nema þegar ég labba framhjá þá súnkar hún niður til að ná mér,“ segir Gói um leið og hann barmar sér yfir litlum vexti í æsku.

Fermingardagurinn var fallegur dagur, alla vega að sögn Góa. Veislan fór fram í safnaðarheimili Hallgrímskirkju og þar var margt um manninn. Þar sem ástarsamband Góa og listagyðjunnar hófst snemma söng hann og spilaði á píanó í veislunni, ásamt því að halda ræðu.

Gói fékk margar og góðar fermingagjafir. Eins og lög gera ráð fyrir fékk hann óhemju mörg pennasett. Þar að auki fékk hann forláta úr sem vakti mikla lukku. Það reyndar gengur ekki í dag en Gói er handviss að það sé einungis vegna rafhlöðuvandræða. Hann fékk líka svefnpoka og svo keypti hann sér fjallahjól fyrir hluta fermingarpeningsins. „Ég keypti mér Mongoose-fjallahjól og það gengur enn, engar rafhlöður þar. Þetta er stórglæsilegur grænn gripur. Það var búið að vera í ár í versluninni þannig að ég fékk það með góðum afslætti. Ég veit ekki alveg af hverju, það var ekki eins og það væri myglað,“ segir Gói. „Svo keypti ég á það hraðamæli, bretti og geðveika lukt og gerði þetta hjól að flottasta hjóli á landinu. Eftir það var ég eiginlega ofvirkur dvergur á geðveiku hjóli.“



# Fermingin er innganga en ekki útskrift

Séra Þórhallur Heimisson, prestur í Hafnarfjarðarkirkju, segir að krakkarnir taki virkan þátt í kirkjunni eftir að þau fermast. Æskulýðsstarfið í kirkjunni er mjög öflugt og krakkarnir stunda það mörg fram að tvítugu.

Séra Þórhallur Heimisson segir að það sé algengur misskilningur að við ferminguna útskrifist krakkarnir úr kirkjunni. Hann segir að það beri að líta á ferminguna miklu frekar sem inngöngu í kirkjuna. „Ég væri kannski ekki að segja þér alveg satt ef ég myndi segja að krakkarnir væru duglegir við að mæta í hina hefðbundnu sunnudagsmessu fyrstu árin eftir ferminguna“, segir séra Þórhallur.

Í Hafnarfjarðarkirkju er hins vegar starfrækt afar öflugt æskulýðsfélag og er áhugi unglinganna á því mikill. „Æskulýðsstarfið tekur að miklu leyti við af fermingarfræðslunni hjá unglingunum. Við bjóðum upp á öflugt æskulýðsstarf fyrir alla aldurshópa frá fermingu og allt upp í tvítugt.“ Í æskulýðsfélaginu eru haldnir fundir vikulega þar sem starfið er að mestu leyti skipulagt af æskulýðsleiðtogunum sem sjálfir ólust upp í félaginu. „Við prestarnir skiptum okkur ekki mikið af skipulaginu á starfinu.“

Starfið í félaginu segir Þórhallur vera fjölbreytt. „Það er allt mögulegt gert á fundunum sem enda síðan jafnan á bænastundum. Í fyrra fór hópur unglinga meira að segja í ferð til Dannmerkur.“


Séra Þórhallur Heimisson segir að það beri að líta á ferminguna sem inngöngu í kirkjunna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Æskulýðsfélagið er eins og áður segir opið öllum og eru krakkar á aldrinum 16-20 ára virkur hópur þátttakenda. „Þegar þau eru orðin eldri eru þau farin að taka meira á samfélagsmálum og ræða þau, þetta er orðinn meiri klúbbur þá.“

Í kirkjunni eru einnig haldnir viðburðir eins og poppmessur þar sem tónlist er spiluð í bland við fagnaðarerindið og sérstakar æskulýðsmessur eru einnig haldnar. Þessir viðburðir eru vel sóttir af ungu kynslóðinni. „Það er svo gjarnan sagt að Hafnarfjörður sé stærsta sjávarpláss á Íslandi og því hittir maður þessa krakka úti um allan bæ. Þegar ég fer í Bónus þá eru þau til dæmis að vinna á kassanum þannig að maður fær oft tækifæri til þess að spjalla við þau,“ segir séra Þórhallur glaðbeittur.

**Bráðsniðugt**

## Fjölmenna fjölskyldan mín



Það getur verið flókið að mæta í fermingarveislur í dag enda hefur fjölskylduformið sannarlega breyst síðustu ár. Nú eiga börn foreldra og stjúpforeldra, stjúpömmur og -afa, hálfsystkin, stjúpsystkin og svo mætti lengi lengi telja.

Þetta flókna fjölskylduform getur valdið hinum almenna fermingargesti miklu hugarangri og ruglingi enda ómögulegt að muna hver tengist hverjum blóðböndum.

Því er bráðsniðugt að hefja veisluna á lítilli ættfræðiræðu. Foreldrar fermingarbarnsins byrja á því að kalla upp barnið. Þar á eftir eru nýir makar foreldranna kallaðir upp. Svo eru öll systkini fermingarbarnsins, skyld eða óskyld, kölluð upp og tengslin útskýrð stuttlega. Þar á eftir eru ömmur og afar kallaðir upp og þá með nýjum mökum ef svo ber undir og útskýrt hver á hvern. Einnig er gaman að fá upp langömmurnar og -afana ef þau eru á lífi.

Svo er kjörið að taka myndir af nánustu ættingjum fermingarbarnsins, væntanlega í panorama, og setja í breiðan ramma til minningar.

Ekki kæmi á óvart þótt meira en hálfur salurinn væri staðinn úr sætum að upptalningu lokinni en þetta getur reynst hin besta skemmtun fyrir fermingargesti.

## Sögulegt um ferminguna

Ferming var lögskylda fram að trúfrelsinu sem fylgdi stjórnarskránni 1874 og veitti auk þess viss borgaraleg réttindi. Ferming og altarisganga voru til að mynda skilyrði fyrir hjónavígslu og fram undir aldamótin 1900 bar prestum að sjá til þess að ungmenni væru bólusett gegn kúabólu áður en þau voru fermd. Lög um trúfélög frá 1975 afnámu formlega það sem eftir stóð af þessum gömlu lagafyrirmælum.

Hvað sem öllum kristindómi og lagagreinum leið voru það nánast óskráð lög að fermingin markaði stórt skref í þá átt að teljast kominn í fullorðinna manna tölu.

Texti fenginn upp úr bók Árna Björnssonar, Merkisdagar á mannsævinni.




# FLOTTAR FERMINGARGJ




9.900

SAMSUNG DIGIMAX A402
4Mpix. 4X digital zoom. 1,8” LCD skjár
1/1.25 CCD sensor. 5 Forstillingar
9 innbyggðir myndarammar. 16MB minni




15.995

SAMSUNG DIGIMAX S500
5.1Mpix. 5X digital zoom. 2.4” LCD skjár
1/1.25 CCD sensor. 5 Forstillingar
9 innbyggðir myndarammar. 16MB minni



19.995

SAMSUNG DIGIMAX L50
5.1Mpix. 5X digital zoom. 39-109mm linsa
2.5” hágæða LCD skjár. ISO 50-400.
10 sek. voice memo á mynd. margar
forstillingar og timer. Video upptaka
Pictbridge staðall




23.900

SAMSUNG DIGIMAX V530
5Mpix. 3X optical zoom. 2” hágæða LCD skjár
20 forstillingar. MPEG4 videoupptaka
Video zoom. ISO 80-800. Pictbridge staðall

SAMSUNG DIGIMAX I6PMP
6Mpix. 39-117mm linsa
2,5” hágæða LCD skjár
Spilar kvikmyndir og MP-3
Heyrnatól fylgja
Videoupptaka AVI MPEG4
Macro 5-50cm
ISO 100-400
Diktafónn 1klst. upptaka
Self Timer (2 eða 10sek)




27.900

---

SCOTT DPXi 102
Ferða DVD spilari með 10” LCD skjá
Spilar: DiVX/Xvid/MPEG4/DVD/DVD+R/DVD+RW
DVD-R/DVD-RW/JPEG. Dolby Digital. Audi/Video
útgangur. Coaxial Digital útgangur. 2 heyrnatólatengi
Heyrnatól fylgja. 12 volta snúra í bíl fylgir
Taska fylgir




34.995

---



WHAT HI-FI? SOUND AND VISION
★★★★★

“Looks great, works superbly; real
power and good integration
make the Aego M one of the
best-sounding speaker system
in its class”
What Hi Fi

19.995

ACOUSTIC ENERGY AEGO M
Hátalarakerfi fyrir iPOD, tölvur og
önnur hljómtæki
Fæst í hvítu og svörtu



# AFIR



**29.995**

**SCOTT MDXi 90**
Glæsileg hljómtæki með geislaspilara. DVD spilara og útvarpi. Spilar: CD/CD-R/CD-RW/MP-3/DVD/DVD+R/DVD+RW/DVD-R DVD-RW/MP-4/XVID/JPEG. Útvarp með 40 stöðva minni. USB tengi að framan. KARAOKE kerfi. Dolby digital. Magnari 2 x 35 wött RMS. Scart tengi. Composite útgangur. Audio L/R útgangur. Digital audio útgangur. Fullkomin fjarstýring

---



**14.995**

**SCOTT MDX i30**
DVD hljómtæki sem spila: DVD/MP4/XVID/DVD+R/DVD+RW DVD-R/DVD-RW/CD/JPEG/CD-R/CD-RW/MP-3/WMA. Útvarp með 30 stöðva minni. Dolby Digital. USB tengi að framan 2X15 watta magnari. Fullkomin fjarstýring. Scart tengi S-Video tengi. Composite tengi. Coaxial tengi




**STAFRÆN UPPTÖKUVÉL, MYNDAVÉL OG MP-3 SPILARI**

**19.995**

**AIPTEK DV8900**
Allt að 10 Mega pixel ljósmyndir Minnsta Digital vél í heimi. Fjarstýring fyrir video og ljósmyndir. Upptökumöguleikar frá sjónvarpi og DVD. Hægt er að tengja vélina beint við prentara Night shot. Video stabilization. Multi-shot. Hægt er að setja hljóð með ljómyndum. Panorama myndir. Super Professional MP-3 spilari. 15 rása tónjafnari. 4 stero hljóðstillingar




**39.995**

**ELFUNK LT1508**
15" LCD sjónvarp. Upplausn 1024 X 768
100 stöðva minni. Textavarp. Heyrnatólatengi
Scart tengi. S-Video tengi. PC tengi
Fullkomin fjarstýring

**SCOTT DPXi 78**
Ferða DVD spilari með
7" LCD skjá. Spilar: MP4/DiVX Pro/Xvid
Kortalesari fyrir SD MMC/MS. USB tengi
Innbyggð rafhlaða. Heyrnartól fylgja
Taska fylgir

**19.995**




**4.995**



**SCOTT SW6**
MP-3 ferðatæki með geislaspilara og útvarpi

www.radio.is

**RADÍÓBÆR**

ÁRMÚLA 38 • SÍMI 553 1133



17" flatur skjár
8ms Refresh !!
♫ Hátalarar ♫
Geforce 6200
256 mb skjákort
Kortalesari
DVD skrifari
300 GB SATA
Harður Diskur
AMD 64 bita
3700+
1 GB DDR
vinnsluminni
2ja ára Hp ábyrgð
Windows XP
Microsoft Word
og Works
Þráðlaust :-)
139.900 krónur
Hp Pavilion t3345
invent
lang mest seldu
tölvur í Evrópu*
www.fartolvur.is
Ferð þú á tónleika með Rolling Stones?
Muna! Taka
þátt í leiknum...
2ja ára
HP ábyrgð
Windows Xp
Microsoft works
15,4"
Breiður skjár !!!
'Bright View'
54g
Þráðlaust
netkort
ATi Radeon
128 MB
Skjástýring
AMD Turion
64 Bita
1,8 GHz
DVD skrifari
±R/±RW
1 GB DDR
Vinnsluminni
80 GB
Harður diskur
129.900 krónur
Hp Pavilion dv5052
Express Ferðir
Fótboltaferðir - Golfferðir - Tónleikar
Viðurkenndir HP Söluaðilar:
BÚÐIN
netx
SAMHÆFNI
Bókaverslun Þórarins
TRS
Office1 Superstore
hp búðin Reykjavík sími: 568 5400
Tölvuþjónustan Akranesi sími: 575 9200
Netx Egilsstaðir & Reyðarfjörður sími: 471 2011
Samhæfni Reykjanesbær sími: 421 7755
Bókaverslun Þórarins Húsavík sími: 464 1234
TRS Selfossi sími: 480 3300
Office1 um land allt sími: 550 4100
Opin kerfi ehf. er eini viðurkenndi innflutnings og þjónustuaðili á tölvubúnaði frá HP á Íslandi og er í nánu samstarfi við sölu- og þjónustuaðila um land allt. Verslaðu aðeins við viðurkenndan HP söluaðila, nánari upplýsingar á www.ok.is

10-11 ...þegar þér hentar

## FULLT STARF OG HLUTASTÖRF

10-11 óskar eftir duglegu og jákvæðu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu.Við óskum eftir starfsfólki í stöður vaktstjóra og þurfa umsækjendur að vera 20 ára. Einnig eru lausar stöður almennra starfsmanna og þurfa umsækjendur að vera 18 ára á árinu. Hjá okkur er andinn góður, félagslíf er virkt og taka starfsmenn verslana vel á móti nýliðum. Við bjóðum upp á margskonar vaktir, sem geta hentað með skóla, eða annari vinnu. Um er að ræða dagvaktir, kvöldvaktir og næturvaktir. Umsækjendum er bent á að hægt er að sækja um beint í verslunum okkar eða þá að senda inn umsókn á netinu.

Umsóknum er hægt að skila á vefnum
**www.10-11.is**

ÍSAM

## Íslensk Ameríska

Óskar eftir bílstjóra til starfa við útkeyrslu á vörum fyrirtækisins.

Viðkomandi þarf að vera stundvís, reglusamur og 25 ára eða eldri. Meirapróf er skilyrði.

Vinnutími 8-18 virka daga

Traust starf hjá sterku fyrirtæki.
ÍSAM er ein öflugasta heildsala landsins. Meðal helstu vörumerkja má nefna: Ora, Frón, Kexsmiðjan, Ariel, Pampers, Always, Pringles, Hersheys, Canderel, Campbellís, Gerber ofl.

Hægt er að fylla út umsókn á www.isam.is eða hafa samband við Steindór Grétarsson í síma 522-2700.

## Grunnskólinn í Grindavík
### lausar kennarastöður

Við leitum að áhugasömum kennurum til eftirfarandi starfa næsta skólaár.

- umsjónarkennurum á yngsta- og miðstig
- sérkennara
- myndmenntakennara í hlutastarf
- dankennara í hlutastarf
- heimilisfræðikennara í hlutastarf

Grindavík er blómlegt sveitarfélag með um 2700 íbúa í aðeins 50 km. fjarðlægð frá höfuðborginni. Nemendur eru 500 í 1.-10. bekk. Í skólanum er unnið framsækið starf af áhugasömu starfsfólki. Unnið er að innleiðingu uppbyggingastefnunnar - uppeldi til ábyrgðar. Nánari upplýsingar er að finna um skólann á heimasíðu hans **http://skolinn.grindavik.is**

Upplýsingar veitir skólastjóri í símum 420-1150 og 660-7320 (netfang gulli@grindavik.is.) **Umsóknarfrestur er til 20. apríl.**

Skólastjóri

FASTEIGNIR

## ATVINNUHÚSNÆÐI

**Smiðjuvegur 4**



Mjög aðgengilegt og þægilegt atvinnuhúsnæði á götuhæð með malbikuðu plani fyrir framan. Húsnæðið er tvö 141,2 fm samliggjandi rými alls 282,4 fm. Stórar innkeyrsludyr og gluggar snúa að götu. Í húsnæðinu er snyrting, kaffistofa og ágætt flísalagt móttökurými. Mjög hentugt húsnæði undir margs konar starfsemi. **Verð 36,9 millj.**

**Smiðjuvegur 14**



Vel staðsett iðnaðarhúsnæði á tveimur hæðum fyrir ofan götu á frábærum stað á Smiðjuvegi í Kópavogi. Húsnæðið er fljölnota og hentar margvíslegri starfsemi. Húsnæðið er nú í útleigu, en er laust 01.08.2006 eða fyrr. Eignin er alls 577,1 fm og skiptist í 369,3 fm iðnaðarrými sem er að mestu einn salur með ágætri lofthæð og einni góðri innkeyrsluhurð. Einnig er 207,8 fm skrifstofur á millilofti ásamt geymslurými á 1. hæð. Á 2. hæð er m.a. eldhús, snyrting, kaffistofa og skrifstofuaðstaða. Malbikað plan fyrir framan húsið. **Verð 69 millj.**

HÖFÐI FASTEIGNASALA
**Suðurlandsbraut 20**
**Sími 533 6050**
**Bæjarhrauni 22**
**Sími 565 8000**

**Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.sali – Kristín Pétursdóttir, lögg. fast.sali**

TILKYNNINGAR

KÓPAVOGSBÆR

## AUGLÝSING UM SKIPULAG Í KÓPAVOGI

**Vallakór 2-6. Verslunar- og þjónustumiðstöð. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi við Vallakór nr. 2-6. Í breytingunni felst að lóðunum nr. 2, 4 og 6 er breytt í tvær lóðir, Vallakór 2 og 4. Á lóð nr. 2 (suður hluti deiliskipulagssvæðisins) er deiliskipulagi frestað en á lóð nr. 4 er gert ráð fyrir einu verslunar- og þjónustuhúsi á 1-5 hæðum. Flatarmál fyrirhugaðs verslunar- og þjónustuhúss er áætlað allt að 9.000 m2 og miðað er við 1 stæði á hverja 35 m2 í húsnæði. Á lóðinni er gert ráð fyrir bílgeymslu að mestu neðanjarðar. Lóð undir spennistöð (við Þingmannaleið) er færð til. Enn fremur er svæði fyrir hverfisgáma fært til innan lóðar. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt skýringarmyndum og greinargerð dags. 14. mars 2006.

Tillaga verður til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8.00 til 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8.00 til 14.00 frá 10. apríl til 15. maí 2006. Upplýsingar um tillögurnar eru einnig á heimasíðu bæjarins *www.kopavogur.is.* Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega bæjarskipulagi **eigi síðar en kl. 15.00 mánudaginn 29. maí 2006**. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

HÚSA NAUST FASTEIGNASALA
Borgartúni 29 - Sími 530 7200
*Ásgeir E. Gunnarsson lögg. fasteignasali*



Ásgeir Erling Gunnarsson lögg.fast.sali



Páll Kolka



Skúli Sigurðsson

### EINBÝLI KÓPAVOGI



Tveggja hæða einbýlishús í grónu hverfi í Kópavogi. Neðri hæð: Forstofa og hol, svefnherbergi, snyrting, þvottahús. Eldhús, borðstofa og stór parketlögð setustofa með útgengi út á suður sólveröndog fallegan garð. Efri hæð: Hjónaherbergi með útgengi út á svalir móti suðri, tvö svefnherbergi, sjónvarpshol og baðgerbergi sem er flísalagt hólf í gólf. Allt umhverfi hússins er hið snyrtilegasta, garður mjög fallegur, bílastæði lögð munsturstteypu og vel hefur verið staðið að viðhaldi húss lóðar. **Verð: 42,6 millj.**

### RAÐHÚS MOS.



Raðhús á einni hæð. Forstofa er flísalögð, gestasn., hol er parketlagt, rúmgóð stofa með útgengi út á sólverönd. Í svefnálmu er hjónaherb. og 3 svefnh. Flísalagt baðh. með baðkari og sturtuklefa, hiti er í gólfi. Úr svefnálmu er gengt inn í geymslu og bílskúr, sem nú er nýtt-ur sem auka íbúð. Eldhús er rúmgott, borðkr., inn af eldh. er þv.hús. Fyrir framan húsið að norðanverðu eru hellulögð bílastæði með snjóbræðslukerfi. Á baklóð hússins að sunnanverðu er hellulögð sólveröndog og gróinn garður með limgerði á lóðarmörkum. **Verð: 35,7 millj.**

### SKEIÐARÁS GBÆ. BYGGINGALEYFI



Iðn.- og skrifst.húsn. 1.063 m2, á 2.987 m2 lóð, með bygg.leyfi fyrir stækkun um 729 m2. Deiliskipulag sem samþ. var í nóv. '01 segir m.a.: Nýt.hlutf.: Gr.fl. húss 40% af stærð lóðar að hámarki, en nýt.hlutf. er mest 60%. Byggingareitur og nýt.-hlutf.: Á lóðinni er nú skv. FMR. Bygginar á lóðinni alls: 1.063 m2. Byggingareitur: Er 1.440 m2 og leyfil. hám.fl.mál húss samkv. skilmálum um 1.792 m2. Vannýttir byggingamöguleikar innan byggingareits eru: 729 m2, þar af: Jarðhæð 282 m2, og efri hæð 447 m2.

### SKÓGARÁS



Rúmg. 129,6 fm og falleg, 4ra herb. íbúð á góðum stað. Íbúðin er á 2 hæðum, neðri hæðin er 80,7 fm og efri hæðin 48,9 fm Neðri hæð: Forst., hol, gólf er flísalagt. Stofa, gólf er flísalagt, útgengi út á suðv.-svalir. Eldhús með fallegri innrétt., rúmg. borðkr. Baðh. með flísum á gólfi og veggjum, falleg innrétt., baðkar. 2 rúmg., flísal. svefnh. Efri hæð: Rúmg. parketl. setust./sjónv.hol. Svefnh., parketl. Þv.hús er rúmg. Í þv.húsi hefur verið komið fyrir sturtukl. Geymslur eru undir súð. Fleiri fermetrar af efri hæðin nýtast í raun, en mæling FMR gefur til kynna. **Verð: 27,3 millj.**

### STÓRITEIGUR MOS.



2ja hæða raðhús, 167 fm þar af er bílsk. 22 fm. Neðri hæð: Forst. og hol er flísalh Eldhús er með góðri innrétth, borðkrókur, búr er inn af eldhúsi. Stofa snýr í móti suðri, gólf er parketlagt, útgengi út á sólveröndog og garð. Innbyggður bílskúr. Efri hæð: Stigi er parketlagður, hol er parketlagt. Þrjú barnaherbergi. Hjónaherbergi, góðir skápar, útgengi út á suðursvalir. Baðherbergi er flísalagt hólf í gólf. Þvottahús með útgengi út á stórar svalir. Járn á þaki hússins er nýtt. Skemmtilegt hús á góðum stað í grónu hverfi í Mosfellsbæ. **Verð: 32,9 millj.**

# Viðskiptahalli aldrei meiri

**UMRÆÐAN**
VIÐSKIPTAHALLI



**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON**

*Það gengur ekki til lengdar að vöruinnflutningur sé mun meiri en vöruútflutningur og þjónustugjöld mun meiri en þjónustutekjur. Það kemur að skuldadögum.*

Nýjar tölur frá Hagstofu Íslands og Seðlabanka um viðskiptajöfnuðinn árið 2005 leiða í ljós, að halli á viðskiptum við útlönd nam 164,1 milljarði króna síðastliðið ár. Er þetta mesti viðskiptahalli í sögu íslenska lýðveldisins. Hallinn var tvöfalt meiri í fyrra en árið áður. Halli á vöruskiptajöfnuðinum við útlönd nam 93 milljörðum króna. En auk þess var mikill halli á þjónustujöfnuði. Á fjórða ársfjórðungi 2005 varð 53,1 milljarðs króna halli á viðskiptajöfnuðinum miðað við 35,2 milljarða halla á sama tímabili árið áður. Strax og tölur þessar höfðu verið birtar veiktist gengi íslensku krónunnar. Þessi mikli viðskiptahalli er áhyggjuefni. Það gengur ekki til lengdar að vöruinnflutningur sé mun meiri en vöruútflutningur og þjónustugjöld mun meiri en þjónustutekjur. Það kemur að skuldadögum.

Á sama tíma og fréttir berast af hinum mikla viðskiptahalla birtist skýrsla frá einu stærsta verðbréfafyrirtæki heims, Merrill Lynch, um íslensku bankana og miklar erlendar skuldir þeirra en alls nema þær nú 1.200 milljörðum króna! Merrill Lynch lýsir áhyggjum af mikilli skuldsetningu íslensku bankanna og bendir jafnframt á mikil eignatengsl íslensku bankanna og stærstu íslensku fyrirtækjanna, sem hafa haslað sér völl erlendis. Telur Merrill Lynch, að lánshæfi íslensku bankanna sé ofmetið af Fitch Ratings og Moody´s. Þessi fyrirtæki taki ekki nægilegt mið af kerfislægri áhættu á fjármálamarkaðnum á Íslandi við mat á lánshæfi íslensku bankanna.

Skuldir þjóðarbúsins í heild hafa aukist mikið og nema nú 250% af landsframleiðslu. Ekkert ríki í Vestur-Evrópu skuldar svo mikið og raunar eru þessar skuldir með því mesta í heimi. Ísland er fimmtaskuldugasta ríki heims. Hagfræðingar telja, að erlendar langtímaskuldir ættu ekki að vera meiri en 50% af landsframleiðslu. Ljóst er því, að langtímaskuldir íslenska þjóðarbúsins eru komnar langt fram úr því, sem eðlilegt getur talist.

**500 milljarða fjárfesting erlendis**

Á árunum 2004 og 2005 keyptu íslensk fyrirtæki, þar á meðal bankarnir, erlend fyrirtæki fyrir tæpa 500 milljarða. Kaupin námu 210 milljörðum árið 2004 og 265 milljörðum árið 2005. Auk þess var um nokkur kaup að ræða, þar sem verðs var ekki getið í tilkynningum um kaupin en áætla má þau kaup. Markaðsvirði hlutafélaganna, sem stóðu að þessum fyrirtækjakaupum erlendis er alls 1.800 milljarðar í lok ársins 2005. Til samanburðar má geta þess,að verg landsframleiðsla í fyrra nemur 970 milljörðum.

Íslensku fyrirtækin keyptu fyrirtæki í yfir 20 löndum en mest er fjárfestingin í Bretlandi, Danmörku og Bandaríkjunum. Um þriðjungur fjárfestingarinnar átti sér stað í Bretlandi. Það félag, sem fjárfesti mest erlendis er KB banki en fjárfesting þess banka nam 145 milljörðum á umræddu tímabili. Íslensku bankarnir lánuðu íslenskum fyrirtækjum mikið fjármagn til kaupa á fyrirtækjum erlendis og íslensku bankarnir hafa fjármagnað fjárfestingu sína erlendis að verulegu leyti með lántökum ytra. Spurning er hvort fjárfesting Íslands erlendis hefur ekki verið fullhröð og erlendar lántökur of miklar. Skynsamlegt væri að hægja nokkuð á ferðinni.

**AF NETINU**

**Sýndarherlið**

En hvað er þá til ráða? Eiga Íslendingar að fara að greiða öðrum þjóðum – s.s. Frökkum eða Norðmönnum – stórfé til að hafa hér sýndarherlið sem getur þá varið okkur gegn ímynduðum ógnum? Slík ráðstöfun væri ekki aðeins álappaleg heldur einnig rándýr sýndarmennska sem er ólíklegt að falli þjóðinni í geð. Og staðreyndin er sú að nánast flestöll verkefni sem ráðamönnum gætu dottið í hug (hvort sem það væru fimm hátæknisjúkrahús á Vestfjörðum eða tveir flugvellir í Garðabæ) væru brýnni, þarfari og skynsamlegri en að eyða fjármunum í að halda uppi herafla á Íslandi.

**Katrín Jakobsdóttir á murinn.is**

**Hvar var Ögmundur?**

Ögmundur [Jónasson] er hins vegar þekktur fyrir að fylgja orðum sínum og skoðunum eftir af einurð og hörku. Mér hló því hugur í brjósti þegar ég las frétt í Guardian í vikunni af mótmælum í Frakklandi. Í miðri fréttinni var sagt frá því að að óþekktir mótmælendur hefðu meðal annars ráðist inn á skrifstofu þingmanns úr liði Chirac, Pierre Lallouche – og lagt þar allt í rúst!
Ég tók eftir því í vikunni að Ögmundur Jónasson var fjarverandi vegna stuttrar farar erlendis. Spurningin sem vakir í huga mér er þessi?
Var félagi Ögmundur í París?

**Össur Skarphéðinsson á web.hexia.net/roller/page/ossur/**

**Áhyggjuefni**

Nú þegar kona hættir sem Hæstaréttardómari hefði maður talið eðlilegt í ljósi þess að hlutfall kynjanna er nú ekki beint jafnt í réttinum, að horft hefði verið til kynferðis umsækjanda og að rétturinn hefði í umsögn sinni tekið mið af þeirri þjóðfélagsumræðu sem verið hefur í gangi undanfarin ár og áratugi. En það var ekki gert og enn einu sinni hlýtur ráðherra að hundsa skoðun Hæstaréttar þegar hann ræður dómara að réttinum. Það er áhyggjuefni að dómarar við Hæstarétt séu ekki meira meðvitaðir um það þjóðfélag sem þeir búa í. Sú staðreynd að þeir fylgist ekki betur með því sem frá löggjafanum kemur og séu ekki færir um að leggja á það sjálfstætt mat og draga af því augljósar ályktanir þegar kemur að starfi réttarins hlýtur að draga úr trúverðugleika Hæstaréttar.

**G. Valdimar Valdemarsson á timinn.is**

**Fallegt útivistarsvæði**

Því er ekki að neita, að flugvöllur í borginni miðri er býsna þægilegur. Margir Reykvíkingar geta pantað farmiða á netinu, pakkað niður og gengið eða ekið niður á völl á vel innan við klukkutíma og flogið síðan hvert á land sem er og jafnvel til Færeyja eða Grænlands. Ef eitthvað, þá er ekki ólíklegt að samgöngur með flugi eigi eftir að aukast til þessara nálægu útlanda, svo ekki sé minnst á einkaflug.
Í kring um völlinn er jafnframt fallegt útivistarsvæði, sem hyrfi með honum. Erlendis hafa menn t.d. hvorki í Lundúnum né Nýju Jórvík byggt þekkingarþorp í þeim stóru lystigörðum og útivistasvæðum sem þar eru. Jafnvel þó þau svæði væru líklega mun meira virði en 200 milljarðar íslenskra króna.

**Pétur Guðmundur Ingimarsson á frelsi.is**


# Ársfundir

## Lífeyrissjóðs lækna og Almenna lífeyrissjóðsins árið 2006

verða haldnir fimmtudaginn 27. apríl 2006 í sölum H og I, Nordica Hótel í Reykjavík.

LÍFEYRISSJÓÐUR LÆKNA

***Ársfundur Lífeyrissjóðs lækna hefst kl. 17.15, salur I***

**Dagskrá**

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2005.
3. Skýrsla um tryggingafræðilega úttekt.
4. Önnur mál.

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN

***Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins hefst kl. 17.15, salur H***

**Dagskrá**

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2005.
3. Skýrsla um tryggingafræðilega úttekt.
4. Önnur mál.

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN

***Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins, sameinaðs sjóðs Lífeyrissjóðs lækna og Almenna lífeyrissjóðsins, hefst kl. 18.00, salur H.***

**Dagskrá**

1. Stofnefnahagsreikningur 1. janúar 2006.
2. Kynning á markmiðum og fjárfestingarstefnu.
3. Tillögur um breytingar á samþykktum.
4. Kosning stjórnar. Kjósa skal tvo aðalmenn og einn varamann í stjórn til tveggja ára og einn aðalmann í stjórn til þriggja ára. Framboðum til stjórnar (aðalmenn) skal skila viku fyrir ársfund til stjórnar sjóðsins.
5. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
6. Ákvörðun um laun stjórnar.
7. Opnun á nýrri vefsíðu – www.almenni.is – kynning á síðunni.
8. Önnur mál.

Fyrir fundinn og milli funda munu ráðgjafar veita upplýsingar um sjóðinn, þjónustu við sjóðfélaga og ráðgjöf um samsetningu lífeyrisréttinda. Að fundi loknum verður boðið upp á pinnamat og fingrafæði undir ljúfum tónum félaga úr FÍH.

Nánari upplýsingar og tillögur um breytingar á samþykktum eru á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

***Stjórnir Lífeyrissjóðs lækna og Almenna lífeyrissjóðsins.***

# Þá kom röðin að Iggy Pop

**UMRÆÐAN**
IGGY POP



**ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON**

*Í upphafi keyptu um tuttugu þúsund manns þessa plötu. Hún selst enn, er hluti af lífeyri stráksins úr hjólhýsahverfinu í Ann Arbor og hefur haft áhrif á þúsundir ef ekki tugþúsundir rokkara og auðgað rokkið, sem er þáttur í menningu okkar, líka á Íslandi...*

Einkar ánægjulegt var að frétta að Iggy Pop væri á leiðinni til Íslands. Þar með bætist í hóp margra frægra og reyndra „Íslands“-rokkara einn sá áhrifamesti. James Newell Osterberg fæddist 21. apríl 1947, ólst upp í Ann Arbor í Michigan í Bandaríkjum Norður-Ameríku og kom fram á sjónarsviðið með hljómsveitinni Stooges árið 1967, þá eins og nú í fylgd bræðranna Rons og Scotts Asheton, en David Alexander spilaði með á bassa í upphafi, en hvarf svo á braut.

Iggy hlaut nafn sitt þegar hann lék á trommur með hljómsveitinni Iguanas nokkrum árum fyrr (1962-1965). Wayne Kramer úr annarri þekktri Michigan-sveit, MC5 sagði að Iggy hefði verið góður trommari, taktfastur en laus við skrúð og útúrdúra. Iggy lék einnig undir hjá ekki ómerkara listafólki en The Four Tops og the Marvelettes þegar þau kom fram í Ann Arbor, og reyndar mörgum fleiri tamla – motown-sveitum, sem ferðuðust án undirleikara vegna þess að það var ódýrara.

Móðir James Osterberg, Louella Christensen var af dönskum ættum, og faðir hans írskum og enskum, en ættleiddur af innfluttum Svíum. Hann var kennari. Þau hjón bjuggu í hjólhýsi með einkasyni sínum. Stooges var undir áhrifum frá Jim Morrison og Doors og vakti strax athygli fyrir hávært og taktfast rokk. Sumum ofbauð, en aðrir hrifust. Hljómsveitin gaf út þrjár skífur á ferlinum. Sú fyrsta var samnefnd, 1969, næsta var Fun House, 1970, og loks sú þriðja 1973, Raw Power sem heillaði undiritaðan, en Bowie átti þar í mikinn þátt. Sveitin leystist upp í eiturlyfjaneyslu og rugli skömmu síðar. Angie Bowie, eiginkona Davids, var send með þá til Bandaríkjanna vegna þess að ekki þótti óhætt að láta flugmiðana í hendur þeirra. Selja hefði mátt þá fyrir dópi. Síðar reis Iggy upp þegar Bowie gaf út Let´s Dance og lagið China Girl, sem þeir sömdu saman. Of langt mál er að gera grein fyrir allri sögunni. Fyrir áhugasama er bent á að bókin Gimme Danger: The Story of Iggy Pop eftir Joe Ambrose, Omnibus Press, 2004 er mikill brunnur fróðleiks. Þar er afar athyglisverð lesning á ferð. Ekkert kemur þó í stað tónlistarinnar. En Iggy hefur verið að allan tímann og gefið út margar sólóplötur.

Fyrir þremur árum fékk Iggy þá Asheton-bræður til liðs við sig og úr varð að þeir endurreistu Stooges, þessa áhrifamiklu sveit sem var langt á undan pönkinu er fyrst hélt innreið sína þremur árum eftir að Stooges lagðist í þriggja áratuga dvala. Nú munu þeir halda sig við upphafið að mestu og vantar ekki kraftinn í flutninginn. Iggy og Stooges eru reyndar goðsögn sem enginn rokkáhugamaður ætti að láta fram hjá sér fara. Iggy hefur lengi verið laus við fíkniefni, lifir heilsusamlegu lífi og fer örugglega úr að ofan 3. maí næstkomandi, enda treystum við á að ekkert verði gefið eftir hjá þessum 59 ára rokkara.

Í lokin má rifja upp til gamans að Raw Power var keypt í Ósló 1973 um sama leyti og báðir hægri fótar skórnir, sem eitt sinn var fjallað um í Fréttablaðinu. Þessi plata var betri kaup. Við bjuggum þá saman bræðurnir og hlustuðum mikið á rokk. Skúli og vinir hans og reyndar mínir líka töldu þennan flutning mikla hörmung og á endanum sá Skúli til þess að plötunni var skipt út fyrir aðra, sem enginn man lengur hver er. Nokkrum árum seinna var hann orðinn svo leiður á söknuði mínum eftir Stooges að hann færði mér nýtt eintak plötunnar.

Í upphafi keyptu um tuttugu þúsund manns þessa plötu. Hún selst enn, er hluti af lífeyri stráksins úr hjólhýsahverfinu í Ann Arbor og hefur haft áhrif á þúsundir ef ekki tugþúsundir rokkara og auðgað rokkið, sem er þáttur í menningu okkar, líka á Íslandi eins og Bubbi Morthens, er hljóðritaði lagið I Wanna be Your Dog með stæl fyrir meira en tveimur áratugum, er gott dæmi um. Nú verður það flutt af sjálfum meistaranum. Þá verður gaman enda hefur Stooges fengið góða dóma fyrir tónleikaferð sína.

*Höfundur er áhugamaður um rokktónlist og reyndar alla tónlist.*



**IGGY POP** Greinarhöfundur býst við að hann fari úr að ofan á tónleikunum.

# *Ríkisstjórnin forðast að vera þjóðholl*

**UMRÆÐAN**
STJÓRNHÆTTIR Á ÍSLANDI



**ALBERT JENSEN TRÉSMIÐUR**

*Niðurbrot ríkisstjórnarinnar á sjálfsvirðingu og hagsmunum þjóðar minnar, nægir ekki. Aðal gersemin, vatnið, skal af þjóðinni tekið með lögum. Heimskulegri rök fyrir breytingu laga, hef ég aldrei heyrt en frá núverandi atvinnumálaráðherra.*

Í Neytendablaðinu er fróðleg grein um upphaf grænu byltingarinnar. Fjallað er um baráttu líffræðingsins Rachelar Carson, við álíka þurs og nú ráða Framsókn og Sjálfstæðisflokki. Þrátt fyrir að vera metsöluhöfundur, fékk hún ekki birtar greinar til varnar hættu, sem öllum er nú löngu ljós. Endurteknar neitanir um birtingu greina, urðu til þess að hún skrifaði bókina: Raddir vorsins þagna. Bókin, sem kom út 1962, er talin upphaf umhverfishreyfingarinnar.

Því er þessi formáli, að enn eru eiginlegir kjánar við völd og það víðar en hér. Þetta er fólk sem skilur ekki samhengi óskaddaðs náttúrulegs umhverfis og hamingju sem svo leiðir til velfarnaðar. Því til viðbótar heldur það að auður fárra auki velmegun allra. Millistéttirnar sem álíta sig á fríum sjó, vaða villu. Réttlæti fyrir allt og alla er það eina sem kemur öllum vel. Líka þeim ríku. Misþyrming á náttúru landsins, hefur aldrei verið meiri en undir stjórn undanfarinna tveggja ríkisstjórna. Eignarétt einstakra manna, hafa þessir valdhafar metið meiri en rétt þjóðarinnar til eigin eigna. Meðan þjóðin svaf í velfarnaðarvímu, voru eignir hennar færðar einstaklingum fyrir nánast ekkert. Núverandi eigendur bankana, borguðu þá að mestu með skuldabréfum og létu svo gróðann af þeim ganga upp í.

Nú er svo komið, að fyrrverandi eignir þjóðarinnar eru notaðar til að græða á henni. Þjónusta síma og pósts, hefur snar versnað. Stjórnvöld gleymdu að gera ráð fyrir græðginni. Eða hvað? Bankarnir hafa sameinast í baráttu sinni við að rústa Íbúðalánasjóðinn, síðasta vígi almennings í peningamálum. Þeir lögðu niður fjölda útibúa, sögðu upp fólki og nú græðir síminn á langri bið viðskiptamanna sem hringja í bankana. Svo fara bankarnir með gróðann til annarra landa, þar sem þeir fá meira fyrir hann. Einkavæddu bankarnir fara offari í erlendum lántökum og óforsjálum útlánum. Erlendir keppinautar reyna að ófrægja þá og brigsla þeim um óábyrga fjárglæfrastarfsemi. Trúlega er öfundin þar að verki. Vonandi veldur græðgisvæðing bankanna ekki efnahagslegu skipsbroti, en hún hefur bitnað illa á óhörnuðum ungmennum. Þeim var talin trú um að lántaka fyrir bílum og öðrum forgengilegum hlutum, væri sjálfsögð og eðlileg.

Nýlega lét KG banki í það skína, að utan alls annars reksturs, gæfu höfuðstöðvar hans, þjóðinni meiri arð en stórt álver. Í sömu yfirlýsingu, bjó hann þjóðina undir flutning þeirra til útlanda, því það væri þægilegra. Sorglegt að bankarnir byggi meira á græðgi og gróða, en þjóðhagslegri verðmætasköpun. Ríkisstjórninni er varla sjálfrátt í mikilvægum málum. Þegar hún sá hvert stefndi í samskiptum við USA um herverndarsamninginn, skortir hana reisn eða vit, til að gera það sem gera þurfti. Bandaríkjamönnum leiddist þófið og gerðu einhliða það sem þeim kom best og við áttum að gera fyrir löngu. Kannski eru þeir vinir þegar það hentar þeim. Nú hefur forsætisráðherrann, ákafasti virkjana- og álsinninn, utan atvinnumálaráðherra, lýst yfir að ál- og virkjanabrálæðið sé ekki Framsókn eða öðrum valdhöfum að kenna. Fyrst og fremst séu það aðgangsharðir beiðendur stóriðju sem eigi sökina. Ef Sjálfstæðisflokkurinn nær borginni, selur hann Landsvirkjun Orkuveituna. Nái hann að halda völdum eftir kosningarnar 2007, mun hann einkavæða Landsvirkjun eins og hann hefur lýst yfir.

Niðurbrot ríkisstjórnarinnar á sjálfsvirðingu og hagsmunum þjóðar minnar, nægir ekki. Aðal gersemin, vatnið, skal af þjóðinni tekið með lögum. Heimskulegri rök fyrir breytingu laga, hef ég aldrei heyrt en frá núverandi atvinnumálaráðherra. Hún segir að lögin breytist ekkert við breytinguna. Væri hún þjóðholl, sem hún reynir að forðast, hefði hún breytt lögunum í það sem hún segir þau ekki vera. Fjöldi jarða hefur komist í eigu einstaklinga sem sjá sér hag í hækkandi verði þeirra og er vatnið aðalatriðið. Það greiðir útlendum auðjöfrum leið til að ráða örlögum Íslands og þar af leiðandi þjóðarinnar. Náttúrulegt umhverfi og hagsmunir þjóðarinnar, virðast núverandi stjórnvöldum aukaatriði.

Að síðustu vil ég minnast á Baugsmála leikritið, en það er eitt það dýrasta og vitlausasta sem hér hefur verið sett upp. Ég fæ ekki betur séð, en að Jóhannes í Bónus sé hinn besti drengur og hafi reynst þjóðinni vel. Að halda meingölluðum, kostnaðarsömum og niðurdrepandi málaferlum áfram gegn fjölskyldu hans, er yfirgengileg heimska, eða jafnvel verra. Það er í það minnsta, til skammar.

# Ályktun frá Heimdalli

**UMRÆÐAN**



**BOLLI THORODDSEN**
FORMAÐUR HEIMDALLAR

Heimdallur, félag ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, fagnar framlögðu frumvarpi dómsmálaráðherra sem kveður á um að hljóð- og myndupptökur í dómhúsum verði gerðar óheimilar. Fyrir þessari breytingu eru fjölmörg rök og vegur þar þyngst tillitið til sakborninga og vitna. Það hefur færst í vöxt að reynt sé að ná myndum af sakborningum og vitnum í dómsmálum og augljóst að myndatökur af þessu tagi geta valdið þeim miklum óþægindum. Það er meginregla réttarfars að sérhvert dómsmál hljóti sanngjarna og réttláta málsmeðferð og í því felst meðal annars að málsaðilum verði gert kleift að reka mál sitt fyrir dómstólum án þess að þurfa einnig um leið að verjast ágangi fjölmiðlamanna. Verði einstaklingar sakfelldir taka þeir út sína refsingu, óþarfi er að valda þeim og þeirra aðstandendum óþægindum og sársauka umfram það. Heimdallur skorar því á alþingismenn að samþykkja bann við hljóð- og myndupptökum í dómhúsum.





# Evans

## OPNAR Í SMÁRALIND Í DAG

Evans er vinsælt tískuvörumerki frá Bretlandi sem býður upp á spennandi úrval af nýjustu tísku í stærðum 16-28 fyrir konur.

Í tilefni opnunar gefst viðskiptavinum tækifæri á að vinna 10.000 kr. inneign.

Evans | Smáralind | s. 522 8400 | evans@evans.is

# Ótrúlegt verð

## Fermingargjafir í úrvali í Hagkaupum Smáralind,

TILBOÐ 29.990kr Verð áður 39.990,-



### Olympus myndavél
**8 megapixel**
- 3x optical / 5x digital zoom
- Linsa: 8.0 - 24mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
- 2,5" LCD skjár (215.000 pixlar)
- Autofocus og auto white balance
- Auto exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (640x480)
- 19 Scene prógrömm
- Auto flass og red eye reduction
- USB tenging
- 21,3mb innbyggt minni, tekur xD kort

11.990kr



### Olympus myndavél
**5 megapixel**
- 2.8x optical / 4x digital zoom
- Linsa: 6.2 - 17.4mm (35mm samb.: 38 - 106mm)
- 1,5" LCD skjár
- Autofocus og auto white balance
- Auto exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka, 5 scene modes
- Auto flass, red eye reduction og tímarofi
- USB tenging
- 28MB innra minni og tekur xD kort



7.990kr

### United MP3 spilari
**512 MB**
- LCD Skjár með baklýsingu • Hægt að vista tölvugögn eða MP3/WMA lög
- USB 2.0 Tengi • Endist í 12 klukkustundir með 1 AAA rafhlöðu
- Heyrnartól og rafhlaða fylgja



12.990kr

### United MP3 spilari
**1 GB**
- LCD Skjár með baklýsingu • Hægt að vista tölvugögn eða MP3/WMA lög
- USB 2.0 tengi • Endist í 12 klukkustundir með 1 AAA rafhlöðu
- Heyrnartól og rafhlaða fylgja



TILBOÐ 4.990kr Verð áður 7.990,-

### United MP3 spilari
**256 MB**
- FM útvarp, diktafónn • Hægt að vista tölvugögn eða MP3/WMA lög USB 2.0 tengi • Endist í 12 klukkustundir með 1 AAA rafhlöðu • Heyrnartól og rafhlaða fylgja



TILBOÐ 7.990kr Verð áður 11.990,-

### United MP3 spilari
**512 MB**
- FM útvarp, diktafónn • Hægt að vista tölvugögn eða MP3/WMA lög • USB 2.0 tengi • Endist í 12 klukkustundir með 1 AAA rafhlöðu • Heyrnartól og rafhlaða fylgja

54.990kr



### JVC digital tökuvél
- 20GB harður diskur (allt að 25 tíma upptaka)
- 1/6" Upptökuflaga með 800.000 pixela upplausn
- 2,5" LCD skjár
- Tekur SecureDigital kort
- 25x Optical / 800x digital zoom
- Innbyggð kyrrmyndavél (640x480)
- Tekur hljóð upp í dolby digital
- Power producer, power director
- Express og power DVD klippi- og afspilunarforrit fylgja
- Ljós að framan, titringsdeyfir
- USB 2.0
- Fylgihlutir : Fjarstýring, spennubreytir, rafhlaða, hugbúnaður (PC/MAC) og kaplar
- Stærð í cm (bxhxd): 6.7x7x10.9

TILBOÐ 24.990kr Verð áður 29.990,-



### Olympus myndavél
**7 megapixel**
- 3x optical / 5x digital zoom
- Frábær við öll birtuskilyrði
- Linsa: 6.5 - 19.5mm (35mm samb.: 37 - 111mm)
- 2,5" LCD skjár (115.000 pixlar)
- Autofocus og auto white balance
- Auto exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (640x480)
- 23 scene programmes
- Auto flass og red eye reduction
- USB tenging
- 19,1mb innbyggt minni, tekur xD kort
- Fæst í fjórum litum



14.990kr

### JVC míkrósamstæða
- 10w RMS magnari með bass boost • RDS útvarp með stöðvaminnum
- Geislaspilari með MP3 • Spilar CD-R/RW • Klukka • Auto reverse segulband
- Fjarstýring



29.990kr

### JVC míkrósamstæða
- Míkrósamstæða með 120w RMS magnara • 5 diska MP3 geislaspilari
- Spilar CD-R/RW • RDS útvarp með 30 stöðvaminnum • Active hyper-bass PRO, 2 stillingar • Klukka og svefnrofi • Aux inn að framan • Heyrnartólstengi
- Fjarstýring

### JVC heimabíókerfi
- 205w (5x33 og 1x40) dolby digital/DTS magnari
- 5 litlir umhverfishátalarar og bassabox
- Fjölkerfa DVD Spilari
- Spilar DVD, DVD-R/RW, CD-R/RW, DivX, VCD/SVCD, MP3 og JPEG
- Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II
- NTSC afspilun á PAL sjónvarp
- RDS útvarp með FM og 30 stöðvaminnum
- SCART með RGB
- Fjarstýring

TILBOÐ 24.990kr Verð áður 29.990,-



17.990kr



### iPod Nano 1GB
- 1GB iPod Nano MP3 spilari
- 1.5" LCD litaskjár (176x132 pixlar)
- Spilar MP3, Audible (2/3/4), Apple Lossless, AIFF, WAV og AAC
- Sýnir ljósmyndir
- Geymir allt að 240 lög eða 15.000 ljósmyndir
- Uppfæranlegur
- Endist í 14 tíma á einni hleðslu
- Tekur aðeins 3 tíma að hlaða (1.5 tíma upp í 80%)
- iTunes hugbúnaður fylgir (MAC/PC)
- Tónjafnari
- Vekjari og svefnrofi
- USB kapall og heyrnartól fylgja
- Þyngd aðeins 43gr.
- Litur: Svartur

Gildir til 14. apríl eða á meðan birgðir endast.

# á raftækjum

## Kringlu og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri



**TILBOÐ**
**24.990 kr**
Verð áður 29.990,-

### United 21" sjónvarp með DVD
- 21" black matrix myndlampi
- Stereo hljóðkerfi
- Textavarp, allar aðgerðir á skjá og scart tengi
- Fjarstýring
- Fjölkerfa DVD spilari
- Spilar DVD, VCD og SVCD
- Spilar CD, CD-R/RW, JPEG og MP3
- Stærð í cm (bxhxd): 50x50,5x47,5



**18.990 kr**

### United 21" sjónvarp
- 21" flatur black matrix myndlampi
- Textavarp
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Scart tengi og svefnrofi
- Fjarstýring
- Mál (bxhxd) : 59x45x49



**44.990 kr**

### Dantax 15" LCD sjónvarp
- 15" 4:3 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1024x768 punktar
- Svartími: 16ms
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp með 124 síðna minni
- Barnalæsing og fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Passar á VESA100 veggfestingar (fylgja ekki)
- Mál í cm (bxhxd): 43,9x30,5x7



**TILBOÐ**
**24.990 kr**
Verð áður 34.990,-

### United 28" sjónvarp
- 28" flatur black matrix myndlampi • Textavarp • 2x20w nicam stereó hljóðkerfi
- Allar aðgerðir á skjá • Svefnrofi • 2 scart tengi • Fjarstýring • Mál (bxhxd) : 73x55x49



**TILBOÐ**
**104.990 kr**
Verð áður 129.990,-

### Philips 26" HD LCD sjónvarp
- 26" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1280x768 punktar
- Digital crystal clear III og progressive scan
- HD ready
- Skerpa: 500:1 og svartími: 16ms
- Sjónsvið (H/V): 176/176° og birtustig: 400 cd/m2
- 20w nicam stereó hljóðkerfi með virtual dolby surround
- 2 Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- DVI-i tengi (styður VGA, SVGA og XGA)
- Borðstandur fylgir
- Passar fyrir VESA100 veggfestingar (fylgja ekki)
- Mál í cm (bxhxd): 79,2x43,1x10,9 og þyngd: 15kg



**TILBOÐ**
**59.990 kr**
Verð áður 89.990,-

### United 20" LCD sjónvarp
- 20" 4:3 LCD sjónvarp
- Upplausn: 640x480 punktar með skerpu 500:1
- Digital comb filter
- Sjónsvið (H/V): 160/140° og birtustig: 450cd/m2
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Passar fyrir VESA100 veggfestingar (fylgja ekki)
- Mál í cm (bxhxd): 61,6x39,5x7,5



**19.990 kr**

### Philips VHS og DVD spilari
• Fjölkerfa DivX DVD spilari og myndbandstæki • Spilar öll kerfi • Progressive scan • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD, SVCD, MPEG4, DivX 3.11/4.x/5.x • Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG • Dolby digital og DTS • Nicam stereó myndbandstæki • Hægt að horfa á DVD meðan tekið er upp á myndband • Longplay og NTSC afspilun • RCA tengi að framan • 2 scart með RGB og SVHS tengi • Component (Y, Pr, Pb) tengi • RCA audio útgangur • Optical og coaxial tengi • Fjarstýring



**129.990 kr**

### United 32" HD LCD breiðtjaldssjónvarp
• 32" HD 16:9 LCD sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • Progressive scan • HDTV ready • Skerpa:800:1 og birta: 550 cd/m2 • Svartími: 12ms og sjónsvið (H/V): 170°/170° • Mynd í mynd (2 móttakarar) • 2x10w nicam stereo hljóðkerfi • 2 scart, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • DVI-D og VGA tengi (styður VGA, SVGA og XGA) • Textavarp • Fjarstýring • Veggfesting: Vogles VFW140 (fylgir ekki) • Mál í cm (bxhxd): 93,6x56,2x11



**7.990 kr**

### Philips DVD spilari
• Fjölkerfa DVD DivX spilari - silfurlitaður • Spilar öll kerfi • Progressive scan • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0 • Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG • Dolby digital og DTS • Scart (með RGB), component, SVHS og CVBS tengi • Digital coaxial tengi • Fjarstýring

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



HENRY FORD (1863-1947) LÉST ÞENNAN DAG

*„Fyrirtæki sem gerir ekkert annað en að græða peninga er lítilfjörlegt fyrirtæki.“*

***Bílaframleiðandinn Henry Ford lét framleiða bíla á færibandi í verksmiðju sinni og gerði almenningi mögulegt að eignast bíl.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 7. APRÍL 1968

# *Miðtími Greenwich gildir á Íslandi*

Á þessum degi, klukkan 1.00 árið 1968, öðluðust gildi ný lög um tímareikning. Lögin eru einföld og bara í einni grein: Hvarvetna á Íslandi skal telja stundir árið um kring eftir miðtíma Greenwich.

Miðtími Greenwich er alþjóðlegur staðaltími sem miðaður er við Greenwich núllbaug en hann liggur í gegnum Konunglegu stjörnuskoðunarstöðina í Greenwich í Englandi. Á Alþjóðlegu núllbaugsráðstefnunni árið 1884 ákváðu öll lönd heimsins meðal annars að taka upp samræmdan staðartíma og á staðarvalið á Greenwich rætur sínar að rekja til þeirrar ráðstefnu.



KLUKKUTURNINN Á GARÐATORGI

Ákveðið var að tímabeltin skyldu miðast við lengdarbauga og í hverju belti væru fimmtán baugar. Miðtíminn eða staðaltíminn gildir því á belti sem liggur sjö og hálfa gráðu til austurs og vesturs frá Greenwich.

Reyndar leyfist ákveðið frelsi í þessum efnum eins og ákvörðun Íslands sýnir glöggt og er samræming á tíma innan landa oft látin ganga fyrir raunverulegri staðsetningu á lengdarbaugunum. Til skýringar má til dæmis nefna að þriggja klukkustunda tímamismunur er á Íslandi og Grænlandi þó að hluti af Grænlandi sé á sama lengdarbaugi og Ísland.

## MERKISATBURÐIR

**1795** Frakkar taka upp metrann sem lengdareiningu.

**1906** Fjallið Vesúvíus gýs og veldur eyðileggingu í borginni Napólí.

**1943** Stjórnarskrárnefnd Alþingis skilar samhljóða áliti um að leggja til að 17. júní 1944 skuli valinn til stofnunar lýðveldisins.

**1943** Laugarnesspítali í Reykjavík brennur til kaldra kola.

**1946** Sjálfstæði Sýrlands frá Frökkum er opinberlega viðurkennt.

**1948** Alþjóða heilbrigðisstofnunin (WHO) er stofnuð af Sameinuðu þjóðunum.

**1998** Söngvarinn George Michael er handtekinn á almenningssalerni í Beverly Hills fyrir ósiðlegt athæfi.

## ANDLÁT

**Gunnar Einarsson**, fyrrverandi stöðvarstjóri Pósts og síma, Hörgshlíð 8, Reykjavík, lést á Landspítalanum, hjartadeild, aðfaranótt þriðjudagsins 4. apríl.

**Bragi Melax**, kennari, Skúlagötu 40, Reykjavík, lést á líknardeild Landspítala Landakoti sunnudaginn 2. apríl.

**Lúðvík Alfreð Halldórsson**, Birkimel 9, Varmahlíð, Skagafirði, lést af slysförum sunnudaginn 2. apríl.

**Fjóla Gunnlaugsdóttir**, frá Víðinesi í Hjaltadal, lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki mánudaginn 27. mars.

**Sigurður Jóhannesson**, dvalarheimilinu Felli, Reykjavík, er látinn.

**Freyr Steingrímsson**, Hömrum 10, Djúpavogi, varð bráðkvaddur laugardaginn 1. apríl.

## JARÐARFARIR

13.00 **Greta María Jóhannsdóttir**, frá Skógarkoti í Þingvallasveit, Skólabraut 3, Seltjarnarnesi, verður jarðsungin frá Seltjarnarneskirkju.

13.00 **Júlíana Matthildur Isebarn**, Hringbraut 43, Reykjavík, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

13.00 **Helga Þorsteinsdóttir**, Droplaugarstöðum, áður til heimilis í Hörgshlíð 10, Reykjavík, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju.

13.30 **Þóroddur Eiðsson**, frá Þóroddsstað, Eyrarvegi 13, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.

14.00 **Gunnlaugur Sigurðsson**, Sæbakka 8, Neskaupstað, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað þriðjudaginn 28. mars.

14.00 **Gunnar Magnús Kristjánsson** verður jarðsunginn frá Akraneskirkju.

15.00 **Vigfús Jóhannsson**, framkvæmdastjóri, Fjóluhvammi 5, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju.

## AFMÆLI



**Magnús Þór Jónsson (Megas)**, tónlistarmaður er 61 árs.



**Andrea Jónsdóttir** poppfræðingur er 57 ára.



**Steinunn Valdís Óskarsdóttir** borgarstjóri er 41 árs.




Rúnar Geirmundsson Sigurður Rúnarsson Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

**Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.**
**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020**

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990




†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Óskars Vigfússonar**
Álfaskeiði 3, Hafnarfirði.

Nicolina Kjærbech Vigfússon
Valborg Kjærbech Óskarsdóttir
Óskar Ásbjörn Óskarsson — Hjördís Ólöf Jónsdóttir
Ómar Óskarsson — Erla María Kristinsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Einarsson**
fyrrverandi stöðvastjóri Pósts og Síma, Hörgshlíð 8, Reykjavík,

lést aðfaranótt þriðjudagsins 4. apríl á Landspítalanum, hjartadeild. Jarðarför auglýst síðar.

Ólöf Hólmfríður Sigurðardóttir
Þór Gunnarsson — Sigrún Ása Sturludóttir
Hrafnhildur Gunnarsdóttir — Anita Bowen
Embla Þórsdóttir — Klaus Wallberg Andreasson
Sturla Þórsson — Ólöf Tara Smáradóttir
Guðlaug Ýr Þórsdóttir



KEITH REED, SÖNGVARI OG KÓRSTJÓRI Fjórir kórar syngja Sálumessu Mozarts á tvennum tónleikum um helgina ásamt einsöngvurum og hljómsveit. Keith Reed kemur að starfi allra kóranna auk þess sem hann er einn fjögurra einsöngvara. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

## KEITH REED: FLYTUR SÁLUMESSU MOZARTS

# Von á heilbrigðri fæðingu

Meira en hundrað manns flytja í dag Sálumessu Mozarts á tónleikum í Selfosskirkju í dag og Breiðholtskirkju á morgun. Fjórir kórar ásamt einsöngvurum og hljómsveit hafa æft verkið undanfarnar vikur. Keith Reed er einn forsvarsmanna verkefnisins ásamt því að syngja einsöngshlutverk en hann segir að þátttakendur hafi notið æfinganna á Sálumessunni og hlakki til að koma verkinu frá sér í kvöld og á morgun.

„Sálumessa Mozarts er búin að festa sig mjög í sessi vegna þess að þetta er mikið verk með mikla sögu. Tónlist Sálumessunnar er mjög vinsæl og kraftmikil. Fólk tekur eftir stefjunum og tilfinningunni í tónlistinni svo það þekkti andann áður en við förum að æfa verkið,“ segir Keith. Sjálfur segir hann að verkið sé í uppáhaldi hjá honum eins og mörgum öðrum og verður þetta í annað sinn sem hann tekur þátt í eiginlegum flutningi þess. „Kammerkór Austurlands flutti verkið árið 1999 en ég stofnaði kórinn og stjórnaði honum þá. Svo komst ég nálægt því að syngja einsöng með Fílharmóníunni fyrir þremur eða fjórum árum síðan en þá var ég veðurtepptur fyrir austan svo ég komst ekki á tónleikana.“ Tækifærið er því hans núna að flytja einsönginn sem hefur í rauninni verið undirbúningi síðan fyrir síðustu tónleika. „Parturinn minn er orðinn vel æfður,“ bætir Keith við og hlær mikið.

En Keith er ekki bara einsöngvari í Sálumessunni heldur átti hann hugmyndina að verkefninu. Hann kemur að að starfi allra fjögurra kóranna sem syngja í kvöld og á morgun, stjórnar Landsvirkjunarkórnum, Samkór Selfoss og Kirkjukór Breiðholts og sér um raddþjálfun Samkórs Reykjavíkur. Keith segir að messan sé ekki mjög löng í flutningi en þeim mun stórbrotnari og geri miklar kröfur til kóranna sem flytja hann. „Ég stakk upp á þessari hugmynd til að láta þessa fjóra kóra fá verkefni sem þeir hefðu ekki fengið að takast á við annars. Þeir voru meira í flutningi á dægurlagatónlist og íslenskum kórlögum áður.“ Fyrstu viðbrögð sumra kórmeðlimanna voru að verkefni á borð við Sálumessu Mozarts væri eitthvað sem aðrir ættu að sjá um. „Þau sögðu að við ættum að bara leyfa Mótettukórnum eða Langholtskirkjukórnum að gera þetta. En ég sagði bara nei! Þetta er alveg týpískt íslenskt því allt svona tal um að vera ekki nógu góður er alveg rosalega ríkt í ykkur.“

Óttinn hvarf þó um leið og búið var að ákveða að takast á við verkefnið. „Allir fóru þá að hugsa bara eins og ófrískar konur. Barnið okkar vex með tímanum, við vitum ekki alveg hvernig það á eftir að líta út en við vitum þó að eitthvað er í gangi. Það er spennandi að finna að eitthvað er að þróast og við erum búin að bera verkið í maganum alveg síðan í janúar. Núna erum við virkilega tilbúin og ofsalega gaman að eiga von á heilbrigðri fæðingu.“

Tónleikarnir í kvöld verða haldnir klukkan hálf níu í Selfosskirkju og hefjast þeir seinni í Breiðholtskirkju á morgun klukkan 17.

# Fjölbreytileiki hafsins

Verndun og sjálfbær nýting líffræðilegs fjölbreytileika hafsins verður viðfangsefni Málstofu Hafréttarstofnunar Íslands í dag. Sérfræðingur frá Hollandi, Erik Jaap Molinaar, flytur framsöguerindi og í kjölfarið verða fyrirspurnir og umræður, en Molinaar starfar hjá Hafréttarstofnun Hollands og Háskólanum í Utrecht.



HAFIÐ Hafréttarstofnun heldur fyrirlestur í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Leitað verður svara við spurningum um hvernig standa eigi að verndun viðkvæmra vistkerfa hafsins. Allsherjarbanni við botnvörpuveiðum á úthafinu verður gerð skil auk annarra áríðandi viðfangsefna.

Tómas H. Heiðar, forstöðumaður Hafréttarstofnunar Íslands stýrir fundinum og hefst hann klukkan 11.30 í stofu 101 í Lögbergi. Allir áhugasamir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.



PARÍS SKARTAR SÍNU FEGURSTA Vorið hefur hafið innreið sína í þessa höfuðborg rómantíkurinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Púslum og spilum um páskana




**ÖFUGU PÚSLIN:**
Eitt skemmtilegasta púsl í heimi!
Púsluspil sem koma á óvart.

**FRAMTÍÐARPÚSLIN:**
Þú púslar það sem verður eftir 20 ár.
Púsluspil sem koma þér í gott skap.




**SPIL Í SUMARBÚSTAÐINN**
fyrir alla
fjölskylduna.

**SKEMMTILEG PÚSL**
fyrir alla aldurshópa!




**BARNAPÚSL**
í miklu úrvali.

ODDI VO4888

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# Fermingarbarn'67



„Pabbi og mamma gáfu mér skátatjald í fermingargjöf sem var seinna stolið frá mér í Húsafelli. En Íslensku orðabókina sem ég fékk frá Gillu frænku á ég ennþá og hef notað áratugum saman.“




Fermingargjafir sem vit er í

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


## STUÐ MILLI STRÍÐA Eina krónu fyrir mér, einn tveir og þrír

SIGRÍÐI B. TÓMASDÓTTUR LANGAR ÚT AÐ LEIKA



Daginn er farið að lengja, birtan teygir sig fram á kvöld með tilheyrandi vorstemmingu. Ég fæ fiðring í magann á þessum árstíma og kitlar í lappirnar. Mig langar út að leika. Vor- og sumarkvöld með tilheyrandi leikjum eru mjög skemmtileg í minningunni. Í götunni minni var vinsælast að fara í leikinn eina krónu. Það mátti fela sig alls staðar innan marka götunnar sem þýddi að sá sem „var´ann“ þurfti að hlaupa víða til að leita að fólki. Þá kom sér vel að vera sprettharður til að ná fyrstur að ljósastaurnum sem var áfangastaðurinn. Brennó var líka ofarlega á vinsældalistanum. Allir krakkarnir í götunni tóku þátt í leikjunum, þeir stærstu og sterkustu voru leiðtogarnir en litlu píslirnar fengu að fljóta með og hlutu stundum virðingu fyrir útsjónarsemi í leikjunum.

Ekki má svo gleyma snúsnú, rikk og teygjó en þessir leikir voru reyndar meiri stelpuleikir. Þeir voru í miklu uppáhaldi og reyndar fórum við vinkonurnarað minnsta kosti einu sinni í teygjó á hverju vori fram yfir tvítugt. Við mikinn fögnuð þeirra sem til sáu. Nú er reyndar mjög langt síðan ég hef farið í teygjó en sem betur fer hefur brennóbolti stundum flotið með í ferðalög. Það er mikið hlegið og mikið fjör þegar tekist er á í brennó og örugglega fleiri hitaeiningar sem fljúga en þegar verið er að puða í leikfimi í sveittum sal. Að minnsta kosti eru leikirnir óneitanlega skemmtilegri. Það er hálffúlt stundum að vera fullorðinn og hafa ekki sama tíma til að leika sér og fíflast eins og í æsku. En kannski ætti ég ekki að kvarta yfir tímaleysi heldur einfaldlega búa til tíma fyrir leiki. Ætli það séu ekki fleiri á meðal fullorðinna nágranna minna sem hugsa eins. Kannski ætti ég bara að banka upp á og spyrja hvort fólk vilji koma út að leika. Ætli mér yrði ekki vel tekið?

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# Eminem skilinn á ný

Einn vinsælasti rappari heims, Eminem, er skilinn við eiginkonu sína Kim eftir tæplega þriggja mánaða hjónaband. Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem hjónakornin skilja að skiptum því hjónaband þeirra endaði með ósköpum árið 2001 eftir að Eminem söng um draum sem hann átti um andlát eiginkonu sinnar. Hatrömm barátta hófst í fjölmiðlum sem lauk þó á óvæntan hátt þegar rapparinn fór niður á hnén og bað æskuástarinnar á ný. Þann fjórtánda janúar á þessu ári gengu þau svo í það heilaga á ný en greinilegt er að grunnt hefur verið á því góða.

Samkvæmt málskjölum ætlar Eminem að sækja um forræði yfir dóttur þeirra, Hailie Jade Scott, en Kim var gert að skrifa undir kaupmála við hjónavígsluna. Michael J. Smith, lögfræðingur Kim, sagði að skilnaðurinn kæmi sér í opna skjöldu. „Við munum taka á þessu máli,“ sagði hann við blaðamenn.

Eminem hefur viðrað þá hugmynd að setjast í helgan stein eftir að hafa verið lagður inn á sjúkrahús vegna pilluáts og ofþreytu. „Mér finnst eins og ég viti ekkert hvert ég stefni,“ lýsti Eminem yfir en síðasta plata hans bar einmitt nafnið Curtain Call eða Tjaldið fellur.



**EMINEM** Hefur ákveðið að skilja við eiginkonu sína Kim eftir tæplega þriggja mánaða hjónaband. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES


Himneskt tilboð



Fermingartilboð

Fullkominn tölvubúnaður er efst á óskalista hjá mörgum. Í tilefni ferminganna bjóðum við einstaklega hagkvæma tölvupakka sem uppfylla bæði óskir fermingarbarnsins um fjölhæfni, tæknimöguleika og gæði en einnig frábært verð.

DELL

**Dell Dimension 5150**
**heimilistölva með 17" flatskjá**
Altec Lansing ADA525, PC Cillin og Dell 924 AIO prentari fylgja með




Intel Pentium 4 630 3,00GHz HT örgjörvi
512MB 400MHz DDR2 vinnsluminni
160GB (7,200 rpm) SATA harður diskur
16X DVD+RW Dual Layer geislaskrifari
128MB ATI Radeon X300 SE skjákort
9-1 minniskortalesari
7 USB 2.0 tengi, IEEE 1394 FireWire
Dell E176FP flatur skjár
Microsoft Works 7.0 og Dell Media Experience 3.0 Deluxe
Microsoft Windows XP Home SP2



Dell 924 AIO prentari | Altec Lansing ADA525 | PC Cillin

Tilboðsverð: **134.400** kr. (107.951 kr. án vsk)
**Vaxtalaust 11.676 kr. á mánuði í 12 mánuði**

**Inspiron 630m**
**fartölva**
Pleomax vefmyndavél, PC Cillin og Coluco taska fylgja með




Intel Pentium M 750 1,86GHz örgjörvi
512MB 533MHz DDR2 vinnsluminni
14.1" WXGA TFT True Life skjár
60GB harður diskur
8X DVD+/-RW DVD geislaskrifari
Intel Pro 2200 þráðlaust netkort 802.11b/g
Innbyggt Bluetooth
Fjögur USB 2.0, FireWire, S-Video, skjátengi
5-1 minniskortalesari
Microsoft Windows XP Professional



Pleomax vefmyndavél | PC Cillin | Coluco taska

Tilboðsverð: **155.100** kr. (124.578 kr. án vsk)
**Vaxtalaust 13.529 kr. á mánuði í 12 mánuði**

PENNINN

Hallarmúla 2, sími 540 2060, penninn@penninn.is

HÉR & NÚ / SÍA



# 2 fyrir 1 af kiljum

2 fyrir 1




2 fyrir 1




2 fyrir 1




2 fyrir 1




HAGKAUP
Skemmtilegast að versla






ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

ÁTTA KONUR

5. sýn. í kvöld fös. 7/4 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 8/4 örfá sæti laus, 7. sýn. mið. 19/4 **síðasti vetrardagur** örfá sæti laus, 8. sýn. fim. 20/4, 9. sýn. fös. 21/4, 10. sýn. lau. 22/4.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Í kvöld fös. 7/4 **uppselt**, lau. 8/4 örfá sæti laus, mið. 19/4 **síðasti vetrardagur** - nokkur sæti laus, fim. 20/4 nokkur sæti laus, fös. 21/4, lau. 22/4, sun. 23/4, fim. 27/4, fös. 28/4, lau. 29/4. **Aðeins þessar sýningar eftir.**

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Í kvöld fös. 7/4 **uppselt**, lau. 8/4 **uppselt**, sun. 9/4 **uppselt**, fös. 21/4 **uppselt**, lau. 22/4 **uppselt**, sun. 23/4 **uppselt**, þri. 25/4 **uppselt**, mið. 26/4 **uppselt**, fim. 27/4 **uppselt**, fös. 28/4 **uppselt**, lau. 29/4 **uppselt**. **Aukasýningar í maí:** fös. 5/5 **uppselt**, lau. 6/5 **uppselt**, sun. 7/5 **uppselt**, lau. 13/5 **uppselt**. **Sala hafin á sýningar í september.** Fös. 15/9, lau. 16/9, sun. 17/9.

LEIKHÚSKJALLARINN

**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

| | |
|---|---|
| Lau 8/4 kl. 14 UPPS. | Su 9/4 kl. 14 UPPS. |
| Su 23/4 kl. 14 UPPS. | Su 23/4 kl. 17:30 |
| Lau 29/4 kl. 14 | Su 30/4 kl. 14 |
| Lau 6/5 kl. 14 | Su 7/5 kl. 14 |
| Lau 20/5 kl 14 | Su 21/5 kl. 14 |
| Su 28/5 kl. 14 | |

ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

KALLI Á ÞAKINU

Fi 13/4 kl. 14 skírdagur UPPSELT
Lau 15/4 kl. 14 UPPSELT
Má 17/4 kl. 14 annar í páskum UPPSELT
Fi 20/4 kl. 14, sumard. fyrsti UPPSELT
Fi 20/4 kl. 17, sumard. fyrsti AUKASÝNING
Lau 22/4 kl. 14 UPPSELT

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

| | |
|---|---|
| Su 30/4 kl. 20 UPPS. | Má 1/5 kl. 20 UPPS. |
| Þri 2/5 kl. 20 UPPS. | Mi 3/5 kl. 20 UPPS. |
| Su 7/5 kl. 20 UPPS. | Má 8/5 kl. 20 UPPS. |
| Þr 9/5 kl. 20 UPPS. | Mi 10/5 kl. 20 AUKAS. |
| Fi 18/5 kl. 20 UPPS. | Fö 19/5 kl. 20 UPPS. |
| Fö 19/5 kl. 22:30 UPPS | Su 21/5 kl. 20 UPPS |
| Fi 25/5 kl. 20 AUKAS | Fö 26/5 kl. 20 UPPS. |
| Fö 26/5 kl. 22:30 | Su 28/5 kl. 20 UPPS |
| Fi 1/6 kl. 20 UPPS. | Fö 2/6 kl. 20 |
| Fö 2/6 kl. 22:30 AUKASÝNING | |

VORSÝNING 2006
Listdansskóli Íslands

Þri 11/4 kl . 20 — Mi 12/4 kl. 20

Nýja svið / Litla svið

BELGÍSKA KONGÓ

| | |
|---|---|
| Í kvöld kl. 20 | Fi 20/4 kl. 20 |
| Fö 21/4 kl. 20 | Lau 29/4 kl. 20 |
| Lau 6/5 kl. 20 | Su 7/5 kl. 20 |
| Su 14/5 kl. 20 | Fi 18/5 kl. 20 |

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Lau 8/4 kl. 20 — Fi 27/4 kl. 20 AUKAS.
Sun 30/4 kl 20 AUKASÝNING
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

HUNGUR

Fi 4/5 kl. 20 — Su 7/5 kl. 20

NAGLINN

Fö 28/4 kl. 20 — Lau 29/4 kl. 20

GLÆPUR GEGN DISKÓINU

Lau 22/4 kl. 20 — Fö 28/4 kl. 20
Fö 5/5 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR

FORÐIST OKKUR

| | |
|---|---|
| Í kvöld 20:30 UPPS. | Lau 8/4 kl. 20 UPPS. |
| Su 9/4 kl. 20 | Fi 20/4 kl. 20 |
| Fö 21/4 kl. 20 | Lau 22/4 kl. 20 |
| Su 23/4 kl. 20 | AÐEINS SÝNT Í APRÍL! |

DANSleikhúsið

| | |
|---|---|
| Su 9/4 kl. 20 | Þri 11/4 kl. 20 |
| Mi 19/4 kl. 20 | 23/4 KL. 20 |

TENÓRINN

Su 30/4 kl. 20 — Lau 6/5 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is


! **Kl. 12.00**
*Dr. Hans Blix, fyrrum yfirmaður vopnaeftirlits Sameinuðu þjóðanna, ræðir um þróun reglna alþjóðasamfélagsins um valdbeitingu, tilraunir til að hefta útbreiðslu gereyðingarvopna og umbætur í starfi Sameinuðu þjóðanna í Hátíðarsal Háskóla Íslands.*

# menning

menning@frettabladid.is

## > Ekki missa af...



Singapore Sling á **Grand Rokk** um helgina. Suddarokk í félagi við Halta hóru og Gavin Portland.

Gjörningi Sigríðar Dóru Jóhannsdóttur í Gallerí Dvergi á Grundarstíg 21 kl. 18. Síðasta sýningarhelgi.

Sýningu á verkum Gunnlaugs Blöndal og Snorra Arinbjarnar í **Listasafni Íslands.** Leiðsögn verður um sýninguna nú um helgina og aðgangur er ókeypis.



**MAGNÚS RAGNARSSON STÝRIR SÖNGSVEITINNI FÍLHARMONÍU Í FYRSTA SINN Á VORTÓNLEIKUM UM HELGINA** Flytja krefjandi og hádramatísk verk eftir Haydn og Mozart. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

# Veglegir vortónleikar

**Magnús Ragnarsson er nýr söngstjóri Söngsveitarinnar Fílharmoníu og á sunnudaginn stýrir hann sínu fólki í fyrsta sinn á vortónleikum í Langholtskirkju.**

„Ég tók við sveitinni í janúar og þetta er búið að ganga svakalega vel. Ég held að við kunnum bara vel hvert við annað, ég við kórinn og kórinn við mig,“ segir Magnús og getur þess í framhjáhlaupi að starfsandinn sé léttur því hann hafi meira að segja fengið kórinn til að hlaupa apríl á síðustu laugardagsæfingu og syngja afturábak. „Það er gott að finna að þau treysta mér,“ áréttar hann hlæjandi.

Magnús er nýfluttur heim frá Svíþjóð þar sem hann stundaði nám í orgelleik, kór- og hljómsveitarstjórn. „Ég valdi verkin síðastliðið haust. Þá mundi ég að lærimeistarinn minn í Svíþjóð hafði flutt annað verkið, Stabat mater eftir Haydn, en sagt að það væri mjög sjaldan flutt þótt það væri ofboðslega fallegt og flott. Ég kynnti mér verkið og varð alveg heillaður af því. Þetta er eitt af fyrstu stóru hljómsveitarverkunum eftir Haydn og hann semur það 1767 þegar hann er að fikra sig áfram með svona stórar tónsmíðar. Þetta var verkið sem kom honum á kortið í Evrópu og stærsta verkið hans meðan hann lifði en það hefur aldrei verið flutt hérlendis.“

Til mótvægis við tregafullt og dramatískt verk Haydns þar sem mest mæðir á einsöngvurunum, Huldu Björk Garðarsdóttir, Nönnu Maríu Cortes, Jónasi Guðmundssyni og Davíð Ólafssyni, valdi Magnús krefjandi kórverk. „Ég valdi verk eftir Mozart, meðal annars að því að nú er 250 ára fæðingarafmæli hans í ár. Verkið heitir Vesperae solennes de Confessore sem útleggst: „Hátíðaraftansöngur til heiðurs hinum mikla játara“ en það er ekki vitað til hvaða dýrlings það er ort.“ Verkið byggir á textum úr Davíðssálmunum en Magnús segir að verkið sé fremur erfitt bæði fyrir söngfólk og hljómsveit því textinn sé mikill og Mozart noti aldrei sömu tónhugmyndina tvisvar en útkoman sé góð.

Á næstunni fer Söngsveitin Fílharmonía síðan að æfa Carmina Burana. „Við erum á leið til Búlgaríu í haust, þar er hljómsveit sem vill vinna með okkur og við ætlum í heimsókn til þeirra en þau munu síðan líklega koma hingað til okkar í september,“ segir Magnús en bætir við að Fílharmonían hafi ekki oft sungið utan landsteinanna en í þau skipti hafi þau oft stefnt í austur. „Ég hlakka til að fara til Búlgaríu,“ segir Magnús að lokum. „Það er alltaf gaman að kynnast nýjum borgum og nýrri menningu.“

Vortónleikarnir verða haldnir í Langholtskirkju á pálmasunnudag 9. apríl og þriðjudaginn 11. apríl kl. 20.00. **kristrun@frettabladid.is**


ÓPERUSTÚDÍÓ
NÓTT Í FENEYJUM
EFTIR JOHANN STRAUSS

Nótt í Feneyjum

**NÓTT Í FENEYJUM - eftir JOHANN STRAUSS**
5. sýn. fim. 6. apríl kl. 20 - 6. sýn. lau. 8. apríl kl. 20
SÍÐASTU SÝNINGAR

Glitnir er bakhjarl Óperustúdíós Íslensku óperunnar

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN - SÝNINGAR HEFJAST 12. MAÍ
MIÐASALA HEFST Á MORGUN KL. 10

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin 14-18 alla daga fram að páskum. Símasala er opin frá kl. 10.
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN








VIÐTALIÐ
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur

Fimmtud. 6. apríl kl. 20.00
Föstud. 21. apríl kl. 20.00
Fimmtud. 27. apríl kl. 20.00

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is



Nína og Geiri
söngbók
Björgvins Halldórssonar
Leikstjóri: Gunnar Helgason
22. apríl. Fá borð laus
6. maí. AUKASÝNING
Ógreiddir miðar seldir hálfum mánuði fyrir viðburð
5331100
Netfang: midasala@broadway.is
BROADWAY
Aðeins þessar sýningar

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins
Alla laugardaga

Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100


átta konur
Glæpsamlegur gamanleikur með söngvum og dansi!
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

HILMIR SNÆR GUÐNASON
ÉG ER MÍN EIGIN KONA

Vegna fjölda áskorana ÞRJÁR AUKA-SÝNINGAR Í MAÍ
föstudagur 07.04 SÍÐASTA SÝNING UPPSELT
AUKASÝNINGAR Í MAÍ:
föstudagur 12.05 75. sýning!
laugardagur 13.05 Næst síðasta sinn
laugardagur 20.05 Síðasta sinn
MIÐASALA: WWW.MIDI.IS OG Í IÐNÓ S. 562 9700
Landsbankinn
Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar.


DANSleikhúsið
frumsýnir á Nýja sviði Borgarleikhússins
9., 11., 19. og 23. apríl

Fallinn engill
hver hefur sinn djöful að draga
Danshöfundur og leikstjórn: Irma Gunnarsdóttir
Dansarar: Guðrún Óskarsdóttir, Íris María Stefánsdóttir, Ólöf G. Söebech og Þórdís Schram

I´m FINE
Experiment in Communication
Danshöfundar og dansarar:
Halla Ólafsdóttir
og Nadja Hjorton

Miðasala er í Borgarleikhúsinu, sími 568 8000
og á vefnum www.borgarleikhus.is
Samstarfs- og styrktaraðilar:
BORGARLEIKHÚSIÐ Landsbankinn DANSRÆKT JSB leggur línurnar NÓI SÍRÍUS hnotskógur eflir ehf ALMANNATENGSL
DANSleikhúsið
The DANCEtheater

NASA
LAUGARD. 08. 04. 2006
PAPAR
STÓRDANSLEIKUR
...KLIKKA EKKI !!! ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
MIÐAVERÐ 1000 KR. / HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00

NÁNARI UPPLÝSINGAR
NASA.IS
ÞAR SEM ÍSLENDINGUM FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


# Jafnréttisverðlaun

## Reykjavíkurborgar

*Veist þú um einhvern sem á þau skilið?*

Jafnréttisnefnd Reykjavíkurborgar auglýsir í fyrsta sinn eftir tilnefningum til jafnréttisverðlauna Reykjavíkurborgar

Í ár verður viðurkenningin veitt frjálsum félagasamtökum eða einstaklingi sem með einum eða öðrum hætti hefur sýnt frumkvæði og unnið faglega að jafnréttismálum. Viðkomandi félagasamtök eða einstaklingur þurfa að hafa starfað að jafnréttismálum í Reykjavík. Verðlaunin í þeim flokki eru 150.000 kr.

Jafnframt verður veitt viðurkenning innan borgarinnar sjálfrar, til starfseininga sem hefur unnið vel að jafnréttismálum, hvort sem er á sviði þjónustu, í starfsmannamálum eða með öðrum hætti. Starfseiningin mun fá viðurkenningarskjal og einhverja umbun sem fellur að starfseminni.

Tilnefningar, ásamt rökstuðningi, sendist á netfangið ***jafnretti@reykjavik.is*** til og með 24. apríl n.k. eða bréflega í Ráðhús Reykjavíkur merkt ***Jafnréttisverðlaun***.



**Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI**

*Flaming Lips: At War with the Mystics, Elton John: Best Of, The Boy Least Likely To: Best Party Ever, Ghostigital; In Cod we Trust, The Kinks: The Great Lost Album*

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Frönsk stemning á Ólíver

Barði í Bang Gang fær til sín þekkta plötusnúða og tónlistarmenn í partíum sem verða haldin mánaðarlega næstu misseri. Það verður fransk/íslensk tónlistarveisla í boði Bang ehf., Tuborg, Icelandair og Ambassade de Francaise en Island. Þarna munu franskir plötusnúðar og hljómlistarmenn þeyta skífum ásamt Barða. Tilgangurinn með kvöldunum er að kynna franska skemmtistemningu fyrir Íslendingum og efla menningarleg samskipti þessara þjóða.

Fyrsta kvöldið er á morgun en þá mun Cosmo Vitelli, franskur plötusnúður og útsetjari, koma fram. Tónlist Vitellis hefur verið flokkuð af blaðamönnum sem hluti af „frönsku snertingunni". Hann hefur endurhljóðblandað og útsett fyrir tónlistarmenn eins og Daft Punk, Cassius, Super Discount, Benjamin Diamond og Scratch Massive. Hann hefur einnig gefið út margar þekktar smáskífur hjá útgáfufyrirtæki Etienne De Crecy, SOLID, og er þessa dagana að vinna að nýrri plötu. Á síðustu árum hefur hann svo mikið spilað sem plötusnúður á klúbbum um allan heim og mun nú bæta heimsókn til Íslands í safn sitt. Cosmo Vitelli kemur fram á Kaffi Ólíver á morgun og eru allir unnendur góðrar tónlistar hvattir til að mæta.



**BARÐI Í BANG GANG** Hann fær til sín þekkta tónlistarmenn á sérstökum frönskum tónlistarkvöldum á næstu misserum og er fyrsta kvöldið á morgun.

## > Plata vikunnar

**Liars:** Drum's not Dead

*Fyrir rúmum tuttugu árum hefði þetta verið kallað pönk þó svo að hér votti ekki fyrir griparokki.* - **BÖS**



**LIARS**

## > popptextinn

*Where did the spring go?*
*Where did the trees go?*
*Where did the sun go?*

Kannski hefur Ray Davies í The Kinks samið lagið Where Did the Spring Go þegar hann var á Íslandi.

## X-LISTINN

**TOPP TÍU LISTI X-FM**

1. **WULFGANG** MACHINERY
2. **PEARL JAM** WORLD WIDE SUICIDE
3. **YEAH YEAH YEAHS** GOLD LION
4. **FUTURE FUTURE** CODE CIVIL
5. **DR. MISTER & MR. HANDSOME** BOOGIE WOOGIE SENSATION
6. **SYSTEM OF A DOWN** LONELY DAY
7. **BULLET FOR MY VALENTINE** ALL THESE THINGS I HATE
8. **AMPOP** CLOWN
9. **10 YEARS** WASTELAND
10. **DEATH CAB FOR CUTIE** CROOKED TEETH



**WULFGANG** Lag sveitarinnar, Machinery, hrifsar efsta sætið af Pearl Jam frá því í síðustu viku.

Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

# Grófir titlar Peaches

Söngkonan Peaches hefur valið nafn á næstu plötu sína og mun hún heita Impeach My Bush en Peaches hefur aldrei verið þekkt fyrir annað en ögrandi og grófa framkomu og texta. Síðasta plata hennar bar nafnið Fatherfucker en sú nýja kemur út þann 10. júlí. Meðal gesta á plötunni eru Josh Homme úr Queens of the Stone Age, Samantha Maloney sem er fyrrum trommari hljómsveitarinnar Hole og Joan Jett, fyrrum meðlimur The Runaways. Meðal lagatitla á plötunni eru Tent In Your Pants, Hit It Hard, Fuck or Kill og Rock the Shocker.



**PEACHES** Hún hefur ljóstrað upp nafni á komandi plötu sinni og mun sú bera titilinn Impeach My Bush.

HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

Málstofa

um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegs fjölbreytileika hafsins

Háskóla Íslands, Lögbergi, stofu 101, föstudaginn 7. apríl 2006 kl. 11.30-13.00

Leitað verður svara við áleitnum spurningum á borð við:
• Hvernig ber að standa að verndun viðkvæmra vistkerfa hafsins?
• Er réttmætt að setja allsherjarbann við botnvörpuveiðum á úthafinu?
• Er nýting erfðaauðlinda á hafsbotninum utan innlendrar lögsögu öllum frjáls eða falla þessar auðlindir undir „sameiginlega arfleifð mannkyns"?

Dagskrá:
11.30 Inngangur: Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu, forstöðumaður Hafréttarstofnunar Íslands.
11.50 Fyrirlestur: Eric Jaap Molenaar frá Hafréttarstofnun Hollands (NILOS) og Háskólanum í Utrecht.
12.30 Fyrirspurnir og umræður.
13.00 Hádegissnarl í boði Hafréttarstofnunar Íslands.

Málstofan er öllum opin á meðan húsrúm leyfir



**ORIGINAL MELODY** Hljómsveitin hefur gefið út plötuna Fantastic Four og heldur af því tilefni útgáfutónleika á Stúdentakjallaranum í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Fjórir fræknir með útgáfutónleika í kvöld

**Hljómsveitin Original Melody heldur útgáfutónleika í kvöld í tilefni af útkomu plötunnar Fantastic Four. Borghildur Gunnarsdóttir ræddi við einn rappara hljómsveitarinnar, Ívar Schram.**

„Við erum fjórir eins og nafnið á plötunni gefur til kynna. Rappararnir eru þrír, ég, Þór Elíasson, Ragnar Tómas Hallgrímsson og svo sér Helgi Pétur Lárusson um alla hljóðvinnslu og þess háttar," segir Ívar Schram en saga hljómsveitarinnar er nokkuð löng og flókin.

„Bandið byrjaði þannig að ég og Helgi vorum að vinna saman tónlist og svo kom Þór inn. Seinna bættust tveir aðrir í hópinn og við vorum orðnir fimm talsins. Þarna var ég að vinna á elliheimilinu Grund þar sem ég kynntist læknanema sem vann á sömu deild. Við komumst að því að við værum frændur og hann sagði mér frá því að frændi hans væri að koma heim frá Bandaríkjunum. Það var hann Ragnar frændi og við enduðum svo saman í tímum og uppgötvuðum snemma að við hefðum mjög líkan tónlistarsmekk svo að ég fékk hann með í bandið. Þar með vorum við sex í bandinu en hinir tveir fóru að gera aðra hluti og þá varð hljómsveitin til í núverandi mynd."

Strákarnir útbjuggu sér svo upptökustúdíó sem fékk á endanum nafnið MJ studio eða twenty three studio. „Helgi var að flytja og við ákváðum að koma okkur upp stúdíói í bílskúrnum hjá honum. Nafnið kom upp þannig að húsið er rautt og hvítt og númer 23. Okkur fannst því við hæfi að skíra það í höfuðið á Michael Jordan. Platan okkar nýja er svo 23 lög sem var eiginlega óvart, en samt ekki."

**Fantastic Four**

Spurður hvernig hann myndi lýsa tónlist þeirra segir Ívar: „Hip-hop-tónlist er mjög misjöfn og þessi tónlist sem við gerum er aðallega „sömpluð", sem þýðir að við vinnum hana út frá gömlu efni en þær stefnur sem við leitum mest í eru djass, fönk og tónlist frá níunda áratugnum. Margir sem hlusta á tónlistina segjast heyra djass- og fönkáhrifin og þetta er því ekki alveg hreinræktað hiphop."

Platan heitir Fantastic Four en strákarnir gefa hana út sjálfir og Sena sér um prentun og dreifingu. „Við fengum sniðugan strák til að hanna umslagið fyrir okkur en hann heitir Hrafn Gunnarsson. Þrír gestir koma fram á plötunni og við ákváðum að fá til liðs við okkur fólk sem rappar á ensku þar sem textarnir okkar eru á ensku. Í fyrsta lagi er það Opee sem gerði garðinn frægan með Quarashi. Annar gestasöngvari er Magnús Jónsson eða Maximum eins og hann kallar sig, sem var í Subterranean. Að lokum kemur fyrrum hljómsveitarsystir hans við sögu, hún Ragna eða Cell 7, en hún var líka í Subterranean. Platan er svo mixuð af Helga og Magnúsi og masteruð af Magnúsi."

**Útgáfutónleikar**

Hljómsveitin heldur útgáfutónleika á Stúdentakjallaranum í kvöld. „Það eru tvær hljómsveitir sem hita upp fyrir okkur. Við völdum þessi bönd því það er svo oft á tónleikum að upphitunarhljómsveitirnar eru fyrir nákvæmlega sama markhópinn og aðalhljómsveitin. Við reyndum því að fara smávegis í burtu frá okkar tónlist. Í fyrsta lagi kemur fram hljómsveitin Krónika sem spilar reyndar svipaða tónlist og við en rappar á íslensku. Svo eru það þær Silla og Sunna sem koma fram með live-bandi sem heitir Llama. Silla er betur þekkt sem Mr. Silla en þær Sunna unnu Söngvakeppni framhaldsskólanna fyrir nokkrum árum. Húsið verður opnað klukkan níu og það er ókeypis inn."

Idol




# Mitt kort
## með þinni Idolstjörnu

Nú geturðu fengið Idolstjörnuna þína á Mitt kort.
Allar myndirnar eru á landsbanki.is

Landsbankinn

410 4000 | landsbanki.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 32136 04/2006

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

FRÉTT VIKUNNAR RAGNHEIÐUR GRÖNDAL SÖNGKONA

# Slegin yfir dauðsföllum á Kárahnjúkum



Söngkonan Ragnheiður Gröndal segist ekki hafa fylgst sérlega vel með fréttum að undanförnu vegna anna en hún er að undirbúa nýja plötu sem áætlað er að komi út með haustinu. Plötuna vinnur hún í samvinnu við Hauk Gröndal bróður sinn en þema plötunnar er þjóðlög.

„Ég vil nú ekki gefa mikið upp en þetta eru allt íslensk þjóðlög, bæði gömul og frumsamin. Við erum búin að vera með þetta í undirbúningi lengi og þetta verkefni á hug minn allan þessa dagana," segir Ragnheiður. Hún er þó með fleiri járn í eldinum því hún hitaði upp fyrir Katie Melua síðasta föstudag og svo er hún að undirbúa tónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Eivöru Pálsdóttur sem fram fara 27. apríl. Aðspurð um frétt vikunnar nefnir Ragnheiður dauðsföllin á Kárahnjúkum.

„Það sló mig þegar ég heyrði af þriðja dauðsfallinu í vikunni. Mér finnst þetta ógurlega sorglegt og alveg hræðilegt að þetta skuli eiga sér stað. Ég velti því fyrir mér hvort náttúruöflin séu að grípa í taumana með þessum hætti."

RAGNHEIÐUR GRÖNDAL

# Brosti bara

Katie Holmes og Tom Cruise halda áfram að hneyksla en leikkonan mætti í viðtal með eiginmanni sínum þar sem Cruise ræddi á opinskáan hátt um barsmíðar föður síns. „Hún var með stóran demantshring og brosti allan hringinn," sagði blaðamaðurinn Dotson Rader sem skrifar fyrir Parade-blaðið. „Henni virtist alveg vera sama um hvað Cruise væri að tala."



**CRUISE OG HOLMES** Hegðun þeirra hefur verið mjög undarleg að undanförnu og skutu þau blaðamanni Parade skelk í bringu með framkomu sinni í viðtali.


Ensk bútasaumsefni



Falleg og litrík bútasaumsefni tilvalin í sumarbústaðinn, barnaherbergin eða hvar sem er! Mikið úrval dýramynda og blómamynstra, ensku efnin frá Makower fást aðeins í Dizu.

Diza
Laugavegur 44
www.diza.is
opið 10-18 virka daga 11-15 laugardaga




**FRÁBÆR ÁRANGUR** CCP hefur unnið ótrúlegt afrek á sviði tölvuleikja á netinu og er leikurinn EVE ONLINE vinsæll um allan heim.

# Glæsileg athöfn á Hótel Borg

28. Menningarverðlaun DV voru afhent í gær á Hótel Borg að viðstöddu margmenni. Sigurjón Sighvatsson hlaut menningarverðlaunin í flokki kvikmynda en hann gat ekki verið viðstaddur afhendinguna og sendi Ara Alexander til að veita þeim viðtöku enda framleiddi Sigurjón tónlistarmyndina Gargandi Snilld sem Ari leikstýrði. Útgáfufyrirtækinu Smekkleysu var úthlutað verðlaununum í tónlistarflokknum og Guðrún Eva Mínervudóttir hlaut verðlaun í flokki bókmennta fyrir Yosoy - af líkamslistum og hugarvíli í hryllingsleikhúsinu við Álafoss. CCP hlaut verðlaunin í flokki hönnunar en tölvuleikur þeirra EVE ONLINE hefur vakið heimsathygli. Leikritið Eldhús eftir Máli sem byggt er á sögum Svövu Jakobsdóttur hlaut Menningarverðlaunin í leiklistarflokknum og Björn Roth og Dieter Roth myndlistarflokknum. VA Arkitektar hlutu verðlaun í flokki byggingalistar fyrir lækningarlindina í Bláa Lóninu og þeir Hjörleifur Guttormsson og Sigurður Blöndal hlutu fræðamannaverðlaunin fyrir bókina Hallormstaður í Skógum. Það var síðan Rakel Olsen sem fékk heiðursviðurkenninguna en hún hefur unnið gott og mikið starf í þágu húsfriðunar á Íslandi. - fgg



**HEIMSYFIRRÁÐ EÐA DAUÐI** Einar Örn var ekki sáttur með þá aðila sem hafa reynt að gera slagorð Smekkleysu að sínu eigin.



**GRÍNISTAR** Óskar Jónasson og Sigurjón Kjartansson voru að sjálfsögðu mættir á svæðið.



**BÓKARISARNIR** Jóhann Páll Valdimarsson hjá JPV og Páll Valsson hjá Eddu fylgdust með á Hótel Borg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM








**JENNIFER LOPEZ** Fer með eitt af aðalhlutverkunum í kvikmyndinni.

# Leikstjórabreytingar

Indverski leikstjórinn Gurinder Chadha mun væntanlega verða við stjórnvölinn á Dallas sem gerð verður eftir samnefndum sjónvarpsþáttum. Hún er hvað þekktust fyrir kvikmyndina Bend It Like Beckham sem skaut Keiru Knightley upp á stjörnuhimininn.

**FRÉTT VIKUNNAR** GUÐJÓN RÚNARSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI

# Við getum alveg sofið róleg



Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka- og verðbréfafyrirtækja, var staddur á flugvellinum í Frankfurt þegar Fréttablaðið náði tali af honum en hann var á leið til Brussel. Aðspurður um frétt vikunnar segir hann að staðfestingu Moodys á lánshæfismati íslensku bankanna beri hæst.

„Sú staðfesting undirstrikar að lítil efni hafa verið fyrir mikilli neikvæðri umfjöllun erlendra fjölmiðla um íslenskan fjármálamarkað. Við þurfum ekki að hafa neinar áhyggjur og getum alveg sofið róleg,“ segir Guðjón.






## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

4 5 6 **7** 8 9 10

**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

- 17.00 **Borkó** spilar í **12 Tónum** með liðsauka úr ýmsum áttum, Glundur í glösum í boði.
- 22.30 Hljómsveitirnar **Mammút**, **The Telepathetics** og **Nortón** spila á **Grand Rokk** á vegum veftímaritsins rjóminn.is. Allur ágóði af tónleikunum rennur til **Barnaspítala Hringsins**.

### OPNANIR

- 14.00 Biskup Íslands, **hr. Karl Sigubjörnsson,** opnar sýningu í **Norræna húsinu** á myndum eftir börn frá Grænlandi, Færeyjum, Noregi, Danmörku og Ísland.

### SKEMMTANIR

- 22.00 Hljómsveitin **Spútnik** heldur uppi stuðinu í **Vélsmiðjunni** á **Akureyri**. Frítt til miðnættis.
- 23.00 Hljómsveitin **Sixties** heldur fjörinu uppi alla helgina á **Kringlukránni**.
- Hljómsveitin **Dich Milch** skemmtir á **Glaumbar**.

### FYRIRLESTRAR

- 12.00 **Dr. Hans Blix**, fyrrum yfirmaður vopnaeftirlits **Sameinuðu þjóðanna**, ræðir um þróun reglna alþjóðasamfélagsins um valdbeitingu, tilraunir til að hefta útbreiðslu gereyðingavopna og umbætur í starfi **Sameinuðu þjóðanna** í **Hátíðarsal Háskóla Íslands**.
- 12.15 **Gaukur Úlfarsson**, handritshöfundur og leikstjóri, heldur erindi á **Kynjadögum Listaháskóla Íslands**. **Laugarnesvegi 91**.
- 12.35 **Þórunn Árnadóttir** og nemendur í hönnunar- og arkitektúrdeild **LHÍ** verða með dagskrá á Kynjadögum skólans um sexý súkkulaði - tengsl súkkulaðis og kynlífs. **Laugarnesvegi 91**.
- 13.00 **Björn Ingi Hilmarsson** heldur erindi um jafnrétti og hugarfar á **Kynjadögum Listaháskóla Íslands, Sölvhólsgötu 13**.

# Liu vonsvikin

Lucy Liu kveðst vera vonsvikin með að þáttaröðin Joey skuli hafa verið tekin af dagskrá en þar leikur Matt LeBlanc sína frægustu persónu úr Vinum í sjálfstæðum þáttum.

Leikkonana lék með LeBlanc í Charlie‘s Angels og fannst þættirnir mjög fyndnir. „Ég skemmti mér mikið yfir þeim og mér finnst synd fyrir Matt og aðra að NBC skuli ekki vilja halda áfram með þá,“ sagði Liu.



**LUCY LIU** Vonsvikin með brotthvarf þáttarins Joey.







| SMÁRABÍÓ | SÍMI 564 0000 |
|---|---|
| ICE AGE 2 | kl. 4, 6, 8 og 10 M/ENSKU TALI |
| ICE AGE 2 SÝND Í Í LÚXUS | kl. 4, 6, 8 og 10 M/ENSKU TALI |
| ÍSÖLD 2 | kl. 4, 6 og 8 M/ÍSLENSKU TALI |
| DATE MOVIE | kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 3.40, 5.45, 8 og 10.15 |
| PINK PANTHER | kl. 3.50 og 10.10 |

| REGNBOGINN | SÍMI 551 9000 |
|---|---|
| ICE AGE 2 | kl. 6, 8 og 10 M/ENSKU TALI |
| LUCKY NUMBER SLEVIN | kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| THE PRODUCERS | kl. 8 og 10.45 |
| WALK THE LINE | kl. 5.15, 8 og 10.45 |
| RENT | kl. 5.20 B.I. 14 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| Borgarbíó | SÍMI 462 3500 |
|---|---|
| ICE AGE 2 | kl. 6, 8 og 10 M/ENSKU TALI |
| ÍSÖLD 2 | kl. 6 og 8 M/ÍSLENSKU TALI |
| DATE MOVIE | kl. 10 B.I. 14 ÁRA |

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI



Eva Longoria hefur lýst því yfir að hún vilji fá Michael Douglas til að leika miðaldra ástmann sinn í þáttaröðunum Aðþrengdar eiginkonur en þau léku saman í kvikmyndinni The Sentinel. Svo virðist sem Longoria hafi notið samvistanna við stórstjörnuna það mikið að hún vill ólm endurtaka leikinn sem allra fyrst en hún er sem kunnugt er í sambúð með körfuknattleiksleikmanninum Tony Parker.






# Erótík á undanhaldi?

**Fyrir rúmum áratug eða svo var varla hægt að þverfóta fyrir erótískum spennutryllum í kvikmyndahúsum borgarinnar. Nú virðast þeir hafa beðið afhroð ef marka má viðtökurnar við Basic Instinct 2.**

Dómar íslenskra gagnrýnenda um framhaldsmyndina Basic Instinct 2 eru ekkert einsdæmi. Kvikmyndarýnar hafa keppst um að hakka myndina í spað og verður hún að teljast líkleg til afreka á Rifsberjaverðlaununum, sem veitt eru verstu kvikmyndunum ár hvert.

Ógnareðlið er ágætt dæmi um hvert erótískir trillar stefna. Jade, Body of Evidence og Showgirls fóru nánast sömu leið og Sharon Stone ; háðulega útreið í öllum fjölmiðlum var það eina sem þeirra beið.

Sitt sýnist hverjum um ástæður þess að erótík er á undanhaldi í bandarískum kvikmyndum.



**BASIC INSTINCT 2** Framhaldsmyndin hefur fengið háðulega útreið í velflestum fjölmiðlum og nú spyrja menn hvort erótík sé liðin tíð í Hollywood.

Fréttavefur CNN birti fyrir nokkru samtöl við helstu máttarstólpana í þessum geira og fremstur meðal jafningja var Paul Verhoeven en hann leikstýrði fyrri myndinni um Catherine Tramell. „Allt sem er erótík hefur verið bannað í Bandaríkjunum,“ sagði leikstjórinn við fréttavefinn. „Við búum við stjórnvöld sem hamra stöðugt á kristnum gildum en kristin trú og kynlíf hafa aldrei átt vel saman,“ hélt leikstjórinn áfram. Handritshöfundurinn Nicholas Meyer, sem á meðal annars heiðurinn af handriti Fatal Attraction, tekur undir þessi orð Verhoeven og segir Bandaríkin vera orðið púrítanskt samfélag. „Við búum við hálfgerðan McCarthyisma nema nú er ekki lengur spurt hvort þú sért kommi heldur hvort þú hafir kynlíf í kvikmyndum þínum,“ bætti Meyer við.

Ekki eru þó allir sammála þessu og Mark Damon, sem framleiddi 9 1/2 viku og Wild Orchid, taldi þetta vera útbrunna tískubólu. Framleiðandinn JC Spink hafnar þó öllum þessum rökum og dregur internetið til ábyrgðar. „Af hverju að borga 800 krónur fyrir eitthvað sem þú sérð frítt á netinu?“ spurði Spink. Hollywood hefur hins vegar ekki alveg gefist upp á erótíkinni því í burðarliðunum eru Number 23 með Jim Carrey og Sabbatical þar sem Jennifer Garner flettir sig klæðum auk sálfræðitryllisins Need.

# Miðasala hefst í dag

Í dag hefst miðasala á Manchester-tónleikana í Laugardalshöll og Nasa á midi.is og verslunum Skífunnar og B.T. Heppnir miðakaupendur geta átt von á góðum aukaglaðningi því fjórtán farseðlar til Manchester eru faldir í þeim fimm þúsund miðum sem til sölu eru. Fólk þarf ekki að bíða og sjá hvort það hafi unnið því það fær tilkynninguna strax og það lýkur kaupferlinu.

Mikið úrval íslenskra og erlendra tónlistarmanna treður upp á þessari hátíð og nægir þar að nefna húfugítarleikarann Badly Drawn Boy auk Echo and the Bunnymen en sú sveit kemur reyndar ekki frá Manchester heldur Liverpool. Hún hefur reyndar líka áður komið til Íslands en það var fyrir 23 árum síðan og má til gamans geta að á umslagi hljómplötunnar Porcupine má sjá hljómsveitarmeðlimina standa við Gullfoss.

Meðal íslenskra tónlistarmanna má nefna The Foreign Monkeys en sveitin vann Músíktilraunir með miklum tilþrifum fyrir skömmu. Þá kemur stórsveit Benna Hemm Hemm einnig fram auk glysrokksveitarinnar Trabant.



**BADLY DRAWN BOY** Er meðal þeirra fjölmörgu listamanna sem koma fram á Manchester-tónleikunum í Laugardalshöll og Nasa. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES







## ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| WOLF CREEK | KL. 5:50-8-9:10-10:30 | B.I. 16 |
| WOLF CREEK VIP | KL. 9:10 | B.I. 16 |
| ÍSÖLD 2 ísl. tal | KL. 5-7 | |
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 5:30-8-10:30 | |
| V FOR VENDETTA | KL. 8-10:30 | B.I. 16 |
| V FOR VENDETTA VIP | KL. 3:50-6:30 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 3:50 | |
| AEON FLUX | KL. 5:50 | B.I. 16 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 3:50 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900




## KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 2 ísl. tal | KL. 6-8 | |
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 10 | B.I. 16 |
| DATE MOVIE | KL. 10 | B.I. 14 |
| THE PINK PANTHER | KL. 6-8 | |

## AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| WOLF CREEK | KL. 8-10 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 5:45-8 | |
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 10:15 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 6 | |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170




## KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| WOLF CREEK | KL. 5:50-8-10:10 | B.I. 16 |
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 3:30-5:30-8 | |
| V FOR VENDETTA | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| BAMBI 2 ísl. tal. | KL. 3:50 | |
| LASSIE | KL. 3:30 | |

KRINGLAN S: 588-0800




| | | |
|---|---|---|
| V FOR VENDETTA | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 6-9 | B.I. 16 |
| THE MATADOR | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8 | |
| SYRIANA | KL. 10 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 6 | |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


# FRÉTTIR AF FÓLKI

Demi Moore og barnungi kærasti hennar Ashton Kutcher munu væntanlega feta í fótspor leikkonunnar Angelinu Jolie og ættleiða barn en þetta upplýsti Kutcher í viðtali við The Sun. Ashton sagði að þau væru ekki að reyna



eignast barn en myndu hugleiða ættleiðingu. Samkvæmt breska götublaðinu á Kutcher að hafa sagt að það væri í tísku að ættleiða börn frá Kambódíu eða öðrum fátækum ríkjum. „Enginn eignast sín eigin börn um þessar mundir,“ bætti hann við en söngkonurnar Jessica Simpson og Queen Latifah hafa báðar lýst því yfir að þær vilji fara sömu leið.



Höfundur Harry Potter, J.K Rowling, segir stjörnur dagsins í dag líta út fyrir að vera tannstönglar. Rithöfundurinn segir að hún vilji ekki að dætur sínar tvær alist upp með „heimskar, sjálfhverfar og horaðar mjónur“, svo vitnað sé til orða hennar, sem fyrirmyndir. Á opinberri vefsíðu Rowling ræðst hún á leggjalöngu fyrirsæturnar sem styðji við okur á handtöskum og vinsældir rottuhunda auk þess sem hún hrósar söngkonunni Pink fyrir lagið Stupid Girls en þar ræðst Íslandsvinkonan á Jessicu Simpson, Paris Hilton og Lindsay Lohan.



Knattspyrnuhetjan Wayne Rooney hefur ráðið sér gæludýraþjálfara vegna þess að hann nennir ekki að þrífa upp eftir hundana sína þrjá, samkvæmt The Mirror. Tveir þeirra, Fizz og Bella, eru aldir upp við venjulega „mannasiði“ en sá þriðji hefur ekki alveg náð því hvar hann eigi að gera stykkin sín í rándýrri villu Rooney og unnustu hans. Samkvæmt The Mirror er kúkurinn farinn að skilja eftir greinileg merki á parkettinu og hefur Rooney þurft að ganga hreint til verks.






## Jóhann í Þrótt

Þróttarar halda áfram að styrkja sig fyrir átökin í 1. deildinni og nýjasti liðsaukinn er miðjumaðurinn Jóhann Hreiðarsson sem búinn er að gera þriggja ára samning við félagið. Jóhann kemur frá Val en var síðasta sumar að láni hjá Víkingi.

**sport**
sport@frettabladid.is

VILHJÁLMUR HALLDÓRSSON: ÓHEPPNASTI HANDBOLTAMAÐUR ÍSLANDS SKYNSAMUR Í MAKAVALI

# *Veitir ekki af sjúkraþjálfara á heimilið*

Það er síður en svo djúpt tekið í árinni að halda því að fram að handknattleiksmaðurinn Vilhjálmur Halldórsson, sem leikur með Skjern í Danmörku, sé óheppnasti handboltamaður Íslands og þótt víðar væri leitað. Vilhjálmur hefur í tvígang lent í því að missa tennur í leik, hann hefur fótbrotnað, handleggsbrotnað tvisvar og í síðara skiptið er hann féll af húsþaki. Þetta er meðal þess helsta sem hefur komið fyrir hann en í raun er Vilhjálmur heppinn að vera hreinlega á lífi því honum hefur líka tekist að velta bíl heilan hring. Það ökutæki spændi aldrei aftur upp malbikið heldur fór beint í brotajárn.
„Þetta er ansi langur sjúkralisti og það má vissulega segja að ég sé heppinn að vera á lífi,“ sagði hinn seinheppni Vilhjálmur, sem getur huggað sig við að unnustan hans, Tinna Jökulsdóttir, er að læra sjúkraþjálfun og klárar námið í vor. „Það veitir ekkert af sjúkraþjálfara á heimilið miðað við minn meiðslaferil,“ sagði Vilhjálmur og hló dátt.
Hvort sem það er sambúðinni við Vilhjálm að kenna eður ei þá er athyglisvert að meiðslin hafa elt Tinnu þennan veturinn en hún spilar handbolta með Gróttu. Hún lenti í því að slíta krossbönd á æfingamóti fyrir Íslandsmótið og lenti í kjölfarið í læknamistökum sem framlengdu tímann utan vallar. Þegar hún kom loksins til baka sneri hún sig í fyrsta leik og lenti aftur á sjúkralista.



Ótrúleg óheppni eltir því þetta handboltapar en merkilegt nokk hefur Vilhjálmur nánast sloppið við meiðsli í allan vetur og slíkt gerist ekki á hverju ári.
„Ég marðist illa á nefinu í eitt skipti en annars hef ég alveg sloppið við meiðsli. Reyndar er öruggara að segja núna 7, 9, 13 svo ekki fari illa á næstu dögum,“ sagði hinn seinheppni en síkáti handboltamaður Vilhjálmur Halldórsson, sem á vafalaust eftir að spara stórar fjárhæðir þegar konan hans lýkur námi.

## > Ólafur við það að hætta?

Miklar líkur eru á því að handknattleikskappinn knái Ólafur Sigurjónsson leggi skóna á hilluna vegna þrálátra meiðsla. Þetta er gríðarleg blóðtaka fyrir ÍR en Ólafur hefur verið einn besti maður liðsins undanfarin ár. „Það er skemmd í krossböndunum hjá mér og það er eitthvað sem þarf að slíta upp og laga aftur ef ég á að spila hraða íþrótt eins og handbolta. Ég er því 80 prósent viss um að hætta í boltanum, en ég mun leggjast vandlega yfir þetta og skoða málið í nokkrar vikur áður en ég tek lokaákvörðun,“ sagði Ólafur við Fréttablaðið í gær.




EKKI MISSA AF ÞESSU!

LAGERSALAN
SKÓR OG FÖT

GERUM ENN BETUR!
Vegna gríðarlegs þrýstings höfum við ákveðið að framlengja veisluna næstu helgi.

Nýtt fyrirkomulag:
Kaupið tvö stk. og fáið það þriðja frítt (ódýrasta parið af þremur)

FULLT AF FLOTTUM MERKJUM

Nóg úrval af Dömustígvélum
Blend herrafatnaði
Golfskóm
Blend dömufatnaður
ECCO herra og dömuskóm(tísku)

Opnun verður sem hér segir:
Föstudag 7. apríl frá 15:00 til 19:30
Laugardag 8. apríl frá 11:00 til 17:00




EKKI MISSA AF ÞESSU!


# ÍBV kærir Stjörnuna á ný

**Forráðamenn handknattleiksdeilda ÍBV og Stjörnunnar eru komnir í hár saman annað árið í röð vegna leikmannamála. ÍBV segir Stjörnuna hafa rætt við markvörð sinn, Florentina Grecu, án leyfis og því hafi félagið kært.**

**FÓTBOLTI** Svipað mál kom upp á síðustu leiktíð er Tite Kalandadze og Roland Valur Eradze gengu í raðir Stjörnunnar frá ÍBV eftir uppboð sem á sér eflaust enga hliðstæðu í íslensku íþróttalífi. Stjörnumenn kærðu ÍBV eftir uppboðið fræga og hafa gert slíkt hið sama núna þar sem þeir segja Stjörnumenn hafa rætt við markvörðinn Florentinu Grecu án þeirra leyfis en hún verður samningslaus í sumar.

„Flora hefur staðfest þetta við okkur og þess vegna höfum við kært. Mér þykir líklegt að Stjarnan sé búin að gera samning við Floru,“ sagði Hlynur Sigmarsson, formaður handknattleiksdeildar ÍBV, en hann er einnig ósáttur við hversu langan tíma tekur fyrir dómstól HSÍ að taka málið fyrir.

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, býst ekki við því að málið verði tekið fyrir á næstu dögum og væntanlega ekki fyrir páska. Niðurstaða málsins mun ekki hafa nein áhrif á framhaldið þar sem aðeins er hægt að sekta í slíkum málum.

„Ég er ósáttur við hvernig Stjarnan hagar sér í þessu máli. Bergþóra, móðir Þorsteins sem er yfir handknattleiksdeildinni, steig í pontu á ársþingi fyrir tveim árum síðan og hraunaði yfir okkur og kallaði okkur öllum illum nöfnum fyrir að gera nákvæmlega það sama og Stjarnan er að gera núna. Stjarnan lék sama leik í fyrra og mér finnst lágmark að lið sem eru að predíka að farið sé eftir lögum geri það síðan sjálf,“ sagði Hlynur, sem játaði að hafa gerst brotlegur um nákvæmlega sama hlut fyrir tveim árum síðan en hefði síðan haldið sig innan lagarammans.

Hlynur heldur því fram að einn þeirra sem sé að atast í málinu sé Bragi Bragason en hann situr í landsliðsnefnd kvenna og er einnig að starfa fyrir Stjörnuna.

Einar Þorvarðarson segist hafa rætt við Braga og óskað eftir því að hann væri ekki að skipta sér af leikmannamálum félagsins. Einar sagðist ekki vita hvort Bragi hefði komið að þessu ákveðna máli og hefði ekki spurt hann.



**FLORENTINA GRECU** Hefur verið einn besti leikmaður Íslandsmótsins síðustu ár og því þarf ekki að koma á óvart að hún sé eftirsótt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Bragi, Aðalsteinn Eyjólfsson þjálfari og Þorsteinn formaður eru aðalmennirnir í því að fá Florentinu yfir til Stjörnunnar,“ sagði Hlynur mjög ósáttur.

Þorsteinn Rafn Johnsen, formaður handknattleiksdeildar Stjörnunnar, vildi lítið tjá sig um málið þegar eftir því var leitað en hafnaði þó ásökunum Hlyns. „Ég hef ekki heyrt af þessari kæru. Ég hef ekki talað við neinn leikmann hjá Hlyni né nokkur frá okkur. Mín samviska í málinu er mjög góð,“ sagði Þorsteinn.

Þess má síðan geta að Stjarnan og ÍBV mætast í deildarbikarkeppni kvenna sem fram fer í lok mánaðarins og verður áhugavert að fylgjast með þeim leikjum í ljósi þess sem nú er komið upp.

henry@frettabladid.is

Haukastúlkur geta tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta í kvöld:

# Við vanmetum ekki Keflavík

**KÖRFUBOLTI** „Við ætlum okkur að sjálfsögðu að tryggja okkur titilinn á heimavelli en það verður ekki auðsótt. Keflavík er með sterkt lið og við vanmetum það alls ekki,“ sagði Pálína Gunnlaugsdóttir, leikmaður Hauka, við Fréttablaðið í gær fyrir þriðja leikinn gegn Keflavík sem fram fer á Ásvöllum í kvöld.

Pálína tryggði Haukum sigurinn með glæsilegri þriggja stiga körfu á lokasekúndum annars leiksins í Keflavík en vonast til þess að þurfa ekki að endurtaka leikinn.

„Ég vona nú að við verðum búin að tryggja okkur sigurinn fyrr í þessum leik,“ sagði Pálína, sem hefur átt góðan vetur með Haukum og skorað tæp tólf stig í leik. Eftir að hafa rótburstað Keflavík í fyrsta leiknum, 90-61, lentu Haukastúlkur í vandræðum í öðrum leiknum í Keflavík þar sem þær tryggðu sér sigurinn á lokasekúndunum eftir að hafa verið undir mest allan leikinn.



**ANNAR BIKAR Í KVÖLD?** Pálína og félagar lyfta hér deildabikarnum. Þær gætu lyft Íslandsbikarnum í kvöld.

Með stórleik Megan Mahoney og gífurlega sterkri vörn tókst Haukum að landa sigrinum og getur liðið því tryggt sér titilinn á heimavelli í kvöld.

„Það er enginn sérstakur undirbúningur hjá okkur fyrir þennan leik, við leggjum alla leiki alveg eins upp. Við erum með breiðan hóp góðra leikmanna og erum fullvissar um að við klárum þetta,“ sagði Pálína eldhress að lokum.

- hþh



Nú tala vinsælustu mörgæsir heims íslensku
Sögumaðurinn er Hilmir Snær Guðnason
MEÐ ÍSLENSKU TALI!
AÐALHLUTVERK: Hilmir Snær Guðnason
Auk þess inniheldur þessi veglegi diskur upprunalegu útgáfu kvikmyndarinnar sem sló í gegn um allan heim ásamt tveimur klukkustundum af mögnuðu viðbótarefni.
ÓSKARINN 2006
BESTA MYNDIN
FERÐALAG KEISARAMÖRGÆSANNA
2 TÍMAR AF AUKAEFNI
TVÆR HEIMILDARMYNDIR EFTIR LUC JACQUET:
OF PENGUINS AND MEN
RUSH HOUR IN ANTARCTIC
„MEISTARASTYKKI!"
„SPENNANDI, SORGLEG OG FYNDIN Í SENN. TILVALIN FJÖLSKYLDUSKEMMTUN SEM AUÐGAR ANDANN!"
★★★★★
„SJÓN ER SÖGU RÍKARI!"
VIÐBÓTAREFNI
1.999
Loksins á DVD og í útgáfu sem okkur sæmir!
úff hvað ég er þreyttur eftir að hafa elt mörgæsirnar!
Einn stærsti smellur síðari ára er komin í verslanir BT
BT
Fylgir meðan birgðir endast
EINSTAKLEGA VEGLEGUR DVD DISKUR MEÐ TVEIMUR TÍMUM AF AUKAEFNI



**GUÐMUNDUR STEPHENSEN** Kom, sá og sigraði eftir veikindi og vann sinn leik örugglega í gær. Spennan verður mikil í lokaleikjunum um titilinn. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Malmö jafnaði gegn Eslöv í baráttunni um titilinn í Svíþjóð:

# Guðmundur í ham

**BORÐTENNIS** Guðmundur Stephensen kom brattur til leiks með liði Malmö sem bar sigurorð af Eslöv í öðrum leik liðanna um sænska meistaratitilinn í borðtennis. Guðmundur hefur verið veikur og gat ekki tekið þátt í fyrsta leik liðanna sem núverandi meistarar í Eslöv unnu 5-2.

Guðmundur sýndi mátt sinn og megin þegar hann kom aftur í liðið í öðrum leiknum og lagði andstæðing sinn, Mikael Zöögling, örugglega 3-0. Malmö sigldi síðan til sigurs í viðureigninni og vann sannfærandi 5-0.

Liðin eigast við að nýju í dag en þrjá leiki þarf til að vinna Svíþjóðarmeistaratitilinn þar sem ljóst er að hart verður barist. - hþh

HANDLING THE WORLD'S MOST IMPORTANT PRODUCTS. everyday.

EIGN CHEP

CHEP bretti og gámar (CHEP búnaður) eru og verða ætíð einkaeign CHEP UK Limited eða eins af tengdum fyrirtækjum þess (CHEP). Aðeins CHEP, leigutakar CHEP búnaðar og viðkomandi umboðsaðilar CHEP hafa lögmætan rétt til að nota CHEP búnað.

- Ólögmætt er að kaupa eða breyta CHEP búnaði eða skipta á honum fyrir aðra tegund búnaðar, selja eða losa sig við hann á annan hátt.
- Eignaupptaka í leyfisleysi, notkun eða sala á CHEP búnaði er stranglega bönnuð.

Vinsamlegast hafið samband í síma 568-5000 eða fax 568-5002 til að láta sækja CHEP búnað.




CHEP EQUIPMENT POOLING SYSTEMS

Íslenska kvennalandsliðið í handbolta tapaði 24-22 gegn Hollandi í gær:

# Herslumuninn vantaði

**HANDBOLTI** Ísland lá í valnum fyrir Hollandi, 24-22, á æfingamótinu sem fer fram í Tékklandi um þessar mundir. Þetta er annað tap liðsins en Slóvakía vann leikinn gegn Íslandi í gær 25-21. „Við spiluðum yfirhöfuð mjög góðan leik og vorum óheppin að vinna hann ekki þegar upp var staðið. Það var mikil bæting frá leiknum gegn Slóvakíu og þegar allt kom til alls var sárt að vinna ekki leikinn," sagði Stefán Arnarson landsliðsþjálfari við Fréttablaðið í gærkvöld.

Leikurinn var mjög jafn og spennandi en liðin skiptust á að vera yfir, þó aldrei meira en tveimur mörkum. Þegar tvær mínútur voru til leiksloka var jafnt en hið gríðarlega sterka hollenska lið var sterkara á endasprettinum og vann að lokum tveggja marka sigur.

„Ég er mjög ánægður með að hafa rifið okkur upp eftir mjög slakan leik í gær þar sem liðið spilaði heilt yfir illa. Dæmið snerist við í þessum leik og allir spiluðu vel. Varnarleikurinn var góður, sóknarleikurinn var skynsamur en vissulega skoruðum við ekki nema 21 mark. Við misnotuðum fjögur vítaköst, sem kostaði okkur mikið á endanum," sagði Stefán.



**HANNA G. STEFÁNSDÓTTIR** Skoraði eitt mark í leiknum og stóð vaktina í vörninni með stakri prýði. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

„Liðsheildin var að virka vel hjá okkur en þegar við vorum með leikinn í höndunum okkar misstum við dampinn. Þetta er samt sem áður bara æfingamót og við lítum björtum augum á framhaldið," sagði Stefán en Ísland mætir Tyrkjum í dag.

Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, Hrafnhildur Skúladóttir og Jóna Margrét Ragnarsdóttir skoruðu allar fjögur mörk í leiknum en þær Drífa Skúladóttir, Guðbjörg Guðmannsdóttir, Ragnhildur Guðmundsdóttir og Sólveig Lára Kjærnested skoruðu allar tvö mörk hver. Hanna Guðrún Stefánsdóttir og Harpa Eyjólfsdóttir skoruðu svo sitt hvort markið. Helga Torfadóttir varði fimmtán skot í markinu. - hþh

# Sögulegur sigur Skallanna

**Skallagrímur vann sögulegan 84-80 útisigur á Keflavík í oddaleik í gær. Borgnesingar unnu sinn fyrsta leik í Keflavík og leika til úrslita í fyrsta skipti.**

**KÖRFUBOLTI** „Ég bjóst alls ekki við þessu, satt best að segja stefndi ég að því að hjálpa liðinu að komast í úrslitin. Félagið hefur aldrei komist svona langt, við höfum ekki hugsað um það sem blöðin hafa skrifað um okkur og látið verkin tala inn á vellinum," sagði George Byrd eftir óvæntan sigur í Keflavík í gær. Ótrúlegur viðsnúningur frá seinustu heimsókn Borgnesinga til Keflavíkur þegar þeir töpuðu með fimmtíu stigum.

Flestir bjuggust við Keflavíkursigri í gær en Skallagrímsmenn komu gríðarlega ákveðnir til leiks. Borgnesingar komust mest fjórtán stigum yfir í fyrsta leikhlutanum og voru 22-13 yfir þegar farið var í annan leikhluta.

Þeir virtust koma heimamönnum í opna skjöldu, spiluðu hreint út sagt frábæra vörn og Hafþór Gunnarsson var sjóðheitur með fjórar þriggja stiga körfur í fyrsta leikhlutanum. Hann fékk síðan sína fjórðu villu í öðrum leikhluta en þá steig Pétur Sigurðsson upp með þrjár þriggja stiga körfur og staðan í hálfleik óvænt 42-28, gestunum í vil. George Byrd spilaði stórt hlutverk og tók hann fimmtán fráköst í fyrri hálfleik.

Allt annað var að sjá til Keflavíkurliðsins eftir hlé, það fékk góðan meðbyr og fór að saxa á forskot heimamanna. Alls skoruðu heimamenn 32 stig í þriðja leikhlutanum, sem var fjórum stigum meira en í hinum tveimur á undan til samans. Skallagrímur hafði reyndar 61-60 yfir eftir þriðja leikhlutann en liðið var í miklum vandræðum.



**AJ MOYE** Góður leikur hans í gærkvöldi var ekki nóg fyrir lánlausa Keflvíkinga, sem lutu í gras fyrir baráttuglöðum Skallagrímsmönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Gestirnir voru farnir að ókyrrast en voru ekki á þeim buxunum að hleypa Keflvíkingum fram úr. Þeir byrjuðu fjórða leikhlutann vel og komust fljótt sex stigum yfir en heimamenn sýndu hins vegar seiglu og reynslu, náðu að jafna 78-78 þegar skammt var eftir. Strax í næstu sókn tókst Jóni Nordal að blaka boltanum ofan í eftir þriggja stiga skot Magnúsar Gunnarssonar og heimamenn voru komnir yfir, 80-78 þegar rúm mínúta var eftir. Við tók mögnuð mínúta; Skallagrímsmenn komu boltanum inn í teig á Byrd og Arnar Freyr Jónsson braut á honum. Það sem fylgdi í kjölfarið gerði nánast út um leikinn.

Arnar fékk dæmt á sig tæknivíti fyrir orðaskak við dómara leiksins. Byrd fór því á vítalínuna en setti hvorugt vítið niður. Pétur Sigurðsson fór því næst á vítalínuna og setti bæði vítin niður og að auki fékk Skallagrímur boltann þegar 28 sekúndur voru eftir. Skynsamur Dimitar Karadzovzki hélt boltanum fyrir gestina áður en Jovan Zdravevski setti niður tveggja stiga körfu og Skallagrímur var kominn í úrslit í fyrsta skipti í sögu félagsins.

„Keflvíkingar voru frekar kraftlausir og maður hafði það á tilfinningunni að þeir hefðu búist við frekar auðveldum leik og það nýttum við okkur. Það bjóst enginn við því að við næðum svona langt en það er kominn tími á Borgarnes í úrslitin. Njarðvíkingar hafa allt með sér en ég vonast eftir skemmtilegum leikjum," sagði Valur Ingimundarson í leikslok. elvar@frettabladid.is

Valur vann 26-21 sigur á Selfyssingum í DHL-deild karla í handbolta í gær:

# Lélegur leikur hjá okkur

**HANDBOLTI** Valsmenn lögðu Selfyssinga í Laugardalshöll í gær í leik sem hafði alla burði til að verða spennandi undir lokin. Staðan var 18-18 þegar leikur Selfyssinga hrundi og Valsmenn fóru með öruggan fimm marka sigur af hólmi, 26-21.

„Þetta var hörmulegur leikur að okkar hálfu. Við vorum alltaf á undan en það vantaði grimmdina til að afgreiða leikinn strax. Selfyssingar börðust gríðarlega vel og börðust eins og hetjur. Það vantaði sterka leikmenn í þeirra lið en við höfðum þetta að lokum. Sigur er sigur," sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Valsmanna, eftir leikinn.



**ATLI RÚNAR STEINÞÓRSSON** Brýst hér í gegnum vörn Selfoss í leiknum í gær. Atli skoraði tvö mörk í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

„Miðað við hvernig við spiluðum þennan leik mætti halda að mínir menn hefðu ekki komið tilbúnir í þennan leik. Kannski vanmátum við Selfyssinga, ég held þó ekki, en síðustu tveir leikir hjá okkur hafa ekki verið nógu góðir. Við þurfum að rífa okkur upp," sagði Óskar Bjarni, sem hefur gefið allar vonir um Íslandsmeistaratitil upp á bátinn.

„Nú snýst þetta bara um að bæta leik okkar, baráttan er á milli Fram og Hauka. Nú kemur páskafrí þar sem við þurfum að æfa vel áður en við leikum gegn Þór á Akureyri. Svo verður gaman að spila í deildabikarnum," sagði Óskar Bjarni að lokum. - hþh

Manchester United gerir risasamning við bandaríska tryggingafyrirtækið AIG:

# Nýr metsamningur í höfn

**FÓTBOLTI** Manchester United hefur gert stærsta styrktarsamning sem félag í ensku úrvalsdeildinni hefur gert með 56,5 milljón punda samningi við ameríska tryggingarfyrirtækið AIG. Samningurinn er til fjögurra ára og er því metinn á um fjórtán milljónir punda á ári hverju, en næststærsta samninginn gerði Chelsea við Samsung sem metinn er á tíu milljónir punda á hverju ári. Juventus á þó enn stærsta samning hvað félög í heiminum varðar en samningurinn við Tamoil er metinn á fimmtán milljónir punda á ári.

United hefur verið í leit að nýjum fjárfestum eftir að símafyrirtækið Vodafone ákvað að rifta samningi sínum frá og með loka tímabilsins. Hann kostaði fyrirtækið níu milljónir á ári hverju og er því um töluverða aukningu að ræða fyrir United sem leiðir af sér aukna fjármuni til leikmannakaupa.

Það var í síðustu viku sem veðmálafyrirtækið Mansion sakaði United um að leika tveimur skjöldum og eiga í samningaviðræðum við tvö fyrirtæki, en United dró sig út úr viðræðunum.

Samningurinn við Mansion var metinn á mun hærri upphæð, 70 milljónir punda, en talið er að United hafi hætt við vegna ótta um orðspor sitt við að ýta undir veðmál. **- hþh**



**NÝR BÚNINGUR** Ryan Giggs í nýjum búning Manchester United með merki AIG framan á. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES




## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Iceland Express-deild karla:*

| KEFLAVÍK-SKALLAGRÍMUR | 80-84 |
|---|---|

**Stig Keflavíkur:** AJ Moye 33, Arnar Freyr Jónsson 12, Magnús Gunnarsson 12, Jón Nordal 8, Sverrir Þór Sverrisson 8, Vlad Boer 7.

**Stig Skallagríms:** Hafþór Gunnarsson 22, Pétur Sigursson 21, George Byrd 15, Jovan Zdravevski 12, Dimitar Karadzovzki 7, Axel Kárason 5, Pálmi Sævarsson 2.

*DHL-deild karla:*

| VALUR-SELFOSS | 26-21 |
|---|---|

**Mörk Vals:** Mohamadi Loutofi 7, Hjalti Pálmason 5, Fannar Friðgeirsson 5, Ingvar Árnason 4, Kristján Karlsson 3, Atli Rúnar Steinþórsson 2.

**Varin skot:** Pálmar Pétursson 18.

**Mörk Selfoss:** Einar Örn Guðmundsson 7, Davíð Ágústsson 5, Atli Kristinsson 3, Ramunas Mikalonis 2 Hörður Bjarnason 2, Ragnar Svwnbergsson 2.

**Varin skot:** Sebastian Alexandersson 12.

*UEFA bikarinn:*

| MIDDLESBROUGH-BASEL | 4-1 |
|---|---|

0-1 Eduardo Da Silva (23.), 1-1 Mark Viduka (33.), 2-1 Mark Viduka (57.), 3-1 Jimmy Floyd Hasselbaink (79.), 4-1 Massimo Maccarone (90.).
*Middlesbrough komst áfram samanlagt 4-3.*

| SCHALKE-LEVSKI SOFIA | 1-1 |
|---|---|

0-1 Emil Angelov (24.), 1-1 Cassio Lincoln (58.)
*Sevilla komst áfram samanlagt 4-2.*

| ZENIT ST PETERSBURG-SEVILLA | 1-1 |
|---|---|

1-0 Youn Hyun (50.), 1-1 Blanco Kepa (66.).
*Sevilla komst áfram samanlagt 5-2.*

| STEAUA BÚKAREST-RAPID BÚKAREST | 0-0 |
|---|---|

*Steaua komst áfram, 1-1 á marki skoruðu á útivelli.*

Tom Lehman í lífshættu:

# Skotið á bíl Lehmans

**GOLF** Bandaríski kylfingurinn Tom Lehman lenti óvænt í mikilli lífshættu á miðvikudag þegar hann var á leið út á Augusta-flugvöll til að sækja son sinn sem ætlar að fylgjast með pabba sínum á Masters-mótinu.

Lehman var að keyra í mesta sakleysi á hraðbrautinni þegar sportbíll keyrði framhjá honum og um leið heyrði hann mikinn hvell. Þegar hann stöðvaði bílinn sá hann gat í hurðinni eftir byssukúlu. Lehman slapp ómeiddur en byssumaðurinn var handtekinn skömmu síðar. **- hbg**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

4 5 6 **7** 8 9 10

**Föstudagur**

**LEIKIR**

- 19.15 **Haukar** og **Keflavík** mætast í úrslitakeppni Iceland-Express deildar kvenna í körfubolta að Ásvöllum.
- 19.15 **Fylkir** og **Þór** mætast í DHL-deild karla í handbolta í Árbænum.

**SJÓNVARP**

- 18.35 **Súpersport** á Sýn.
- 19.05 **Gillette sportpakkinn** á Sýn.
- 19.35 **Meistaradeildin** á Sýn. Fréttaþáttur.
- 20.00 **Masters mótið í golfi** á Sýn. Bein útsending frá öðrum degi.
- 23.00 **Súperkross** á Sýn.



Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„The Jews taught me this great word. „Schmuck". I was a schmuck, and now I'm not a schmuck."**

**Svar:**
Frank úr kvikmyndinni Scrooged frá árinu 1988

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: BERGSTEINN SIGURÐSSON RUGLAR ÖLLUM STÖÐVUM SAMAN**

# *Málsvörn mannætuhákarls*

Í byrjun vikunnar lagðist ég í kör með svo skæða flensu að læknar hugðu mér vart líf. Eftir að hafa hringt í nánustu vini og ættingja og kvatt í hinsta sinn, svona til vonar og vara, kveikti ég á sjónvarpinu. Og nú var aldeilis gott að myndlykillinn var farinn að virka aftur!

Ég varð margs vísari þennan dag sem ég lá lasinn, til dæmis sá ég þátt á National Geographic þar sem barnabarn Jacques Cousteau hrakti þjóðsögu um að hvíthákarl hefði synt upp með lækjarsprænu í New Jersey árið 1916 og orðið nokkrum að bana. Sökudólgurinn mun hafa verið öðruvísi hákarl. Nógu hefur verið logið upp á hvíthákarlinn í gegnum tíðina. Rétt skal vera rétt.



**AMERICAN CHOPPER** Virðast innihaldsrýrir en eru merkilega skemmtilegir.

Mýtubanar (Mythbusters) heitir annar þáttur á einni af þessum stöðvum sem ég rugla öllum saman. Þar sannreyna tveir skemmtilegir og sannleikselskandi vísindanördar hinar og þessar goðsagnir, til dæmis mun Arkimedes ekki hafa getað búið til stórhættulegan „dauðageisla" með spegli og sólarljósi og kampavín freyðir ekki lengur eftir að flaskan er opnuð þótt silfurskeið sé geymd í því (ég vissi reyndar ekki að það væri trú manna).

American Chopper heitir raunveruleikaþáttur um feðga sem eiga mótorhjólasmiðju. Pabbinn er tröll að vexti, með mikið grátt yfirvaraskegg, alltaf í hlýrabol og gerir eiginlega ekki en að öskra á son sinn. Kannski var ég með óráði, en mér fannst þetta skemmtilegt. Rúsínan í pylsuendanum var þó þáttur með hagnýtum upplýsingum um hvernig hver og einn getur smíðað sinn eigin svifnökkva með drasli sem má finna á ruslahaugunum. Hvar er næsta endurvinnslustöð?

Svona á sjónvarp að vera, í senn skemmtilegt og fræðandi.



▶ 23.45 *Kvikmynd*

ANY GIVEN SUNDAY



▶ 20.30 *Keppni*

IDOL-STJÖRNULEIT



▶ 21.00 *Tónlist*

BAK VIÐ BÖNDIN



▶ 20.00 *Drama*

ONE TREE HILL



▶ 20.00 *Golf*

US MASTERS

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Ævintýri H.C Andersen (6:26) **18.25** Dalabræður (11:12)

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Latibær** Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**20.40 Disneymyndin – Frú Murphy upplýsir málið** (Murder She Purred: A Mrs. Murphy Mystery) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1998. Leikstjóri er Simon Wincer og meðal leikenda eru Ricki Lake, Linden Ashby, Bruce McGill og Christina Pickles.
**22.10 Skotgröfin** (The Trench) Frönsk/bresk bíómynd frá 1999. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára.

▶**23.45** Sunnudagsleikurinn **2.10** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (48:145) **10.20** My Wife and Kids **10.40** 3rd Rock From the Sun **11.05** Það var lagið (e)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** The Comeback) **13.55** Joey **14.25** Arrested Development (1:22) (e) **14.50** The secrets of Extreme Makeover **15.35** Night Court **16.00** Barnatími Stöðvar 2 (Nýja vonda nornin, Skrímslaspilið, Scooby Doo, Litlu vélmennin.) **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**20.00 The Simpsons 13 (16:22)** (Simpson-fjölskyldan) Marge setur upp fuglahræðu í matjurtagarðinum sínum til að fæla í burtu krákurnar.
▶ **20.30 Idol – Stjörnuleit** (Smáralind 11) Úrslitin ráðast í Smáralindinni.
**22.00 Two and a Half Men (2:24)** (Tveir og hálfur maður)Einn vinsælasti gamanþátturinn á Stöð 2 snýr aftur í þessari þriðju þáttaröð.
**22.25 Idol – Stjörnuleit** (Smáralind 11 – atkvæðagreiðsla)
**22.55 Beauty and the Geek (1:7)** (Fríða og nördinn) Hvað gerast þegar ljóskurnar og nördarnir sameina krafta sína? Nýr stórsniðugur veruleikaþáttur þar sem slegið hefur í gegn beggja vegna Atlantshafs. Leyfð öllum aldurshópum.

**23.40 21 Grams** (Lífsins vigt) Stranglega bönnuð börnum. **1.40** Dante's Peak **3.25** Undercover Brother (e) (Bönnuð börnum) **4.50** Fréttir og Ísland í dag **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.55 Þrándur bloggar**
**20.00 Sirkus RVK (e)**
**20.30 Splash TV 2006 (e)** Herra Ísland 2005, Óli Geir og Jói bróðir hans er stjórnendur afþreyingarþáttarins Splash TV.
**20.55 Þrándur bloggar** Fyrsta videobloggstjarna Íslands
▶ **21.00 „bak við böndin"** Tónlistarþátturinn „bak við böndin" mun taka púlsinn á því besta sem er að gerast í íslenskri jaðartónlist.
**21.30 Idol extra 2005/2006 (e)** Í Idol Extra er að finna allt það sem þig langar til að vita um Idol Stjörnuleitina.
**22.00 Idol extra Live** Bein útsending frá Smáralindinni.
**22.30 Bikinimódel Íslands 2006** 10 stelpur hefja leikinn.

**23.00** Supernatural (8:22) (e) (Bönnuð börnum) **23.45** X-Files (e) **0.30** Þrándur bloggar **0.35** Laguna Beach (16:17) (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Sigtið (e)

**14.50** Ripley's Believe it or not! (e) **15.35** Game tíví (e) **16.05** Dr. 90210 (e) **16.35** Upphitun **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Cheers**
**19.25 Fasteignasjónvarpið**
**19.35 Everybody loves Raymond**
▶ **20.00 One Tree Hill** Þættirnir gefa trúverðuga mynd af lífi og samskiptum nokkurra ungmenna í bænum One Tree Hill.
**20.50 Stargate SG-1** Afar vandaðir þættir byggðir á samnefndi kvikmynd frá 1994.
**21.40 Ripley's Believe it or not!** Í þáttunum er farið um heim allan, rætt við og fjallað um óvenjulegar aðstæður, sérkennilega einstaklinga og furðuleg fyrirbæri.
**22.30 Celebrities Uncensored** E sjónvarpsstöðin telur niður þau 101 atvik sem hafa hrist hvað mest upp í heimsbyggðinni á síðustu árum.

**23.15** Sigtið (e) **23.45** The Shark Net (e) **0.45** Law & Order: Trial by Jury – lokaþáttur (e) **1.30** The Bachelor VI (e) **2.15** Sex Inspectors (e) **3.00** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.30** Óstöðvandi tónlist

## SÝN
*besta sætið*

**14.40** Iceland Expressdeildin **16.00** US Masters **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Súpersport 2006** Supersport er ferskur þáttur sem sýnir jaðarsportið og háska frá öðrum sjónarhornum en vant er.
**18.35 Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta.
**19.05 Gillette Sportpakkinn** Íþróttir í lofti, láði og legi.
**19.35 Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur** Allt það helsta úr Meistaradeildinni.
▶ **20.00 US Masters** (Augusta Masters 2006) Bein útsending öðrum deginum á US Masters.

**23.00** Súpercross **0.00** World Poker

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Hvítir mávar **8.00** The Scream Team **10.00** Life or Something Like It **12.00** Elizabeth Taylor: Facets **14.00** Hvítir mávar **16.00** The Scream Team **18.00** Life or Something Like It **20.00 Elizabeth Taylor: Facets** **22.00 The Edge** Milljónamæringur og tískuljósmyndari týnast í óbyggðum Alaska og þurfa á öllum sínum kröftum að halda til þess að komast af. **0.00** The Dangerous Lives of Altar Boys (Bönnuð börnum) **2.00** FeardotCom (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** The Edge (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Gastineau Girls **13.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **14.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **15.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **16.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **17.00** Gastineau Girls **17.30** Gastineau Girls **18.00** E! News **18.30** Big Buzz Gone Bad **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **21.00** Rich Kids: Cattle Drive **22.00** Wild On Tara **22.30** Wild On Tara **23.00** E! News **23.30** Behind the Scenes **0.00** Style Star **0.30** Big Buzz Gone Bad **1.00** The E! True Hollywood Story

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**7.00** Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt" (e) **8.00** Að leikslokum (e) **14.00** Arsenal – Aston Villa frá 01.04 **16.00** Man. City – Middlesbrough frá 02.04 **18.00** West Ham – Charlton frá 02.04

**20.00 Upphitun**
**20.30 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt" (e)**
**21.30 Bolton – Man. Utd. frá 01.04**
**23.30** Upphitun (e) **0.00** Newcastle – Tottenham frá 01.04 **2.00** Dagskrárlok




## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Idol-Stjörnuleit Stöð 2 kl.20.30

### *Úrslitin ráðast í kvöld*

Nú er komið að sjálfum úrslitaþættinum og Snorri og Ína aðeins tvö eftir. Þau syngja þrjú lög hvort, eitt lagið velja þau sjálf, eitt er valið af dómnefnd og það þriðja hefur verið sérstaklega samið fyrir þau af einum eftirsóttasta popplagahöfundi í heimi.
Í síðasta þætti bárust nærri sjötíu þúsund atkvæði og er spennandi að vita hversu mörg atkvæðin verða í kvöld. Efnt verður til aukasímakosningar um fyndnasta og eftirminnilegasta atriðið þar sem allur ágóði rennur óskiptur til Barnaspítala Hringsins.



*Þótt dómnefndin muni tjá keppendum skoðun sína verður það á valdi þjóðarinnar að velja hver sigrar.*

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | 2 | 6 | | | | |
| | 1 | 9 | | | | | | 2 |
| 6 | | | | | | 3 | | |
| | | | 9 | | 4 | 1 | | |
| | 3 | | | 2 | | | 8 | |
| | | 6 | 7 | | 1 | | | |
| | | 4 | | | | | | 7 |
| 3 | | | | | | 9 | 2 | |
| | | | | 9 | 7 | | 6 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 5 | 2 | 1 | 8 | 6 | 9 | 4 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 9 | 3 | 5 | 2 | 8 |
| 2 | 9 | 8 | 4 | 5 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 7 | 2 | 9 | 4 | 1 | 8 | 6 | 5 |
| 5 | 6 | 1 | 3 | 8 | 7 | 9 | 4 | 2 |
| 4 | 8 | 9 | 6 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 5 | 6 | 1 | 7 | 4 | 2 | 8 | 3 |
| 8 | 2 | 7 | 5 | 3 | 9 | 4 | 1 | 6 |
| 1 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 7 | 5 | 9 |



▶ **21.00** *Fréttaskýringar*

48 HOURS

**NFS**

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir **12.40** Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll **13.10** Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður

**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringaþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.
**21.00** **Fréttir**
▶ **21.10** **48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.45** Leikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Flakk **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Samfélagið í nærmynd **20.30** Kvöldtónar **21.00** Það er gaman að grúska í orðum **22.15** Lestur Passíusálma **22.21** Pipar og salt **23.00** Kvöldgestir

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunþáttur Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

**16.00** Fréttir **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Geymt en ekki gleymt **22.10** Næturvaktin **0.00** Fréttir

### BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying


MISSTIRÐU EITTHVAÐ ÚT ÚR ÞÉR?



Mörgum kílóum af tyggjói er spýtt á götur og gangstéttir borgarinnar á hverju ári. Hreinsun sorps af götunum kostar um 23 milljónir króna árlega. Þetta samsvarar meðalútsvari rúmlega 100 Reykvíkinga.

ÞAÐ MUNAR ENGU FYRIR ÞIG AÐ SETJA TYGGJÓIÐ Í FÖTUNA
ÞAÐ MUNAR ÖLLU FYRIR UMHVERFIÐ

Reykjavíkurborg

Virkjum okkur!



## HRÓSIÐ

*...fær Ármann Reynisson sem hefur gengið frá samningum við þýska bókaútgáfu um útgáfu á bók sinni Vinjettur V.*

## REYKJAVÍKURNÆTUR: HARPA PÉTURSDÓTTIR SÉR BETRI OG BJARTARI TÍMA

# *Vorið er komið í kroppinn á mér*



Ég lá uppi í rúmi eitt kvöldið og vorkenndi sjálfri mér að þurfa að vera í prófum. Mér fannst eins og ég væri eina manneskjan í heiminum sem þyrfti að húka heima hjá sér heila helgi án þess svo mikið sem stinga litlu tá út á lífið. Þrátt fyrir að vera ekki sú duglegasta að halda mér við lestur lagabókanna hef ég samt sem áður ekki samvisku í að gera neitt annað. Þá húki ég innan dyra með bækurnar við hliðina á mér, kveiki á sjónvarpinu stöku sinnum og gef mér tíma til að elda fínan mat. Reyndar hef ég tíma fyrir ótrúlegustu hluti þegar ég á að vera að lesa. Einhvern veginn finnst mér ég vera tilneydd að taka til í skúffunum, taka góða rispu á straubunkann og raða reikningunum í möppu.

En þegar ég lá þarna í rúminu fékk ég fjörfisk á þann einkennilega stað sem ilin er. Hef aldrei upplifað það áður. Þá fattaði ég hvað málið var, vorið var að koma í kroppinn á mér. Í gegnum endalausa doðranta og að því er virðist óendanleg lögfræðipróf, sá ég glitta í eitthvað bjart og betra. Ég áttaði mig á því að vorið er á næsta leiti og því engin ástæða til að horfa í það sem erfitt er. Ég hef gengið í gegnum allmargar prófatíðir og einhvern veginn taka þær alltaf enda og enda svona líka vel í hvert skipti, annað hvort með jólum eða sumri.

Veturinn er þó ekki mín uppáhalds árstíð og því engin furða að ég hafi upplifað ómælda gleði af því einu að átta mig á því að hann væri senn á enda. Fyrir mér er veturinn næstum jafn "minningarríkur" og sumarið þrátt fyrir að vera rúmlega tvöfalt lengri. Ég horfði yfir veturinn sem leið. Hann var að sjálfsögðu mjög góður en það er þó staðreynd að það er lengra á milli brjálæðislega skemmtilegu kvöldanna sem einkenna sumarið. Með haustinu förum við smátt og smátt að hægja á púlsinum. Ég held að við getum alveg sagt að við leggjumst í hýði að vissu leyti. Vikan líður, við hringjumst jú á á hverju kvöldi til að athuga hvort eitthvað sé að gerast, en einhvern veginn er það aldrei fyrr en á föstudags- eða laugardagskvöldum að við látum verða af því að koma okkur út fyrir bæjardyrnar til að hrista upp í hlutunum. Þetta er jú andstæðan við sumarið þar sem hver dagur er gleðidagur.

Hvað sem öðru líður þá er veturinn búinn og tími til kominn að skipta um gír. Framundan er vor og sumar sem býður upp á lítið annað en endalaust fjör og æðislegheit. Sumarbústaðaferðir, góðan mat í dinnerpartíum á pallinum, útilegur, kæruleysi og kreisí fjör. Gangi ykkur vel í prófunum!



**LÁRÉTT:**
2 fangi 6 tveir eins 8 arinn 9 stormur 11 til 12 ráðagerð 14 fíflagangur 16 nafnorð 17 mas 18 mælieining 20 guð 21 málmur.

**LÓÐRÉTT:**
1 listi 3 klaki 4 balar 5 landspilda 7 kista 10 bergtegund 13 þrep í stiga 15 áætlun 16 tangi 19 gelt.

**LAUSN:**

**LÁRÉTT:** 2 gísl, 6 kk, 8 stó, 9 rok, 11 að, 12 áform, 14 flipp, 16 no, 17 mal, 18 erg, 20 ra, 21 stál.
**LÓÐRÉTT:** 1 skrá, 3 ís, 4 stampar, 5 lóð, 7 koffort, 10 kol, 13 rím, 15 plan, 16 nes, 19 gá.


Xit
hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9
OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




**SNORRI SNORRASON** Hann flytur meðal annars lög með Robbie Williams og Hollies í keppninni í kvöld.



**ÍNA VALGERÐUR PÉTURSDÓTTIR** Hún flytur meðal annars lög með Janis Joplin og Celine Dion í kvöld.

## ÚRSLITAKVÖLD IDOL STJÖRNULEITAR Í KVÖLD:

# Rokkarinn og söngdívan keppa um titilinn

Úrslitakvöld Idol Stjörnuleitar fer fram í Vetrargarðinum í kvöld og í lok kvöldsins mun því verða ljóst hver verður Idol stjarna Íslands árið 2006. Ína Valgerður Pétursdóttir og Snorri Snorrason munu takast á um titilinn. „Keppendurnir hafa verið undir miklu álagi og í stífum æfingum þessa síðustu viku fyrir lokaþáttinn," segir Þór Freysson framleiðandi Idol stjörnuleitar. „Þau voru á síðustu æfingunni í gær með restinni af tólf manna hópnum sem kemur allur fram á morgun. Snemma í dag fara þau svo í viðtal á FM 95.7 og síðan verða þau bara í Smáralindinni að æfa. Í gærkvöld fóru þau reyndar til Jóhanns Inga Gunnarssonar sálfræðings sem hefur unnið með okkur í Idolinu síðastliðin tvö ár. Hann hefur tekið hópinn reglulega í viðtöl þar sem þau fara í djúpslökun sem nær úr þeim öllu stressi og hjálpar þeim að höndla álagið."

Ína og Snorri syngja þrjú lög hvert. Eitt lag völdu þau sjálf, eitt var valið af dómnefnd og það þriðja var sérstaklega samið fyrir þau af einum eftirsóttasta og farsælasta popplagahöfundi í heimi. Í úrslitaþættinum fyrir ári síðan bárust um 130 þúsund atkvæði sem var met og verður spennandi að sjá hvort metið verði slegið. Einnig verður efnt til auka símakosningar um fyndnasta og eftirminnilegasta keppandann eða atriðið þar sem allur ágóði mun renna óskiptur til Barnaspítala Hringsins.

„Það voru nokkrir keppendur í upphafi sem vöktu mikla athygli og þóttu áhugaverðir og það kviknaði sú hugmynd hjá okkur að leyfa þeim að láta ljós sitt skína með þessum hætti. Þessir keppendur eiga það inni hjá okkur. Einnig var tilgangurinn að safna peningi fyrir Barnaspítala Hringsins en við höfum unnið svolítið með honum í þættinum. Það er hins vegar mikilvægt að rugla þessum tveimur kosningum ekki saman," segir Þór.

**LAGALISTI ÍNU**

**SMS: idol1 sími 900-9001**

1. Piece Of My Heart - Janis Joplin.
2. Because You Loved Me - Celine Dion.
3. Allt sem ég á.

**LAGALISTI SNORRA**

**SMS: idol2 sími 900-9002**

1. He Ain't Heavy, He's My Brother - Hollies.
2. Feel - Robbie Williams.
3. Allt sem ég á.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Veðmála - og spilavítissíðan Betsson.com hefur verið töluvert í umræðunni að undanförnu en þar geta menn lagt undir á kappleiki og spilað póker að hætti erlendra fyrirmynda. Mikið spilaæði hefur gripið landann á síðustu misserum og varla neinn maður með mönnum nema hann eigi spilapeninga ofan í skúffu. Sigurður G. Guðjónsson, hæstaréttarlögmaður, er talsmaður vefsíðunnar og hann ætti að geta glaðst yfir tíðindum sem bárust frá frændum vorum Dönum. Þar vann hún Nina frá Fjóni rúmar tólf milljónir íslenskra króna í svokölluðu Gullæði Betsson.com. „Fjölskyldan hefur alltaf farið í tjaldferðalag á sumrin en ætli við gerum ekki eitthvað aðeins skemmtilegra núna," sagði hin kampakáta Nína aðspurð hvernig hún ætlaði að eyða þessari dágóðu summu og bætti því við að hún hefði aðeins unnið 35 danskar krónur í lottóinu.



Bloggstjarna sjónvarpstöðvarinnar Sirkuss verður kynnt í Kastljósþætti kvöldsins og verður fyrsta videobogginu hleypt af stokkunum í framhaldinu. Aðstandendur stöðvarinnar hafa heldur betur þurft að spýta í lófana eftir að hnakkavæðingin gekk nánast af stöðinni dauðri og virðist Árni Þór Vigfússon vera staðráðinn í að hreinsa aðeins til eftir frekar dapurt gengi. Partí 101 er horfinn af dagskránni og hnakkabræðrunum í Köllunum hefur verið gefið kærkomið frí. Meðal annars hefur Árni keypt þætti tveggja plötusnúða sem fylgjast með hljómsveitum og svo munu nokkrir rapparar fjalla um menningu á stöðinni. Menn binda hins vegar miklar vonir við að bloggstjarnan eigi eftir að reisa stöðina upp úr öskustónni enda þykir sú ansi skrautleg og samkvæmt heimildum blaðsins á hún eftir að láta mikið að sér kveða í íslensku þjóðlífi.

**- fgg**




GLÆNÝ LÚÐA
SKÖTUSELUR
LAXAFLÖK
STÓR HUMAR
SIGINN FISKUR
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14


# Skapar einkaþjálfara Íslands

Venni Páer er enginn venjulegur gaur, hann er einkaþjálfari með meiningar sem dreymir um frægð og frama. Venni er hugarfóstur Vernharðs Þorleifssonar fyrrum júdókappa og verðandi sjónvarpsstjörnu því nú í sumar hefjast tökur á átta þátta seríu um líf og störf þessarar óvenjulegu hversdagshetju.

„Þessi hugmynd er búin að vera í vinnslu í eitt og hálft ár," segir Vernharð en bætir við að ýmislegt hafi breyst síðan þá. „Þetta er gamanþættir en aðalpersónan, einkaþjálfarinn Venni Páer, hefur frekar einfalda sýn á hlutina. Hann skilur ekki hvers vegna allt þarf að vera flókið í lífinu."



**VERNHARÐ ÞORLEIFSSON** Skrifar og leikur í þáttum á Skjá einum. FRÉTTABLAÐIÐ/ E.ÓL

Vernharð segir að fimm persónur verði í aðalhlutverki í þáttunum en söguviðið sé æfingastöð þar sem Venni Páer starfar. „Það verður svona pínu Officeblær á þessu en samt ekki," segir Vernharð og viðurkennir að gaurinn dragi ef til vill dám af skapara sínum sem einnig kemur til með að leika kappann.

Vernharð skrifar handritið að þáttunum en hann hefur einnig fengið Filmumennina Kristján Kristjánsson og leikstjórann Sævar Guðmundsson til samstarfs. „Það eru strákar að norðan sem byrjuðu að fást við stuttmyndagerð á unga aldri og hafa verið að vinna í þessum bransa í mörg ár," segir Vernharð. Vernharð letur af stöfum sem pistlahöfundur á Fréttablaðinu vegna þessa. „Mig langar að þakka lesendum fyrir öll partýin sem mér hefur verið boðið í vegna pistlaskrifanna minna," segir hann að lokum.

**- khh**




**Opið**
**Virka daga 10-18**
**Laugard. 10-18**

**ÚTIVIST&SPORT**

Akureyri - Strandgata 3 Sími 464-4450 Reykjavík - Faxafeni 12 Sími 533-1550 Keflavík - Hafnargata 25 Sími 421-3322

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000






## BAKÞANKAR

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

# *Jesú og vatnið*

Það verður að viðurkennast að ég er ein af þessum vísindalega vitlausu. Varð ofsalega glöð þegar ég fékk þrjá í eðlisfræði. Fannst ég alger ofviti að fá ekki núll í þessu undna fagi sem leit eins út hvort sem maður sneri bókinni rétt, á hvolf, eða á hlið. Augun störðu sig þurr á hugtök og formúlur sem fóru aldrei lengra. Heilinn hafnaði þeim. Vildi ekkert hafa að gera með svona fyrirbæri sem hétu eitthvað án þess að hægt væri að tengja heitið þeirri fúnksjón sem þau höfðu. Það vantaði allt táknrænt. Það var ómögulegt að finna nokkurn undirtexta eða dulda merkingu. Ekkert hægt að túlka, uppgötva nýja frumlega hugsun. Það var bara ein rétt útkoma og það fannst mér svo mikið frat að ég fór bara að prjóna.

**ENGU** að síður bar ég alltaf mikla lotningu fyrir þeim sem voru góðir í raungreinum. Mig hefur ávallt sett hljóða í návist fólks sem hefur slíka heila að þeir eru taldir öðrum heilum fremri. Sem sést best á því að það er alltaf verið að gera alheimskannanir á því hverra nemendur eru bestir í stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði. Það er eitthvað minna verið að skipta sér af því hverjir séu góðir í bókmenntafræði, sagnfræði og félagsfræði.

**EN** nú hefur lotningarstuðull minn skekkst svo mikið að óvíst er hvort hann muni nokkurn tímann rétta sig við. Það hefur nefnilega haffræðiprófessor í Ameríku tilkynnt allri heimsbyggðinni að Jesús hafi alls ekki gengið á vatni, heldur ísfleka. Hér er þessi ræfill búinn að liggja yfir ofurheilafræðum frá barnsaldri, puða í gegnum þau í háskóla, streða við að kenna þau svo lengi að hann er orðinn prófessor – og dettur svo ekkert betra í hug en að reikna út vötn og vinda fyrir tvö þúsund árum, bara vegna þess að í formúlum hans er líkamlega útilokað að framkvæma göngu á vatnsfleti.

**ER** karluglan eini maðurinn á jörðinni sem hefur ekki frétt að auðvitað gekk Jesús aldrei á vatni; auðvitað turneraði hann aldrei vatni í vín eða fjölfaldaði brauð og fiska. Hann var ekki galdrakarl. Vissulega segir Biblían að hann hafi gert þetta, en Biblían er líka einhver magnaðasta bók sem tákn- og túlkunarfrík komast í. Hún fjallar um leið sálarinnar (sem margir vísindamenn hafna vegna þess að þeir hafa ekki fundið hana). Kristur var hrein sál (eins og við öll) þegar hann fæddist (tákngert með meyfæðingu). Hann eyddi lífi sínu í að boða þeim sem höfðu laskast í uppvexti á leiðina til hreinleikans og fegurðarinnar og allar sögur af honum eru táknrænar fyrir þá boðun. Hverjum er ekki sama hvort hann raunverulega gekk á vatni? Sagan, með öllum sínum túlkunarmöguleikum, er jafn góð. Og það geta allar sálir gengið á vatni.




